Jólasósur Marentzu Poulsen
matur 10

ERPUR
með allt uppi á borðinu
tónlist 32

spottið 22

20-50%
MÖGNUÐ HELGARTILBOÐ
Sódavatnstæki
Allir pottar
Allir hárblásarar
Allar jólavörur
Kitchen Aid jólatilboð
Og fleira
Og fleira.
byggtogbúið
Sími 568 9400 KRINGLUNNI

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
18. desember 2010
297. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Stelpubók slær í gegn
Kristín Tómasdóttir skrifaði um stelpur fyrir stelpur með Þóru systur sinni.
bækur 68

Valdið svipt hulunni
Öll spjót standa á Julian Assange og Wikileaks.
leyniskjöl 46

Á 4.000 skópör
Anna Dello Russo er ein af best klæddu konum ársins 2010.
tíska 66

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Matur | Allt | Allt atvinna

FJÁRHIRÐAKERTIÐ TENDRAÐ Börn úr Foldaskóla voru saman komin í Grafarvogskirkju í gær, til að kveikja á aðventukertum og syngja jólalög. Anna Bíbí Wium Axelsdóttir, nemandi í 1. bekk, fékk heiðurinn af því að tendra ljósið og naut við það aðstoðar séra Lenu Rósar Matthíasdóttur. Þegar hefur verið kveikt á spádómskertinu, Betlehemskertinu og fjárhirðakertinu, og á morgun ber að kveikja á því síðasta: englakertinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

Föst með barn á Indlandi

Íslensk hjón eignuðust barn með hjálp indverskrar staðgöngumóður en fá ekki að koma með það heim. Staðgöngumóðir er samkvæmt íslenskum lögum móðir barnsins. Málið á borði allsherjarnefndar Alþingis.

FÓLK Íslensk hjón hafa verið föst á Indlandi með nýfæddan son sinn í á annan mánuð vegna þess að þau fá hann ekki viðurkenndan sem íslenskan ríkisborgara. Hjónin fengu indverska konu til að ganga með barnið eftir áralanga baráttu við ófrjósemi. Staðgöngumæðrun er ólögleg hér á landi.

Öllum þingmönnum var sent bréf um málið og er það nú á borði allsherjarnefndar Alþingis.

Eftir að hafa sýnt fram á alla löggilda samninga sem íslensk stjórnvöld hafa farið fram á, eru hjónin enn föst með nýfædda drenginn í Mumbaí á Indlandi og sjá ekki fram á neina lausn í málinu.

Svar íslenskra stjórnvalda er að staðgöngumæðrun sé ólögleg hér á landi og staðgöngumóðirin sé, í hinu íslenska lagaumhverfi, móðir barnsins. Slíku sé einungis hægt að breyta með ættleiðingarferli. Á hinu indverska fæðingarvottorði drengsins eru íslensku hjónin skráð sem foreldrar hans og hefur staðgöngumóðirin afsalað sér öllum rétti með löglegum samningi sem vottaður hefur verið af lögmanni frá indverska ríkinu.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, þekkir til málsins og segir að á þessari stundu sé það ekki ljóst hvenær hjónin geti komið heim með barnið. Hann segist vona að málið leysist sem fyrst og að lagalegt tómarúm sé hér á landi þegar kemur að málum sem þessum.

> ●●● Svar íslenskra stjórnvalda er að staðgöngumæðrun sé ólögleg hér á landi og staðgöngumóðirin sé, í hinu íslenska lagaumhverfi, móðir barnsins.

„Vandinn liggur í því að samkvæmt öllum skilgreiningum sem íslensk stjórnvöld vinna út frá, er barn sem borið er af konu, skilgreint sem afkvæmi þess," segir Bjarni. „Í þessu tilfelli líta stjórnvöld þannig á að kona sem ber barn sé móðir þess nema undið hafi verið ofan af þeirri stöðu fyrir dómsstólum eða í gegnum ættleiðingarferli. Samningur sem gerður er einungis á milli tveggja aðila dugar ekki íslenskum stjórnvöldum."

- sv / sjá síðu 6

Pabbi
Mamma
Afi
Amma

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!



94% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 94% lesenda blaðanna
67,9% Lesa bara Fréttablaðið
5,5% Lesa bara Morgunblaðið
26,6% Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent ágúst – okt. 2010.

SPURNING DAGSINS

Gunnar, er það ekki bara kaflinn um þig sem tekur svona langan tíma að skrifa?

„Jú, enda stór og mikill um mig."

Gunnar I. Birgisson bæjarfulltrúi spurðist fyrir um framgang ritunar Sögu Kópavogs 1980 til 2010, sem ekki verður lokið á þessu ári eins og að var stefnt.

Skip HB Granda hafa landað 3.300 tonnum af loðnu það sem af er vertíð:

Mikið af loðnu fyrir norðan

SJÁVARÚTVEGUR Skip HB Granda hafa veitt 3.300 tonn það sem af er loðnuvertíðinni. Mikið er af loðnu fyrir norðan land að sögn skipstjóra.

Aflanum hefur verið landað til vinnslu á Vopnafirði. Um 700 tonn hafa verið unnin til manneldis en um 2.600 tonn hafa farið til framleiðslu á fiskmjöli og -lýsi.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, deildarstjóri uppsjávarveiðisviðs HB Granda, segir að stefnt sé að framhaldi loðnuveiða fljótlega eftir áramótin en framhaldið ræðst síðan af því hvort aukið verður við loðnukvótann eða ekki. Skipstjórar loðnuskipanna segja að mikið sé af loðnu fyrir norðan landið en það skýrist ekki fyrr en eftir loðnuleiðangur Hafrannsóknastofnunar í byrjun næsta árs hvort hægt verði að auka við kvótann.

Á síðustu vertíð var veiðum skipa HB Granda hagað þannig að allur aflinn var nýttur til hrognatöku og frystingar á loðnuhrognum með það að markmiði að hámarka virði framleiðslunnar. Hið sama er haft að leiðarljósi nú og verður þess gætt að geyma nægan kvóta til hrognatöku. - shá

ANTARES FYLLIR LESTARNAR Á vertíðinni í fyrra einbeittu menn sér að því að veiða loðnu til hrognatöku vegna lítils kvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Áfangi hjá Alcoa Fjarðaáli:

Hafa framleitt milljón tonn

IÐNAÐUR Ein milljón tonna af áli hefur verið framleidd í álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði frá því að framleiðsla hófst í apríl 2007. Þessi áfangi náðist í vikunni, en milljónasta tonnið var framleitt í víravél fyrirtækisins, og er nú þegar á leið til Evrópu.

Upphaflega var áætlað að framleiðslugeta álversins yrði um 346 þúsund tonn á ári, en það reyndist vanmat, samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu. Nýtt starfsleyfi gerir ráð fyrir 360 þúsund tonna framleiðslu. - bj

INGÓLFSTORG Skipulagsráð ætlar að endurhanna Kvosina.

Hönnunarkeppni í Kvosinni:

Ingólfstorg fær útlitsbreytingu

SKIPULAGSMÁL Efna á til samkeppni um skipulag í Kvosinni í Reykjavík. Skipulagsráð hefur falið skipulagsstjóra að annast undirbúning að keppnislýsingu tveggja þrepa hönnunarsamkeppni í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Í fyrsta þrepi keppninnar á að fjalla um endurskoðun á skipulagi Ingólfstorgs og nágrennis.

„Markmið samkeppninnar skal vera að styrkja sögulegt samhengi á þessu svæði auk þess sem gert verður ráð fyrir uppbyggingu í hæsta gæðaflokki. Í síðara þrepi samkeppninnar skal hanna hótelbyggingu í samræmi við niðurstöður fyrri hluta samkeppninnar," segir um málið í fundargerð skipulagsráðs. - gar

Holland um Ísland og ESB:

Hvalveiðar eru óásættanlegar

EVRÓPUMÁL Hollensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að Ísland verði að láta af hvalveiðum til að fá inngöngu í Evrópusambandið.

Ályktun þess efnis var samþykkt á hollenska þinginu á fimmtudag, en hún tekur einnig til sölu á hvalaafurðum.

„Hollendingar verða að vera staðfastir í því að banna þessa grimmilegu hegðun sem gengur gegn alþjóðasamþykktum," segir í ályktuninni. - þj

KETTIRNIR Fimm kettir eru nú í góðu yfirlæti í Kattholti. Maðurinn sem fann kettina er að leita að eigendum fyrir hina fjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fann níu mjálmandi ketti í kartöflupoka

Níu lifandi kettir fundust í strigapoka í Heiðmörk í fyrradag. Augljóst var að lóga átti köttunum með grimmilegri aðferð. Ekki í fyrsta sinn sem svona er gert. „Það er skelfilegt að henda svona dýrum út," segir starfsmaður í Kattholti.

DÝRAMÁL „Það er hræðilegt að einhver skuli gera svona," segir Elín G. Folha, starfsmaður í Kattholti.

Maður á fertugsaldri fann níu lifandi ketti í stórum kartöflupoka þegar hann var á gangi með hundinn sinn í Heiðmörk í fyrradag. Hundurinn heyrði kettina mjálma og hljóp af stað. Þegar manninn bar að sá hann hvar pokinn lá úti í hrauni og búið að binda fyrir. Augljóst var að lóga átti köttunum með grimmilegri aðferð.

Kettirnir eru þriggja mánaða gamlir og upp í eins árs. Maðurinn brást skjótt við, sótti búr í bílinn sinn og tók kettina með sér heim. Í gær hafði hann svo samband við Kattholt og kom fimm þeirra í fóstur.

Maðurinn ætlar að reyna að finna hinum köttunum fjórum heimili, annars fara þeir líka í Kattholt.

Elín hjá Kattholti segir að kettirnir séu ekki illa hirtir en þeir séu mjög hvekktir.

„Dýrin eru rosalega inni í sér. Ef ég reyni að klappa þeim fara þau undan í flæmingi. Það er eins og þau hafi verið barin eða eitthvað. Ein af læðunum er þó farin að koma til. En fressarnir og hinar læðurnar tvær eru ekki nógu góðar. Ég veit ekki hvað hefur gengið á hjá þeim áður. Það er óhugnanlegt að vita til þess að fólk vinni svona myrkraverk."

Elín segir að svona mál komi upp nokkrum sinnum á ári. Stundum eru kettirnir sem skildir eru eftir fyrir utan athvarfið nær dauða en lífi. Stundum eru þeir dauðir.

„Það er skelfilegt að henda svona dýrum út," segir Elín. Hún segir að starfsmenn Kattholts tilkynni svona mál jafnóðum til Dýraverndarsambandsins en það beri því miður ekki árangur.

„Við reynum það sem við getum gert en oftast er bara ekkert hægt að gera. Það veit enginn hver eigandi dýranna er," segir Elín í Kattholti. kristjan@frettabladid.is

DÚFA Tuttugu virkir félagsmenn eru í Bréfdúfnafélaginu.

Dúfnamenn á hrakhólum:

Vilja dúfnakofa í Hafnarfirði

DÝRAHALD Bréfdúfnafélags Íslands hefur óskað eftir því að fá lóð í Hafnarfirði til að setja niður kofa og vera þar með kanínur og hænur auka dúfna. Fram kemur að virkir félagsmenn séu nú tuttugu talsins og að bréfdúfnakappflug hafi verið stundað á Íslandi í 28 ár. Vegna aðstöðuleysis fjölgi félagsmönnum ekki.

„Bæjaryfirvöld og nágrannar eru oft ekkert sérlega hrifnir af því að sá sem býr í næsta húsi setji kofa í garðinn hjá sér og byrji að hleypa fuglum út. Þetta hefur gert það að verkum að margur fyrrverandi dúfnamanninum, sem langar að byrja aftur með fugla, getur það ekki," segja dúfnamenn, sem bjóðast til að taka á móti skólabörnum gegn því að fá lóð. - gar

Skipaður til næstu fimm ára:

Halldór áfram yfirdýralæknir

STJÓRNSÝSLA Halldór Runólfsson var skipaður áfram yfirdýralæknir til næstu fimm ára af Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Halldór var fyrst skipaður yfirdýralæknir árið 1997 og aftur við breytta tilhögun árið 2005 þegar embættið var sameinað Landbúnaðarstofnun.

Skipun Halldórs að þessu sinni er samkvæmt 4. grein laga um Matvælastofnun. - sv

Mikill viðbúnaður hjá björgunarsveitum um allt land í óveðrinu:

Eignatjón en engin slys á fólki

VEÐUR Aftakaveður ríkti um allt land í gær og stóðu tugir björgunarsveitarmanna og -kvenna í ströngu.

Hvassviðri var um allt land og stórhríð var á landinu austanverðu.

Engin slys urðu á fólki, en talsvert tjón varð víða, þar sem þakplötur losnuðu af húsum í snörpustu hviðunum og færð spilltist um allt land auk þess sem riðlun varð á innanlandsflugi.

Mikið annríki var til dæmis á Suðurnesjum þar sem fiskikör fuku á bíla við höfnina í Sandgerði og þak fauk af íbúðarhúsi í Keflavík.

Í Hveragerði mátti litlu muna að þak fyki af Eden og einn kyrrstæður bíll fauk af stað á Selfossi.

Þá fylgdi Björgunarsveitin á Dalvík bíl með veikt barn til Akureyrar og í Húnaþingi vestra var ökumaður sóttur í bíl sinn við Laugarbakka þar sem ekki sá út úr augum.

Loks má þess geta að fyrrum varðskipið Þór losnaði frá bryggju í Gufunesi og strandaði í fjöru.

Óveðrinu slotaði seinnipartinn og var farið að róast hjá viðbragðsaðilum um kvöldmatarleytið. - þj

ÞAKIÐ AF Þakið rifnaði hreinlega af þessu húsi í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Kringlan

Frostrósir, kerti og fallegt spil

Opið til 22 öll kvöld til jóla

Laugardagur 18. desember

Ellen Kristjánsdóttir syngur	14:00
Verðlaunaafhending í piparkökuleik	14:00
Kátir jólasveinar á ferðinni	14–15
Sigga Kling spákona	14–18
Íþróttaálfurinn og Solla Stirða	15:00
Myndataka með jólasveini	15–17
Brot úr leikritinu Prinsessan á Bessastöðum	16:30
Hressir jólasveinar á vappinu	16–17
Helgi Björnsson	17:30
Lifandi jólajazz	19–20
The Charlies	20:00

Sunnudagur 19. desember

14–15	Kátir jólasveinar fara um svæðið
14–18	Sigga Kling spákona
15:00	Röddin 2010 syngur
15–17	Myndataka með jólasveini
16:00	Sniglabandið spila og árita diska
16–17	Glaðir jólasveinar enn á ferð
20:00	Frostrósir syngja við kertaljós
19–20	Lifandi jólajazz

Nýtt kortatímabil!

Barnagæsla Ævintýralands er opin til kl. 20 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Þau sem koma fram sem Solla Stirða og Íþróttaálfurinn eru samþykkt af Latabæ. Latibær®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

GENGIÐ 17.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,52	116,08
Sterlingspund	180,53	181,41
Evra	153,90	154,76
Dönsk króna	20,657	20,777
Norsk króna	19,453	19,567
Sænsk króna	17,048	17,148
Japanskt jen	1,3761	1,3841
SDR	177,67	178,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,2164
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómarinn í New York við lögfræðing slitastjórnar Glitnis:

Ættir að verða þér úti um flugmiða

DÓMSMÁL „Að því gefnu að stefndu séu reiðubúnir að viðurkenna lögsögu íslenskra dómstóla ættirðu að verða þér úti um flugmiða," sagði Charles E. Ramos, dómari í New York, við Michael Miller, lögmann slitastjórnar Glitnis, þegar hann vísaði Glitnismálinu frá með fyrirvörum á þriðjudag. Þetta kemur fram á vefnum law.com.

„Ef ég horfi á þetta eins mildilega og mér er unnt sé ég í uppsiglingu mál þar sem mér verður sýnt fram á að samsærinu hafi verið hrint í framkvæmd á Íslandi eða í Danmörku eða einhvers staðar, en ekki endilega í New York," sagði Ramos. „Og mér finnst virkilega óþægilegt að fara með svona mál." - sh

Kostnaðurinn 375 milljónir

Slitastjórn Glitnis hefur eytt 375 milljónum króna í málareksturinn í New York. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem slitastjórnin sendi frá sér vegna umræðu um kostnaðinn. Jón Ásgeir Jóhannesson hefur fullyrt að kostnaðurinn nemi á þriðja milljarði.

„Slitastjórnin vill einnig upplýsa að u.þ.b. 90% kröfuhafa Glitnis eru erlendir og eignir að lang mestu leyti staðsettar utan Íslands. Heildarendurheimtur sem Glitnir hefur þegar fengið greiddar vegna rannsókna frá upphafi til dagins í dag nema 3.150 milljónum króna."

Safnað fyrir þurfandi:

Jólapakkarall um miðborgina

SAMFÉLAGSMÁL Jólapakkarall MS og Miðborgarinnar hefst í dag klukkan 15 þegar gamlir og nýir mjólkurbílar hlaðnir syngjandi jólasveinum leggja af stað frá Hlemmtorgi niður Laugaveg að Ingólfstorgi. Þeir munu safna pökkum til þeirra sem minnst mega sín, en bílarnir halda síðan frá Hallgrímskirkju klukkan 16 og fara þá niður Skólavörðustíg að Lækjartorgi.

Pökkunum verður svo komið til Fjölskylduhjálparinnar og Mæðrastyrksnefndar. - þj

GARÐABÆR Allir bæjarfulltrúar samþykktu fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Þetta er annað árið í röð sem slíkt gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Samstaða í Garðabænum:

Allir samþykktu fjárhagsáætlun

GARÐABÆR Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir næsta ár var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Þetta er annað árið í röð sem allir bæjarfulltrúar samþykkja fjárhagsáætlunina.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 149 milljóna króna afgangi á næsta ári og að skuldir bæjarins verði lækkaðar um tæpar fjögur hundruð milljónir. Útsvar verður óbreytt milli ára og ekki gripið til niðurskurðar.

Þá er reiknað með byggingu leikskóla og hjúkrunarheimilis fyrir rúman hálfan milljarð án lántöku. - jab

LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins um hönnuðinn Sruli Recht og skó hans úr hvalsforhúð voru skórnir verðlagðir á 1.200 evrur en skórnir kosta 12.000 evrur. Fréttablaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum.

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að dauðarefsingar fyrir þá sem stunda kynlíf með fólki af sama kyni hafi verið fest í lög í Úganda. Rétt er að slíkt var lagt til af þingmanni á þingi landsins í fyrra, en málið hefur ekki verið afgreitt á þinginu.

Fargjöld hækkuð á unga eldri borgara

Strætó hækkar aldursmörk vegna afsláttar eldri borgara úr 67 árum upp í 70. Framkvæmdastjóri Félags eldri borgara segir hækkun út í hött, en formaður velferðarráðs borgarinnar segir ekki hægt að tala um þann hóp sem aldraða.

SAMGÖNGUR Strætisvagnafarþegar á aldrinum 67 til 69 ára munu ekki njóta afsláttar eldri borgara í nýrri gjaldskrá Strætó bs. sem kynnt var í gær og tekur gildi um áramót. Afsláttur eldri borgara er nú miðaður við 70 ár í stað 67 áður, en það hefur í för með sér að verð á stökum farmiða fyrir þennan ákveðna aldurshóp hækkar úr 80 krónum upp í 350.

Sigurður Einarsson, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík, er að vonum ekki sáttur við þær hugmyndir.

„Mér finnst alveg út í hött að breyta prinsippatriði um hvenær fólk öðlast þessi réttindi. Flestir fara á ellilífeyri 67 ára, sem þýðir yfirleitt töluverða skerðingu á tekjum. Þess vegna eru þessir afslættir komnir til."

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. sagði í samtali við Fréttablaðið að sveitarfélögin sem eiga félagið hafi tekið þessa ákvörðun með því að hætta að niðurgreiða fargjöld eldri borgara.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir að ákveðið hafi verið að hækka viðmiðunaraldur í hagræðingarskyni.

„Þegar við vorum að skoða möguleika til sparnaðar ákváðum við að óska eftir því að aldursviðmið yrðu hækkuð, því að það er ekki hægt að tala um fólk á aldrinum 67 til 70 ára sem aldrað fólk. Þannig þótti okkur upplagt að greiða niður strætisvagnafargjöld frá 70 ára aldri."

Björk segir ekki um lögbundna þjónustu að ræða og ekki sé vitað hversu miklir fjármunir sparist við þessa ráðstöfun.

„Við rennum alveg blint í sjóinn, en við vonumst til að geta sparað fimm milljónir á ári með þessu."

Hún bætir því við að langt sé síðan þessi aldursviðmið voru sett og þó að þau eigi við á einum stað eigi þau ekki við alls staðar.

Þórhallur Gunnlaugsson, fulltrúi Vinstri grænna í velferðarráði, mótmælti niðurskurðinum á sínum tíma og segir að margt sé athugavert við meðferð málsins.

„Þetta er rætt sem hluti af sparnaði eða hagræðingu, en það kemur ekki einu sinni fram tillaga um þetta mál. Það er margt inni í þessari fjárhagsáætlun sem fólk veit ekki af. Ég á von á því að þegar fólk áttar sig á því hvað komi ofan á aðrar skerðingar muni heyrast hljóð úr horni."

thorgils@frettabladid.is

HÆKKAÐ Í STRÆTÓ Aldursviðmið Strætó vegna afsláttar til eldri borgara verða hækkuð upp í 70 ár vegna niðurskurðar velferðarráðs Reykjavíkur. Öll fargjöld munu hækka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úr nýrri gjaldskrá Strætó bs.

Samkvæmt tilkynningu frá Strætó bs. munu fargjöld hækka á bilinu 5 til 25 prósent. Þetta er fyrsta gjaldskrárhækkun fyrirtækisins frá janúar 2007 og er til komin vegna þess að fargjöld hafa ekki haldið í við verðlagsþróun.

- Tímabilskort munu hækka á bilinu 14,2 prósent til 14,8 prósent.
- Greiðsla fyrir eitt fargjald mun hækka úr 280 krónum í 350 krónur.

BREIKKUN SUÐURLANDSVEGAR Sveitarfélögin á Suðurlandi hvetja stjórnvöld til samráðs um veggjöld um Suðurlandsveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veggjöld um Suðurlandsveg:

Hvetja stjórnvöld til samráðs

SAMGÖNGUR Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi hvetur samgönguyfirvöld til þess að hafa samráð við sveitarfélög á svæðinu um fyrirhuguð veggjöld á Suðurlandsvegi og hafa óskað eftir fundi með Ögmundi Jónassyni samgönguráðherra.

Hvetur stjórin líka til þess „að fulls jafnræðis verði gætt á milli íbúa landsins hver sem niðurstaðan verður" og bendir á að nú þegar greiði Vestmannaeyingar „ígildi hárra veggjalda á milli Eyja og Landeyjahafnar" sem þurfi nauðsynlega að taka til endurskoðunar. - þj

Verðbólga niður í markmiðin:

Spá lágri verðbólgu í tæpt ár

EFNAHAGSMÁL Gangi spá IFS Greiningar eftir eykst vísitala neysluverðs um 0,4 prósent frá í nóvember og fer verðbólga við það úr 2,6 prósentum í 2,5 prósenta verðbólgumarkmið Seðlabankans.

IFS bendir á að flestir liðir hafi hækkað, svo sem bensínverð um 3,92 prósent frá í nóvember og matvöruverð um 1,3 prósent. Þar af hefur verð á brauði og kornmeti hækkað um þrjú prósent á milli mánaða.

Sérfræðingar IFS telja líkur á að verðbólga haldist lág áfram, jafnvel inn í næsta haust er fjárfestingar taki við sér. - jab

Jólaskeiðin 2010
Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

STREKKINGUR
Veður gengur að mestu niður núna fyrir hádegi en verður samt sem áður allhvasst eða hvassviðri og ofankoma á Vestfjörðum fram eftir degi. Él um allt norðan- og austanvert landið en bjart með köflum syðra.



HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	1°
Berlín	-9°
Billund	-2°
Frankfurt	-4°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	23°
London	1°
Mallorca	15°
New York	3°
Orlando	22°
Ósló	-3°
París	0°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

30%

afsláttur af öllum jólaseríum og jólaskrauti*

Jólaseríurnar, jólapappírinn, jólakortin, jólamerkimiðarnir, jólastytturnar, jólakúlurnar, jólatopparnir, jólagreníð, jólaskreytingarnar, jólaservíetturnar, jólakertin, jólaskrautið, gervijólatrén, jólaskreytingarefnið... og allt hitt jólaskrautið

aðeins þessa helgi

OPIÐ TIL
22:00
Í SKÚTUVOGI
21:00
Í GRAFARHOLTI

blómaval

10 STK JÓLA-TÚLIPANAR 1499

JÓLATRÉ VERÐ FRÁ 1990

Lifandi jólatré!
Normannsþinur
Rauðgreni
Stafafura

HÚSASMIÐJAN

*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*Afslátturinn gildir af öllu jólaskrauti og jólaseríum en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

KJÖRKASSINN

Á að seinka klukkunni á Íslandi?

Já	49,8%
Nei	50,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Þarf að endurskoða bótakerfið frá grunni?

VÍSIR

Sjálfstæðisflokkurinn fékk samþykki á fimmta tug lögaðila en tekur ekki saman styrki til aðildarfélaga:

Birtir ekki frekari upplýsingar um styrki

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki birta frekari upplýsingar um styrkveitendur sína á árunum 2002 til 2006 en nú þegar hefur verið gert.

Ríkisendurskoðun birti í janúar yfirlit frá flokknum um rúmlega 180 ónafngreinda styrkveitendur flokksins, sem veittu styrki fyrir rúmar 330 milljónir á þessum árum.

Stuttu síðar ræddi Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins, við Fréttablaðið og kom þar fram að enn væru ótaldir styrkir til aðildarfélaga flokksins víða um landið. Þau voru þá um 140 talsins. Í viðtalinu sagði að fara ætti í talsverða vinnu við að nafngreina styrkveitendurna og að greina frá styrkjum til aðildarfélaganna.

Á fimmta tug styrkveitenda Valhallar var svo nafngreindur um vorið á heimasíðu flokksins.

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá flokknum verða tölur frá aðildarfélögunum ekki birtar og fullreynt þykir að fá leyfi hinna styrkveitendanna (um 130 talsins) til að birta nöfn þeirra.

„Þetta eru þeir sem féllust á að vera nafngreindir. Við höfum náttúrlega ekki náð í alla, en flesta," segir Sigríður Þorsteinsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs flokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn þáði ekki boð blaðsins um að útskýra hví styrkir til aðildarfélaga væru ekki birtir, en þess má geta að flokknum ber ekki lagaleg skylda til að birta neitt af þessum upplýsingum. **- kóþ**



VALHÖLL Sjálfstæðisflokkurinn hefur greint frá styrkjum til flokksskrifstofunnar í Valhöll en ekki frá styrkjum til annarra aðildarfélaga. Nú er ljóst að úr því verður ekki.

OPIÐ ALLA HELGINA
frá 10-16
Stór humar-humarsúpa
Grafinn og reyktur villtur lax
Skatan er komin í hús
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is

FRÁ MUMBAI Íslensku hjónin hafa verið föst í á annan mánuð á Indlandi með son sinn. NORDICPHOTOS/AFP

fyrir Sólin
BOSCH
Hrærivél
MUM 4405
Vélin sem hefur verið elskuð og dáð í íslenskum eldhúsum í áraraðir.
ATARNA
Jólaverð:
22.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 28.900 kr.)
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Komast ekki heim með barn staðgöngumóður

Hjón sem leituðu til staðgöngumóður á Indlandi fá ekki kennitölu fyrir barn sitt til að komast heim til Íslands. Þingmönnum var sent bréf um málið í gær og er það til skoðunar. „Lagalegt tómarúm hér á landi," segir Bjarni Benediktsson.

FÓLK „Þetta mál hefur verið skoðað og við höfum gert allt sem hægt er til að koma þeim til hjálpar," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og nefndarmaður í allsherjarnefnd.

Málið snýst um íslensk hjón sem hafa verið föst í Mumbaí á Indlandi með nýfæddan son sinn í á annan mánuð vegna þess að þau fá hann ekki viðurkenndan sem íslenskan ríkisborgara.

Hjónin fengu indverska konu til þess að ganga með barnið eftir áralanga baráttu við ófrjósemi. Staðgöngumæðrun er ólögleg hér á landi.

Allir þingmenn fengu sent bréf um málið í gær þar sem þeir eru krafðir um aðgerðir til þess að koma fjölskyldunni heim.

Bjarni Benediktsson hefur verið með málið til athugunar og segir það á borði allsherjarnefndar.

„Það er lagalegt tómarúm hér á landi um þessi mál. Lög landanna tveggja eru ósamræmanleg í þessu samhengi. Eftir að hafa skoðað öll gögn í málinu og samtöl við þau hjón og þeirra lögmann, er ég sannfærður að það sé í sjálfu sér ekkert að óttast. Ég vonast til þess að það sé hægt að leysa þetta farsællega."

Í bréfinu segir að hjónin hafi fengið ráðleggingar hjá lækni hér á landi um að skoða möguleikann á staðgöngumæðrun. Þau höfðu uppi á indverskum lækni, menntuðum við Royal College of London, sem ráðlagði þeim hið sama – að fá staðgöngumóður á Indlandi.

Komið var fyrir frjóvguðu eggi úr þriðja aðila með sæði úr manninum í legi staðgöngumóðurinnar. Hún afsalaði sér öllum rétti til barnsins með lögbundnum samningi þar í landi. Á fæðingarvottorði drengsins eru íslensku hjónin skráðir foreldrar.

Samkvæmt bréfinu sendu hjónin vottorðið til Íslands til að fá kennitölu fyrir barnið. Íslensk yfirvöld kröfðust þá svara hvers vegna barnið væri fætt á Indlandi og svöruðu hjónin því réttilega til. Þá þurftu þau að sýna fram á að barninu hafi ekki verið rænt. Samningar og yfirlýsingar frá indverska læknum voru þá lagðir fram, en þar sem eiginmann staðgöngumóðurinnar var hvergi að finna í samningnum, var nauðsynlegt að fá hans undirskrift líka, sem var gert.

Íslensk yfirvöld kröfðu hjónin þá um vottun frá lögfræðingi vegna skjalanna. Eftir það fengust þau svör að indverska læknastofan hefði átt að gera hjónunum grein fyrir því að staðgöngumæðrun væri ekki heimil hér á landi.

Tafirnar á Indlandi hafa staðið í á annan mánuð og hafa kostað hjónin gríðarlegar fjárhæðir. Ekki sér enn fyrir endann á því fjárhagslega tapi þar sem hvorugt kemst heim til vinnu og óvíst er hvenær úr muni rætast. **sunna@frettabladid.is**

Staðgöngumæðrun og Alþingi

Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun er staðgöngumæðrun óheimil.

Staðgöngumæðrun er skilgreind í lögum sem: „Tæknifrjóvgun framkvæmd á konu sem hyggst ganga með barn fyrir aðra konu og hefur fallist á það fyrir meðgönguna að láta barnið af hendi strax eftir fæðingu."

Þingsályktunartillaga var lögð fyrir alþingi 30. nóvember síðastliðinn þar sem kallað er eftir því að staðgöngumæðrun verði heimiluð hér á landi.

Sextán þingmenn úr öllum flokkum stóðu að tillögunni sem Ragnheiður Elín Árnadóttir Sjálfstæðisflokki mælti fyrir.

Í skýrslu sem unnin var í heilbrigðisráðuneytið í ár segir að staðgöngumæðrun sé hvergi heimil á Norðurlöndum sem og í flestum öðrum Evrópulöndum. Hún er þó leyfð í velgjörðarskyni í löndum eins og Bretlandi, Grikklandi og Hollandi.

Í Bandaríkjunum er framkvæmd staðgöngumæðrunar mismunandi milli ríkja þeirra, en í flestum ríkjum þar sem slíkt er bannað, vantar ákvæði um refsingar.

www. blind.is/vefverslun
Gagnleg ljós og lampar
Dæmi:
Færanleg viðbótarlýsing (díóðuljós) til að bæta við lýsingu t.d. í skápum
Lifemax
BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939
Stuðningur til sjálfstæðis
Hugtök Markaðsráðgjöf, Des. 2010

JÓLA SPRENGJA

50%

afsláttur

AF ÖLLU

jólaskrauti og seríum til jóla

Gildir til 24 desember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

POLAR
LISTEN TO YOUR BODY
- með puttann á púlsinum!
Verð frá 12.990 kr.
JOIN THE TRAINING REVOLUTION
JÓLAGJÖFIN
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 52236 11/10
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

GOLDFINGER Þótt nektardans hafi áður verið stundaður á Goldfinger getur bærinn ekki neitað staðnum um rekstrarleyfi, segja lögmenn.

Ótvíræð niðurstaða lögfræðiálits fyrir Kópavogsbæ:

Ekki heimilt að leggjast gegn leyfi til Goldfinger

KÓPAVOGUR Bæjaryfirvöldum í Kópavogi er ekki stætt á því að leggjast gegn því að nýtt hlutafélag Ásgeirs Davíðssonar fái leyfi til að reka skemmtistaðinn Goldfinger. Þetta kemur fram í álitsgerð sem Mörkin lögmannsstofa vann fyrir Kópavogsbæ.

Ásgeir stofnaði Sportakademíuna ehf. í júlí og sækir félagið um heimild til rekstrar á Goldfinger. Mörkin lögmannsstofa segir að þótt Goldfinger hafi boðið upp á nektardans á undanförnum árum hafi lögum síðan verið breytt. Nú sé hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem eru á staðnum.

„Bæjarstjórn Kópavogs verður því að ganga út frá þeirri forsendu að nektardans verði ekki stundaður á Goldfinger þar sem um ólöglega starfsemi væri að ræða. Sú staðreynd að svo hafi áður verið getur ekki orðið til þess að réttlæta það að leggjast gegn umræddri umsókn fyrir það að hún sé andstæð sameiginlegum velferðarmálum íbúa bæjarins," segir í lögfræðiálitinu, þar sem enn fremur er bent á að atvinnufrelsi sé varið af stjórnarskránni:

„Takmarkanir á því verða að byggjast á lögmætum og málefnalegum ástæðum og heimildir til þess verður að túlka þröngt. Upplýsingar sem við höfum um málið bera ekki með sér að sýnt hafi verið fram á slík heimild sé fyrir hendi."

Eftir að álitsgerðin var lögð fram ákvað bæjarráð að kalla saman til fundar lögbundna umsagnaraðila; fulltrúa sveitarstjórnar, heilbrigðiseftirlits, slökkviliðs, vinnueftirlits, byggingarfulltrúa og lögreglu og fá þá til að vinna saman að umsögn um málið. Sýslumaður getur ekki gefið út rekstrarleyfi ef einhver umsagnaraðili leggst gegn því á málefnalegum forsendum.

Í samþykktum Sportakademíunnar ehf. kemur fram að tilgangur félagsins sé veitingarekstur, verslun og danssýningar. **- gar**

FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

Síðastliðin ár hafa hamborgarhryggir og hangikjöt frá Norðlenska skarað framúr í bragðkönnunum DV. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

BRAGÐKÖNNUN MATGÆÐINGA DV
2010 – **Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti**
2009 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2007 – KEA-hangikjöt í 1. sæti
2006 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2004 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2002 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2002 – KEA-hangikjöt í 1. sæti

NORÐLENSKA
KEA GOÐI Fjalla HANGIKJÖT

OPIN VINNUSTOFA
Ég verð með vinnustofu mína opna almenningi hvern föstudag frá kl. 14-18 þar sem ég rabba við gesti á meðan ég mála. Kakó, búddate og piparkökur.
Allir velkomnir.
Tolli vinnustofa
Héðinsgötu 2
104 Reykjavík
Tolli

Tryggjum öllum börnum gleðileg jól
Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind
Við óskum öllum gleðilegra jóla
BYLGJAN 989

Jólagjafa-handbókin við alla innganga

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

Hægt er að kaupa gjafakort á **smaralind.is** og á þjónustuborðinu okkar á 2. hæð.

Smáralind

JÓLAFJÖR FYRIR ALLA

Um helgina getur öll fjölskyldan upplifað skemmtilega jólastemningu í Smáralind.

LAUGARDAGUR

- **Jólaleikritið** í Vetrargarðinum kl. 14. Frítt fyrir alla
- **Jólasveinarnir** koma í heimsókn kl. 15 og 17
- **Söngskóli Maríu**, söngatriði kl. 16.30
- **Jólalest Coca-Cola stoppar við Vetrargarðinn kl. 18.00-18.30**
- **Hljómsveitin Frjókorn** spilar ljúfa jólatónlist við jólatréð á 1. hæð kl. 18.00 og 20.30

SUNNUDAGUR

- **Jólaleikritið** í Vetrargarðinum kl. 14. Frítt fyrir alla
- **Jólasveinarnir** koma í heimsókn kl. 15 og 17
- **Söngskóli Maríu**, söngatriði kl. 16.30
- **Hljómsveitin Frjókorn** spilar ljúfa jólatónlist við jólatréð á 1. hæð kl. 18.00 og 20.30

Sjáumst – Smáralind

Næg bílastæði!

Opið til 22 til jóla

ENNEMM / SÍA / NM44650
ENNEMM / SÍA / NM44593

Fjölmenn lokaráðstefna Evrópuárs gegn fátækt og einangrun fór fram í gær:

Baráttunni síður en svo lokið

FÉLAGSMÁL Þrjátíu milljónum króna var veitt í verkefni vegna Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun á árinu sem er að líða. Þetta kom fram á lokaráðstefnu átaksins, sem fram fór í gær.

Á ráðstefnunni voru meðal annars kynntar niðurstöður þjóðfundar sem haldinn var í maí og fjallaði um fátækt og félagslega einangrun. Á fundinum sat fólk sem upplifir fátækt og félagslega einangrun ásamt stjórnmálamönnum og þeim sem vinna að málefnum tengdum fátækt. Helstu niðurstöðurnar voru þær að setja þurfi framfærsluviðmið, auka upplýsingaflæði og aðgengi fólks að frekari menntun.

„Þetta eru allt mikilvæg atriði sem við þurfum að vinna að," sagði Guðbjartur Hannesson félags- og tryggingamálaráðherra. Hann sagði þegar unnið að því að skilgreina neysluviðmiðin og vonast sé til þess að hægt verði að kynna þær niðurstöður von bráðar. Hann sagði samstöðu lykilatriði í baráttunni gegn þessu þjóðfélagsmeini. „Við munum fara vandlega yfir þessar niðurstöður og taka mið af þeim þegar kemur að stefnumótun ráðuneytisins." Þá sagði ráðherrann grunn hafa verið lagðan með átakinu „en baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun er síður en svo lokið". **- þeb**

FRÁ FUNDINUM Fjölmenni var á ráðstefnunni gegn fátækt í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíðnisvið gæti kostað 120 milljónir króna

Samgöngunefnd skilgreinir fjarskiptatíðnir sem auðlindir og vill taka sérstakt gjald af þeim sem sækja um þær. Þetta gæti kostað Símann og Vodafone rúmar hundrað milljónir króna. Kostnaðurinn gæti endað í símreikningi neytenda.

FJARSKIPTI Tíðnisvið fyrir fjarskipti eru takmörkuð heimild sem ber að greiða auðlindagjald af. Þetta segir Björn Valur Gíslason, formaður samgöngunefndar Alþingis, um frumvarp sem liggur á borði nefndarinnar um breytingar á fjarskiptalögum og gæti það orðið að lögum á morgun.

Í ákvæði til bráðabirgða er mismunandi gjald lagt á tíðnisviðin og hleypur það frá hálfri milljón króna til 1,5 milljóna króna.

Gjaldið fellur á Símann og Vodafone sem þurfa að endurnýja tíðniheimildir sínar á næstu tveimur árum.

Samgöngunefnd reiknast til að Síminn og Vodafone gætu þurft að greiða rúmar 120 milljónir króna fyrir tíðniheimildir frá 2012 til tíu ára.

Síminn bendir á í athugasemdum við frumvarpið að neysluverðsvísitala sé lögð til grundvallar útreikningunum. Bent er á að samræmd vísitala neysluverðs hafi hækkað um 48 prósent á síðastliðnum fimm árum. Símakostnaður í vísitölunni hefur hins vegar hækkað um sautján prósent á sama tíma. Því geti gjaldið leitt til hækkunar á neysluverðsvísitölu.

„Hér er um að ræða sértækan skatt sem beinist eingöngu að völdum fyrirtækjum og felur í sér brot á jafnræðisreglu," segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. „Við munum kanna réttarstöðu okkar ef þetta verður samþykkt. Okkur verður gert að greiða sextíu milljónir og teljum á okkur brotið," segir hann.

Björn Valur segir frumvarpið fela í sér að hvorugt fyrirtækjanna greiði meira en áður.

„Tíðnisvið eru takmörkuð auðlind. Síminn og Vodafone þurfa því að greiða fullt gjald fyrir hana," segir Björn Valur.

jonab@frettabladid.is

BJÖRN VALUR Tíðnisvið fjarskiptafyrirtækja eru takmarkaðar auðlindir, segir formaður samgöngunefndar Alþingis.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KJÖRIÐ ATVINNUTÆKIFÆRI

Verslunin Rangá er til sölu, sömu eigendur hafa rekið og átt verslunina í 39 ár og þar áður var hún rekinn af fyrrum eiganda síðan 1931. Rangá er ein elsta matvöruverslun rekin undir sama nafni á höfuðborgarsvæðinu. Gamall og rótgróinn rekstur. Góður stígandi í veltu síðastliðin ár.
Allar upplýsingar fást í síma 858-4293 eða arnar@atlanta.is

75 ára RANGÁ 1931 – 2006 75 ára

Málverk eftir Eggert Pétursson

Slitastjórn VBS fjárfestingarbanka hf. leitar eftir tilboðum í olíuverk á striga eftir Eggert Pétursson. Málverkið er 190cm x 170cm.

Dagana 20.-23. og 28.-30. desember á milli milli kl. 10 og 12 verður málverkið til sýnis fyrir áhugasama í húsnæði VBS að Suðurlandsbraut 22.

Tilboðum óskast skilað á sama stað fyrir kl. 12.00 þann 30. desember í lokuðu umslagi merktu „Eggert - tilboð".

Slitastjórnin áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Slitastjórn VBS fjárfestingarbanka hf.

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

Jólatré
fersk og ilmandi
gott verð – mikið úrval!

Stúdentaliljur
450kr

Fallegu kertin fást í Garðheimum
20-50% afsláttur

Rjúkandi kaffi, gómsætt kakó og heimalagað góðgæti -kíktu í heimsókn!

spíran

20% til 50% afsláttur

af öllum jólaseríum, öllu jólaskrauti, servíettum, jólapappír og amerísku jólatrjánum

JÓLASVEINA-HEIMSÓKN

jólasveinar kíkja í heimsókn í jólatrjáaskóginn um helgina

sjá nánar á www.gardheimar.is

GARÐHEIMAR

- fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Jóladagatal Garðheima

glaðningur á hverjum degi!

sjá nánar á www.gardheimar.is

ELDGLEYPIR Í BANGLADESS Á hátíðardegi múslima í gær fylgdust margir með þessum eldgleypi leika listir sínar í Dakka, höfuðborg Bangladess. NORDICPHOTOS/AFP

Ríki og sveit veita minnst 1,3 milljarða til staðbundinnar atvinnuþróunar:

Stoðkerfi atvinnulífsins einfaldað

STJÓRNMÁL Unnið er að mati og endurgerð stoðkerfis atvinnulífsins í iðnaðarráðuneytinu. Á vegum ráðuneytisins er rekið viðamikið stoðkerfi en fjórar stofnanir þess sinna því hlutverki. Eru það Byggðastofnun, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Orkustofnun. Þá eru átta sjálfstæð atvinnuþróunarfélög sem njóta opinberra fjárveitinga rekin um allt land.

Í skýrslu um verkefnið kemur fram að áætlað sé að ríki og sveitarfélög veiti að minnsta kosti 1,3 milljarða króna til staðbundinnar atvinnuþróunar og tengdrar þjónustu. Ótalin eru framlög ýmissa aðila til þekkingarsetra.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Umtalsverð tækifæri skapist með betri nýtingu fjárins.

Kallað hefur verið eftir sjónarmiðum um núverandi fyrirkomulag og metið hvað þurfi að gera til að efla framþróun og nýsköpun atvinnulífsins.

Nokkrir ágallar eru taldir vera á núverandi kerfi. Það er sagt fremur sundurlaust og flókið, þekking þess dreifð á marga staði, starfsemin skiptast á of marga og smáa aðila með tilheyrandi kostnaði við stjórnun og stoðþjónustu, tengsl milli miðlægrar starfsemi ríkisins og staðbundinnar atvinnuþróunar eru ekki nægilega góð og skipting eftir atvinnugreinum er talin úrelt og hamla framþróun og árangri.

Með nýju skipulagi stoðkerfisins er ætlunin að sníða af þessa vankanta. - bþs

Lögum um gjaldþrot breytt:

Kröfur fyrnast á tveimur árum

ALÞINGI Fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú verður tvö ár, óháð eðli krafna. Frumvarp þar um varð að lögum í gær.

Áður var fyrningarfrestur fjögur, tíu eða tuttugu ár eftir eðli krafna.

Við umræður um málið sagði Sigríður Ingibjörg Ingadóttir Samfylkingunni breytingarnar fela í sér gríðarlega réttarbót fyrir þá sem ættu í erfiðleikum vegna skulda og byggju í skuldafangelsi eða ættu á hættu að lenda í slíku fangelsi. - bþs

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Auglýsing um styrki til námskeiða í íslensku vorið 2011

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna fylgja umsókninni.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.

Umsóknareyðublöð **og úthlutunarreglur eru aðgengilegar undir flokknum** sjóðir og eyðublöð **á vef menntaog menningarmálaráðuneytis: menntamalaraduneyti.is. Umsóknir skal senda á** postur@mrn.stjr.is.

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 15. desember 2010.
menntamálaráðuneyti.is

Íbúðalánasjóður rannsakaður í þaula

Efnt verður til víðtækrar óháðrar rannsóknar á Íbúðalánasjóði og innkomu banka á húsnæðislánamarkaðinn. Þverpólitísk sátt varð um málið á Alþingi.

ALÞINGI Ráðist verður í umfangsmikla rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs, samkvæmt ákvörðun Alþingis. Samþykkt var í gær tillaga Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur Samfylkingunni og sex annarra þingmanna þess efnis.

Tillaga um málið var flutt í ljósi þeirrar ályktunar rannsóknarnefndar Alþingis að breytingar á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs hefðu stuðlað að verulegu ójafnvægi í hagkerfinu og falið í sér eina af stærri hagstjórnarmistökunum í aðdraganda að falli bankanna.

Við meðferð málsins í þinginu var jafnframt ákveðið að samhliða verði innkoma bankanna á húsnæðislánamarkaðinn árið 2004 og áhrif hennar skoðuð.

Rannsóknin á að taka mið af ákvæðum frumvarps til laga um rannsóknarnefndir sem forsætisnefnd Alþingis hefur lagt fram.

Fimmtíu þingmenn úr öllum flokkum greiddu atkvæði með tillögunni. bjorn@frettabladid.is

Það sem á að rannsaka sérstaklega

1. Breytingarnar á sjóðnum 2004, undirbúningur þeirra og áhrif á fasteignamarkað og efnahag.
2. Framganga banka á lánamarkaði til fasteignakaupa og viðbrögð Íbúðalánasjóðs við aukinni samkeppni banka um íbúðalán, m.a. vegna 100% lána bankanna og uppgreiðslna á lánum sjóðsins, til dæmis hækkað lánshlutfall úr 80% í 90% og hækkuð hámarkslán.
3. Hvernig sjóðurinn sinnti verkefnum sínum.
4. Viðbrögð sjóðsins við vaxandi þenslu á fasteignamarkaði.
5. Skuldabréfaskipti, úr húsbréfum í húsnæðisbréf, með því að binda uppgreiðslumöguleika sjóðsins.
6. Samskipti Íbúðalánasjóðs við Seðlabankann vegna lausafjár.
7. Kaup Íbúðalánasjóðs á greiðsluflæði lána frá bönkum og sparisjóðum með mun hærri hámarkslánsfjárhæð en reglugerð félagsmálaráðherra gerði ráð fyrir.
8. Tryggingar fyrir lánum sjóðsins þar sem lán til banka og sparisjóða voru ekki með veði.
9. Lánveitingar til byggingaverktaka, jafnvel án bankaábyrgða.
10. Reglugerð félagsmálaráðherra frá 2005 um áhættustýringu og hvernig hún samræmdist kröfum um áhættustýringu.
11. Viðskipti Íbúðalánasjóðs við verðbréfasjóði með verulegu tapi.
12. Helstu ástæður fyrir taprekstri sjóðsins frá 2008 og fyrirsjáanlegar afskriftir.
13. Eftirlit Alþingis, ráðuneytis og stofnana á borð við Fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Íslands með starfsemi sjóðsins. Var það fullnægjandi?
14. Annað sem rannsóknarnefnd kann að komast að við rannsókn sína og telur ástæðu til að upplýsa Alþingi um.

Brugðist við auknu álagi á dómstóla vegna hrunsmála:

Launakjör dómara draga úr áhuga

STJÓRNSÝSLA Þótt fjölga þurfi dómurum vegna aukins álags á dómstóla telja sérfræðingar sem unnu skýrslu fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið nauðsynlegt að mæta vandanum með öðrum leiðum. Frumvarp um fjölgun dómara liggur nú fyrir Alþingi.

Í skýrslu sérfræðinganna segir að launakjör kunni að draga úr eftirspurn eftir dómarastöðum. „Ekki er unnt að ganga út frá því að stór hópur af mjög vel hæfum umsækjendum um embætti dómara sé fyrir hendi vegna launakjara dómara."

Það auki enn á nauðsyn þess að við lausn málsins sé lögð áhersla á aðrar leiðir en eingöngu fjölgun dómara. Mikilvægt sé að efla stjórnsýslu dómskerfisins, bæði skrifstofu Hæstaréttar og skrifstofu dómstólaráðs.

Þá er lagt til að aðstoðarmönnum héraðsdómara verði veittar rýmri starfsheimildir líkt og kveðið var á um í frumvarpi sem kom fyrir Alþingi á síðasta löggjafarþingi. Með því náist fram nokkur sparnaður í launakostnaði, þar sem aðstoðarmenn séu ódýrari starfsmenn en dómarar. Hitt skipti líka máli að með því verði unnt að fela vönum héraðsdómurum í auknum mæli að einbeita sér að úrlausn vandasamari dómsmála. - bþs

Stöður í dómskerfinu

Staða	Kostnaður
Héraðsdómari	11,3 millj.
Aðstoðarmaður	6 millj.
Dómritari	4,8 millj.
Dómvörður	4,8 millj.
Hæstaréttardómari	13,6 millj.
Aðstoðarmaður	8,5 millj.
Skrifstofumaður	4,2 millj.

Launakostnaður á ári með launatengdum gjöldum.

Bygginga- og brunamál:

Mannvirkjastofnun stofnuð

STJÓRNSÝSLA Ný stofnun, Mannvirkjastofnun, tekur til starfa um áramót. Lög þar um voru samþykkt á dögunum. Tekur hún við málefnum Brunamálastofnunar auk verkefna er varða byggingamál.

Nýjum lögum um mannvirki er ætlað að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytendavernd, gera stjórnsýslu skilvirka, auka faglega yfirsýn og tryggja samræmt byggingareftirlit. Starf forstjóra Mannvirkjastofnunar verður auglýst á næstunni. - bþs

Ögmundur Jónasson segir þremenningana í VG fylgja hugsjónum sínum:

Stóðu við loforð til kjósenda

ALÞINGI VG-þingmennirnir þrír, Atli Gíslason, Ásmundur Daðason og Lilja Mósesdóttir, sem ekki styðja fjárlög ríkisstjórnarinnar, fylgdu þeim stefnumarkmiðum og hugsjónum sem þeir lofuðu kjósendum sínum.

Þetta er mat Ögmundar Jónassonar ráðherra. Svaraði hann þessu til þegar Sigurður Kári Kristjánsson Sjálfstæðisflokki innti hann eftir afstöðu til málsins á þingi í gær.

Bætti Ögmundur við að hann bæri traust til þingmannanna og sagði að auki að ekki ætti að leiða

ÖGMUNDUR JÓNASSON

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

málefnalegan ágreining ofan í persónulegar skotgrafir. Slíkt hefði einkennt stjórnmálaumræðuna í allt of ríkum mæli.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er hins vegar á annarri skoðun. Hann telur þremenningana hafa leiðst afvega út á pólitíska glapstigu.

Þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði hann út í málið sagði hann það sína skoðun að þeir sem styddu ríkisstjórn yrðu að uppfylla tvennt: annars vegar að verja ríkisstjórn vantrausti og hins vegar að styðja fjárlagafrumvarp. Þeir sem gerðu það ekki hlytu að velta því fyrir sér hvar í heiminum þeir væru staddir. - bþs

HVOLPUR Í KERRU Í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, var þessi kubbslegi hvolpur keyrður um í barnakerru á snævi þöktum götum mitt í jólaönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BSRB til sveitarstjórna:

Hækkið útsvar fremur en gjöld

FÉLAGSMÁL Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, hvetur sveitarstjórnarfulltrúa um land allt til að standa vörð um velferðarkerfið. Það sé á þeirra ábyrgð að tryggja að ekki sé höggvið að rótum þess.

ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

Í bréfi til kjörinna fulltrúa segir hún fjárhagsáætlun sveitarfélags ekki aðeins ramma utan um útgjöld og tekjur. Hún leggi línurnar fyrir það öryggi sem börn og fjölskyldur í sveitarfélaginu muni búa við næsta árið. Minnir hún á að alþýða landsins hafi byggt velferðarkerfið upp á liðinni öld.

„Ekki falla í þá freistingu að slá þig tímabundið til riddara með því að nýta ekki útsvarsprósentuna til fulls, en mæta fjárþörfinni frekar með hækkun gjalda. Ábyrgð þín er mikil," segir í bréfi Elínar Bjargar. - bþs

Innanríkisráðuneytið:

Starfar í sex skrifstofum

STJÓRNSÝSLA Skipurit innanríkisráðuneytisins, sem tekur til starfa um áramót, hefur verið kynnt.

Ráðuneytið verður til með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Nýja ráðuneytið mun starfa í sex skrifstofum: þremur fagskrifstofum og þremur stoðskrifstofum. Stoðskrifstofurnar eru skrifstofa stefnumótunar og þróunar, fjármála og rekstrar og réttarfars og stjórnsýslu. Fagskrifstofurnar eru skrifstofa almannaöryggis, skrifstofa mannréttinda- og sveitarfélaga og skrifstofa innviða. - bþs

Píanó
til sölu
Nánast ónotað
og sem nýtt.
Sími 897 7028 og 692 1716

BESTA ÞÝDDA BARNABÓKIN

1.

Þú getur eldað
Annabel Karmel

2.

Töframaðurinn
Michael Scott

3-4.

Halastjarnan
Tove Jansson

3-4.

Hvar er drekinn?
Jason Hook

BESTA BARNABÓKIN

1.

Árstíðirnar
Þórarinn Eldjárn

2.

Lítil saga um latan unga
Guðrún Helga

3.

Ertu Guð, afi
Þorgrímur Þráinsson

BESTA LJÓÐABÓKIN

1.

Blóðhófnir
Gerður Kristný

2.

Þrjár hendur
Óskar Árni Óskarsson

3.

Brúður
Sigurbjörg Þrastardóttir

Skemmtilegri gjöf!
Skiptimiðinn
Eymundsson

Eymundsson.is

Valið af starfsfólks bókaverslana 2010

BESTA FRÆÐIBÓKIN

1. **Veiðimenn norðursins**
Ragnar (RAX)

2. **Sveppabókin**
Helgi Hallgrímsson

3. **Eyjafjallajökull**
Ari Trausti og Ragnar Th.

BESTA ÆVISAGAN

1. **Gunnar Thoroddsen**
Guðni Th. Jóhannesson

2. **Þóra biskups**
Sigrún Pálsdóttir



3. **Alvara leiksins**
Árni Bergmann

BESTA ÞÝDDA SKÁLDSAGAN

1. **Hreinsun**
Sofi Oksanen

2. **Dávaldurinn**
Lars Kepler

3. **Gleðileikur Dantes**
Erlingur E. Halldórsson íslenskaði

BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN

1. **Svar við bréfi Helgu**
Bergsveinn Birgisson

2. **Ljósa**
Kristín Steinsdóttir



3. **Handritið að kvikmynd...**
Bragi Ólafs

Eymundsson
Bóksali frá 1872

TVEIR JÓLASVEINAR Maður og hundur klæddir sem jólasveinar söfnuðu fé fyrir góðgerðasamtök dýra í London í gær. Fimbulkuldi var í borginni og snjóaði víða. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Svartfjallaland í hópinn

Á tveggja daga leiðtogafundi Evrópusambandsins komst Svartfjallaland í hóp umsóknarlanda. Fyrir eru Króatía, Ísland og Tyrkland í þeim hópi. Einnig náðist samkomulag um nánara samstarf í efnahagsmálum.

BRUSSEL, AP Leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu í gær að veita Svartfjallalandi stöðu umsóknarlands, en búast má við að fjögur til fimm ár líði áður en aðildarviðræðum getur lokið með aðildarsamningi.

Á fundinum, sem stóð í tvo daga, tókst einnig samkomulag um frekari aðgerðir í efnahagsmálum til að verjast kreppunni sem nú herjar illilega á nokkur aðildarlandanna.

Samið var um nýtt kerfi til að bjarga ríkjum úr efnahagsvanda en ekki náðist samkomulag um að stækka neyðarsjóðinn sem settur var á laggirnar fyrr á þessu ári.

„Svartfjallaland er fyrsta landið á vestanverðum Balkanskaga sem fær stöðu umsóknarlands í fimm ár," segir Slavica Milacic, ráðgjafi Milo Djukanovic forseta, en hún var sendiherra landsins hjá Evrópusambandin þar til fyrir skömmu. „Þetta er líka mjög mikilvægt fyrir þennan heimshluta vegna þess að með þessu er gefið skýrt merki um að aðlögunarferlið að ESB muni halda áfram."

Af löndunum á vestanverðum Balkanskaga hefur aðeins Slóvenía fengið aðild að ESB til þessa, en auk Svartfjallalands hafa Króatía og Makedónía stöðu umsóknarlands.

Króatar eru nýbúnir að ljúka aðildarviðræðum sínum við ESB og vonast til þess að fá aðild á næsta eða þarnæsta ári, hugsanlega um svipað leyti og Íslendingar.

Aðildarviðræður við Makedóníu hafa verið í biðstöðu árum saman vegna deilu við Grikkland um nafn landsins, sem er samnefnt Makedóníuhéraði í Grikklandi.

Albanía og Serbía hafa einnig sótt um aðild. Bosnía og Hersegóvína hefur einnig hafið þreifingar um aðild og sömu sögu er að segja af Kosovo. - gb

NICOLAS SARKOZY OG ANGELA MERKEL Leiðtogar Frakklands og Þýskalands tókust á um efnahagsmálin. NORDICPHOTOS/AFP

NÝR FORSTJÓRI OR

Helgi sækir ekki um

Starf forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er auglýst í dagblöðum helgarinnar. Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2011. Helgi Þór Ingason, sem tók tímabundið við starfinu í ágúst, ætlar ekki að sækja um það áfram, samkvæmt tilkynningu sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur sent frá sér.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 10-1983

Söfnum jólagjöfum fyrir Jólaaðstoðina

Íslandsbanki

Starfsfólk Íslandsbanka safnar gjöfum fyrir Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar, Rauða krossins í Reykjavík og Hjálpræðishersins.

Vertu með!
Þú getur komið með þína gjöf í útibú okkar og við komum henni til skila svo allir geti haldið gleðileg jól.

Allt frá afasímum til snjallsíma



LG OPTIMUS ONE

Flottur Android sími sem fer vel í hendi.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 49.900 kr.

LG COOKIE T300

Ódýr sími með snertiskjá og 2GB minniskorti. Facebook stuðningur og 3,5 mm heyrnartólatengi.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 19.900 kr.

MEÐ ÞESSUM LG OG NOKIA SÍMUM FYLGIR

1.000 kr. inneign á mánuði í eitt ár

Netið í símanum á 0 kr. í einn mán.*

Enski boltinn í símann á 0 kr. í einn mán.

*Notkun á Íslandi, 100 MB

GLÆSILEGIR KAUPAUKAR

Veldu einn:

Smáhátalari fyrir símann

Taska fyrir símann

Bílstandur

Á meðan birgðir endast

NOKIA C5

Frábær Ovi sími frá Nokia sem þýðir að þú ert með ókeypis aksturs- og gönguleiðsögn í símanum þínum.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 32.900 kr.

SONY ERICSSON SPIRO

Tilvalinn sem fyrsti farsíminn.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

500 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 14.490 kr.

Frelsiskort fylgir ásamt 1.000 kr. inneign

DORO PHONE EASY 338

Kjörinn fyrir ömmu og afa.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 17.900 kr.

Það er **Síminn**

siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM44758

FRÉTTASKÝRING: Bólusetning við HPV-veiru

BÓLUSETNING Bólusetning tólf ára stúlkna gegn HPV-veiru hefst á næsta ári. Myndin er frá bólusetningu á Landspítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bólusetning fækkar dauðsföllum um helming

Samkvæmt nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi verður fimmtíu milljónum króna varið til bólusetninga gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini á næsta ári. Fréttablaðið rýndi í skýrslu sóttvarnalæknis um krabbameinið og bólusetningarnar.

Sautján konur greinast að meðaltali með leghálskrabbamein á Íslandi ár hvert og þrjár konur deyja af völdum þess. Gríðarlegur árangur hefur náðst í baráttunni við leghálskrabbamein síðan byrjað var að leita skipulega eftir krabbameininu árið 1964. Á þessum tíma hefur nýgengni sjúkdómsins lækkað um 64 prósent og dánartíðnin um 83 prósent. Þetta kemur fram í greinargerð sem starfshópur sóttvarnalæknis gerði árið 2008 um kostnaðarhagkvæmni bólusetningar. Greinargerðin var endurskoðuð árið 2009.

Flestar kvennanna sem greinast með krabbameinið hér á landi hafa ekki mætt reglulega í skipulagða krabbameinsleit. Í leitinni greinast forstigsbreytingar meinsins, sem er skipt í vægar, meðalsterkar og sterkar. Vægar breytingar geta horfið sjálfkrafa en fylgst er náið með konum sem með þær greinast. Meðalsterkar og sterkar breytingar eru alltaf skoðaðar nánar með leghálsspeglun og vefjasýnum. Niðurstöður þeirra ákvarða svo hvort framkvæma þarf keiluskurð, sem felur í sér að hluti af leghálsi er fjarlægður. Um 300 slíkar aðgerðir eru framkvæmdar á hverju ári.

Hvað er HPV-veira?

Human papilloma veirur eða HPV eru aðalorsök leghálskrabbameins. Talið er að þær valdi um sjötíu prósentum allra leghálskrabbameina í heiminum. Hlutfallið er samkvæmt rannsóknum um 73 prósent í Evrópu en um 60 prósent á Íslandi.

Veiran HPV veldur líka kynfæravörtum og er talin valda mörgum sjaldgæfari krabbameinum, til dæmis krabbameini í endaþarmsopi, skapabörmum, getnaðarlim, leggöngum, þvagrás, höfði og hálsi.

HPV hefur lengi verið þekkt og hefur verið greind í marga stofna og undirflokka. Tegundirnar sem helst valda leghálskrabbameini eru HPV 16 og 18. Algengasta sýking HPV er á kynfærum og kynhegðun er helsti áhættuþátturinn fyrir smiti, sér í lagi ungur aldur við fyrstu kynmök og fjöldi rekkjunauta.

Áætlað er að að minnsta kosti 40 til 50 prósent kvenna sem stunda kynlíf sýkist af HPV innan tveggja til þriggja ára eftir fyrstu kynmök. Talið er að helmingur karla og kvenna sem stunda kynlíf sýkist af veirunum á lífsleiðinni, og sumar rannsóknir benda til þess að hlutfall kvenna sé allt að áttatíu prósent.

Hvað gerir bólusetningin?

Tvö HPV-bóluefni hafa verið fáanleg á Íslandi frá árinu 2007. Þau heita Gardasil og Cervarix. Samantekt á sex rannsóknum á virkni bóluefnanna leiddi í ljós að virkni þeirra er mjög góð til að koma í veg fyrir HPV-sýkingu og forstigsbreytingar leghálskrabbameins af völdum HPV 16 og 18 hjá konum á aldrinum 15 til 25 ára í að minnsta kosti 14 til 60 mánuði. Þá kemur Gardasil í veg fyrir kynfæravörtur vegna HPV 6 og 11, en það eru algengustu orsakavaldar þeirra.

Árangur bóluefnanna gegn sýkingu vegna HPV 16 og 18 er 74 til 100 prósent samkvæmt rannsóknum. Hvorugt þeirra getur upprætt sýkingu sem er til staðar þegar bólusett er, samkvæmt skýrslu sóttvarnalæknis. Samkvæmt henni eru aukaverkanir af völdum bóluefnanna vægar en algengastar eru hiti, höfuðverkur og bólga á stungustað. Engar alvarlegar aukaverkanir er hægt að rekja til bólusetningarinnar hjá rúmlega 40 þúsund einstaklingum, samkvæmt rannsóknum.

Kostnaður og framkvæmd

Gert er ráð fyrir því að skólahjúkrunarfræðingar muni sjá um bólusetninguna. Þrjár sprautur þarf í bólusetninguna; sú fyrsta verður gefin á sama tíma og hefðbundin bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum. Hinar tvær verða gefnar sérstaklega mánuði og sex mánuðum eftir fyrstu sprautuna.

Í greinargerðinni kemur fram að á verðlagi ársins 2006 var kostnaður við bólusetningu 47 milljónir á ári. Sautján milljónir myndu sparast vegna fækkunar tilvika leghálskrabbameins og forstiga þess. Bólusetningin myndi lækka dánartíðni um helming, sem samsvarar 1,7 dauðsföllum á ári.

Ekki var tekið með í reikninginn hversu mikið myndi sparast vegna annarra sjúkdóma. Því er talið líklegt að hagkvæmnin hafi verið vanmetin að mörgu leyti. Ef það hefði verið tekið með hefði hagkvæmni bólusetningarinnar aukist enn.

Ekki gert ráð fyrir að bólusetja aðra

Hægt verður að hefjast handa við bólusetningar á næsta ári, að loknu útboði á bóluefninu, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Ekki verður boðið upp á bólusetningar fyrir stúlkur sem eru eldri en tólf ára. „Þetta verður bara tekið inn eins og í ungbarnabólusetningunni og byrjað á tólf ára stelpum. Það verður ekki farið í svokallað „catch-up", að ná eldri stúlkum." Haraldur segir að það yrði óheyrilega dýrt auk þess sem eftir tólf ára aldur hækki hlutfall stúlkna sem þegar séu sýktar. „Eftir fjórtán, fimmtán ára byrjar þetta að klifra ansi hratt, en við teljum að með því að fara í tólf ára aldurinn náum við öllum."

HARALDUR BRIEM

Þó að ekki verði boðið upp á bólusetningar fyrir eldri stúlkur geta foreldrar kostað þær sjálfir eins og hægt hefur verið undanfarin ár. Haraldur segir að einhverjir hafi gert það, kannski nokkur hundruð manns. „Kostnaðurinn er ansi hár, ef ég man þetta rétt miðað við verð úr apóteki gæti verðið verið í kringum 80 til 90 þúsund krónur fyrir þrjár sprautur."

Haraldur leggur þó áherslu á áframhaldandi mikilvægi leitarstöðvarinnar. „Bóluefnið veitir ekki 100 prósent vörn, það eru eitthvað á bilinu 30 til 40 prósent af þeim HPV stofnum sem eru þarna úti sem bóluefnið verndar ekki gegn. Jafnvel þó að farið sé í bólusetningu á því samt að fara á leitarstöðina því við erum ekki búin að dekka þetta allt."

Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is

KARLMENN

Eðalgjöf er áskrift að heilsurækt og vellíðan allt árið fyrir konuna í lífi þínu og fæst einungis í Baðhúsinu og inniheldur;

- Heilsurækt - Dekurdag - Átaksnámskeið
- Sund í sundlaugum Reykjavíkur - Heilsudrykki
- Förðunar- og snyrtiráðgjöf - Einkaþjálfun - o.fl.

Eðalgjöfin afhendist í glæsilegri gjafaöskju. Verð kr. 9.600 og áskriftarsamningur.*

www.badhusid.is

Sími 515 1900

Hægt er að panta Eðalgjöfina
með tölvupósti á netfang **edal@badhusid.is**,
í síma 515 1900 eða koma á staðinn.

Nánari upplýsingar á badhusid.is

Áskriftarsamningur, með lágmark 12 mánaða bindítíma, verð pr. mánuð kr. 6.990.

Ljósmyndari: GASSI

Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!

25% afsláttur

2.470KR.
3.290*KR.

30% afsláttur

3.480KR.
4.990*KR.



30% afsláttur

9.780KR.
13.990*KR.

50% afsláttur

6.495KR.
12.990*KR.

ÁRITUN OG TRÖLLATEIKNING Í DAG
Kringlunni kl. 14
Smáralind kl. 16

30% afsláttur

2.580KR.
3.690*KR.

40% afsláttur

1.780KR.
2.990*KR.

40% afsláttur

1.780KR.
2.990*KR.

30% afsláttur

9.080KR.
12.900*KR.

30% afsláttur

2.780KR.
3.990*KR.

SIGRÍÐUR OG ELLÝ ÁRITA Í DAG
Kringlunni kl. 15
ELLÝ áritar í Smáralind kl. 17

25% afsláttur

970KR.
1.290*KR.

25% afsláttur

970KR.
1.290*KR.

32% afsláttur

1.760KR.
2.590*KR.

30% afsláttur

2.790KR.
3.985*KR.

30% afsláttur

3.490KR.
4.990*KR.

*Upprunalegt verð

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. desember á meðan birgðir endast.

ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR
Á BETRA VERÐI

ÁRITUN Í DAG
Smáralind kl. 15
Kringlunni kl. 17

ÁRITAÐAR BÆKUR fást í Kringlunni, Skeifunni og Smáralind

25% afsláttur

2.990KR.
~~3.990*KR.~~

34% afsláttur

3.880KR.
~~5.890*KR.~~



35% afsláttur

4.540KR.
~~6.990*KR.~~

35% afsláttur

3.690KR.
~~5.690*KR.~~

30% afsláttur

2.780KR.
~~3.990*KR.~~

30% afsláttur

1.950KR.
~~2.790*KR.~~

30% afsláttur

3.980KR.
~~5.690*KR.~~



30% afsláttur

4.180KR.
~~5.990*KR.~~

35% afsláttur

3.880KR.
~~5.990*KR.~~

35% afsláttur

4.540KR.
~~6.990*KR.~~

30% afsláttur

3.970KR.
~~5.690*KR.~~

35% afsláttur

3.890KR.
~~5.980*KR.~~

32% afsláttur

3.870KR.
~~5.690*KR.~~



30% afsláttur

4.180KR.
~~5.990*KR.~~

GUNNLAUGUR OG ÓTTAR ÁRITA Á SUNNUDAGINN
Kringlunni kl. 16

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hjáseta þremenninganna er áfall fyrir stjórnina.

Stjórntækur flokkur?

Hjáseta þriggja þingmanna Vinstri grænna við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins er áfall fyrir ríkisstjórnina og vekur áleitnar spurningar um hvort hún hefur áfram starfhæfan meirihluta á Alþingi.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar geta ekki látið eins og ekkert sé eða reynt að breiða yfir hvað hér er raunverulega um að ræða. Þrír þingmenn hættu í raun stuðningi við ríkisstjórnina. Fjárlagafrumvarpið er ekki bara hvert annað frumvarp; það endurspeglar áherzlur og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Sá sem styður ekki fjárlögin getur ekki verið stuðningsmaður stjórnarinnar.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta virðist raunar mega lesa úr yfirlýsingu þremenninganna, þar sem niðurskurði í fjárlagafrumvarpinu (sem þó hefur verið dregið verulega úr) er harðlega mótmælt og hann sagður í andstöðu við „grunnstefnu VG og ályktanir flokksráðsfunda“ eins og þingmennirnir orða það.

Þá yfirsést þeim reyndar sá vandi að grunnstefna VG og ályktanir flokksfunda um útgjöld til velferðarmála eru sjaldnast í nokkru samræmi við þann efnahagslega veruleika sem við blasir, allra sízt núna. Og flestir flokkar sem taka þátt í samsteypustjórnum verða víst að láta það yfir sig ganga að gera málamiðlanir, sem hafa í för með sér að flokksstefnan næst sjaldnast hrein og ómenguð í gegn.

Nú virðist það vera að koma býsna skýrt fram sem jafnvel eindregnir stuðningsmenn fyrstu hreinræktuðu vinstri stjórnarinnar höfðu áhyggjur af, að VG sé þegar til kemur ekki stjórntækur flokkur, þrátt fyrir að njóta umtalsverðs fylgis. Hann innihaldi of marga þingmenn með öfga- og jaðarskoðanir, sem þeir séu engan veginn reiðubúnir að hvika frá og því síður til í að axla nokkra ábyrgð á erfiðum og óvinsælum ákvörðunum.

Menn geta sagt sem svo að það bjargi stjórninni að villta vinstrið sé þrátt fyrir allt ekki fjölmennara en þetta og ríkisstjórn geti spjarað sig með eins manns meirihluta á þingi. En samheldni þeirra þrjátíu og tveggja stjórnarþingmanna sem eru eftir er býsna óviss. Að minnsta kosti tvö vafaatkvæði í ýmsum stórum málum eru í sjálfu ráðherraliði VG. Vandséð er hvernig Steingrímur J. Sigfússon á að geta sannfært samstarfsflokkinn um að VG geti lagt sitt af mörkum til að koma málum stjórnarinnar fram á Alþingi.

Ef ríkisstjórnin hrekkur upp af á næstunni, sem virðist líklegra eftir atburði vikunnar, er draumurinn um hreinu vinstri stjórnina búinn. Og ekki bara það, heldur hefur villta vinstrið í VG þá líklega tryggt að aðrir flokkar fara ekki á fjörurnar við þann söfnuð í náinni framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hamstrabúr 1 hæð kr. 5.985,-
Hamstrabúr 2 hæðir kr. 6.986,-
Hamstrabúr 3 hæðir kr. 7.940,-

Kanínubúr 70cm kr. 7.120,-

Fiskabúr 60cm kr.13.975
með dælu, ljósi og hitara
Fiskabúr 80cm kr.19.995,-
með dælu, ljósi og hitara

Fuglabúr kr.6.580,-
Fuglabúr frá kr. 5.040,-

Dýraland Mjódd Sími: 587-0711
Dýraland Spöngin Grafarvogi Sími: 587-0744
Dýraland Kringlan 7 Sími: 588-0711

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Aðventuuppreisnin

Þrír þingmenn VG studdu ekki fjárlagafrumvarpið. Það eru stór tíðindi. En hvaða þýðingu hafa þau? Á svarinu eru tvær hliðar. Annars vegar kemur pólitísk kreppa stjórnarsamstarfsins upp á yfirborðið. Það er alvarlegt veikleikamerki. Hins vegar birtist vinstrivængur VG fáliðaðri en hann hefur sýnst vera undir yfirborðinu.

Málefnalega hefur uppreisn vinstrivængsins snúist um grundvallaratriði stjórnarstefnunnar: Aðildarumsóknina að ESB og samstarfsáætlunina við AGS. Hin hlið málsins sýnir harðsnúna valdabaráttu innan VG. Eftir að Ögmundur Jónasson keypti sig inn í ríkisstjórnina á ný hefur vinstrivængurinn þó virkað bæði forystulaus og stefnuvilltur.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Stóra spurningin er hvort þetta áfall hefur áhrif á framhaldið. Samhentar stjórnir þurfa að sönnu ekki nema þrjátíu og tvö atkvæði. Framhaldið veltur þá á að vinstrivængurinn nái ekki þeim styrk til andófs sem hann hafði fyrir flokksráðsfundinn á dögunum. Það þýðir aftur að flokksforystan getur tæplega, eins og áformað er, hróflað við stöðu vinstrivængsins í ríkisstjórn þar sem hann hefur nú tvo stóla.

Með hliðsjón af þessu er ljóst að stjórnin glímir áfram við málefnakreppu þó að aðventuuppreisnin hafi litlu áorkað við fjárlagaafgreiðsluna nú. Ætla má að stjórnin hafi meirihluta fyrir Icesave þrátt fyrir þessa uppreisn. Hún hefur hins vegar ekki meirihluta til að fylgja eftir áætlun AGS um erlenda fjárfestingu og hagvöxt. Óvissan um aðildarsamningana er meiri en áður. Úthaldið til frekari aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum virðist enn fremur vera búið. Málefnaleg kjölfesta finnst ekki.

Hvað svo?

Forystumenn ríkisstjórnarflokkanna hafa algjörlega hafnað hugmyndum um víðtækt pólitískt samstarf til þess að treysta pólitíska stöðugleika og auka líkur á að markmið AGS- áætlunarinnar nái fram. Þeir hafa hins vegar aldrei útilokað að taka Framsóknarflokkinn upp í.

Mat verður ekki á það lagt hversu líklegt er að til þess ráðs verði gripið. Út frá því má hins vegar ganga sem vísu að menn íhugi þann kost. Því er ástæða til að skoða hvaða áhrif breyting af því tagi hefði á málefnakreppuna.

Fyrst er á það að líta að hluti af Framsóknarflokknum hefur fylgt alveg sömu línu og vinstrivængur VG í öllum helstu málum. Þannig stóð formaður Framsóknarflokksins að þingsályktunartillögu með vinstrivæng VG og Hreyfingunni um að hætta samstarfinu við AGS. Hluti Framsóknarflokksins hefur staðið þéttingsfast með vinstrivængnum um að slíta aðildarviðræðunum við ESB. Þá hefur Framsóknarflokkurinn fylgt sömu sjónarmiðum og vinstrivængur VG varðandi skuldavanda heimilanna.

Lítið hefur farið fyrir hinum hluta þingflokks framsóknarmanna sem fylgt hefur yfirvegaðri og raunsærri pólitík. Hann er eigi að síður til staðar. Trúlega myndi flokksforystan halla sér á þá sveifina ef ráðherrastólar væru í boði. Einhver hluti þingmanna Framsóknarflokksins er þó líklegur til að halda áfram á sömu braut með vinstrivæng VG.

Sennilegt er því að Framsóknarflokkurinn leggi ný lóð á báðar vogarskálar stjórnarsamstarfsins ef til kemur. Um leið og meirihlutinn styrktist myndi jafnframt fjölga í uppreisnarliðinu.

Er von?

Vandræðagangurinn yrði þannig ólíklega úr sögunni. En er unnt með þessu móti að tryggja starfhæfan meirihluta um þá hluti sem máli skipta?

Við mat á því þarf að hafa í huga að forysta VG hefur keypt áfangasigra gegn vinstrivængnum nokkuð dýru verði. Hún hefur fyrir þá sök mun takmarkaðra svigrúm til málamiðlana nú en við stjórnarmyndunina.

Í því ljósi verður að telja ólíklegt að Framsóknarflokknum tækist að knýja fram ákveðnari ráðstafanir til að ná fram markmiðum AGS-áætlunarinnar um erlenda fjárfestingu, stóriðju og hagvöxt. Til þess að halda innanflokksátökum í skefjum þarf VG að leggja steina í götu aðildarviðræðnanna. Framsóknarflokkurinn er einfaldlega of klofinn í því máli til þess að geta knúið fram breytingu á þeirri stöðu.

Reikna verður með að ekki muni standa á Framsóknarflokknum að styðja nýja Icesave-samninga verði ráðherrastólar í boði. Aftur á móti kæmi mjög á óvart ef Framsóknarflokkurinn myndi þegar á hólminn er komið berja í þá bresti sem nú þegar eru í stjórnarsamstarfinu varðandi áframhaldandi aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum.

Þegar öllu er á botninn hvolft bendir flest til að ríkisstjórnin gæti setið rólegri við völd ef Framsóknarflokkurinn yrði tekinn inn. Málefnakreppan sem tefur endurreisn efnahagslífsins yrði þó óleyst eftir sem áður. Slík leikflétta myndi því litlu breyta og vandséð að hún gæti gefið fólkinu í landinu nýja von.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Velkomin í Urriðaholt

Við óskum Náttúrufræðistofnun Íslands til hamingju með ný og glæsileg heimkynni í Urriðaholti í Garðabæ.

Opið hús verður í byrjun nýs árs. Nánar auglýst síðar.

URRIÐAHOLT

ÍSTAK

www.urridaholt.is · www.ni.is

AF NETINU

Lífsnauðsynlegt herflug

Í þessu samhengi er skemmtilegt að skoða tvær fréttatilkynningar frá því í gær. Önnur er frá borgarráði, samþykkt samhljóða, og er „áskorun á utanríkisráðuneytið og flugmálayfirvöld að beita sér fyrir því að umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll verði stöðvuð". [...]

Hún er ósköp falleg hugsunin á bakvið áskorun borgarráðs, en hún er kjánaleg, og jafnvel beinlínis lífshættuleg.

Fyrir utan það að þó það herflug sem fer um Reykjavíkurflugvöll sé yfirleitt frekar sakleysislegt, þá er sumt af því okkur lífsnauðsynlegt. Borgarráð t.d. virðist ekki gera sér grein fyrir að allt flug þyrla af dönskum varðskipum er herflug. Dönsk varðskip eru nefnilega herskip og tilheyra danska flotanum. Í því hallæri á undanförnum árum sem Landhelgisgæsla Íslands hefur búið við í þyrlumálum eru ófá skiptin sem okkar dönsku vinir hafa hlaupið undir bagga. Það er vísast fyrir bí ef áskorun borgarráðs fær einhvern byr.

Og auðvitað ef borgin ætlar að vera samkvæm sjálfri sér, þá hlýtur hún að banna ferðir herskipa um hafnir Reykjavíkur, þ.a. ekki verða þá varðskip okkar næstu granna velkomin meir. Hvað þá flotaheimsóknir NATO eða t.d. þýskra skólaskipa sem tilheyra flotanum þar í landi.

[...]

En það er kannski allt í lagi. Hin friðelskandi og herlausa þjóð vill væntanlega ekki láta bjarga sér af herjum. Hvorki úr sjávarnauð, frá nasistum, þjóðarmorðingjum eða hryðjuverkamönnum!

fridrik.eyjan.is/ **Friðrik Jónsson**

Fjárhirsla fríkirkjunnar

Ríki og kirkja

Hjalti Hugason
doktor í kirkjusögu

Sigurður Árni Þórðarson
doktor í trúfræði

Síðasta sunnudag var kveikt á hirðakertinu á heimilum og í kirkjum þjóðarinnar til að minna okkur á fjárhirðana í jólaguðspjallinu. Þeir hirtu ekki fé, heldur voru dyggir gæslumenn þess.

Sálnahirðir Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, sr. Hjörtur Magni Jóhannsson, hefur á undangegnum misserum tjáð sig reglulega í fjölmiðlum, t.d. í Fréttablaðspistli 10. desember. Efni greinarinnar og reyndar margra útvarpsprédikana fríkirkjuprestsins varðar aðeins fé og eignir. Fyrir hönd Fríkirkjunnar í Reykjavík krefst hann hluta þess fjár sem ríkið geldur þjóðkirkjunni nú sem afgjald af jörðum sem áður voru eign kirkjunnar. Þó var eignarhald á jörðunum óumdeilt þegar þær voru afhentar ríkinu (1907 og 1997-8). Í grein sinni setur sr. Hjörtur Magni samasemmerki milli þessara eigna og „hins sameiginlega trúar- og menningararfs sem hefur mótað sjálfsmynd, samkennd og þjóðarvitund okkar." Tengingin er óraunhæf. Annars vegar er um að ræða hagfræðilegar stærðir og hins vegar hugrænar.

Hver á kirkjujarðirnar?

Í túlkun á „eignasögu" kirkjunnar stiklar sr. Hjörtur Magni léttilega yfir staðreyndir. Hann telur að kirkjueignir hafi verið illa fengnar á miðöldum og loks afhentar þjóðkirkjunni með „siðlausum samningi" fyrir aðeins 13 árum.

Á fyrstu öldum kristni í landinu voru allar kirkjubyggingar (að dómkirkjum frátöldum) í einkaeigu. Tryggja varð rekstur þeirra þannig að umhirða kirkjueiganda réði ekki úrslitum um ástand þeirra. Markmiðið var að jarðeignir stæðu undir rekstri og viðhaldi kirkjubygginga. Þannig varð höfuðstóllinn til. Síðar fóru fleiri að gefa. Ekki er útilokað að einhvern tíma hafi ágirnd ráðið för. Það er þó alhæfing að græðgi sé helsta skýringin á eignasafni kaþólsku kirkjunnar á miðöldum.

> Ekki er útilokað að einhvern tíma hafi ágirnd ráðið för. Það er þó alhæfing að græðgi sé helsta skýringin á eignasafni kaþólsku kirkjunnar á miðöldum.

Á siðaskiptatíma var smám saman tekið að flytja nýja guðfræði í kirkjum landsins sem áður þjónuðu kaþólskum sið. Þær voru áfram miðpunktar sömu sókna og áttu allar eignirnar. Siðaskiptatíminn var breytingarskeið í hinu innra en ekki ytra. Eignarhald eða breyting þess var ekki mál þess tíma.

Eignaframsal á 20. öld

Á öndverðri 20. öld var við marghátt aðan vanda að etja í íslensku samfélagi. Skipulag og rekstur þjóðkirkjunnar var óhagkvæmt. Eignir kirknanna nýttust ekki vel með því að halda úti undirmönnuðum söknum og prestaköllum sem ekki gátu staðið undir helgihaldi. Þeim var því fækkað og eignir færðar milli kirkna og sókna. Menn tóku nú að líta svo á að jarðirnar væru sameign sóknanna í landinu. Hátt hlutfall leiguábúðar stóð á sama tíma í vegi fyrir framförum í landbúnaði. Efnahagslíf þjóðarinnar þróaðist smám saman yfir í peningahagkerfi í stað hagkerfis vöruskipta.

Reynt var að efla landbúnað með því að losa um jarðir í opinberri eigu þar á meðal kirkjujarðir. Þjóðkirkjan fól ríkinu forræði yfir uppistöðunni í eignasafni sínu (1907) gegn því að það tryggði rekstur hennar fjárhagslega eftir hagræðinguna. Alla 20. öldina ríkti síðan sá skilningur að ríkinu bæri að ráðstafa jörðunum á þann hátt sem nýttist sem flestum, þ.e. þjóðinni. Hið forna eignasafn rýrnaði vegna þess að ríkið varð að huga að hagsmunum fleiri en kirkjunnar. Það gat því ekki alltaf krafist hæsta verðs eða jafnvel raunvirðis fyrir jarðir sem seldar voru. Á 20. öld naut því þjóðin kirkjujarðanna með ýmsu móti og gerir enn.

Jarðasamningur ríkis og kirkju

Við lok 20. aldar var samningur gerður milli ríkis og kirkju um hinar fornu kirkjujarðir. Tilgangurinn var að höggva á næsta óleysanlegan hnút: Hvernig var mögulegt að ráðstafa jörðunum áfram á sem hagfelldastan hátt fyrir sem stærsta hluta þjóðarinnar? Einfaldasta lausnin var að ríkið eignaðist jarðirnar. Það var önnur hliðin á samningnum. Hin hliðin laut eðlilega að því hvað væri eðlilegt gjald til kirkjunnar. Samningurinn var gerður á grundvelli sem var lagður 1907, sem sé að ríkið tryggði rekstur kirkjunnar innan skilgreindra marka.

Samkomulagið er á engan hátt ósiðlegt enda voru samningamenn ríkis og þjóðkirkju meðvitaðir um lög, reglur, sögu, sið, fé og framtíð. Í anda nútímalegs eignarréttarskilnings er hægt að hagnýta afrakstur eignanna þar sem þess er helst þörf. Þjóðin nýtur afgjalds eignanna að nokkru sameiginlega þar sem þjónusta þjóðkirkjunnar stendur öllum til boða án kirkjuaðildar eða trúarjátningar.

Um aldamótin 1900 var ákaft rætt um tengsl og/eða aðskilnað ríkis og kirkju. Flestum þótti allt stefna í aðskilnaðarátt. Mörgum þótti þó ekki ganga nægilega hratt að losa kirkjuna undan yfirráðum ríkisins. Þeir sögðu sig því úr þjóðkirkjunni og nýttu rétt sinn til að stofna ný trúfélög, það á meðal Fríkirkjuna í Reykjavík. Þeir völdu með öðrum orðum milli þjóðkirkjunnar og eignanna á aðra hlið og hugsjónar um frjálsa kirkju á hina. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og fríkirkjuhreyfingin orðið að fríkirkjustofnun, með eignir og skuldir, tekjur og gjöld. Getur hún nú samt sem áður gert tilkall til afraksturs af hinum kirkjueignunum? Það er ekki menningarleg, guðfræðileg eða siðfræðileg spurning heldur ræðst svarið fyrst og fremst af eignarréttarlegum sjónarmiðum — því miður.



Valdabarátta verði lögð á hilluna

Heilsugæsla

Ragnhildur Bjarnadóttir
stjórnarmaður í fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga

Undanfarna daga hafa birst fjölmargar góðar greinar í fjölmiðlum um störf hjúkrunarfræðinga og möguleika á aukinni ábyrgð og þátttöku hjúkrunarfræðinga innan heilsugæslunnar. Vegna gagnrýni sem komið hefur fram á þessar greinar langaði mig að koma eftirfarandi á framfæri.

Hjúkrunarfræðingar hafa ekki í hyggju að „koma í stað lækna". Ef hjúkrunarfræðingar vildu starfa sem læknar myndu þeir fara í læknisfræði, svo einfalt er það. Það er hins vegar gamall og löngu úreltur hugsunarháttur að hjúkrunarfræðingar eigi að starfa sem einhvers konar aðstoðarstétt lækna undir þeirra stjórn og handleiðslu, enda framfarir á sviðinu verið gífurlegar og tímarnir breyttir.

Það er leitt þegar umræðu sem þessari er snúið upp í stéttarpólitík og valdabaráttu. Málið snýst ekki um það að ein stétt gangi á lagið til að ræna einhverjum völdum eða réttindum af annarri. Málið snýst um hagsmuni almennings, skjólstæðinganna sem nýta þjónustu heilsugæslunnar. Hagsmuna þeirra er best gætt með góðu aðgengi að þjónustu, og með hagkvæmni í rekstri heilsugæslunnar. Slíkri hagkvæmni verður best náð með góðri samvinnu allra stétta, og með því að hver og ein stétt sinni því sem menntun og hæfni hennar býður uppá.

Hjúkrunarfræðingar eru vel menntaðir og hæfir fagaðilar sem einnig eru hagkvæmir starfskraftar. Með aukinni þátttöku hjúkrunarfræðinga í hinum ýmsu störfum mætti bæta aðgengi skjólstæðinga að þjónustunni á hagkvæman máta og um leið veita heimilislæknum, sem margir hverjir hafa kvartað yfir tímaskorti og miklu álagi, svigrúm til að sinna öðrum og hugsanlega sérhæfðari störfum sem þeir einir hafa menntun og hæfni til. Hjúkrunarfræðingar eru einnig vel hæfir til að meta hvenær þörf er á aðkomu heimilislæknis eða annars fagaðila, og sinna því mikilvægu starfi í forgangsröðun og miðlun innan heilsugæslunnar.

Heilsugæslan er mikilvæg þjónustustofnun sem þjónar fólki af öllum stéttum, á öllum aldri og við hinar fjölbreyttustu aðstæður. Heilsugæslan samanstendur af fjölmörgum fagaðilum, svo sem læknum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, sálfræðingum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og ýmsum fleirum. Heilsugæslan gæti ekki án neinnar af þessum stéttum verið, og engin stéttanna er annarri merkilegri eða mikilvægari. Heilsugæslan hefur lengi glímt við fjárskort og hefur það einungis versnað í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu.

> Engin stéttanna er annarri merkilegri eða mikilvægari

Það er því nauðsynlegt að endurskoða skipulag heilsugæslunnar með opnum huga og leita hagkvæmra og raunhæfra leiða til að auka aðgengi og bæta þjónustu. Árangur slíkrar endurskoðunar veltur á því að allar fagstéttir heilsugæslunnar setji valdabaráttu og gömul ágreiningsmál á hilluna og vinni saman að betri heilsugæslu fyrir alla landsmenn.

Samkomulag vegna *skuldavanda fyrirtækja*

Fjárhagsleg *endurskipulagning* lítilla og meðal-stórra *fyrirtækja*

Skuldaaðlögun á við þegar heildarskuldir fyrirtækis eru umfram virði þess. Skuldir eru færðar niður til jafns við virði fyrirtækisins eða virði eigna ef það er hærra. Skuld umfram greiðslugetu fyrirtækis færist yfir á biðlán* til þriggja ára. Skuldir umfram virði fyrirtækis eða eigna eru afskrifaðar.

Skuldaaðlögun er lausn fyrir viðskiptavini bankans sem hafa greiðslugetu og greiðsluvilja. Með því að gæta sameiginlegra hagsmuna beggja aðila vill **Arion banki** byggja upp langtímasamband við viðskiptavini sína.

*Biðlán er óverðtryggt lán með 2% vöxtum; engar afborganir á lánstímanum sem er breytilegur en í flestum tilfellum 3 ár.

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Skuldaaðlögun í framkvæmd



Fjöldi fyrirtækja sem hafa farið í úrlausnarferli bankans



Skilyrði fyrir skuldaaðlögun:

- Fyrirtækið er lífvænlegt, en skuldsetning er of há
- Skuldir fyrirtækis eru að hámarki 1 milljarður
- Rekstrarupplýsingar liggja fyrir
- Traust ríkir á milli núverandi eigenda og bankans

Umboðsmaður viðskiptavina fylgist með því að mál séu afgreidd í samræmi við sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og að jafnræði ríki milli viðskiptavina við meðhöndlun mála.

Arion banki hvetur fyrirtæki í skuldavanda til að hafa samband við fyrirtækjaráðgjafa í næsta útibúi bankans til að leita lausna.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52031 12/10

JÓ

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Kenwood matvinnsluvél
450W,með blandara
1840473

9.990,-

9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Örbylgjuofn,
hvítur, 20 ltr., 800WM
1840909

4.990,-
~~6.990,-~~

REMINGTON

Hárblásari
2100W
1804502

FJÖR Í SKÚTUVOGI!

LAUGARDAG OG SUNNUDAG JÓLASVEINAR KOMA Í HEIMSÓKN OG SKEMMTA KL 13:00

JÓLAHLAÐBORÐINU LÝKUR UM HELGINA

Laugardag og sunnudag í Skútuvogi
kl. 18:00-20:00

Aðeins **990kr**

TILVALIÐ FYRIR JÓLASVEINA

399,-

Litlar dúkkur
5857726

299,-

Kubbaflaug
5857591-2

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*Vörur merktar “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að “Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar” sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

LAGJAFIR

Borvél,
POWER PLUS
14,4V
5245309

2 RAFHLÖÐUR
3.980,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Ferðagrill
WEBER gasgrill, Q120
3000247

SÉRTILBOÐ
37.900,-
~~43.900,-~~

1.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Töfrasproti
Bomann,180W
1850030

Peysa
Íslensk ull
og Powerstrech.
St. 36-48, rauð/grá
5863762-75

9.990,-

ÍSLENSK HÖNNUN

Herraúlpa
True North.
5869948-49

14.990,-

TRUENORTH

Softshell Jakki
rauður, blár
5863579-5863610

5.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

7.990,-

6.990,-

Softshell buxur
svartar hrinda vel frá sér
5869948-49

2.699,-

Dúkkuvagn
5857578

2.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Kaffivél
Hvít m/ bragðstillingu
1840931

2.595,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Höggborvél
Power Plus, 580W
0-2800 sn/mín
13mm flýtipatróna
5245308

TVÖFALT vöfflujárn
7.990,-
~~12.990,-~~

Vöfflujárn
Tvöfalt,1200W
1841119

HÚSASMIÐJAN

OPIÐ TIL **KL. 22:00** Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Var erlendum sparifjáreigendum mismunað í raun?

Icesave

Ólafur Elíasson
Eiríkur S. Svavarsson
Ragnar F. Ólafsson
Jóhannes Þ. Skúlason
félagar í InDefence-hópnum

Því hefur verið haldið fram af Eftirlitsstofnun EFTA að íslensk stjórnvöld hafi mismunað breskum og hollenskum sparifjáreigendum í Icesave-málinu. Íslenskar innistæður hafi verið tryggðar upp í topp en aðrar innistæður hafi verið ótryggðar.

Það er rétt að íslensk stjórnvöld gripu til þeirrar neyðarráðstöfunar að gefa út yfirlýsingu um að íslenskar innistæður væru tryggðar að fullu til að koma í veg fyrir algert hrun á Íslandi. Því má hins vegar ekki gleyma að íslensk stjórnvöld gripu líka til ráðstafana sem vörðu hagsmuni erlendra sparifjáreigenda. Með neyðarlögunum var sparifjáreigendum í Bretlandi og Hollandi tryggður forgangur að erlendu eignasafni Landsbankans. Með þeirri aðgerð virðast breskum og hollenskum sparifjáreigendum hafa verið tryggðar endurheimtur upp á allt að 90% af þeirri upphæð sem þeir höfðu lagt inn á Icesave, án nokkurrar íhlutunar þarlendra stjórnvalda (miðað við áætlun skilanefndar Landsbankans um endurheimtur). Í þessu sambandi verður að benda á að innistæður á Íslandi voru hins vegar aðeins tryggðar í íslenskum krónum og sú trygging var veitt eftir hrun þegar gengisfall hafði orðið á verðmætum þeirra innistæðna.

Mismunandi málsmeðferð er ekki ávísun á mismunun í verðmætum

Sé því haldið fram að mismunun hafi átt sér stað er ekki nóg að benda á að aðilar hafi ekki hlotið sömu málsmeðferð. Fyrir dómstólum verða Bretar og Hollendingar einnig að sýna fram á að þeirra sparifjáreigendum hafi ekki verið tryggð sömu verðmæti og þeim íslensku.

> Íslensk stjórnvöld gripu líka til ráðstafana sem vörðu hagsmuni erlendra sparifjáreigenda.

Við nánari skoðun virðist það ekki vera raunin. Tökum dæmi:

Breti sem lagði 10.000 sterlingspund inn á Icesave-reikning í Bretlandi 1. janúar 2008, þegar innlagnir inn á Icesave stóðu í hámarki. Hann ætti nú von á u.þ.b. 9.000 pundum úr þrotabúi Landsbankans vegna íslensku neyðarlaganna. Þessi sparifjáreigandi hefur tapað um 1.000 sterlingspundum og vöxtum á tímabilinu. Þetta væri niðurstaðan hefðu bresk stjórnvöld ekki gripið inn í og greitt Bretanum út innistæðurnar.

Berum þetta nú saman við íslenskan sparifjáreigenda sem lagði sömu upphæð inn á reikning Landsbankans í Reykjavík. Hann lagði inn á sparifjárreikning 10.000 sterlingspund sem breyttust í íslenskar krónur. Þannig var innistæða hans 1.240.000 ISK 1. janúar 2008. Þessi innistæða hans hefur borið almenna sparifjárvexti frá þeim tíma og stendur nú í u.þ.b. 1.370.000 ISK. Sé litið til verðmætis þessara króna er augljóst að raunverðmæti þeirra í t.d. sterlingspundum eða annarri mynt á EES-svæðinu er langt undir þeim verðmætum sem breskum sparifjáreigendum voru tryggð með neyðarlögunum sem gáfu þeim forgang í erlendar eigur Landsbankans. Á núverandi gengi fengi íslenski sparifjáreigandinn t.d. aðeins um 6.600 sterlingspund fyrir krónueign sína.

Þrátt fyrir ólíka málsmeðferð er ekki augljóst að dómari muni komast að þeirri niðurstöðu að sparifjáreigendur í Bretlandi og Hollandi hafi verið órétti beittir. Enda virðist sem þeim hafi í raun verið tryggð meiri verðmæti út úr bankahruninu en sparifjáreigendum á Íslandi.

Góðar konur

Kvenfélög

Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Í Frá degi til dags í Fréttablaðinu í gær var gerð athugasemd við grein sem ég skrifaði um ágæti frjálsra félagasamtaka og mikilvægi þess að skattleggja þau ekki um of. Þar var dregið í efa að Kvenfélagasamband Íslands væri gott dæmi um frjáls félagasamtök „sem snerta líf okkar allra“ og því vil ég koma á framfæri frekari upplýsingum um ágæti kvenfélaganna.

Kvenfélagasambandið er regnhlífarsamtök fyrir 160 kvenfélög og 17 héraðssambönd og fagnar 80 ára afmæli sínu í ár. Á tímabilinu 1995-2005 gáfu kvenfélög um 500 milljónir króna, eða um 50 milljónir árlega, til heilbrigðisstofnana. Þar eru ekki talin með framlög Kvenfélagsins Hringsins. Hringurinn hefur verið einn stærsti einstaki styrktaraðili Barnaspítala Hringsins og lyfti þar grettistaki við nýbyggingu spítalans. Önnur verkefni sem Hringskonur hafa stutt eru m.a. barna- og unglingageðdeild Landspítala og Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð barna með sérþarfir.

> Eflaust gætu þær flaggað þessum verkum sínum betur, en sumir vilja einfaldlega vinna sín góðverk í hljóði.

Heilbrigðisstofnunin Í Vestmannaeyjum, minni heimabyggð, væri væntanlega hvorki fugl né fiskur tæknilega eða tækjalega séð ef ekki væri fyrir góðgerðar- og líknarfélög, einstaklinga og fyrirtæki sem stutt hafa við stofnunina og er þar Kvenfélagið Líkn fremst meðal jafningja. Sama mætti segja um flestar heilbrigðisstofnanir á landinu og veit ég ekki betur en flestir Íslendingar þurfi einhvern tímann á lífsleiðinni að leita til heilbrigðisþjónustunnar.

Auk alls þessa hafa kvenfélagskonur prjónað húfur sem allir nýburar fá að gjöf, og eru þær í ár um 5.000.

Þannig held ég að Kvenfélagasambandið og kvenfélagskonur snerti líf allra Íslendinga í gegnum gjafir, góðgerðarstörf og fjáröflun þar sem þær standa fyrir erfidrykkjum, sölu á jóla- og minningarkortum, sölu á bakkelsi og hannyrðum og fleiru.

Eflaust gætu þær flaggað þessum verkum sínum betur, en sumir vilja einfaldlega vinna sín góðverk í hljóði.

Það er sjálfsagt að gera athugasemd við störf okkar stjórnmálamanna, en ég tel að Kvenfélagasambandið og hinar góðu kvenfélagskonur þess eigi ekki skilið að vinna þeirra sé ekki metin að verðleikum af okkur öllum.

Um bótarétt ökumanna í órétti

umferðarslys

Þórður Már Jónsson
lögfræðingur

Þrátt fyrir að mikið átak hafi átt sér stað í umferðaröryggismálum landsmanna er ljóst að umferðarslysum verður aldrei útrýmt, með tilheyrandi eigna- og líkamstjónum sem þeim fylgja. Líkamstjón eru mönnum oftar en ekki miklum þungbærari en eignatjón, enda geta afleiðingar þeirra fylgt mönnum alla ævi. Þegar menn verða fyrir líkamstjóni í umferðarslysum eiga þeir að jafnaði rétt til þess að fá það tjón sitt bætt. Það er nauðsynlegt að tjónþolar nýti sér þann skýra rétt sinn, að öðrum kosti verða þeir að sitja uppi með tjón sitt óbætt.

Þrátt fyrir að það geti talist hafa verið nokkuð upplýst umræða um þennan málaflokk, virðist enn vera furðu útbreiddur sá misskilningur að þegar ökumaður hefur orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi sem hann á sjálfur sök á, að hann eigi ekki rétt til skaðabóta fyrir tjón sitt, eða jafnvel mun minni rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að stór hluti iðgjalds hverrar bifreiðar fer í slysatryggingu ökumanns og eiganda, en sú trygging gerir ökumann jafn settan og farþega. Því er það alls ekki svo að ökumaður sem er í órétti eigi engan, eða minni, bótarétt ef hann verður fyrir líkamstjóni í umferðarslysi. Hann á að jafnaði sama rétt og aðrir, nema ef sannað sé að hann hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það er mikilvægt að ekki sé uppi neinn misskilningur um þetta atriði, enda er það mörgum tjónþolanum óheyrilega þungbært að sitja uppi með óbætt tjón á líkama sem þeir hafa orðið fyrir í umferðarslysum, sem og auðvitað slysum annars konar.

> Stór hluti iðgjalds hverrar bifreiðar fer í slysatryggingu ökumanns og eiganda…

Líf og fjör í miðborginni!

Verslanir í miðborginni verða opnar til kl. 22:00 alla daga til jóla!

JÓLAPAKKARALL

Jólapakkarallið er í dag, laugardag kl. 15:00. Komið með pakka handa hinum efnaminni og kastið um borð á MS pallbílinn með Jólasveinunum syngjandi. Allt er vel þegið, heimatilbúið, keypt, notað og nýtt!
Jólarallið byrjar kl. 15:00 frá Hlemmi og kl. 16:00 frá Hallgrímskirkju.

Afhendingin fer síðan fram kl. 17:30 í Jólabænum.

OPIÐ TIL 22

DAGSKRÁIN Í MIÐBORGINNI

LAUGARDAGUR 18. DESEMBER

Kl. 15:00 Jólapakkarallið hefst á Hlemmi. Mjólkurbílar frá MS aka niður Laugaveg að Ingólfstorgi með syngjandi jólasveina innanborðs og safna pökkum frá vegfarendum sem renna til þeirra sem minnst eiga í vændum.
Kl. 16:00 Jólapakkarallið leggur upp frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og að Lækjartorgi. Allir eru hvattir til að mæta og kasta pökkum um borð! Pakkarnir verða síðan afhentir í Jólabænum **kl. 17:30.**
Kl. 13:00 - 15:00 Þorvaldur Jónsson harmonikkuleikari leikur við Gömlu höfnina.
Kl.. 14:00 - 17:00 Ástvaldur Traustason harmonikkuleikari leikur við Geysi á Skólavörðustíg.
Kl. 14:00 Söngsveitin Kársnessfreyjur leggja upp frá Ingólfstorgi og koma víða við.
Kl. 14:30 Blásarakvintett Reykjavíkur leggur upp frá efsta hluta Skólavörðustígs.
Kl. 15:00 Birgir Karl Óskarsson tenórsöngvari syngur við Gömlu höfnina.
Kl. 16:00 Kvennakór Reykjavíkur syngur víðsvegar um borgina.
Kl. 17:00 Jólalest Coca Cola ekur frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og Bankastræti að Lækjargötu.

SUNNUDAGUR 19. DESEMBER

Dagskráin víðs vegar í miðborginni:

Kl. 15:00 Brúðbíllinn á Lækjartorgi
Kl. 15:30 - 17:30 Beatur og 3 raddir halda í söngför frá Jólabænum að Hallgrímskirkju og frá Hlemmi að Lækjargötu
Kl. 16:00 Grýla og Randur á Laugavegi
Kl. 16:00 Stórsveit Reykjavíkur undir stjórn Samúels Samúelssonar. Sérstakur heiðurgestur er stórsöngvarinn Helgi Björnsson og flytur hann ásamt stórsveitinni m.a. lög í anda jólanna.

DAGSKRÁIN Í JÓLABÆNUM

LAUGARDAGUR 18. DESEMBER

Kl. 14:00 Solla stirða teygir úr sér.
Kl. 14:30 Jólasveinninn Hurðaskellir skellir sér í gírinn.
Kl. 15:00 Blásarakvartett Reykjavíkur djassar upp jólastemninguna.
Kl. 15:30 Söngsveitin Kársnessfreyjur.
Kl. 16:00 Nælonstúlkurnar Charlies.
Kl. 16:00 Jólasveinninn Giljagaur heldur söngskemmtun.
Kl. 17:00 Kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.
Kl. 17:30 Afhending afraksturs Jólapakkarallsins.
Kl. 18:00 Jólahljómsveit Jólabæjarins.

SUNNUDAGUR 19. DESEMBER

Kl. 14:00 Solla stirða stígur á stokk.
Kl. 14:30 Jólasveinnin Skyrgámur slær öll sín fyrri met í skyráti og söng um unnar mjólkurvörur.
Kl. 15:30 Beatur og 3 raddir flytja skemmtilega söngsdagskrá.
Kl. 16:15 Grýla og Randur leita uppi óþekku börnin í Jólabænum.
Kl. 17:00 Bandarískur ofurkokkurinn Captain Cook fer yfir nokkrar jólauppskriftir.

Kakó í boði Rauða krossins um alla miðborgina

Gjafkort Miðborgarinnar okkar

Gjafakortið er til sölu í öllum bókaverslunum miðborgarinnar.

Nánar á midborgin.is

BORGUN

MIÐBORGIN OKKAR

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýrt

989 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

50% afsláttur

999 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr.
Grísakótilettur, lúxus, beinlausar

30% afsláttur

1329 kr. kg

Verð áður ~~1898~~ kr.
Krónu sænsk jólaskinka

1198 kr. kg

KEA hangiframpartur í pokum

25% afsláttur

1874 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr.
Sambands hangiframpartur, úrb.

20% afsláttur

2398 kr. kg

Verð áður ~~2998~~ kr.
Sambands hangilæri, úrbeinað

1198 kr.

8 lítrar Coka-Cola og 1 DVD

69 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, 7UP, Appelsín og Mountain Dew, 33 cl

1386 kr. pk.

Mackintosh, 900 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

20% afsláttur

40% afsláttur

958 kr. kg

Verð áður ~~1198~~ kr.
Grísahryggur m/pöru

1559 kr. kg

Verð áður ~~2598~~ kr.
Grísalundir

598 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

ALLT Í JÓLAMATINN Í KRÓNUNNI

798 kr. kg

Grísalæri í heilu

2968 kr. kg

Lambafille m/fiturönd

1258 kr. kg

Lambalæri

1528 kr. kg

Lambahryggur

Þetta eina sanna!

2298 kr. pk.

Nóa konfekt, 750 g

698 kr. pk.

Freyju hátíðarpoki

196 kr. kg

Klementínur

100 stk. í pakka

498 kr. pk.

Sprittkerti, 100 stk. í poka

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

ENGIN ENDURKOMA Sumir hafa talað um vinsældir laganna á nýju plötu Erps sem endurkomu ársins. Sjálfur segist rapparinn aldrei hafa farið neitt, heldur séu fjölmiðlar einfaldlega farnir að sýna rappinu áhuga á ný eftir hlé.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þykist ekki vera annar en ég er

Heil sex ár eru liðin síðan **Erpur Eyvindarson**, sem einnig gengur undir listamannsnafninu BlazRoca, sendi síðast frá sér stóra plötu. Á hinni nýútkomnu KópaCabana, fyrstu sólóplötu hans, eru nokkrir af stærstu smellum ársins. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við rapparann og alhliða þjóðfélagsrýninn um bransann, móðursýkina, persónulega textagerð og óskrifaðar reglur í samfélaginu.

Það er alveg á hreinu að ég geri Reykjavíkurplötu einhvern tíma seinna. En Kópavogurinn skiptir mig svo miklu máli, sérstaklega vegna þess að ég bjó þar á þeim árum sem allt var að gerast. Það var tíminn sem ég byrjaði á fullu að rappa og skemmta mér, missti sveindóminn og þar fram eftir götunum. Þá fór ég líka að velja fötin á mig sjálfur og kaupa þau og oft þurfti ég að hafa mikið fyrir því. Redskins og Raiders-húfur voru bara seldar á einum stað, í Frísport á Laugavegi, og þegar maður sá einhvern með svona derhúfu vissi maður að hann var rappari," rifjar Erpur Eyvindarson, sem einnig gengur undir listamannsnafninu BlazRoca, upp þegar blaðamaður sest niður með honum á kaffihúsi í miðbænum.

Hann gaf nýlega út sína fyrstu sólóplötu, KópaCabana, sem hefur notið mikilla vinsælda og fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Eins og nafnið bendir til er platan að vissu leyti óður til hluta landsins sem margir tengja rapparann helst við, Kópavog, eða eins og segir í texta titillagsins: „Blaz er Kópavogsbarn, svo sjúgðu þetta drasl. Breytum Kópavogi í Belfast, því við gefum ekki rass."

Um er að ræða fyrstu stóru plötu Erps síðan Hæsta hendin, sem var samstarfsverkefni hans og Unnars Freys Theódórssonar (U-Fresh), gaf út breiðskífu samnefnda sveitinni fyrir jólin 2006. Áður hafði Erpur tryllt íslenskan æskulýð, og nokkra áhyggjufulla foreldra í leiðinni, sem meðlimur í XXX Rottweilerhundum sem margir telja hápunktinn á íslensku rappsprengingunni sem átti sér stað um og eftir aldamótin síðustu.

Þá hefur Erpur einnig verið iðinn við kolann á öðrum sviðum, varð til að mynda landsþekktur sem kjaftfori þáttastjórnandinn Johnny National á Skjá einum og hefur látið til sín taka á mörgum sviðum þjóðfélagsumræðunnar. „Þegar ég er í stuði, vel úthvíldur og í gírnum eins og núna, er ég til í allt," segir Erpur.

Í mat með Ragga Bjarna og Bjartmari

Blaðamaður hittir á Erp á annasömum tíma. Hann er í miðjum klíðum við að kynna nýútkomna plötu og þau nánast óteljandi smáu og stóru verkefni sem slíku stússi fylgja, sem sést kannski best á því að rapparinn þarf að taka sér hlé til að árita tvo diska fyrir fólk á förnum vegi meðan á spjallinu stendur. Annan þeirra fyrir starfsmann Eimskipa og hinn fyrir Ivan, ferðamann frá Slóvakíu sem þykir mikið til þess koma að rekast á listamanninn í miðbænum.

„Þetta er brjálæði, alveg vangefið," segir Erpur aðspurður og sýnir blaðamanni þéttskrifaðar síður fílófaxins máli sínu til stuðnings.

„Þetta eru endalaus útvarpsviðtöl, þar á meðal eitt við fólk á Bolungarvík, og allar áritanirnar í plötubúðunum. Við fylltum Sjallann á Akureyri á laugardaginn, svo spilar Rottweiler á Nasa og ég í Hveragerði, Mosfellsbæ, Selfossi, Keflavík og auðvitað í Reykjavík líka. Þetta er helvíti þétt. Í kvöld fer ég svo í mat með Ragga Bjarna og Bjartmari Guðlaugs, sem er grjóthart," segir Erpur og hlær, en Raggi Bjarna syngur með honum í einu lagi plötunnar, hinu vinsæla Allir fá sér, og sjálfur er Erpur einn af mörgum talsmönnum Bjartmars-klúbbsins, sem er í raun aðdáendaklúbbur Bjartmars Guðlaugssonar.

Þess utan segist Erpur eyða heimiklum tíma við að djöflast á netinu í sömu erindagjörðum, en bróðurpartur markaðssetningarinnar hvílir á hans herðum. „Ég hef gefið út hjá mörgum útgáfufyrirtækjum og nánast alltaf stýrt þessu sjálfur, því ég veit að ég kann það best. Ég gæti aldrei markaðssett einhvern engiferdrykk því ég hef ekki trú á slíku, en ég veit hvað platan mín er góð. Það má eiginlega segja að allt lífið mitt sé á þessari plötu."

Fersk rappsena

„Ég man varla eftir annarri eins hittaraplötu," segir rapparinn og ekki fer á milli mála að hann er stoltur af fyrstu sólóplötunni, enda hefur hann lagt drögin að henni síðustu fjögur árin eða svo. Af því tilefni hafa margir talað um plötuna, og miklar vinsældir laga á borð við Allir fá sér, Elskum þessar mellur, Viltu Dick sem Erpur flytur ásamt hljómsveitinni Sykri og Keyrumettígang, sem skartar meðal annarra R&B-söngvaranum Friðriki Dór, sem endurkomu ársins.

> Það má eiginlega segja að allt lífið mitt sé á þessari plötu.

Sjálfur gefur Erpur lítið fyrir slíkar vangaveltur. „Þetta er í raun engin endurkoma, nema kannski á þann hátt að fjölmiðlar eru aftur farnir að sýna okkur athygli," segir hann og á við íslenskt rapp eins og það leggur sig. „Við í harða kjarnanum höfum aldrei hætt og það er alltaf jafn gaman hjá okkur. Við erum alltaf með okkar partí og mest „fæn" frænkurnar okkar megin," bætir hann við og hlær. „Þetta er eins og Megas sagði; Stundum rímar það sem maður gerir við fjölmiðla og þá er það bara fínt, en þess á milli mega þeir bara fjalla um Bubba mín vegna og það er allt í góðu."

Síðustu misserin hafa verið uppi alls kyns spádómar og umræður um dauða íslensku rappsenunnar, en Erpur segir slíkt af og frá.

„Senan er fersk, eins og sést líklega best á plötunni minni þar sem þverskurður senunnar fær að láta ljós sitt skína. Þar á meðal er fullt af ungum gyðingum sem eru að gera góða hluti. Ég er með tíu ára gamlan rapparа á plötunni, sextán ára lagahöfund og svo mætti lengi telja. Auðvitað ná aldrei allir miklum vinsældum, en senan er góð."

Tekur á móðursýkinni

Hingað til hefur Erpur helst verið þekktur fyrir að ráðast af hörku, og sumir myndu segja offorsi, að mönnum og málefnum í tónlist sinni og textum. Á KópaCabana kveður við nýjan tón í mörgum lögum þar sem rapparinn gerist persónulegri og einlægari en áður hefur þekkst.

Í laginu Má ég koma heim, sem Erpur tiltekur sem sitt eftirlætislag á plötunni og væntanlega hið næsta sem sett verður í útvarpsspilun, talar hann meðal annars um að partíið sé orðið þreytt, hann sé kominn með leiða, hann geti alveg breyst og hann hati að sofa einn. Enn fremur segir í textanum: „Ég bara hata að vera þekktur. Af því að ég er Erpur þá hlýt ég að vera að negla aðrar stelpur."

„Þetta er alveg glænýtt, ég hef ekkert verið í þessu áður," segir

FRAMHALD Á SÍÐU 34

Gullhálsmen
27.800 kr.

Silfurhálsmen
12.500 kr.

Silfurhálsmen
16.900 kr.

Silfurlokkar
9.300 kr.

Silfurhálsmen
8.000 kr.

Íslensk hönnun og smíði

Jacques Lemans
19.900 kr.

Jacques Lemans
22.200 kr.

Jacques Lemans
28.900 kr.

Diesel
25.200 kr.

Casio
7.400 kr.

Casio
11.300 kr.

Casio
23.800 kr.

Casio
16.500 kr.

Fossil
24.900 kr.

Fossil
16.800 kr.

Fossil
14.500 kr.

Skoðaðu úrvalið
á sviss.is

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - sviss.is

MARGT Á DÖFINNI Erpur segist vel úthvíldur og til í allt þessa dagana. Hann segir enn fremur öruggt mál að í framtíðinni komi hann til með að skrifa skáldsögu, en þó ekki alveg á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRAMHALD AF SÍÐU 32

Erpur og bætir við að hann vilji alls ekki hjakka í sama farinu. „Ég hugsa að allir listamenn finni hjá sér þörf fyrir að fjalla um það sem brennur á þeim. Mér finnst ég skulda þeim sem fylgjast með mér að bjóða ekki alltaf upp á það sama í matinn. Það er ekki hægt að hafa bjúgu í öll mál, enda er lífið miklu meira en bara bjúgu. Það er ansi margt sem gengur á.“

En skyldi það hvíla á honum að hafa verið nafntogaður maður í áratug, eins og ýjað er að í textanum?

„Auðvitað er það pirrandi þegar fólk gerir sér fyrirfram ákveðnar hugmyndir um mig sem eru ekki í neinum tengslum við raunveruleikann, en í raun og veru skiptir þetta engu máli. Þetta er Ísland! Og ég er ekki í neinum stjörnuleik, langt því frá. Mér finnst alltaf fyndið þegar fólk telur sig tilheyra einhverri elítu og vælir vegna ágangs fólks, auk þess sem margir minna texta byggjast á kaldhæðni,“ segir Erpur og nefnir sem dæmi lagið 112, þar sem segir að BlazRoca sé halinn sem börnin þín fíla því hann kenni þeim að ríða, fýra og dett‘íða. Í sama lagi útnefnir Samstarfsrapparinn Dabbi T sig og Erp „ástæðuna fyrir því að barnið þitt drekkur“.

„Þarna er verið að taka á þessari móðursýki, og auðvitað er þetta kaldhæðni,“ útskýrir Erpur og bætir við að í raun séu ekki mjög margir sem telji hann slæma fyrirmynd.

„En samt eru alltaf einhverjir sem væla. Ég er ekkert vond fyrirmynd. Það eru foreldrarnir sem ala upp börnin sín en ekki ég. Þeir sem átta sig á því eru í helvíti góðum málum. Sumir foreldrar eru hræddir við gæja eins og mig, sem hafa allt uppi á borðinu, en senda svo börnin sín í fermingarfræðslu hjá Ólafi Skúlasyni. Þessir menn, í þessum sértrúarsöfnuðum og þessu drasli, sem þykjast vera útsendarar einhvers heilagleika og slepjan lekur svoleiðis af þeim, eru þeir sem ég er alltaf smeykur við. Margir stjórnmálamenn eru alveg eins, svo ég tali nú ekki um viðskiptalífið þar sem fyrirfinnast einhverjir mestu drullusokkar mannkynsins. Ég þykist ekki vera einhver annar en ég er. Fólk mun sjá mig fá mér drykk á bar, en það mun ekki sjá mig hempuklæddan að hnoðast á börnum. Þessir menn eru mun verri fyrirmyndir en ég,“ segir Erpur og liggur ekki á skoðunum sínum frekar en fyrri daginn.

Fráleitar rómantískar gamanmyndir

Enn eru þeir til sem tengja rappið og flest sem því er tengt öðru fremur við bernskubrek og ungæðishátt. En þrátt fyrir að vera kominn langleiðina í hálffertugt segist Erpur fráleitt á þeim buxunum að gefa rappið upp á bátinn.

„Ég er búinn að gera það sem mér finnst skemmtilegt í tíu ár, það er nokkuð sem alls ekki öllum hlotnast, og það væri bara brjálæði að hætta því vegna einhverra fáránlegra, óskrifaðra reglna sem reynt er að troða upp á fólk í samfélaginu. Það er svo mikið um þetta kjaftæði. Okkur er kennt að verða svona eða hinsegin. Að við verðum að eiga góða konu í Grafarvoginum með fjölskyldumyndir á veggjunum. Það er ekkert að því að gifta sig og búa í Grafarvogi, en það verður þá að gera það á sínum eigin forsendum en ekki vegna þess að samfélagið treður því inn í hausinn á þér.“

> Okkur er kennt að verða svona eða hinsegin. Að við verðum að eiga góða konu í Grafarvoginum með fjölskyldumyndir á veggjunum.

Hann nefnir rómantískar gamanmyndir sem skýrt dæmi, sem allar endi á heljarinnar brúðkaupum.

„En hversu mörg af þessum hjónaböndum enda svo í framhjáhaldi og vitleysu? Ég sá um daginn umfjöllun um könnun sem sýndi að framhjáhald er fáránlega algengt í hjónaböndum. Auðvitað eru margir hamingjusamlega giftir og þetta virkar fyrir suma, en alls ekki alla. Það er ekki möguleiki að ég hugsi nokkurn tíma: Nú er ég orðinn svona gamall og þess vegna ætla ég að fara að vinna við eitthvað ógeðslega leiðinlegt, tala leiðinlega, hlusta á leiðinlega tónlist með dánu fólki á þriggja rétta „sjói“ á Broadway og svo framvegis. Þegar ég eignast börn myndi ég vilja að þau fyndu sína eigin hamingju. Ef þeim finnst gott að vera í jakkafötum þá er það í góðu lagi, en ég efast reyndar um að það geti nokkurn tíma orðið þannig. Bindin eru reyrð helvíti þröngt á flestum þessara gæja og væntanlega ekki mikil hamingja sem felst í þessu.“

Aðspurður segist Erpur örugglega koma til með að eignast börn á einhverjum tímapunkti, en hann er ekki í sambandi eins og er.

„Það getur verið flókið og erfitt að sameina sambönd og þennan bransa. Ef ég eignast krakka þá bara geri ég það, en þangað til verð ég bara með gúmmí á larfinum,“ segir hann og skellir upp úr.

Skapandi hvalaáhugamaður

Eins og áður sagði er Erpur hvergi nærri hættur í tónlistinni og lofar frekari útgáfum frá sér á næstu misserum. En rappið er þó ekki það eina sem hann hefur áhuga á að sýsla við í framtíðinni.

„Síðustu tíu árin hafa mér til dæmis ítrekað verið boðnir útgáfusamningar frá bókaforlögum með það fyrir augum að ég skrifaði skáldsögu. Það er eitthvað sem mig langar og mun klárlega gera, en ekki alveg strax. Ég er alltaf að skrifa og skapa og á meðal annars handrit að sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Svo eru líka heilmargir venjulegir hlutir sem mig langar til að gera, ef svo mætti segja. Til að mynda hefur mig alltaf langað til að gerast leiðsögumaður á hvalaskoðunarskipi. Ég hef alla tíð haft pervertalega mikinn áhuga á hvölum og lesið mér mikið til um þá. Ég veit að það rímar ekki sérlega vel við þá mynd sem margir hafa af mér, en það rímar heldur alls ekki við ímynd söngvarans í Rammstein að hann hafi verið mikill afreksmaður í sundi. Svona getur þetta verið,“ segir Erpur að lokum.

KÁRAHNJÚKAR LISTAMANNSINS

Erpur kemur við í ýmsum kimum skemmtanabransans utan sjálfrar tónlistarsköpunarinnar. Hann kynnir viðburði, situr í dómnefndum, starfar við og við sem veislustjóri og útvarpsmaður ásamt mörgu fleiru.

„Eins og ég segi stundum við yngri stráka sem ég hef verið að peppa upp, þá er nokkuð til sem heitir Kárahnjúkar listamannsins og þangað þarf að fara við og við. Ég hef tekið allskonar undarleg „gigg“ í gegnum tíðina og það er bara hluti af þessu, það er ekki alltaf hægt að spila í Höllinni eða á Nasa. Þetta er bara raunveruleikinn. Ef þú ert á sjó, þá skiptir ekki máli þótt það sé bræla eða vont í matinn, þú ert bara á túr.“

■ RAPPÁTÖK Í SKAFTAHLÍÐ

Erpur komst heldur betur í fréttirnar í febrúar síðastliðnum þegar lögreglan var kölluð að útvarpssviði 365 þar sem hann og rapparinn Móri áttu að mæta í viðtal í þættinum Harmageddon, en þeir höfðu deilt nokkuð í fjölmiðlum dagana á undan. Hnífur fór á loft og hélt Erpur því fram í fjölmiðlum í kjölfar atviksins að Móri hefði ætlað að drepa sig. Erpur vill þó lítið tjá sig um málið nú, enda hefur lögfræðingur hans lagt á það áherslu að tala ekki um það í fjölmiðlum.

„Ég er búinn að tala svo mikið um þetta mál að ég sofna ofan í súpuna mína þegar minnst er á það. Löggan er búin að vera með þetta mál síðan í febrúar, en þetta var ekkert grín. Það er það eina sem ég hef að segja, þetta var alls ekkert djók,“ segir Erpur.

Tæknibær

Tölvur og íhlutir síðan 1986

Opið laugardag og sunnudag frá 12 til 17

Hringdu
með Skype og MSN

Vefmyndavél
með hljóðnema
kr. 1.790

Heyrnartól
með hljóðnema
kr. 1.900

Þráðlaus
Skype sími
kr. 9.990

Hljóðnemi
á borðstandi
kr. 1.700

Dell Vostro 3700 17,3" fartölva
Intel Core i3-370M

Framleiðandi: **Dell**
Skjástærð: **17,3 tommur**
Harður diskur: **250 GB**
Vinnsluminni: **2 GB DDR3**
Örgjörvi: **Intel Core i3-370M**
Stýrikerfi: **Windows 7 Home Premium**
Netkort: **Innbyggt Gigabit, 802.11n þráðlaust og Bluetooth**
Kortalesari: **Innbyggður, 8 kortategundir**
Myndavél: **Innbyggð 2 megapixla vefmyndavél**
Rafhlaða: **6 hólfa Lithium-ion rafhlaða**

kr. 149.900

USB hubbar

Frá kr. 1.900

Teikniborð
Genius teikniborð í miklu úrvali

Frá kr. 7.900

Sjónvarpsflakkari
Argosy 1 TB
Gerð HV335T

Nettengjanlegur, spilar m.a. MKV og H.264
Útgangar: **HDMI og Composite**
Upplausn: **Allt að 1080p**
Kortalesari: **Les SD, MMC, MS, CF og USB**

kr. 29.990

USB klippikort
König USB VG5

Klippikortið tengist við USB tengi á tölvunni og S-Video eða Composite tengi á t.d. VHS myndbandstæki eða upptökuvél. Tækinu fylgir forrit sem gerir þér kleift að taka upp myndefni og vista á stafrænu formi.

kr. 7.990

König útvarp
AM/FM með vekjaraklukku

Gengur fyrir 2 D-rafhlöðum eða stungið beint í samband í vegg

kr. 2.990

DVB-T móttakari
Sem rúmast í SCART tengi

Opnar gjaldfrjálsar DVB-T stöðvar í sjónvarpi sem styður ekki DVB-T.

kr. 9.990

USB diktafónn
Með símatengi

Tekur upp allt að 227 klst

Tengist beint í USB

kr. 13.990

CNet svissar
á frábæru verði

5 porta kr. 1.990

Turntilboð #2
Ódýri Intel turninn
Turnkassi: **König Compcase 15**
Móðurborð: **JetWay I31GM4**
Örgjörvi: **Intel Dual Core E5400**
Vinnsluminni: **2 GB DDR2**
Skjákort: **Innbyggð Intel skjástýring**
Harður diskur: **500 GB SATA2**

kr. 48.900

Verkfærasett
12 verkfæri í handhægri tösku

Hentar í tölvusamsetningar og viðgerðir

kr. 2.900

Stóra tölvuorðabókin
12 tungumál

Þýðing, orðskýringar, framburður, réttritun, villuleiðrétting, samheitaorðabók o.fl.

kr. 7.980

Genius hátalarar
50 watta Hi-Fi viðarhátalarabox í stofuna, SP-HF1800A

Stillingar fyrir hljóðstyrk, bassa og hátíðnitóna
Innstunga fyrir heyrnartól
Tilvaldir fyrir PC tölvur, sjónvörp, DVD spilara eða leikjatölvur
50 RMS wött

kr. 15.900

Myndavél
Genius G-Shot 900

2,4" skjár
9 megapixlar
8x aðdráttur
Myndbandsupptaka

kr. 12.900

1 TB flakkari
Samsung S2 Portable

Nettur 2,5" flakkari, þarf ekki að stinga í samband við rafmagn.

kr. 26.990

Skipholt 50c · Sími: 582 6000 · www.tb.is

Jólin í Betra Baki...

Full búð af jólatilboðum

Opið alla daga til jóla !

Opnunartími til jóla:
laugardag frá kl. 11-18
sunnudag frá kl. 13-17
Mánudagur frá kl. 10-19
Þriðjud.-fimmtud. frá kl. 10-22
Aðfangadagur frá kl. 10-12

Heilsuinniskór
Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

TempraKON®
Hitajöfnunar-sængin
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! 100% hreinn gæsadúnn.

Jólatilboð
aðeins kr. 29.900,-

Sængurvera-sett 15-30% afsláttur
Hágæða Maco-satín efni og þú sefur vel um jólin!

Fullar hillur af nýjum litum

TempraKON®
Dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt!
Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

kr. 5.990,-
Nýr litur

Chiro Standard
Vandað heilsurúm með fimm svæðaskiptu gormakerfi, val um þrjá liti á botni.

Jólatilboð aðeins
kr. 198.900
160x200

TEMPUR®
Stillanleg heilsurúm
Ný sending - betra verð.
Eitt mesta úrval landsins!

Frábær jólatilboð
Verð frá
kr. 492.000,-
2x80x200

TEMPUR®
Heilsukoddar
Tempur Original
Jólatilboð aðeins
kr. 13.900

Betra BAK

www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Færri treysta stjórnarflokkunum

Flestir telja Sjálfstæðisflokkinn best til þess fallinn að leiða ellefu af þeim þrettán málaflokkum sem spurt var um í nýrri könnun MMR. Flestir telja Vinstri græn best til að leiða í umhverfismálum og rannsókn á tildrögum bankahrunsins. Mun færri treysta stjórnarflokkunum best allra til að leiða mikilvæga málaflokka nú en áður. ***Brjánn Jónasson*** ryndi í niðurstöður könnunarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn er betur til þess fallinn en aðrir stjórnmálaflokkar að leiða ellefu af þrettán stórum málaflokkum sem spurt var um í nýrri könnun MMR að mati þeirra sem tóku afstöðu til spurninganna í skoðanakönnuninni.

Fylgið hrynur af stjórnarflokkunum Samfylkingu og Vinstri grænum, og um leið fækkar þeim verulega sem treysta þessum flokkum til að sinna mikilvægum málaflokkum. Í tveimur tilvikum sögðust flestir þeirra sem þátt tóku í könnuninni telja Vinstri græn best til þess fallin að leiða málaflokka.

Í könnuninni var spurt hvaða flokki fólk treysti best til að leiða þrettán mismunandi málaflokka. Þetta er í þriðja skiptið sem MMR gerir könnun af þessu tagi, og í sumum tilvikum má sjá miklar breytingar á því hvaða flokki fólk treystir best í hverjum málaflokki fyrir sig.

Lesa má niðurstöðurnar eftir málaflokkunum þrettán í myndum hér til hliðar og á síðu 40. Þar má einnig sjá hvernig þróunin hefur verið frá fyrri könnunum, sem voru gerðar í febrúar síðastliðnum og apríl á síðasta ári.

Í sambærilegri könnun MMR sem gerð var í apríl í fyrra töldu svarendur Vinstri græn best til að leiða sex af þrettán málaflokkum. Samfylkingin var að þeirra mati heppilegust til að leiða þrjá málaflokka og Sjálfstæðisflokkurinn fjóra. Breytingarnar sem orðið hafa á því eina og hálfa ári eru miklar.

Í apríl í fyrra taldi meirihluti svarenda að stjórnarflokkunum tveimur væri samanlagt best treystandi til að leiða alla málaflokkana þrettán. Hlutfall þeirra sem treystu Samfylkingunni og Vinstri grænum var samanlagt meira en fimmtíu prósent í öllum tilvikum.

Í nýju könnuninni ná stjórnarflokkarnir því aldrei að helmingur þátttakenda treysti öðrum hvorum flokknum best til að leiða einhvern af málaflokkunum. Að meðaltali telur nú um þriðjungur annan hvorn flokkinn best til þess fallinn að sinna einhverjum af málaflokkunum þrettán. Í könnuninni sem gerð var í apríl 2009 var meðaltalið um 58 prósent.

Þróunin oftast svipuð

Eitt af því mikilvægasta sem stjórnmálamenn úr öllum flokkum glíma við um þessar mundir er hvernig standa skal að endurreisn atvinnulífsins. Nær helmingur þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni sem gerð var í byrjun desember, 46,7 prósent, treystu Sjálfstæðisflokknum best til að leiða þann málaflokk. Í apríl í fyrra var hlutfallið 34 prósent.

Í apríl í fyrra sagðist nær þriðjungur treysta Samfylkingunni best til að leiða endurreisn atvinnulífsins, en nú eru aðeins 17,5 prósent sömu skoðunar. Sama þróun hefur orðið hjá hinum stjórnarflokknum. Aðeins 7,3 prósent treysta Vinstri grænum til að leiða endurreisn atvinnulífsins, ríflega helmingi færri en í apríl í fyrra.

Alls telja 41,4 prósent Sjálfstæðisflokkinn best til þess fallinn að sinna efnahagsmálunum almennt. Um 17,6 prósent treysta Samfylkunni til að draga vagninn í þeim málaflokki og 10,5 prósent treysta Vinstri grænum til starfans.

Svipaða þróun má sjá í fleiri málaflokkum, þar sem traust á Sjálfstæðisflokknum eykst en sífellt færri treysta stjórnarflokkunum til að leiða málaflokkana.

Samkvæmt könnuninni telja svarendur Vinstri græn best til þess fallin að leiða tvo mála-

FRAMHALD Á SÍÐU 40

Endurreisn atvinnulífsins



Efnahagsmál almennt



Heilbrigðismál



Atvinnuleysi



Umhverfismál



Mennta- og skólamál



Rannsókn á tildrögum bankahrunsins



RÍFLEGA ÞRIÐJUNGUR SEGIST STYÐJA RÍKISSTJÓRNARFLOKKANA

Ríkisstjórnarflokkarnir njóta stuðnings um 37,3 prósenta þeirra sem afstöðu tóku í könnun MMR sem gerð var 7. til 9. desember. Sjálfstæðisflokkurinn er langstærsti flokkur landsins samkvæmt könnuninni og nýtur stuðnings ríflega 40 prósenta þeirra sem afstöðu tóku til stjórnmálaflokka.

Yrðu niðurstöður þingkosninga í takt við könnun MMR fengi Samfylkingin 20,9 prósent atkvæða og þrettán þingmenn kjörna. Flokkurinn er með 20 þingmenn í dag. Fylgi flokksins hefur hrunið frá fyrri könnunum MMR, hann var með 31,9 prósenta fylgi í apríl í fyrra og 23,1 prósent í febrúar síðastliðnum.

Vinstri græn fengju 16,4 prósent atkvæða og tíu þingmenn, en eru með fimmtán í dag. Stuðningur við Vinstri græn hefur hrapað úr 27,7 prósentum í könnun MMR í apríl 2009. Stuðningur við flokkinn mældist 26,5 prósent í febrúar síðastliðnum og hefur því lækkað um tíu prósentustig á tíu mánuðum.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 40,4 prósent atkvæða og 26 þingmenn samkvæmt könnuninni, tíu fleiri en flokkurinn er með í dag. Flokkurinn hefur styrkt stöðu sína verulega frá því í apríl í fyrra, þegar hann mældist með stuðning 30,8 prósenta kjósenda. Alls sögðust 36,4 prósent styðja flokkinn í könnun sem gerð var í febrúar.

Framsóknarflokkurinn fengi 14,7 prósent og níu þingmenn, sama fjölda og í dag. Stuðningur við flokkinn hefur staðið nokkurn veginn í stað frá því í febrúar, þegar hann mældist 14 prósent, en hefur aukist frá því í apríl í fyrra, þegar 9,6 prósent sögðust ætla að kjósa flokkinn

Hreyfingin fengi 7,6 prósent atkvæða nú og fimm þingmenn kjörna, en er með þrjá þingmenn í dag. Fylgi við flokkinn var ekki mælt í fyrri könnunum.



AÐFERÐAFRÆÐIN

Könnun MMR var gerð dagana 7. til 9. desember. Um netkönnun var að ræða. Alls tóku 850 manns á aldrinum 18 til 67 ára þátt í könnuninni. Svarhlutfall var á bilinu 57,6 til 70 prósent, misjafnt milli spurninga. Að meðaltali tóku 62,4 prósent afstöðu til hverrar spurningar.

Þátttakendur voru valdir handahófskennt úr hópi liðlega 12 þúsund álitsgjafa MMR. Í hópi álitsgjafa eru einstaklingar sem valdir voru með tilviljunarúrtaki í þjóðskrá og samþykktu að taka þátt í netkönnunum og símakönnunum. Viðurkenndum aðferðum er beitt til að svörun endurspegli lýðræðislega samsetningu þjóðskrár.

Tvær nýjar bækur



GJAFABÆKUR

Akureyri og nágrenni í Eyjafirði

„Sú stóra“ veglega er 240 síður, stærð 20x24,5 sm
með yfir 500 ljósmyndir.
400 myndir eru frá Akureyri og yfir 100 frá nágrannasvæðum í Eyjafirði.

Ítarlegir myndatextar eru á íslensku og ensku.

Inngangsorð skrifar Hjalti Jón Sveinsson og sögulegan kafla Pétur Halldórsson. Um enska þýðingu sá Michael Jón Clarke.

Kort af Akureyri og Eyjafirði eru innan á kápu.

Sjáið Akureyri

„Sú litla“ handhæga er 72 síður með 120 myndir frá Akureyri.

Stærð bókarinnar er 19x21,5 sm.

Myndatextar eru á íslensku og ensku.

Inngangur: Pétur Halldórsson og ensk þýðing: Michael Jón Clarke.

Höfundar ljósmynda eru Anna Fjóla Gísladóttir og Gísli B. Björnsson

Bækurnar eru afrakstur margra ára vinnu.

Myndirnar eru teknar af sjó, á landi og úr lofti frá öllum árstíðum.

Sölustaðir Akureyri:
Eymundsson, Hrím – Menningarhúsinu Hofi, Hagkaup, Bónus, Íslandspóstur og Víkingur ferðamannaverslun.

Sölustaðir Reykjavík:
Iða Lækjargötu, Eymundssonbúðirnar og Mál og menning.

Dreifing:
Litróf Reykjavík,
sími 563 6000, litrof@litrof.is.

Óskabækur veiðimannsins

Vötn og veiði
Skemmtileg bók um stangveiði. Veiðisögur, fréttir og fjöldi mynda frá liðnu sumri.

Skotveiði í máli og myndum
Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum

Dreifing: Litróf Reykjavík, sími 563 6000, litrof@litrof.is.

BEIN TENGSL MILLI TRAUSTS Í MÁLAFLOKKUM OG FYLGI FLOKKA

Hér má sjá muninn á fylgi flokkanna fimm og því hversu margir telja þá best til þess fallna að leiða málaflokkana þrettán. Ef hlutfallið er neikvætt treysta færri flokknum til að leiða þann málaflokk en myndu kjósa flokkinn. Sé það jákvætt telja fleiri flokkinn besta kostinn í viðkomandi málaflokki.



Minnkandi traust á stjórnarflokkunum helst í hendur við fylgistap þeirra almennt, eins og það endurspeglast í könnunum MMR. Augljós tengsl eru á milli fylgis og trausts í málaflokkunum þrettán, enda tæplega svo að fólk kjósi í miklum mæli flokka sem það treystir ekki til að leiða í mikilvægum málum.

Þegar fylgi hvers flokks eins og það mælist í nýrri könnun MMR er borið saman við hversu hátt hlutfall kjósenda treystir flokknum í hverjum málaflokki má sjá áhugaverðar niðurstöður.

Mun fleiri treysta Sjálfstæðisflokknum til að leiða fimm málaflokka en segjast myndu kjósa flokkinn. Traust á flokknum er meira en stuðningur við flokkinn þegar kemur að skattamálum, endurreisn atvinnulífsins, atvinnuleysi, efnahagsmálum almennt og lögum og reglu.

Traustið í öðrum málaflokkum er hins vegar áberandi minna en fylgi flokksins. Það á við um rannsókn á tildrögum bankahrunsins, umhverfismál, nýtingu náttúruauðlinda, innflytjendamál og fleira.

Samfylkingin nýtur í tveimur málaflokkum umtalsvert meira trausts en fylgi flokksins gefur til kynna; heilbrigðismálum og samningum um aðild að Evrópusambandinu. Traustið er hins vegar talsvert undir fylgi þegar kemur að umhverfismálum og rannsókn á tildrögum bankahrunsins.

Sveiflurnar eru mun meiri hjá Vinstri grænum en Samfylkingunni. Meira en tvöfalt fleiri treysta flokknum til að leiða þegar kemur að umhverfismálum en myndu kjósa flokkinn í kosningum. Mun fleiri treysta einnig flokknum þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda og mennta og skólamála en myndu greiða honum atkvæði.

Traustið á Vinstri grænum er hins vegar talsvert undir kjörfylgi í málaflokkum á borð við endurreisn atvinnulífsins, efnahagsmál almennt, samninga um aðild að Evrópusambandinu og skattamál.

Mun fleiri segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn en treysta flokknum til að leiða í málaflokkunum sem spurt var um. Aðeins þegar spurt var um hvaða flokk fólk taldi best til þess fallinn að leiða samninga við Breta og Hollendinga vegna Icesave nefndu fleiri Framsóknarflokkinn en sögðust myndu kjósa flokkinn. Í öllum hinum tólf tilvikunum treystu færri flokknum til að sinna málaflokkunum en sögðust myndu kjósa hann.

Eitt mál stóð einnig upp úr þegar kom að Hreyfingunni. Nærri þrefalt fleiri treystu þeim flokki best þegar kom að rannsókn á tildrögum bankahrunsins en vildu kjósa flokkinn. Stuðningurinn er einnig meiri en fylgi þegar kemur að löggæslumálum og nýtingu náttúruauðlinda á borð við fisk, orku og vatn.

Stuðningurinn er hins vegar minni en fylgi þegar kemur að mennta- og skólamálum og samningum um aðild að Evrópusambandinu. Það sama á við í skattamálum, endurreisn efnahagslífsins og efnahagsmálum almennt.

FRAMHALD AF SÍÐU 38

flokka: rannsókn á bankahruninu og umhverfismál. Um 21 prósent telur flokkinn bestan til þess fallinn að leiða rannsókn á tildrögum bankahrunsins. Hlutfallið hefur lækkað um meira en helming frá apríl 2009, þegar um 45,4 prósent voru þeirrar skoðunar.

Þar gæti skipt máli að í könnun MMR sem gerð var snemma í desember var í fyrsta skipti spurt sérstaklega um afstöðu til Hreyfingarinnar. Flokkurinn nýtur einkum trausts þegar kemur að rannsókn á bankahruninu. Alls sagðist 18,1 prósent treysta þingmönnum Hreyfingarinnar best til að leiða í þeim málaflokki.

Alls telja 33,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun MMR nú í desember að Vinstri græn séu best til þess fallin að vera leiðandi flokkur þegar kemur að umhverfismálum. Hlutfall þeirra sem treysta flokknum best allra hefur eins og í öðrum málaflokkum lækkað verulega, úr 44,3 prósentum í apríl í fyrra.

Ekki sama umhverfi og nýting

Athyglisvert er að líta til þess að þó svo að hátt hlutfall treysti Vinstri grænum í umhverfismálum segist mun lægra hlutfall, 25,2 prósent, telja flokkinn bestan til þess fallinn að leiða þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda á borð við fisk, vatn og orku. Þar nýtur Sjálfstæðisflokkurinn trausts 29,5 prósenta þátttakenda í könnuninni.

Innflytjendamál



Nýting náttúrauðlinda (svo sem fiskveiðar, vatn og orka)



Skattamál



Samningar við Breta og Hollendinga um Icesave-skuldbindingar



Í fyrstu könnuninni, sem gerð var í apríl 2009, var aðeins spurt um samninga við Breta, ekki Hollendinga.

Lög og regla almennt



Samningar um aðild að Evrópusambandinu



exquisit

Einföld uppþvottavél með orkunýtni A og þvottagæði A

- **5 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi
- 4 hitastig 45-70°C
- Tekur borðbúnað fyrir 12 manns
- Hæðastillanleg efri þvottagrind
- Niðurfellanlegar diskastoðir
- Með toppplötu
- 45 cm breið
- Verð áður kr **79.900**

A ORKA

A ÞVOTT

Aðeins 45 cm



VSK 16.235

Tax free **63.665**

exquisit

Einföld og vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði og stóru hurðaropi

- **1000 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **5 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Skjár
- **Seinkun** á gangsetningu möguleg 1-19 klst.
- Stórt hurðarop
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Handþottakerfi og ullarkerfi
- A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **79.900**

5 KG

1000 SNÚNINGA

VSK 16.235

Tax free **63.665**

Electrolux

Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.

- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Seinkun** á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
- Stórt hurðarop
- **Tímaskjár**
- A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Sérstaklega notendavænt stjórnborð
- Þriggja ára ábyrgð
- Verð áður kr **112.900**

6 KG

1400 SNÚNINGA

Vinsælasta vélin

VSK 22.930

Tax free **89.960**

ZANUSSI

Barkalaus þurrkari **með tímastilli**

6 KG

- **Stór lúga** 43 x 33 cm
- **Tímastillir** 30-150 mín
- Val um 2 hitastig
- **Tromla snýst til beggja átta**
- **Krumpuvörn** og niðurkæling á þvotti
- Auðveld losun á vatni í niðurfall eða tank
- Einnig hægt að stilla á tíma
- Kerfi fyrir viðkæman og venjulegan þvott
- Verð áður kr **94.900**

VSK 14.280

Tax free **75.620**

ÖLL SMÁTÆKI TAX FREE

Gleðileg jól!

Núna fá allir jólabónus

TAX FREE HELGI

ALLIR OFNAR TAX FREE

Margar gerðir

ALLAR RYKSUGUR TAX FREE

Rafha

Opið
Laugardag 10-18
Sunnudag 12-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Hátíð í bæ

Jólasveinahúfur, jólatré, jólaskraut og jólalög Það fer væntanlega ekki fram hjá neinum að jólin eru á næsta leiti. Í það minnsta ekki *Antoni Brink*, ljósmyndara Fréttablaðsins, sem tók nokkrar myndir af **jólaösinni** í borginni í vikunni sem leið.

Crymogea

Veiðimenn norðursins
Ragnar Axelsson



„Allt ber vott um áralanga ástundun, ást og virðingu á viðfangsefninu. Bók Ragnars er afrek.“
Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttatíminn

„Fyrir þá sem þora að viðurkenna að höfundurinn sé meðal sárafárra raunverulegra snillinga á Íslandi er bókin skyldueign.“
Sigtryggur Ari Jóhannesson
DV

„Sleppir ekki lesandanum fyrr en síðustu blaðsíðunni hefur verið flett.“
Matthías Árni Ingimarsson
Morgunblaðið

„Raxi hefur unnið einstakt afrek, ekki bara á mælikvarða okkar hér á þessari eyju, heldur á alþjóðavísu.“
Styrmir Gunnarsson
Morgunblaðið

★★★★★
Morgunblaðið

★★★★★
Fréttatíminn

★★★★★
DV

„Stófengleg bók.“
The Times

„Myndir sem gera mann orðlausan.“
Stern

Ragnar Axelsson áritar Veiðimenn norðursins í dag **laugardaginn** 18. desember í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, kl. 15–16.

Veiðimenn norðursins/Andlit aldanna í Gerðarsafni í Kópavogi. Ragnar Axelsson ræðir við gesti og áritar **sunnudaginn** 19. desember kl. 14–15.

Crymogea ehf.
Fegurðin býr í bókum

Barónsstígur 27 IS–101
(354) 511 0910

Lifandi jólatré í BYKO!

Normannsþinur, íslensk fura og blágreni

Í BYKO velur þú draumajólatréð inni við kjöraðstæður

Eingöngu sérvalin jólatré!

STÆRÐIR:
125-150 cm
150-175 cm
175-200 cm
200-250 cm

Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd, Granda og Selfossi.

Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi

af öllu jólaseríu

GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

Jólagleði í verslunu

BYKO Breidd

Laugardagur

Kr. 12:30-13:30
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 14:00-15:00
Jólaskemmtilegt með Gluggagægi og Margréti harmonikkuleikara. Nú verður haldið jólaball fyrir alla krakka og sungið og dansað í kringum jólatré!

Kl. 15:00-16:00
Harmonikkukvintetinn töfrar fram einstaka jólatóna.

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

Sunnudagur

Kl. 12:30-13:00
Kór Flensborgarskólans syngur fallegu jólalögin með hátíðarblæ.

Kl. 13:00-14:00
Skólahljómsveit Grafarvogs kemur öllum í hátíðarskap!

Kl. 14:30-15:30
Margrét á nikkunni spilar jólalögin sem allir þekkja!

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

Jólaleikur BYKO

Aðalvinningur 300.000

Það eina sem þú þarft að gera er að setja nafn þitt í pottinn í verslunum BYKO!

DREGIÐ EFTIR HELGINA!

Dregið 20. desember.

Taktu þátt í næstu BYKO verslun! Sjá nánar á www.BYKO.is

OPNUNARTÍMAR UM HELGINA

25% afsláttur

m búsáhöldum, íum og jólaskrauti

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GER

Tríó Björns Thoroddsen, Harmonikkukvartetinn, Kór Flensborgarskólans og Skólahljómsveit Grafarvogs koma öllum í hátíðarskap í BYKO um helgina. Gluggagægir og Margrét á nikkunni halda jólaball! Verið velkomin!

m BYKO!

Kór Flensborgarskólans

Harmonikkukvintetinn

Skólahljómsveit Grafarvogs

Gluggagægir og Margrét á nikkunni spila og syngja jólalögin og dansa í kringum jólatré.

BYKO Kauptún

Laugardagur

Kl. 14:30-15:30
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 15:30-16:30
Jólaskemmtilegt með Gluggagægi og Margréti harmonikkuleikara. Nú verður haldið jólaball fyrir alla krakka og sungið og dansað í kringum jólatré!

Kl. 16:30-17:30
Harmonikkukvintetinn töfrar fram einstaka jólatóna.

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

Sunnudagur

Kl. 13:30-14:00
Kór Flensborgarskólans syngur fallegu jólalögin með hátíðarblæ.

Kl. 15:45-16:45
Margrét á nikkunni spilar jólalögin sem allir þekkja!

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

BYKO Grandi

Laugardagur

Kl. 16:00-17:00
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 17:00-18:00
Jólaskemmtilegt með Gluggagægi og Margréti harmonikkuleikara. Nú verður haldið jólaball fyrir alla krakka og sungið og dansað í kringum jólatré!

Kl. 18:00-19:00
Harmonikkukvintetinn töfrar fram einstaka jólatóna.

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

Sunnudagur

Kl. 14:30-15:00
Kór Flensborgarskólans syngur fallegu jólalögin með hátíðarblæ.

Kl. 17:00-18:00
Margrét á nikkunni spilar jólalögin sem allir þekkja!

Kl. 13-15
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög.

		Breidd	Kauptún	Akureyri	Selfoss	Grandi	Jólatréssala Breidd
Laugardagur	18. des.	10-18	10-18	10-18	10-18	10-22	10-22
Sunnudagur	19. des.	11-18	11-18	12-18	12-18	11-22	11-22

DESEMBER Örn Úlfar grunar að þingmenn vilji seinka klukkunni allt aftur til ársins 2006. Þórdís Nadia hefur áhyggjur af því að íslenska tónlistarsenan yrði of jákvæð með aukinni dagsbirtu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bannað að segja svart og hvítt

Uppistandsgrínistinn og magadansmærin **Þórdís Nadia Semichat** vill fá sjónvarpsþáttinn Á tali hjá Hemma Gunn aftur á skjáinn. **Örn Úlfar Sævarsson**, íslenskufræðingur og dómari í Gettu betur, hallast frekar að því að Dagskrá næstu viku eigi erindi við landsmenn á ný. *Kjartan Guðmundsson* hitti rökstólapar vikunnar á dimmum og drungalegum desembermorgni.

Á RÖKSTÓLUM

Er ekki gráupplagt á byrja á byrjuninni? Hvað vitið þið hvort um annað?

Örn Úlfar: „Ég veit ekki neitt um þig, fyrir utan það að ég hef heyrt að þú sért afar fyndinn uppistandari. Ég hef samt aldrei séð þig fara með gamanmál.“

Þórdís Nadia: „Sama hér, hef ekki séð þig áður en veit þó að þú ert dómari og spurningahöfundur í Gettu betur.“

Örn Úlfar: „Ég held að Fréttablaðið sé búið að fá allt fræga fólkið í þennan lið í blaðinu og er núna að skrapa svona smávegis. En horfirðu ekki á Gettu betur?“

Þórdís Nadia: „Jú, einhvern tíma hef ég séð þáttinn en man ekki eftir þér sem dómara.“

Örn Úlfar: Ég var nú bara dómari í síðustu þáttaröð. Það hafa kannski verið tveir eða þrír Íslendingar sem ekki horfðu á þáttinn.“

Þórdís Nadia: „Já. Og ég var ein af þeim.“

Örn Úlfar: „Sumum finnst reyndar offramboð af spurningaþáttum í sjónvarpinu.“

Þórdís Nadia: „Já, ég horfi eiginlega aldrei á spurningaþætti, en ef ég geri það þá er það með öðru auganu.“

Fínt að rífast um klukkuna

Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að klukkunni hér á landi verði seinkað um eina klukkustund, allan ársins hring. Hvað finnst ykkur um það?

Þórdís Nadia: „Ég sá einmitt umræður um þessi mál í Kastljósinu og verð að segja að ég hef ekkert á móti þeirri hugmynd að seinka klukkunni. Að minnsta kosti þykja mér rökin fyrir breytingunni mjög gild.“

Örn Úlfar: „Ég held að ástæða þess að þingmenn vilji hræra í klukkunni sé dulin þrá. Í rauninni vilja þeir færa klukkuna aftur til ársins 2006, þegar enn var eitthvað hægt að gera til að forða hruninu. En annars hugsa ég að þetta gæti verið sniðugt á veturna en ekki alveg jafnt sniðugt á sumrin.“

Þórdís Nadia: „Gallinn gæti hugsanlega orðið sá að við missum réttlætinguna fyrir að vera þunglynd og döpur. Öll íslenska tónlistarsenan verður kannski bara voðalega jákvæð og leiðinleg allt í einu.“

Örn Úlfar: „Já, svona eins og hún er í suðrænum löndum. En auðvitað myndi fylgja svona breytingu að alls kyns litlir hlutir myndu riðlast. Leikirnir í Meistaradeildinni myndu til dæmis færast til.“

Þórdís Nadia: „Mér er alveg sama um það.“

Örn Úlfar: „Og við verðum lengur á leiðinni til Evrópu. Missum þar einn tíma en græðum einn tíma þegar við förum til Boston.“

Þórdís Nadia: „Boston? Er það?“

Örn Úlfar: „Nei, bíddu. Er ég að bulla? Þetta er ruglandi! Ég vona að þingmenn skoði þetta mál vel og vandlega. En verður nokkuð gert í þessu? Er þetta ekki bara skemmtilegt mál til að rífast um, svona til tilbreytingar við Icesave? Reyndar er hefð fyrir því að mikilvægir hlutir gerist allt í einu, en svo er tuðað um hluti sem skipta engu máli áratugum saman. Eins og herinn. Það var rifist um hann í fimmtíu ár en svo var hann bara allt í einu farinn, nánast án þess að láta vita.“

Þórdís Nadia: „Breytingin gæti gagnast mér því ég á í erfiðleikum með að vakna á morgnana, eins og þú veist [hún mætti of seint á Rökstólafundinn]. En annars er þetta nú ekki svo mikilvægt mál, að minnsta kosti ekki fyrir mig. Í Kastljósinu heyrði ég að klukkunni hefði síðast verið breytt á Íslandi árið fimmtánhundruð og eitthvað, þannig að við ættum að hafa vanist þessu.“

Rjómaís í geimnum

Nýlega fréttist af því að hljómsveitin Spilverk þjóðanna hygði á endurkomu á nýju ári eftir þriggja áratuga hlé. Er eitthvað í dægurmenningunni sem ykkur hefur saknað frá því í gamla daga og vilduð að gerði svipaða endurkomu?

Þórdís Nadia: „Já, svo sannarlega. Ég myndi endilega vilja fá þættina Á tali hjá Hemma Gunn aftur á skjáinn. Þeir voru algjör snilld og þúsund sinnum skemmtilegri en Hringekjan sem hefur verið á dagskránni upp á síðkastið. Ég skil ekki hvers vegna Hemmi var ekki bara fenginn aftur, með földu myndavélina og Ladda.“

Örn Úlfar: „Já, Dengsa og Elsu Lund.“

Þórdís Nadia: „Einmitt. Og þá væri hægt að nota sömu sviðsmyndina aftur, þar sem tíundi áratugurinn er kominn aftur í tísku.“

Örn Úlfar: „Ég hef horft á nokkra gamla þætti með Hemma Gunn á YouTube og það er rosalegt að sjá þá. Þegar maður horfir á gamalt sjónvarpsefni sér maður að það var allt svo miklu hægara. Kynningarnar og inngangarnir voru lengri og menn gáfu sér betri tíma til að spjalla, fara dýpra ofan í hlutina. Eins er það í bíómyndunum. Þegar gamalli James Bond mynd er stillt við hlið nýrra spennumynda er nánast eins og hún sé sýnd hægt.“

Þórdís Nadia: „Já, það er alveg rétt.“

Örn Úlfar: „Ég sakna sjónvarpsþáttarins Dagskrá næstu viku mjög mikið, þar sem Magnús Bjarnfreðsson fór yfir sjónvarpsdagskrána. Að hafa hætt sýningum á þeim þætti þykir mér jafnast á við það þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Nú veit enginn hvað er í sjónvarpinu og maður er alveg ringlaður. Það þarf nýjan svona þátt, nú eða að endursýna þessa gömlu. Svo sárvantar líka þátt á borð við Nýjustu tækni og vísindi í sjónvarpið.“

Þórdís Nadia: „Alveg rétt, já. Ég man vel eftir þeim og horfði oft á þá.“

Örn Úlfar: „Ég hafði alltaf lúmskt gaman af þessum þáttum, en í þeim var aldrei fjallað um neinar tækninýjungar sem skiptu máli. Ég man til dæmis aldrei eftir því að hafa heyrt eitthvað á borð við: „Nú er í þróun hjá vísindamönnum við Harvard-háskóla tæki sem gerir fólki kleift að geyma alla sína tónlist í vasanum og spila á einfaldan hátt. Vinnuheiti þess er iPod“. Hins vegar voru endalaust sýndar myndir um hvernig mögulegt væri að búa til rjómaís úti í geimnum, eða nýjar áfyllingaraðferðir fyrir ástralska jógúrt og slíkt.“

Fálkaorðu fyrir Svölu

Bráðum koma blessuð jólin. Eru börnin farin að hlakka til?

Örn Úlfar: „Það er nú varla hægt að kalla þetta jól. Þetta er svona tæp verslunarmannahelgi. Það er ekki mikið frí sem fólk fær.“

Þórdís Nadia: „Já, það snertir mig reyndar ekki þar sem ég verð í Túnis um jólin.“

Örn Úlfar: „Var ekki Star Wars tekin upp þar?“

Þórdís Nadia: „Það getur verið. Ég hef aldrei farið þangað áður og hlakka mikið til. Ég verð á túristasvæði og veit að það verður jólatré í forsalnum á hótelinu og örugglega eitthvert jólaskraut. En samt finnst mér fínt að sleppa við íslensk jól. Mér finnst nánast allt sem tengist jólunum frekar leiðinlegt. Það er svo margt sem stangast á. Rosalega mikið myrkur og skammdegi og gríðarlega glaðlynd jólalög í útvarpinu á sama tíma. Þetta er svipað og þegar maður er rosalega þunglyndur eða í ástarsorg og hittir svo voðalega hamingjusama manneskju. Þá langar mann helst til að skjóta sig í hausinn.“

Örn Úlfar: „Já, vissulega er til mikið af lélegum jólalögum.“

Þórdís Nadia: „Sérstaklega jólalög frá níunda áratugnum, þau eru svo hress. Ofdekraðir krakkar að syngja um alla jólapakkana og hvað þau hlakki mikið til. Svala Björgvins hefur til dæmis aldrei gert gott jólalag.“

Örn Úlfar: „En Svala má eiga það, og það verður aldrei frá henni tekið, að hún á stærri þátt en aðrir Íslendingar í því að kenna börnum að nota sögnina „að hlakka“ rétt. „Ég hlakka svo til“ en ekki „Mig hlakkar svo til“. Fyrir það á hún skilið að fá fálkaorðuna.“

Þórdís Nadia: „Reyndar minnir mig að ég hafi alltaf sungið „Mér hlakkar svo til“ þegar ég var lítil.“

Örn Úlfar: „Nú, jæja. En þú veist það núna.“

MR myndi tapa

Ef heimurinn myndi umturnast og Þórdís Nadia yrði dómari í Gettu betur í einn dag og Örn Úlfar yrði uppistandsgrínisti og magadansmær, hvað mynduð þið þá taka ykkur fyrir hendur?

Örn Úlfar: „Þá myndi ég líklega bara dansa magadans eins og óður maður. Ætli ég myndi ekki líka gera eins og er í tísku núna og vera með uppistand í röðinni hjá Mæðrastyrksnefnd, á elliheimilinu Grund eða sprella á Litla-Hrauni. Vera sannkallaður gleðigjafi.“

Þórdís Nadia: „Ef ég væri Örn Úlfar, og ef það væri Gettu betur þáttur á dagskránni á þessum degi, myndi ég fara í grænan jakka, láta mér vaxa svart yfirvaraskegg og innleiða einhverjar fáránlegar reglur í keppnina sem meika engan sens.“

Örn Úlfar: „Bannað að segja já og nei, svart og hvítt eða eitthvað slíkt?“

Þórdís Nadia: „Já. Og svo myndi ég láta MR tapa í keppninni.“

Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn *besti lífeyrissjóður* á Íslandi annað árið í röð

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). IPE er eitt virtasta fagtímarit Evrópu um lífeyrismál. Árlega veitir tímaritið þeim lífeyrissjóðum verðlaun sem að mati IPE hafa skarað fram úr í sínu heimalandi og í Evrópu.

Í umsögn dómnefndar kemur meðal annars fram að eignastýring Frjálsa lífeyrissjóðsins hafi gengið vel þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður. Jafnframt hafi sjóðurinn aukið gagnsæi í fjárfestingum og eflt samskipti við sjóðfélaga til að upplýsa þá sem best um stöðu sjóðsins.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 90 milljarðar að stærð og sjóðfélagar eru rúmlega 40.000. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og jafnframt hentar hann þeim sem vilja ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn.

Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn má fá hjá lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444 7000 eða á *frjalsilif.is.*

Arion banki

HVÍT JÓL Reykvíkingar hafa víst margir saknað snjókomu á aðventunni, árið 1973 var annað uppi á teningnum.

Veröld sem var

Fólk á hlaupum í innkaupum er fastur liður á aðventunni og margir komast ekki í jólaskap fyrr en í jólagjafaleiðangri rétt fyrir jólin. *Fréttablaðið* birtir hér nokkrar myndir frá sjöunda og áttunda áratugnum úr safni **Ljósmyndasafns Reykjavíkur** sem sýna jólastemmingu í verslunum bæjarins.

EFNIÐ VALIÐ Í JÓLAFÖTIN Mikil ös var í Vogue við Skólavörðustíg í desember 1967, ef til vill margir að velja sér efni í jólafötin.

FORSETAHJÓN Í JÓLAGJAFAINNKAUPUM Gunnar V. Andrésson ljósmyndari Fréttablaðsins var ljósmyndari Vísis þegar myndin var tekin í desember 1978. Hann minnist þess að hafa rekist á forsetahjónin í Austurstræti og falast eftir leyfi til myndatöku; frú Halldóra Ingólfsdóttir var treg í taumi en lét undan Kristjáni Eldjárn sem fannst sjálfsagt að stilla sér upp fyrir ljósmyndara.

JÓLAÖSIN HJÁ SILLA OG VALDA Í verslun Silla og Valda í Austurstræti var nóg að gera í upphafi jólavertíðar árið 1968 eins og myndin sýnir glöggt.

ÚTVEGSSPILIÐ KOMIÐ Í BÚÐIR Drengur skoðar hér í glugga Máls og menningar á horni Laugavegar og Vegamótastígs árið 1977.

Líka með jólamyndum

Litríkt bíónammi

Eftir 15 mínútur byrjar eldgos

Veðurstofa Íslands hefur í 90 ár vaktað náttúruna og varað við vá af hennar völdum, rannsakað, miðlað og varðveitt gögn. *Svavar Hávarðsson* og *Jónas Unnarsson* kynntu sér sögu stofnunar sem Íslendingar sækja til daglega eða jafnvel oft á dag.

Sagan segir að þegar nokkrir íslenskir bændur voru fengnir til veðurmælinga á vegum dönsku veðurstofunnar á 19. öld hafi sérfræðingar ekki verið allskostar ánægðir með niðurstöður þeirra. Sérstaklega átti þetta við á vetrum þar sem hitatölur stóðust ekki væntingar. Síðar kom í ljós að bændurnir töldu ekki ráðlegt að hafa svo dýr og falleg tæki úti í miklu frosti.

Önnur saga sem stendur okkur nær, og er örugglega sönn, segir frá því að sexfréttir útvarps 26. febrúar árið 2000 byrjuðu með eftirfarandi hætti: Útvarp Reykjavík, nú verða sagðar kvöldfréttir. Hekla mun byrja að gjósa innan fimmtán mínútna… Þetta gekk eftir og viðtöl við fyrstu sjónarvottana voru í beinni útsendingu í lok fréttatímans.

Þessi tvö dæmi lýsa ólíkum samfélagsaðstæðum. Þau ramma einnig inn þá þróun sem hefur orðið í vísindastarfi á Íslandi á tveim mannsöldrum. Fáar þjóðir hafa jafn ríka þörf á að fylgjast grannt með umhverfi sínu; öryggis síns vegna. Fáar þjóðir hafa líka meiri áhuga á dyntum náttúrunnar. Sumir vilja meina að það sé vegna þess að við höfum betri aðgang að upplýsingum en margur.

90 ára unglamb

Veðurstofa Íslands telst hafa tekið til starfa 1. janúar 1920 en þá tóku Íslendingar formlega við þeim veðurathugunum sem danska veðurstofan hafði haft með höndum síðan 1872. Veðurstofan var í fyrstu deild í Löggildingarstofunni, og hét þá Veðurfræðideild. Löggildingarstofan var lögð niður í árslok 1924 og varð Veðurfræðideildin að forminu til sjálfstæð stofnun frá ársbyrjun 1925 undir heitinu Veðurstofan. Með fyrstu lögum um stofnunina 1926 fékk hún nafnið Veðurstofa Íslands.

Vöktun náttúrunnar

Helstu lögbundnu viðfangsefni Veðurstofunnar voru gagnasöfnun til rannsókna á loftslagi landsins, úrvinnsla úr veðurskýrslum frá veðurstöðvum og útgáfa veðurfarsskýrslna. Eins söfnun daglegra veðurskeyta og útsending fregna um veðurútlit, söfnun frétta um hafís, eldgos og öskufall og eftirlit með landskjálftamælingum. Fyrstu árin var veðurspám dreift til símstöðva og þær hengdar upp almenningi til sýnis. Veðurfréttum hefur verið útvarpað með ýmsum hætti frá 1926 og Ríkisútvarpið hefur útvarpað veðurfréttum síðan það tók til starfa árið 1930.

Starfsemi Veðurstofunnar stórefldist strax í kjölfar síðari heimsstyrjaldar. Þá tók Ísland að sér flugleiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi, þar á meðal veðurþjónustu vegna millilandaflugs. Flugveðurþjónustu var komið á laggirnar á Keflavíkurflugvelli vorið 1952.

Árið 1977 var farið að sinna mengunarmálum í ríkari mæli en áður. Hafísvöktun var efld. Starfsemi ofanflóða styrktist verulega nokkru eftir 1980 og mun meir eftir snjóflóðin miklu á Flateyri og í Súðavík 1995. Mikil framför varð með tilkomu nýs kerfis jarðskjálftamæla um 1990.

Stórstígar framfarir hafa orðið á sviði veðurþjónustu. Mælinga- og eftirlitskerfin hafa styrkst og upplýsingatækniþjónusta eflst. Rannsóknir á fagsviðum stofnunarinnar hafa vaxið verulega að umfangi, einkum vegna aukinnar sóknar í styrkfé, innlent sem erlent.

Á flakki

Veðurstofan var til húsa að Skólavörðustíg 3 allt til 1931, er hún flutti í Landssímahúsið við Austurvöll. Síðan flutti hún í hús Sjómannaskólans við Háteigsveg í árslok 1945. Í ársbyrjun 1950 fluttist öll starfsemi stofnunarinnar, er laut að daglegri veðurþjónustu, í gamla flugturninn á Reykjavíkurflugvelli og tólf árum seinna í þann nýja, en önnur starfsemi varð um kyrrt í Sjómannaskólahúsinu. Árið 1973 fluttist öll starfsemi Veðurstofunnar í Reykjavík að Bústaðavegi 9.

Úr fjórum í 270

Starfsmenn Veðurfræðideildar Löggildingarstofunnar voru í upphafi fjórir. Tíu árum seinna hafði þeim fjölgað í sjö og hélst sá fjöldi í nær hálfan annan áratug. Síðan fjölgaði þeim í tæplega þrjátíu árið 1946, 1965 voru þeir um sextíu og um áttatíu árið 1990.

Í ársbyrjun 2009 var starfsemi Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga sameinuð í nýrri stofnun undir nafni hinnar fyrrnefndu. Helstu viðfangsefni Vatnamælinga hafa verið kerfisbundnar vatnamælingar, mælingar á jöklabúskap og kortlagning á ísalögum vatna, langtímarannsóknir á vatnsauðlindinni og gerð vatnafars- og flóðakorta.

Starfsstöðvar Veðurstofu Íslands í Reykjavík eru á Bústaðavegi 9 og Grensávegi 9. Enn fremur rekur stofnunin útibú á Ísafirði þar sem einkum er fengist við ofanflóðaverkefni og gerðar eru veðurathuganir og fleiri mælingar í starfsstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þá rekur stofnunin athugunarkerfi og mælistöðvar um allt land. Starfsmenn í Reykjavík eru nú um 110, sex á Ísafirði og sjö á Keflavíkurflugvelli. Þá eru ótaldir veðurathugunarmenn, snjóathugunarmenn og eftirlitsmenn vatnshæðarmæla og jarðeftirlitskerfa, um 160 að tölu.

FRAMHALD Á SÍÐU 52

ÍSLENSK VEÐURMET OG FRÓÐLEIKSMOLAR



VEÐURSTOFAN Í MYNDUM

Veðrið í sjónvarp
Jónas Jakobsson veðurfræðingur í veðurfréttatíma sjónvarps árið 1967. MYND/VÍ

Hvalreki
Hafís er kortlagður á Veðurstofunni. Myndin er tekin frostaveturinn mikla 1918 af hvalreka við Skagaströnd. MYND/VÍ

Teiknað kort
Jónas Jakobsson veðurfræðingur dregur línur á veðurkort árið 1974. MYND/VÍ

JÓLAGJAFIR SEM GLEÐJA

BÓK ER FALLEG OG GAGNLEG GJÖF FYRIR ALLA



AHA!
-Ekki er allt sem sýnist
Bók fyrir alla sem hafa gaman af þrautum og þverstæðum.

„Þegar Viktor hringdi í mig sagði ég honum að hann mætti ekki trufla mig því að ég væri með kvenmanni. En ég var bara að lesa bókina. Hef ekki lesið skemmtilegri bók."
Sjötugur pípulagningamaður

Kr. 2.990,-



HÁLENDISHANDBÓKIN
„Óþarfi virðist að nefna alltaf að nauðsynlegt sé að stíga út úr bílnum ef ætlunin er að ganga spottakorn. ... En hvað sem öllu þessu líður er bókin hin þarfasta. ... Víkverji mælir því hiklaust með bókinni."
Víkverji Morgunblaðsins

Kr. 3.490,-

ERUPTION
Gosmyndir Páls Stefánssonar. Bók sem selst hefur í 1.500 eintökum án þess að vera auglýst. Frábær og ódýr jólagjöf fyrir vini innan lands sem utan.
„Næstbesta bókin mín". ***Páll Stefánsson***

Kr. 1.530,-

ENN BETRA GOLF
Úrvalsbók eftir tvo af fremstu golfþjálfurum landsins.
„Mjög góð, ef maður er að æfa golf."
Bókaormar

Kr. 3.490,-

GALLERÝ ICELAND REVIEW

LJÓSMYND ER FALLEG GJÖF FYRIR UNGU HJÓNIN



Í **Gallerý Iceland Review** *fæst bók Páls Stefánssonar á einungis* ***kr 1.000****,- (og aðrar ofantaldar bækur einnig á góðu verði)*

Iceland Review hefur í áratugi verið annálað fyrir fallegar Íslandsmyndir.
Nú opnum við sýningu þar sem hægt er að kaupa glæsilegar myndir eftir ljósmyndara Útgáfufélagsins Heims. Hægt er að velja úr fjölda glæsilega mynda.
Kíkið við í piparkökur og skoðið fallegar myndir.

Opið alla daga nema sunnudaga fram að jólum milli klukkan12 og 17.
Gallerý Iceland Review Borgartúni 23, jarðhæð.

heimur hf.

VEÐURSTOFAN Í MYNDUM

Með fangið fullt
Vatnamælingar í Þaula við Hólmsá veturinn 2009-2010. Ólafur Freyr Gíslason vatnaváreftirlitsmaður að störfum. MYND/VÍ

Snjóflóðamæling
Jóhann Hannibalsson snjóeftirlitsmaður í Traðarhyrnu ofan Bolungarvíkur í mars 2007. MYND/VÍ

Kaffipása
Við jöklarannsóknir hafa starfsmenn Veðurstofunnar þurft að sætta sig við eitt og annað. MYND/VÍ

HLUTVERK VEÐURSTOFU ÍSLANDS

Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlisþættir jarðarinnar: Loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast meðal annars veðri, hafís, mengun, loftslagsbreytingum, ofanflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni, hniki á yfirborði jarðar, vatnafari, jöklabúskap, hlaupum og flóðum.

Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga. Miðlunin er á formi tímaraða og korta, spáa, viðvarana, hættumats og almennra ráðlegginga. Þetta varðar samfélagslegt öryggi gagnvart náttúruvá og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Veðurspár og miðlun

Fyrsta veðurspá Veðurstofunnar er dagsett 17. janúar 1920 en ekki var farið að birta veðurspár fyrr en 1. ágúst sama ár. Veðurkort voru teiknuð frá upphafi athugana.

Veðurlýsingar voru sendar frá 1. febrúar 1920 til Landssímans sem birti þær, ásamt veðurlýsingum frá íslensku veðurskeytastöðvunum. Voru skeytin höfð til sýnis í sérstökum sýningarkassa utan á símstöðvum. Loftskeytastöðin í Reykjavík sendi líka út veðurfréttir og nýttust þær sjómönnum á skipum sem höfðu búnað til þess að taka á móti skeytunum. Veðurstofan fékk sjálf búnað til að taka á móti erlendum veðurskeytum 1. janúar 1925.

Veðurfréttir voru fyrst sendar út í útvarpi árin 1926-1928 en sendingar þess náðu ekki víða. Sama má segja um Loftskeytastöðina í Reykjavík, sem byrjaði í júlí 1928 að útvarpa veðurfregnum í mæltu máli fjórum sinnum á dag.

Ríkisútvarpið tók til starfa 20. desember 1930 og var strax farið að útvarpa veðurfréttum.

Veðurfréttir í sjónvarpi hófust 6. febrúar 1967. Veðurfræðingur skýrði þar kort sem sýndu veðrið á landinu og umhverfis það eins og það var samkvæmt síðustu veðurskeytum. Síðan var sýnt sérstakt spákort sem sýndi hvernig veðurfræðingurinn hugsaði sér veðrið að sólarhring liðnum.

Fyrstu síður Veðurstofunnar á vefnum voru settar upp árið 1995. Vefurinn er ein helsta upplýsingaveita Veðurstofunnar á öllum fagsviðum hennar. Veðurfræðingar Veðurstofu Íslands semja meira en 40.000 veðurspár á ári.

Jarðskjálftar og eldgos

Jarðváreftirlit Veðurstofunnar vaktar öll eldfjöll á Íslandi og hefur það hlutverk að spá fyrir um framvindu og gefa út viðvaranir. Þetta er unnið í samvinnu við jarðvísindamenn á öðrum stofnunum.

SIL-kerfið er sjálfvirkt jarðskjálftamælakerfi, sem safnar gögnum, nemur, staðsetur og skráir jarðskjálfta, reiknar brotlausnir skjálfta og sendir út viðvaranir. Það samanstendur af mælitækjum, tölvum og hugbúnaði. Kerfið er afrakstur norræns verkefnis, sem var undirbúið og unnið á árunum 1986-1995.

Jarðskjálftamælanet stofnunarinnar hefur verið byggt markvisst upp frá árinu 1989 og GPS-kerfið frá 1999. Einnig er kerfi þenslumæla frá árinu 1979. Alls losa mælarnir hundraðið og Veðurstofan hefur verið í samstarfi við erlendar systurstofnanir og sjálfstæðar rannsóknastofnanir við uppsetningu þeirra.

Til stendur að bæta við netið. Sérfræðingar Veðurstofunnar hafa bent á að jarðskjálftamæla mætti að ósekju setja upp á annesjum til að kerfið nái til landsins í heild. Eins að setja upp fleiri þenslumæla sem hafa til dæmis gert það kleift að spá Heklugosi með hálftíma fyrirvara.



JARÐSKJÁLFTAVIRKNI Þessi skýringarmynd sýnir jarðskjálftavirkni á Íslandi. Mælakerfið varðar þetta svæði og gefur mikilvægar upplýsingar um hreyfingar jarðskorpunnar. MYND/VÍ

Snjóflóð

Rannsóknir á ofanflóðum, uppbygging gagnasafns um ofanflóð á Íslandi og ýmis ráðgöf varðandi hættumat hófst með formlegum hætti á Veðurstofu Íslands á áttunda áratug síðustu aldar með ráðningu starfsmanna sem sinntu þessum málaflokki sérstaklega. Þessari starfsemi var komið á laggirnar í kjölfar snjóflóðaslysa í Neskaupstað í desember 1974 sem kostuðu tólf manns lífið.

Ofanflóðamál voru þó dreifð milli nokkurra stofnana og ráðuneyta og fólst hlutverk Veðurstofunnar fyrst og fremst í skráningu snjóflóða, útgáfu viðvarana um yfirvofandi snjóflóðahættu á grundvelli veðurspár og ráðgjöf í tengslum við hættumat. Áður höfðu starfsmenn bæði Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga Orkustofnunar, sem nú eru runnar saman í Veðurstofuna, svo og starfsmenn Raunvísindastofnunar Háskólans, stundað rannsóknir á snjóflóðum og snjóflóðaveðrum og birt skýrslur, greinar og bækur um niðurstöður sínar.

Í kjölfar mannskaðaflóðanna í Súðavík og á Flateyri 1995 var skipulagi ofanflóðamála hér á landi breytt og ábyrgð á stjórnsýslu þeirra færð undir umhverfisráðuneytið.

Hlutverk Veðurstofunnar var aukið og var henni meðal annars falið ákvörðunarvald um rýmingu húsnæðis vegna yfirvofandi snjóflóðahættu í samráði við heimamenn en áður höfðu almannavarnanefndir í héraði haft þetta hlutverk með höndum. Einnig var fagleg ábyrgð á hættumati vegna ofanflóða færð til Veðurstofunnar og efldar ýmsar rannsóknir sem tengjast hættumati og ofanflóðum við íslenskar aðstæður.

Jöklarannsóknir og vatnafar

Tilvist jökla er mjög háð veðurfari og því nýtast ýmsar niðurstöður jöklarannsókna við könnun á sögu og áhrifum veðurfarsbreytinga. Jafnframt eru veðurmælingar ómetanlegar við jöklarannsóknir.

Jón Eyþórsson hóf störf á Veðurstofunni 1926 og þegar árið 1930 kom hann á fót árlegum mælingum á stöðu jökulsporða. Umsjón þessara mælinga hefur alla tíð síðan verið á Veðurstofunni eða á Vatnamælingum Orkustofnunar, sem nú hafa sameinast Veðurstofunni í nýrri stofnun.

Frá 1950 hafa sporðamælingarnar farið fram í nánu samstarfi við Jöklarannsóknafélag Íslands og verður svo þar til jöklar eru horfnir af Íslandi.

Á Orkustofnun og áður Raforkumálaskrifstofunni voru starfræktar Vatnamælingar frá árinu 1947. Meðal mældra vatnsfalla voru margar af helstu jökulám landsins og söfnuðust því í tímans rás umfangsmikil gögn um afrennsli frá jöklum af völdum jöklaleysingar og flóða, einkum jökulhlaupa, sem tíðari eru hér á landi en annars staðar í veröldinni.

Veðurstofan hefur tekið við vatnafars- og aurburðarrannsóknum sem áður voru á hendi Orkustofnunar, auk umsjónar með gagnasöfnum. Þær sýna mikinn rofmátt jökla og jökulfljóta og stórfelldar breytingar á landinu af þeirra völdum.

Sá þáttur Veðurstofunnar sem snýr að vatnafari fjallar um verndun og rannsóknir á vatnsauðlindinni, eðli hennar og skilyrðum til nýtingar.

➜ Í HNOTSKURN 1920-2010

1920: Íslendingar taka formlega við veðurathugunum **dönsku veðurstofunnar**.
- hinn **17. janúar:** Fyrsta veðurspáin samin. Síðsumars sama ár er fyrsta veðurspáin birt.

1924: Útgáfa **Veðráttunnar** hefst.

1925: **1. janúar**: **Löggildingarstofan** er lögð niður og **veðurfræðideild** hennar verður að sjálfstæðri stofnun sem fær heitið **Veðurstofan**. **Þorkell Þorkelsson** er forstjóri hinnar nýju stofnunar.

1925: **Jarðskjálftamælingar** hefjast á Veðurstofunni. Áður höfðu **jarðskjálftar** verið mældir í Reykjavík á árunum 1909-1914.

1926: Lög samin um stofnunina og **veðurskeyti** fyrst lesin í útvarp.

1928: Veðurfregnir fyrst fluttar í **útvarp**.

1930: **Veðurathuganastöðvum** fjölgar úr **19 í 36** á einum áratug.

1932: **Segulmælingar** hefjast en standa stutt.

1942: Farið að gera sérstakar **flugveðurathuganir**.

1946: **Teresía Guðmundsson** skipuð veðurstofustjóri.

1946: Veðurstofunni falið að veita **flugveðurþjónustu** á Norður-Atlantshafi.

1947: **Vatnamælingum** komið á fót. **Samgöngumálaráðuneytið** verður til. Veðurstofan verður ein af **stofnunum** þess.

1948: Gerður samningur við **Alþjóðaflugmálastofnunina** um flugveðurþjónustu á Íslandi, **ICAO-samningurinn**.

1951: Fyrsti síritandi **vatnshæðarmælirinn** í rekstur í Ölfusá við Selfoss.

1952: **Háloftaathuganir** hefjast á Veðurstofunni.

1956: **Vetrarmælingar Vatnamælinga** á hálendinu hefjast.

1957: Samfelldar mælingar hefjast á **heildarmagni ósons** í andrúmsloftinu.

1958: Sett eru **ný lög** um Veðurstofuna. **Mengunarmælingar** hefjast.

1959: Farið að **útvarpa** veðurspám til tveggja daga. Fram að því hafði einungis verið um sólarhringsspár að ræða.

1963: **Hlynur Sigtryggsson** skipaður veðurstofustjóri.

1964: Komið upp mjög fullkominni **jarðskjálftastöð** á Akureyri.

1965: Mönnuð **veðurathuganastöð** tekur til starfa á **Hveravöllum**.

1967: Farið að taka á móti **gervitunglamyndum**. **Vatnamælingar** verða deild í Orkustofnun. Veðurfréttir hefjast í **sjónvarpi.**

1968: Fyrsta **landsnet jarðskjálftamæla** fullbúið. Það samanstóð af sex jarðskjálftastöðvum.

1972: **Mælingar** hefjast á **sýrustigi** í úrkomu og **brennisteinsmengun** í úrkomu og andrúmslofti.

1973: Veðurstofan flytur í núverandi húsnæði að **Bústaðavegi 9**.

1977: Veðurstofan eignast sína fyrstu **fjarskiptatölvu** og fær einakafnot af hraðvirkri **fjarskiptalínu**.

1978: Veðurstofunni falið að annast **snjóflóðavarnir** og **snjóflóðaeftirlit**.

1979: **Hafísrannsóknadeild** stofnuð á Veðurstofunni.

1985: Sett eru **ný lög** um Veðurstofuna.

1988: Samningur gerður um rekstur **sjálfvirkra veðurdufla** á Norður-Atlantshafi. **Snjóflóðavarnadeild** sett á laggirnar.

1989: Uppbygging **SIL-jarðskjálftamælakerfisins** hefst. **Páll Bergþórsson** skipaður veðurstofustjóri.

1990: Veðurstofan setur upp sína fyrstu **sjálfvirku veðurstöð**. Sett upp veðursjá á **Miðnesheiði**. Veðurstofan verður ein af stofnunum umhverfisráðuneytisins.

1994: **Magnús Jónsson** tekur við starfi veðurstofustjóra.

1995: Vefur Vefurstofunnar **vedur.is** opnaður. Ofanflóðastarfsemi Veðurstofunnar stórefld.

1999: **GPS-mælingar** hefjast á Veðurstofunni.

2008: Ný lög samþykkt um **Veðurstofu Íslands**.

2009: Veðurstofan og Vatnamælingar lagðar niður og starfsemin sameinuð í nýrri stofnun undir nafni **Veðurstofu Íslands**. Árni Snorrason verður forstjóri.

Heimildir: Veðurstofa Íslands.
Viltu vita meira?: Hilmar Garðarsson, Saga Veðurstofu Íslands, Reykjavík, Mál og mynd, 1999.

SKÖPUM ÍSLENSKA ATVINNU

KAUPUM ÍSLENSK JÓLATRÉ

Í KAUPTÚNI 3 Í GARÐABÆ (gegnt IKEA)

Einnig tröpputré og eldiviður

Opið alla daga til jóla. Virka daga frá klukkan 15 til 21 og um helgar frá 10 til 21.
Nánari upplýsingar í síma 694 4217.

JÓLASKÓGURINN Í HEIÐMÖRK

Höggðu þitt eigið jólatré, þar sem stærðin skiptir ekki máli, fyrir aðeins 5.300 kr.

Einnig tröpputré, eldiviður og
hangandi jólatré á kostakjörum.

Nánari upplýsingar í síma 564 1770
og á **www.heidmork.is**

Jólasveinn á svæðinu, frítt kakó og piparkökur

OPIÐ ALLA HELGINA FRÁ KL. 11-16

JÓLAMARKAÐURINN ELLIÐAVATNI HEIÐMÖRK

Um helgina verður fjölbreytt menningardagskrá á Jólamarkaðnum Elliðavatni. Hönnuðir og handverksfólk selja hágæða vörur. Íslensk jólatré til sölu og hin vinsælu tröpputré.

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 17.
Nánari upplýsingar í síma 564 1770
og á www.heidmork.is

Skógræktarfélag Reykjavíkur

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

CASIO EX-H5

· 12,1 milljón pixlar
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða endist allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgi

Verð: 35.900 kr.

OLYMPUS FE 4050

· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdraáttur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða í vél

Verð: 18.900 kr.

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

Wii -LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

Verð frá kr. 39.900,-

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

DS Lite - LEIKJATÖLVAN

EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS

Verð kr. 24.900,-

Wii Fit Plus BOARD

Taktu líkamsræktina heima í stofu

Wii Fit Plus

Verð: 22.900,-

CASIO EX-Z350

· 12,1 milljón pixlar
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

Verð: ~~27.900 kr.~~
TILBOÐ: 22.900 kr.

OLYMPUS E-PL1

12.3 milljón pixlar · Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus · 3,0 rammar á sekúndu – allt að 5 myndir í RAW á buffer · Sjö upplausnarmöguleikar á mynd · Hristivörn í vél · "Dust Reduction System" rykfrían myndir · HD upptaka 720 p · HDMI tengi · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Linsa fylgir 14-42 mm

Verð: 84.900 kr.

SANGEAN

GÖNGUÚTVÖRP
Mikið úrval af útvörpum fyrir útiveruna

Verð frá: 4.990,-

SCOTT RX19RD

VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP
TILBOÐ: 7.900 kr.
Verð: ~~9.900 kr.~~

CMX118
VEKJARAKLUKKA
Verð: 4.990,-

SCOTT

FRÁBÆR FERÐATÆKI
· CD-R/RW, Audio CD · FM útvarp

Verð frá: 10.900,-

OLYMPUS MJU TOUGH 3000

· 12 milljón pixlar · 3,6 x aðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III)
· 19 handhægar tökustillingar
· Höggheld 1,5m · Vatnsheld 3m dypi · Frostþolin 10°
· Face Detection· Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling · Notar SD og SDHC minniskort · 1GB innra minni · Lithium hleðslurafhlaða

Verð: 29.900 kr.

Verbatim VE47512

FÍNN FLAKKARI

· ***1TB*** geymsluminni · USB 2
· *Nero backup* hugbúnaður fylgir

TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: ~~18.900 kr.~~

Verbatim VE47540

SJÓNVARPSFLAKKARI
MEÐ UPPTÖKU · 1TB

Verð: 39.900 kr.

Skullcandy

Mikið úrval af heyrnatólum

Verð frá: 3.990,-

DMTECH LW19LE-HD/B

19" LCD-SJÓNVARP
með innbyggðum DVD spilara og DVB-T móttakara • FULL HD 1920x1080

TILBOÐ: 59.900 kr.
Verð: ~~69.900 kr.~~

SAMSUNG SPF-71 ES

STAFRÆNN MYNDARAMMI

7" hvítur skjár · 1 GB minni
Tekur SD kort · USB Inngangur

Verð: 17.900,-

SCOTT DPX1071S

DVD FERÐASPILARI

7" LCD skjár –16:9 · MPEG4/Xvid · Tekur SD/MMC/MS kort · Lithium Battery –2 klukkutímar · 12 V tenging fyrir bíl fylgir

Verð: 23.990,-

SCOTT IWH120

Geislaspilari · AM/FM útvarp · Spilar og hleður Ipod/Iphone · USB Inngangur · SD Inngangur · Klukka · 12w hátalarar

Verð: 29.990,-

SHARP XL-UH1H

HLJÓMTÆKJASTÆÐA

Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x10 W RMS · AM/FM útvarp/RDS/40 stöðva minni · Vekjaraklukka · USB tengi

Verð: 28.990,-

SHARP XL-HF100H

MJÖG FLOTT STÆÐA

Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50 W RMS
USB afspilun · AM/FM útvarp

Verð frá: 54.990,-

COBY MP200

MP3 spilari · Innbyggt minni 2 GB

Verð: 5.990,-

SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI
Verð frá kr. 2.790,-

Pioneer DCS-202K

5.1 rása með DVD spilara · HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX ·USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl. · Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi · Karaoke möguleiki · FM útvarp með RDS

HEIMABÍÓKERFI
með öllu - þau gerast ekki betri!

Verð kr. 69.900,-

SAMSUNG R530-JA06SE

VÖNDUÐ FARTÖLVA
Á MJÖG FÍNU VERÐI

15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harður: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home

Verð: 89.900,-

SAMSUNG FX-2490

24" LED SJÓNVARP
HD Háskerpa: 1920 x 1080 p · Skerpa dynamic: 5.000.000:1 · Mynd í mynd (1 tuner) · Afspilun úr USB; biómyndir, ljósmyndir, tónlist · Tengi: HDMI, CI slot, Comp, Scart, VGA

Verð: 89.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ORMSSON KEFLAVÍK	ORMSSON MODEL-AKRANESI	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	ORMSSON AKUREYRI	ORMSSON HÚSAVÍK	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160

ORMSSON

OPIÐ:
LAUGARDAG FRÁ KL. 11-18
SUNNUDAG FRÁ KL. 13-18

assistent®

ASSISTENT hefur margoft fengið topp einkunn "BEST IN TEST" í samanburðar-prófum fyrir mikla vinnslugetu og fjölbreytni.

FÆST Í FIMM LITUM

Assistent® Original
hrærivélin er lífstíðareign.

OBH NORDICA 6518

HREINN (M)UNAÐUR

SODA MASTER
Verð kr. 19.900,-

Solis OF SWITZERLAND SO 978.18

SÉRLEGA VANDAÐ OG GOTT MÍNÚTUGRILL
Verð kr. 22.900,-

Fallegt úrval!

NÝ SENDING!
NÝIR LITIR!
„Dásamlegir!"

FLAME LEIRPOTTARNIR
frá Emile Henry
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.

AEG KF 3130

1080 W
10-15 bolla glerkanna
Dropastoppari
Sýnir vatnsmagn
FÆST HVÍT OG SVÖRT

Klassísk
KAFFIVÉL
Verð kr. 5.990,-

AEG SB 4400

600 W
1,5 L glerkanna
6 hraðastillingar (+hraðastilling fyrir klaka)
Sérlega hljóðlátur

Frábært tæki!
BLANDARI
Verð kr. 14.990,-

AEG AT 3140

BRAUÐRIST
Verð kr. 5.990,-
860 W · 7 ristunarstig
FÆST HVÍT OG SVÖRT

AEG OFN [B-4101-5-M] – VEGGOFN

FJÖLVIRKIR BLÁSTURSOFNAR Á FRÁBÆRI VERÐI

ÞÚ SPARAR 48.000,- kr.

TILBOÐSVERÐ: 109.900,-
LISTAVERÐ: 157.900,-

OBH NORDICA 7130

STÓRSKEMMTILEGUR OG GÓÐUR PIZZAOFN
TILBOÐ: 17.900 kr.

OBH NORDICA 6398

POPP-MASKÍNAN GERIR ÞAÐ GOTT
TILBOÐ: 9.990 kr.

Nýjung sem vekur mikla ánægju

Skaftryksugan þægilega, sem ætti að vera til á hverju heimili.
Verð kr. 19.990,-

sinbo SCO-5002

NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA
Eldsnöggur og hörkuflottur
5 lítra blástursofn
Verð kr. 15.900,-

ACE 4120

AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
„FULLKOMIN!"
RYKSUGA
Verð kr. 19.900,-
· 2000 W
HLJÓÐLÁTUR ORKUBOLTI

Tefal

FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

Beint í bollann – ilmandi ferskt!
MARTELLO
ÍTALSKT ESPRESSÓ!

Solis OF SWITZERLAND
SOLIS 921.16

SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA

Ertu að hugsa um heilsuna?
Hollir ávaxta- og grænmetis-drykkir með safapressu frá SOLIS.
Verð kr. 29.900,-

LAVAMAT 52840

ÞVOTTAVÉL · 1200 sn/mín
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
Verð ~~kr. 129.900,-~~

LAVATHERM T55460

AEG

20% afsláttur

ÞURRKARI · BARKALAUS
MEÐ RAKASKYNJARA

TILBOÐSVERÐ kr. 95.920,-
Verð ~~kr. 119.900,-~~

Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!

Ný heimsmynd eftir ferð til Keníu

Jóhanna Þorgrímsdóttir lét gamlan draum rætast í sumar þegar hún fór sem sjálfboðaliði til Keníu. *Sigríður Björg Tómasdóttir* mælti sér mót við hana og fékk að heyra sögur af ógleymanlegri ferð, hrikalegri fátækt og kvennaathvörfum bæði í Nakuru og Reykjavík.

JÓHANNA ÞORGRÍMSDÓTTIR Jóhanna segir dvölina í Keníu í sumar sem leið hafa breytt lífi sínu. Hún styður nú tvær fjölskyldur í Keníu, alls tólf manns, og telur sig ekki muna mikið um það. Hún er ákveðin í að fara aftur til Keníu að heimsækja sitt fólk og ferðast um landið, sem hún segir afar fallegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrir nokkrum árum heyrði ég dönsk hjón segja frá hjálparsamtökum sem þau starfrækja í Keníu og ákvað að styrkja stúlku á þeirra vegum. Þarna kviknaði líka löngun hjá mér til þess að fara af stað, að gerast sjálfboðaliði í Afríku," segir Jóhanna Þorgrímsdóttir. Jóhanna hefur starfað í fjögur ár í Konukoti, athvarfi fyrir heimilislausar konur. Hún hefur trú á því að þeir sem gefi fái það til baka og hún hefur nóg að gefa, bæði vinnu og peninga.

„Ég hef átt kristna trú lengi, frelsaðist fyrir tuttugu árum og hef verið í frjálsum söfnuðum síðan. Ég sæki minn styrk í trú og þakka guði fyrir það sem ég hef í lífinu oft á dag, ég á fjögur uppkomin börn og fimm barnabörn, er sannarlega heppin," segir Jóhanna. Hún bætir við að hún hafi öðlast nýtt sjónarhorn á lífið þegar hún fór utan síðasta sumar. „Við Íslendingar gerum okkur enga grein fyrir því hvað fátækt er, fólkið sem ég hitti þarna úti þá á ekkert. Mér leið eins og drottningu; ég á íbúð, hef vinnu og er virkilega aflögufær eins og flestir Íslendingar."

Það tók Jóhönnu nokkur ár að gera drauminn um sjálfboðastarfið að veruleika en snemma á þessu ári hafði hún samband við Kristin Ásgrímsson, forvígismann Hvítasunnusafnaðarins í Keflavík, sem er tengiliður á Íslandi við New Life Africa-samtökin sem hafa það meginmarkmið að hjálpa veglausum börnun í Nakura í Keníu til mennta. Kristinn kom henni í samband við dönsku hjónin Susanne og Leif Madsen sem sögðust fegin mundu taka á móti henni í júlí og ágúst.

Leið eins og jólasveininum

„Ég ákvað að láta slag standa og fór ein af stað og var þarna í sjö vikur. Ég bjó á gistiheimili sem kenískar konur reka, hressar konur sem ráku meðal annars barnaheimili og hlúðu að illa leiknum konum," segir Jóhanna, sem komst að því þegar hún kom til Madsen-hjónanna að auk þess að reka skóla og barnaheimili ráku þau kvennaathvarf og þar sinnti hún starfa sínum sem sjálfboðaliði.

„Ég bakaði með konunum, gerði atlögu að því að kenna þeim bútasaum og lék við börnin þeirra, þær áttu allar börn. Ástæðan fyrir því að þær voru í athvarfinu var ýmist að þær voru að flýja ofbeldi eiginmannsins eða að eiginmaðurinn hafði hreinlega hent þeim út. Þessar konur voru auðvitað skelfilega fátækar, mér leið eins og jólasveininum þegar ég fór að gefa barnafötin og dótið sem ég hafði tekið með mér," segir Jóhanna, sem var ánægð með að fá að styðja við bakið á kenískum konum, rétt eins og hún hefur gert við íslenskar.

„Ég hef sjálf gengið í gegnum miklar reynslu, er alin upp í alkóhólisma og hef verið gift tveimur alkóhólistum. Ég var beitt miklu ofbeldi í seinna hjónabandi mínu, var barin í klessu og leitaði tvisvar á náðir Kvennaathvarfsins í Reykjavík. Þar var ótrúlega vel tekið á móti mér og sú reynsla breytti reyndar lífi mínu. Þarna voru samankomnar konur sem fæstar voru í drykkju sjálfar, þær komu frá góðum heimilum að talið var en bjuggu við ofbeldi, drykkju og misnotkun. Þarna öðlaðist ég nýtt sjónarhorn á samfélagið," segir Jóhanna sem er mjög þakklát fyrir þá sem hugsuðu vel um hana þegar hún átti við erfiðleika að stríða og hefur sjálf sinnt konum í erfiðum aðstæðum síðan þá, aðallega í gegnum þátttöku sína í safnaðarstarfi.

Mikil fátækt bíður kvennanna

Konurnar sem Jóhanna kynntist í kvennaathvarfinu í Nakuru dvelja þar tímabundið og þegar að því kemur að þær þurfa að flytja út þá er ekki margt sem bíður þeirra. Jóhönnu leist því ekki á þegar ein konan sem hún kynntist, Alex, þurfti að flytja út eftir ársdvöl í athvarfinu. „Hún var með sjö mánaða tvíbura, tveggja ára og fjögurra ára börn. Þetta var yndisleg kona og ekkert sem beið hennar. Ég komst að því að samtökin hafa milligöngu um að borga húsaleigu og nauðsynjar vilji maður styrkja konurnar áfram. Ég ákvað því að styrkja hana næstu tvö árin, en í hjálpinni felst meðal annars að henni er gert kleift að kaupa kol, grænmeti og fleira til að selja áfram og vinna sér þannig inn smá auka pening," segir Jóhanna sem þykir tæpar 50 þúsund krónur tvisvar á ári lítill peningur fyrir að veita heilli fjölskyldu betra líf.

Jóhanna hafði eins og áður sagði styrkt um nokkurra ára skeið barn sem dvelur í skóla New Life Africa-samtakanna. Hana langaði vitaskuld að hitta stúlkuna sem heitir Júnis og hafði keypt handa henni nokkrar gjafir. Það var haft samband við hana fyrir mig og hún kom með mömmu sinni að hitta mig," segir Jóhanna og rifjar upp þennan skemmtilega fund. „Í ljós kom að maður móðir hennar hafði nýverið hent henni út með öll börnin sex. Ég fékk áfall við að heyra þessa sögu og spurði hvort ég mætti ekki heimsækja hana. Áður en dagurinn rann upp hafði ég fyllt tösku af ýmis konar vörum og svo kom litla stúlkan að sækja mig. Við gengum af stað og höfðum reyndar gengið dágóða stund þegar mér fór að finnast málið undarlegt, hringdi í mömmu hennar og þá kom í ljós að við vorum alveg í vitlausum bæjarenda, litla stúlkan var svo spennt að hitta mig að hún rataði ekki heim til sín," segir Jóhanna sem endaði á því að taka leigubíl heim til stúlkunnar og fjölskyldu hennar. Í ljós kom að þær bjuggu við bágar aðstæður, sjö í einu herbergi fátæklega búnu. „Ég fékk algjört áfall, sá engan mat og lítið af fötum. Það var einn kollur í herberginu og ég fékk að sjálfsögðu að sitja á honum. Ég spurði mömmuna strax hvort hún vildi ekki hitta mig næsta dag. Áður en sá fundur hófst hafði ég farið í bæinn og keypt allt sem mér datt í hug, dýnu, mat, lampa, klukku, nefndu það. Svo ákvað ég enn fremur að styðja hana í tvö ár," segir Jóhanna, sem styður því við bakið á tólf manns í Nakuru.

Ferðin breytti lífinu

„Þetta bara gerðist, ég hafði ekki hugmynd um þegar ég fór út að ég myndi enda á því að styðja við bakið á svona mörgu fólki. Og ég get ekki hætt, fékk vinkonur mínar þrjár hér til að styðja við eina konu og fjölskyldu þeirra, svo er ég að selja hálsfestar," segir hún og dregur upp festar og sýnir blaðamanni. „Þær eru búnar til úr pappír sem fellur til af kornflexpökkum og þess háttar," bendir hún á. „Ég ætla að halda þessu áfram, ferðin breytti lífi mínu," segir Jóhanna, sem stefnir á að heimsækja athvarfið aftur eftir tvö ár. „Mig langar líka að ferðast meira um Keníu, það er mjög fallegt þarna og ferðin var alveg yndisleg," segir Jóhanna sem er ánægð með að hafa farið í þessa eftirminnilegu ferð sem hún segir hafa gefið henni nýja sýn á íslenskt samfélag. „Við höfum svo mikið að gefa, þess vegna er skelfilegt hversu miklar væluskjóður við erum stundum. Hér hafa allir svo mikið val, geta farið í skóla og hafa ótal tækifæri," segir Jóhanna en bætir við að það sé mjög ánægjulegt hversu mikið hjálpsemi Íslendinga hefur blómstrað í kreppunni. „Við sjáum það í Konukoti, fólk er að senda smákökur, prjóna trefla og leggja okkur lið á margvíslegan hátt, það er afar jákvætt."

EFTIRMINNILEG FERÐ

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Nýtt!

PHILIPS

Philips HD7740
Kaffivél sem tekur malaðar baunir og skilar 2-12 bollum af kaffi. Með styrkstilli til að stilla kaffistyrk, LCD skjá, innbyggðum malara. Heldur heitu í 30 mín. Tekur baunir eða malað kaffi.

VERÐ 29.995
FRÁBÆRT VERÐ

Rúbín kaffibaunir fylgja

PHILIPS

Philips HP8309
SalonStraight Essential SLÉTTUJÁRN með keramík plötum. Professional styling temp að 210°C fyrir allar hárgerðir. Stafræn hitastilling. 30sek að hitna.

VERÐ 4.995
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

Melissa 643214
1000w VÖFFLUJÁRN með hitastilli sem gerir fimm hjartalaga vöfflur.

VERÐ 4.995
FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

Ariete 1923
1200w MÍNÚTUGRILLmeð hitastilli, ljósi sem kviknar þegar grillið er orðið heitt. Efri hlutinn aðlagast í hæðina. Non-Stick, auðvelt í þrifum.

TILBOÐ 11.995
FULLT VERÐ 12.995



PHILIPS

Philips HR1368
Þráðlaus töfrasproti með 1 lítra skál, þeytara, hakkara og 7.2v Li-ion rafhlöðu sem endist í allt að 20 mín. Hleðslustöð fylgir.

TILBOÐ 12.995
FULLT VERÐ 21.995

PHILIPS

Philips HR2304
Ísþrærivél sem er 35 mínútur að búa til 1 líter. Kaupa má viðbótar kælidiska.

TILBOÐ 12.995
FULLT VERÐ 14.995

UNITED

United MWO9120
20 lítra 800w ÖRBYLGJUOFN með grilli, 9 hitastillingum, snúningsdiski, afþýðingu, barnalæsingu ofl. Silfurlitur.

VERÐ 14.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips SA2ARA04K
4GB Ariaz MP4 spilari með FullSound, 2.4" LCD litaskjá, diktafóni, RDS útvarpi með minnum, upptöku, tónjafnara, USB 2.0, og hleðsluraf-hlaðu. Uppfæranlegur. Geymir um 900 lög.

TILBOÐ 16.995
FULLT VERÐ 21.995

Panasonic

Panasonic DMCF4
Með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.0 - 20.0mm linsu, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.

TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 25.995

Ariete

Ariete DC090300AR0
1000w PIZZUOFN með stein snúnings-platta. 4 stillingar. Gluggi á loki.

VERÐ 17.995
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

Melissa 631149
Shiatsu nuddsæti með innbyggðri Infrared hitun, 10 stillingum, 4 sjálfstæðum nuddkúlum ofl. Tekur 12/220v.

TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 24.995

ELNA 2100
SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl.Íslenskur leiðarvísir.

TILBOÐ 29.995
FULLT VERÐ 32.995

DeLonghi

DeLonghi ESAM4000
1,8l Espresso KAFFIVÉL með kaffikvörn með grófleikastillingu. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino.

VERÐ 79.995
FRÁBÆRT VERÐ

CASIO
HLJÓMBORÐ
-margar gerðir

VERÐ FRÁ 9.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips BDP3100
FHD Media Link DivX Blu-Ray SPILARI með Deep Color, x.v. Colour, DVD 1080p uppskölun, Dolby True HD, DTS hljóð, Digital Coaxial , HDMI, USB2.0, SVHS, Ethernet, Digital Coax út ofl.

TILBOÐ 29.995
FULLT VERÐ 44.995

PHILIPS | O'NEILL

PHILIPS O'NEILL heyrnartól eru fyrir kröfuharða. Hágæða hljómgæði, veðurþolin, slitsterk og byggð til að endast.

VERÐ 19.995
FRÁBÆRT VERÐ

VERÐ 5.995
FRÁBÆRT VERÐ

VERÐ 12.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS
SENSEO KAFFIVÉLAR

KAKÓ, KAFFI OG KAKÓHALDA FYLGIR PHILIPS HD7810

Heimilistæki ht.is

OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Heitustu græjur ársins 2010

Sérfræðingar hafa í gegnum tíðina tekið saman helstu tólin og tækin þegar líður nær áramótum. Hér eru nokkrar af heitustu græjunum sem litu dagsins ljós á árinu sem er að líða og kennir þar ýmissa grasa. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* kannaði verð hlutanna í íslenskum verslunum og sem sjá má kosta græjurnar á bilinu 14.900 til 459.000 krónur hingað komnar.

Samsung PN50C7000

50 tommur, plasma, háskerpu 3D-stuðningur, nettenging
459.900

Garmin Nuvi 3790T

Örþunnt leiðsögutæki
84.900 kr.

Roku XDS

Margmiðlunarspilari með streymi. Ekki til hér en gæti kostað í kringum 21.203 kr.

iPod Touch

8 GB. 54.310 kr.

Toy Story 3

Bósi Ljósár með vængi, ljós og hljóð. 14.900 kr.

Amazon Kindle 3

lestölva með WiFi og 3G-stuðningi. Ekki til á Íslandi. Ætla má að tækið kosti hingað komið 37.674 kr.

iPhone 4-farsími

139.990 kr. (16 GB)



HP Envy 17

17 tommu skjár, 3D-stuðningur
Ekki til hér en gæti kostað 250.000-270.000 kr.

Flip Ultra HD

(3ja kynslóð) Lítil og handhæg stafræn upptökuvél sem tekur upp í háskerpu. Ekki komin til landsins en gæti kostað um 40.000 kr.

Kinect

Hreyfiskynjara-myndavél fyrir leikjatölvuna XBox 360
39.995 kr.

Zhu Zhu-gæludýrin

Rafhamstrar sem bregðast við umhverfinu, hreyfast og gefa frá sér fjölda hljóða. 1.999 kr.

iPad

Spjaldtölvan sem selst hefur í átta milljónum eintaka síðan hún kom á markað í apríl. 89.990 kr (16 GB)

VERTU FETI FRAMAR UM JÓLIN

Njóttu Jólafeta frá Mjólku
um hátíðarnar.

MJÓLKA

www.mjolka.is

VERT

Hún hefði átt að vera drengur

Bókin Með Létt skap og liðugan talanda segir frá kjarnakonunni **Margréti Guðjónsdóttur í Dalsmynni**. Mesta hrósið frá æskuárunum var frá pabba hennar er sagði: „Hún Margrét hefði átt að vera drengur.“ Hún ætlaði aldrei að eignast börn en gekk því fyrsta í móðurstað 17 ára gömul og ól síðan manni sínum, Guðmundi Guðmundssyni, tíu auk þess að taka mörg önnur til sumardvalar.

Bærinn í Kvíslhöfða var lítill og hriplekur moldarkofi. Ég á minningar um mömmu að breiða gæruskinn ofan á okkur til að halda rúmunum þurrum og þegar pabbi var að bera mykju í verstu rifurnar á þekjunni. Þar var fyrst komið inn í forstofu sem var byggð til að halda kuldanum úti. Út úr forstofunni lágu göng og þegar úr þeim var komið var eldhúsið hægra megin en það sneri í suður. Beint á móti því var búr eða geymsla sem vissi í norður. Innst var svo baðstofa og til að komast inn í hana þurfti að ganga upp þrjár tröppur. Undir baðstofunni var kjallari sem ekki var manngengur nema fremst. Baðstofan var þiljuð að innan nema hvað annar gafl hennar var úr mold og var skarsúð í lofti. Allir veggir voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Öll gólf nema baðstofugólfið voru moldargólf en í baðstofunni voru fjögur rúm og fjalir milli rúma. Undir rúmunum var mold og þar ímynduðum við okkur alls konar ævintýri. Þar sem aðeins voru fjórir gluggar á húsinu komst lítil dagsbirta inn en það var lýst upp með olíulömpum. Þetta voru ekki glæsilegar aðstæður og víst var ég kotakrakki en ég fann ekki fyrir því.

Skipsskaði á Mýrum

Þegar ég var 13 ára, árið 1936, fórst franska skipið Pourquoi-pas? við Mýrarnar. Við vorum úti á skeri hjá okkur úti á Tanga og þangað rak þrjú lík að því ég man best.

Það var einn maður sem komst lífs af og hann þurfti að segja nöfnin á fjörutíu látnum félögum sínum sem voru lagðir á bakkann, hlið við hlið, og ég gleymi aldrei hversu rosalega ég vorkenndi honum. Ég grét yfir þessu. Eftir sjóskaðann reyndi maður alltaf að hugsa um eitthvað allt annað. Þegar skipið fórst rak heilmikið af góssi í land; heilu kassarnir af flandrarakexi, auk hins og þessa, meðal annars vín. Það var lengi til á bæjunum léttvín og borðvín, svo voru heilu kassarnir af smjöri líka. Þetta var aðeins öðruvísi smjör en okkar.

Fyrr á öldum bjó kona í Straumfirði sem hét Halla og var talin göldrótt. Sagan segir að hún hafi misst son eða syni í röstinni og lagt það á að aldrei framar myndi nokkur drukkna þar. Sá eini sem komst af úr Pourquoi-pas? komst inn í röstina á rekaldi og var bjargað.

Eygló alltaf mitt barn

Guðmundur hafði verið með kaupakonu sumarið áður og þau áttu von á barni saman en hún var farin suður til Reykjavíkur. Hún átti ungt barn fyrir og vildi taka saman við fyrri kærastann sinn. Guðmundur bauðst til að taka nýfætt barn sitt og hugðist fá systur sína til að fóstra það. Þegar ég frétti af barninu tók ég ekki annað í mál en að við myndum ala það upp. Við opinberuðum trúlofun okkar á sumardaginn fyrsta 1940 þegar dóttir Guðmundar var hálfsmánaðargömul. Ég fékk að ráða þessu, skellti mér upp í rútu, fór suður til Reykjavíkur og sótti barnið. Áður en ég hélt vestur með hana lét ég taka mynd af okkur saman á ljósmyndastofunni hjá Lofti. Eygló hefur alltaf verið mitt barn, ég fæddi tíu börn en er móðir ellefu barna.

Blessun fylgir barni hverju

Maðurinn minn var hjá mér allar fæðingar og hélt í höndina á mér. Og honum fannst börnin alltaf skemmtilegust þegar þau voru lítil, á meðan þau voru á fyrsta ári, og ég var svolítið fúl yfir því þegar ég var ófrísk, þá hann var svo hrifinn af blessaða barninu þegar það fæddist. Þá sagði hann:

„Þú getur nú ekki séð eftir því að hafa fætt þetta barn.“ Hann sagði líka: „Blessun fylgir barni hverju.“ Við notuðum ekki svona verjur og svoleiðis, það var ekki komið þá og ég tók ekkert inn eða svoleiðis heldur.

Tengdamamma sagði mér að ljósmóðirin, sem sat yfir mér fyrst, hefði sagt að nýbakaðar mæður ættu að liggja í rúminu í níu daga, þeim veitti ekkert af þeim tíma til að jafna sig. Þá var venjan oft sú að konur voru komnar með nýfætt barnið á handleggnum út í fjós að mjólka á öðrum eða þriðja degi en ég lá alltaf í níu daga. Ég gegndi því alltaf hreint. Þegar ég var unglingur þá svaf ég í herbergi með gamalli konu sem átti nú bara eitt einasta barn og hún hafði legsig og það var agalegt. En hún kenndi því um að hún hafði orðið að fara á fætur bara undir eins og fékk ekki að jafna sig og ráðlagði mér það ég skyldi haga mér almennilega þegar ég eignaðist börn. Þetta var mér lexía upp á lífið. Ég passaði mig alltaf að fara gætilega eftir barnsburð. En ég hafði handavinnu og gerði ýmislegt í rúminu.

Ég reyni að telja ókunnugum trú um að hann Mundi minn hafi haldið sér svona vel fram yfir nírætt því hann hafi verið svo vel giftur. En því trúa kunnugir auðvitað ekki, þeir álíta að það sé hestamennskunni að þakka! Hann fór á hestbak á hverjum degi, hafði gaman af að temja, fara á hestamót og í útreiðartúra með öðrum.

Allt skemmtilegt nema að elda mat og skeina

Með allan þennan barnaskara kom sér nú vel að vera ofvirk; mér hefur alltaf þótt gaman að öllu nema að elda mat og skeina skít! Ég hafði alltaf mikið verksvit og það þarf húsmóðir í sveit að hafa til að geta sinnt öllu sem hún þarf; ekki síst þegar hún á ellefu börn. Auk barnanna minna var ég með fjölda sumarbarna, sum komu ár eftir ár. Ég var mikil útivistarmanneskja og naut þess að vera í matjurtagarðinum mínum. Það gerðist oft að þegar ég var búin að þvo allar bleiurnar og alla sokkana og svæfa börnin að ég fór út í garð og gleymdi mér gjörsamlega. Stundum áttaði ég mig ekki fyrr en sólin var komin upp…

Hafði sín ráð

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, segir frá:

Í fyrsta skipti þegar ég kom í þennan prívatreit Möggu, fyrir nokkrum árum, var þýskur myndlistarmaður, Ingo Fröhlich, með í för. Við gengum ásamt Möggu um reitinn og ég tók eftir því að Fröhlich uppveðraðist eftir því sem á skógargönguna leið. Fyrst í stað sáust engin tré heldur tók við okkur veggur af vörubrettum sem voru klædd netadræsum og gömlum gólfteppadræsum sem greinilega voru ekki not fyrir lengur. Fyrir innan tók við ýmiss konar húsbúnaður; eldhússtólar, kommóður, klósett, sófasett, rúmgaflar og annað sem nöfnum tjáir að nefna. Þegar betur var að gáð, þá leyndust litlar ungplöntur undir hægindastólum og öðru slíku sem stillt var upp á víð og dreif. Þarna var greinilega verið að mynda skjólbelti fyrir plönturnar.

„Krakkarnir mínir vilja nú ekki að ég sé að þessu og segja að þetta sé að verða ruslahaugur, en ég lít á þetta öðrum augum,“ sagði Magga. „Ég er að hlífa plöntunum og veita þeim skjól.“

Upp skyldi þetta allt saman og tilgangurinn helgaði meðalið. Allt var þetta haganlega tjóðrað niður og oftar en ekki voru plöntustofnar festir við stólpa í þeim tilgangi að takast á við náttúruna, snjófarg og aðdráttarafl jarðar. Margar birkiplönturnar uxu reyndar láréttar og lutu í lægra haldi fyrir ríkjandi vindáttum og snjófargi.

MEÐ EYGLÓ Margrét fór suður og sótti dóttur Guðmundar sem hann hafði eignast með fyrrverandi kaupakonu.

GRÓÐURSETNING Margrét og Sigríður Pétursdóttir prestsfrú ásamt börnum í sveitinni við upphaf skógræktar í Hrossholtslandi árið 1991.

HJÓNIN Á BÆNUM Guðmundur og Margrét á tröppunum.

BÆJARSTÆÐIÐ Dalsmynni stendur hátt við hlíðarrætur og þaðan er útsýni um héraðið.

MEÐ LÉTT SKAP OG LIÐUGAN TALANDA

Margrét Guðjónsdóttir er jafnan er kennd við Dalsmynni í Eyja-og Miklaholtshreppi. Hún er alþýðuhetja sem ólst upp í hriplekum moldarkofa í Álftaneshreppi en gerði það besta úr því sem lífið bauð henni. Bókin um hana opnar sýn inn í menningarheim sem nú virðist óralangt fjarri.

Lífssaga Margrétar í Dalsmynni er skrifuð af Önnu Kristine Magnúsdóttur og gefin út af Bókaútgáfunni Hólum.

YFIR 500 NÝJAR BÆKUR

3.720 kr.
Verð áður 5.990 kr.

Öldin okkar 1996-2000
Guðmundur Magnússon

39% AFSLÁTTUR

9.795 kr.
Verð áður 15.990 kr.

Alheimurinn - Leiðsögn í máli
Martin Rees aðalritstj.

Við erum á bónusverðum

Samkvæmt verðkönnun ASÍ á jólabókum 14. desember 2010

34% AFSLÁTTUR

3.980 kr.
Verð áður 5.990 kr.

10.10.10. Atvinnumannssaga Loga Geirssonar
Henry Birgir Gunnarsson

3.565 kr.
Verð áður 5.490 kr.

Dávaldurinn
Lars Kepler

35% AFSLÁTTUR

3.895 kr.
Verð áður 5.990 kr.

Alvara leiksins Gunnar Eyjólfsson - ævisaga
Árni Bergmann

3.694 kr.
Verð áður 5.490 kr.

Hreinsun
Sofi Oksanen

3.785 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Morgunengill
Árni Þórarinsson

37% AFSLÁTTUR

3.590 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Ljósa
Kristín Steinsdóttir

4.795 kr.
Verð áður 6.990 kr.

Poppkorn
Sigurgeir Sigurjónsson
Einar Kárason

35% AFSLÁTTUR

3.705 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Þóra biskups og raunir íslensk
Sigrún Pálsdóttir

A4

Smáratorgi 1 Kópavogi + Sími: 580-0000 + sala@a4.is + www.a4.is
Gleráreyrum, Akureyri + Sími: 580-0060 + akureyri@a4.is + www.a4.is

Skrifstofa og skóli

LAUS ÚR FANGELSI Julian Assange fyrir utan dómshúsið í London á fimmtudag ásamt Kristni Hrafnssyni, sem er lengst til vinstri á myndinni, og lögmönnum sínum, þeim Mark Stephens, Jennifer Robinson og Geoffrey Robertson. NORDICPHOTOS/AFP

Svipta valdið leyndarhulunni

Julian Assange og félagar hans hjá **Wikileaks** hafa árum saman dregið fram í dagsljósið upplýsingar sem valdamikið fólk vill hafa í felum. Fyrir vikið hafa þeir orðið fyrir hörðum árásum en ætla ótrauðir að halda áfram. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér sögu samtakanna og álitamál þeim tengd.

Sextán ára gamall setti Julian Assange sér þrjár reglur um innbrot sín í tölvukerfi, sem hann var strax þá farinn að stunda í nokkrum mæli; Sú fyrsta var að valda ekki neinum skemmdum á þeim tölvukerfum sem brotist var inn í; önnur var að breyta ekki neinum upplýsingum í þeim; og sú þriðja að deila upplýsingunum með öðrum.

Við þessar reglur virðist hann hafa haldið sig allar götur síðan.

Vefsíðuna Wikileaks stofnaði hann árið 2006 sem vettvang fyrir uppljóstrara sem vilja eins og hann draga fram í dagsljósið gögn sem áttu að fara leynt.

Tilganginn segir hann aldrei hafa verið þann að valda tjóni.

„Wikileaks hefur starfað í fjögur ár. Allan þennan tíma hefur engin trúverður ásökun komið fram, jafnvel ekki frá stofnunum eins og Pentagon, um að ein einasta manneskja hafi orðið fyrir skaða vegna starfsemi okkar," sagði hann í spjalli á vef breska dagblaðsins The Guardian í byrjun desember.

Linnulausar árásir

Vefsíðan Wikileaks og aðstandendur hennar hafa engu að síður orðið fyrir linnulausum árásum og stóryrtum ásökunum í hvert skipti sem þeir hafa birt mikilvæg gögn sem ekki áttu að þola dagsljósið.

Bandaríkjastjórn hefur sakað þá um „árás á gjörvalla heimsbyggðina", málsmetandi stjórnmálamenn vestra hafa krafist líflátsAssange og kreditkortafyrirtæki hafa lokað reikningum þeirra. Stuðningsmenn Assange segja ásakanir í Svíþjóð um kynferðisbrot gegn tveimur konum lið í sömu ófrægingarherferð, sem runnin sé undan rifjum Bandaríkjastjórnar.

Innri óánægja

Assange hefur svarað því til að þegar mikilvægum skjölum sé lekið frá heimildarmönnum innan bandaríska hersins sé ljóst að innan hans séu ekki allir sáttir við það sem þar er að gerast.

Ungur bandarískur hermaður að nafni Bradley Manning hefur undanfarið leikið stórt hlutverk í sögu Wikileaks. Svo virðist sem frá honum séu komnar myndbandsupptökurnar frá Írak sem birtar voru í vor og einnig sendiráðsskjölin sem nú er verið að birta, en þau eru samtals 250 þúsund talsins.

Manning gerði þau mistök að stæra sig við aðra af verkum sínum og situr nú í fangelsi ákærður fyrir hegðunarbrot.

Hins vegar hefur verið haft eftir honum að hann kæri sig kollóttan, þótt hann þurfi að sitja það sem eftir er ævinnar í fangelsi svo fremi sem myndirnar frá Írak verði á forsíðum allra fjölmiðla.

> Öllum þeim árásum sem Assange og Wikileaks verða nú fyrir urðum ég og birting Pentagon-skjalanna fyrir á sínum tíma.
>
> *Daniel Ellsberg*

„Ef það er í reynd svo, eins og Pentagon fullyrðir, að þessi ungi hermaður, Bradley Manning, standi á bak við sumar uppljóstranir okkar, þá leikur ekki vafi á því að hann er hetja sem á sér engin fordæmi," sagði Assange nú í byrjun desember.

Siðferðilegt álitamál

Starfsemi Wikileaks er augljóslega á gráu svæði mannlegs siðferðis. Þjófnaður á skjölum er vitaskuld þjófnaður og birting stolinna upplýsinga er engan veginn sjálfsögð hegðun í mannlegu samfélagi.

Á móti kemur að uppljóstranirnar torvelda valdhöfum að skáka í skjóli leyndar og gerir þeim erfiðara að haga sér eins og framferði þeirra komi engum við.

Ekki er heldur ljóst hvort Assange og félagar hafi brotið

FRAMHALD Á SÍÐU 64

HELSTU LEKARNIR

Fyrstu gögnin sem birtust á vefsíðu Wikileaks árið 2006 afhjúpuðu áform sómalska stjórnmálamannsins Sheikh Hassan Dahir Aways um að láta myrða ráðamenn í landinu. Síðan þá hefur starfsemin vaxið hratt.

Árið 2007 var birt handbók Bandaríkjahers um meðferð fanga í fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu, þar sem staðfest var í fyrsta sinn að meðferðin var ekki í samræmi við alþjóðlegar mannúðarreglur.

Þetta sama ár birtust einnig á síðum Wikileaks gögn um framferði Daniels Arap Moi, forseta Kenía, og fóru í kjölfarið af stað umræður í landinu um spillingu forsetans.

Árið 2008 birti Wikileaks skrá yfir félaga Breska þjóðernisflokksins og sama ár voru birtar upplýsingar úr einkatölvupóstfangi Söruh Palin, sem þá barðist fyrir því að verða varaforsetaefni Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum.

Íslensk skjöl hafa einnig ratað inn á síður Wikileaks. Um mitt síðasta ár birtist þar lánabók gamla Kaupþings, þar sem staðfest var að sumir stærstu eigendur bankans voru einnig meðal stærstu lánþega hans. Í byrjun þessa árs var síðan birtur listi yfir kröfuhafa Kaupþings, þar sem finna mátti ítarlegt yfirlit yfir 28 þúsund kröfur upp á samtals 40 milljarða evra.

Það var svo á þessu ári sem Wikileaks birti heimsbyggðinni ítarlegar skýrslur bandaríska hersins um hernaðinn í Írak og Afganistan, ásamt myndbandi frá þyrluárás á almenna borgara í Írak og svo loks leyniskýrslur bandarísku sendiráðanna, sem þessa dagana eru smám saman að mjatlast út á netið.

Sendiráðsskjölin eru samtals 250 þúsund en í gær höfðu ekki verið birt nema rúmlega 1.600 þeirra, vel innan við eitt prósent.

ÁST, FRIÐUR, ROKK & RÓL

ÓMISSANDI LESNING FYRIR ALLAR STELPUR!



STELPUROKK

Bráðsnjöll og skemmtileg unglingabók eftir metsölu-höfundinn Bryndísi Jónu Magnús-dóttur. Bókin fjallar um tískudrósina og tónlistarfíkilinn Sunnu, sem dreymir um að verða rokkstjarna með fyrstu stelpna-hljómsveitinni á Íslandi.

Stelpurokk er fimmta bók Bryndísar Jónu, en áður hafa komið út eftir hana bækurnar „Er ég bara flatbrjósta nunna?“, „Kossar, knús og málið er dautt!“, „Beygluð og brotin hjörtu“ og „Senjorítur með sand í brók“.

40% AFSLÁTTUR
2.394 kr
Áður 3.990 kr

Heilareglur og heilræði eftir John Medina er stórkostlega fræðandi bók um heilann.

Mannsheilinn vegur 2% af líkamsþyngd en notar 20% af orkunni.

"Við komum meiru í verk ef við festum blund í vinnunni; ef við göngum saman meðan á fundum stendur og ef við látum af þeim ósið að gera margt samtímis [multi-tasking]."

-**Dr. John Medina**, prófessor við University of Washington, ráðgjafi bandarískra menntayfirvalda metsöluhöfundur og margverðlaunaður kennari.

- Hvernig varðveitum við ferskleika hugans?
- Hvaða áhrif hefur hreyfing á heilann?
- Hvernig lærum við?

35% AFSLÁTTUR
3.699 kr
Áður 5.690kr

Á metsölulista *New York Times*
„Leyndardómur heilans á kjarnyrtu alþýðumáli.“ *USA Today*
www.brainrules.net.

VÖXTUR

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

GILDIR 16. – 19. DES.

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

FRAMHALD AF SÍÐU 62

nokkur lög með birtingu leynilegra upplýsinga, sem þeim hafa borist eftir ótilgreindum leiðum.

Leit að lögbroti

Bandarísk stjórnvöld hafa leitað leiða til að draga Assange fyrir dómstóla, en sú leit hefur ekki borið mikinn árangur. Vafasamt þykir að ákæra Assange fyrir að hafa með birtingu skjalanna gerst brotlegur gegn bandarísku njósnalögunum frá 1917, því þá sæti stórblaðið New York Times og fleiri fjölmiðlar undir sömu sök. Þar með væri sjálft tjáningarfrelsið í hættu og grundvöllur lýðræðis væri hreinlega brostinn, auk þess sem ákvæði njósnalaganna gætu hreinlega stangast á við fyrsta viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar, sem á að tryggja íbúum landsins óskorað málfrelsi.

Samkvæmt frétt í New York Times eru nú helst bundnar vonir við að Assange hafi hvatt Manning eða jafnvel aðstoðað hann við að leka leyniskjölum. Takist að sýna fram á það væri jafnframt mögulegt að ákæra Assange fyrir að vera samsekur honum.

Frávísun í Ástralíu

Ástralska lögreglan hefur einnig kannað hvort ástæða sé til að ákæra hann fyrir brot á áströlskum lögum, en niðurstaðan varð sú að ekki hafi verið sýnt fram á nein lögbrot sem myndu falla undir ástralska lögsögu.

Mörgum þykir einnig einkennilegt að Svíþjóð skuli ganga svo hart fram gegn Assange sem raun ber vitni, þrátt fyrir að þar í landi sé samfélagið á nálum vegna slælegrar frammistöðu dómskerfisins í kynferðisbrotamálum.

Furðar sig

Meira að segja Naomi Wolf, öflugur femínisti sem hefur fjallað mikið um lélega framgöngu stjórnvalda um heim allan í kynferðisbrotamálum, segir ljóst að í þessu máli sé eitthvað undarlegt á ferðinni.

„Karlmenn eru nánast aldrei vegna ásakana í kynferðisbrotamálum látnir sæta þeirri meðferð sem Assange hefur mátt þola," skrifar hún.

SNERTIR VIÐ MÖRGUM

BRADLEY MANNING Bandarískur hermaðurinn varð 23 ára gamall í gær. Andlegu og líkamlegu heilsufari hans hefur hrakað í fangelsinu. NORDICPHOTOS/AFP

HILLARY CLINTON Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sakar Assange um árás á gjörvalla heimsbyggðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

DANIEL ELLSBERG Maðurinn sem lak Pentagon-skjölunum hefur komið Assange til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/

„Allir sem vinna við að hjálpa fórnarlömbum nauðgunar vita, vegna þessara yfirgengilegu viðbragða, að Bretar og Svíar, örugglega undir þrýstingi frá Bandaríkjunum, eru á kaldrifjaðan hátt að nota nauðgunarmálið sem fíkjublað til að hylja þá skömm sem hvílir yfir alþjóðlegu og mafíukenndu leynimakki um að þagga niður í andófsröddum."

Ritskoðun að hætti Kínverja

Nú í vikunni tók Bandaríkjaher síðan upp á því að banna hermönnum sínum að skoða á netinu þá fréttamiðla sem hafa verið í samstarfi við Wikileaks og unnið fréttir upp úr leyniskjölum bandarísku sendiráðanna. Þetta eru fimm fjölmiðlar, allir meðal þeirra virtustu í heimi: Bandaríska dagblaðið New York Times, breska dagblaðið The Guardian, franska dagblaðið Le Monde, spænska dagblaðið El Pais og þýska vikuritið Der Spiegel.

Þarna hefur Bandaríkjaher tekið skref sem helst minnir á aðferðir kínverskra stjórnvalda, sem loka aðgangi að vefsíðum ef þar er fjallað um málefni sem þau vilja þegja í hel.

Grímulausar árásir og hræsni

Kristinn Hrafnsson blaðamaður, sem starfað hefur náið með Assange undanfarið, segir merkilegt að fylgjast með því hvað árásir stórveldis séu orðnar grímulausar.

„Að Bandaríkin, sem á alþjóðavettvangi segjast vera að berjast fyrir tjáningarfrelsi, skuli með þessum grímulausa hætti ráðast gegn einstaklingum sem standa sannarlega í baráttu fyrir tjáningarfrelsinu og eru að reyna að draga sannleikann fram í dagsljósið, er auðvitað ekkert annað en yfirgengileg hræsni," segir Kristinn.

Stofufangelsi á sveitasetri

Sjálfur var Assange látinn laus úr fangelsi í London á fimmtudaginn. Dómstóll veitti honum lausn gegn tryggingu, en gerði honum að ganga með staðsetningartæki og setti hann í reynd í stofufangelsi á sveitasetri á austanverðu Englandi.

Hann sagði við blaðamenn í gær að hann ætlaði ótrauður að halda áfram baráttu sinni.

Hvorki hann né félagar hans ætluðu að láta „afhausunarárásir" á hendur sér neitt á sig fá.

Sama sagan

Julian Assange og Bradley Manning eru engan veginn fyrstu uppljóstrarar sögunnar, þótt héðan í frá verði þeir að teljast með þeim allra stórtækustu.

Daniel Ellsberg er líklega þekktastur allra forvera Assange, en hann sendi árið 1971 nokkrum bandarískum stórblöðum Pentagon-skjölin svonefndu, sem voru rannsóknarskýrslur frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu um ákvörðunartöku bandarískra stjórnvalda í Víetnamstríðinu.

Birtingin hafði vafalítið þau áhrif að andstaða gegn Víetnamstríðinu óx og flýtti fyrir brotthvarfi Bandaríkjahers frá Víetnam.

Kemur Assange til varnar

Ellsberg hefur komið Assange til varnar nú þegar öll spjót beinast að honum, þar á meðal grófar hótanir og hefndaraðgerðir sem virðast runnar undan rifjum Bandaríkjanna.

„Öllum þeim árásum sem Assange og Wikileaks verða nú fyrir urðum ég og birting Pentagon-skjalanna fyrir á sínum tíma," segir Ellsberg á heimasíðu sinni, ellsberg.net.

> Karlmenn eru nánast aldrei vegna ásakana í kynferðisbrotamálum látnir sæta þeirri meðferð sem Assange hefur mátt þola.
>
> *Naomi Wolf*

JULIAN ASSANGE

Assange er tæplega fertugur, fæddur í Ástralíu árið 1971. Nafnið Assange virðist reyndar eiga sér kínverskar rætur, þrátt fyrir franskt yfirbragð. Þetta er fullyrt í tímaritinu New Yorker, sem fjallaði ítarlega um Assange þegar hann dvaldi hér á landi síðastliðið sumar. Þá bjó hann í húsi við Grettisgötu og vann ásamt hópi Íslendinga og útlendinga að birtingu myndbands úr fórum Bandaríkjahers, sem sýndi árásir úr bandarískri þyrlu á almenna borgara í Bagdad.

Samkvæmt tímaritinu má rekja nafnið til Kínverja sem flutti til Ástralíu snemma á 19. öld. Sá hét Sang, en var jafnan nefndur Ah Sang vegna þess að Ah mun þýða „herra" á kínversku. Síðar breyttu afkomendur herra Angs í Ástralíu nafninu úr Ah Sang í Assange.

Foreldrar Julians ráku ferðaleikhús og voru alltaf að flytja búferlum meðan hann var barn. Hann fékk að valsa um frjáls að mestu, átti til dæmis hest, byggði sér fleka, stundaði veiðar og lék sér í námugöngum, eftir því sem hann segir í greininni í New Yorker. Móðir hans hafði ekki trú á hefðbundnum skólum, taldi þá venja nemendur á allt of mikinn undirlægjuhátt við yfirvaldið. Þess í stað var honum stundum kennt heima, en stundaði líka sjálfsnám á bókasöfnum og beindist athyglin fljótlega að vísindum og tækni.

Hann byrjaði strax á unglingsárum að brjótast inn í tölvukerfi, þótt internetið væri þá varla orðið að veruleika. Þetta varð til þess að hann lenti nokkrum sinnum í útstöðum við lögregluna, sem meðal annars gerði húsleit á heimili hans í Melbourne árið 1991 þegar hann var rétt tvítugur.

Leki göngustafir
fyrir þá sem gera kröfur

Verð: 8.990 kr.
Tilboð:
7.990kr.
parið

North Face fatnaður
jólatilboð
20% afsláttur

Boltar
Verð frá **1.990kr.**

Kuldagallar
Verð frá **12.990kr.**

Kuldabuxur
Verð frá **6.990kr.**

Úlpur stærðir: 80 -120
Verð frá **9.990kr.**

Úlpur stærðir: 128 -174
Verð frá **11.990kr.**

Mikið úrval af kuldafatnaði á börn

Brettapakkar
20% afsláttur

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

Best klæddu konur ársins 2010

Á þessum árstíma eru flest tímarit full af topplistum yfir hvað hefur fangað athygli okkar á liðnu ári. Tískurit heimsins hafa flest birt lista yfir þær **konur sem hafa staðið upp úr í klæðaburði** árið 2010 og það sem hægt er að greina á þeim listum er að þær konur sem þorðu að taka áhættu í fatavali hafa verið hylltar. *Álfrún Pálsdóttir* ákvað að taka saman hvaða nöfn hafa verið hvað mest í tískuumræðunni á árinu.

FLIPPAÐUR RITSTJÓRI

Hin ítalska Anna Dello Russo er sú sem hefur vakið eina mesta athygli á árinu. Tískubloggarar með myndavélina að vopni elta hana á röndum, fatahönnuðir keppast um að fá að klæða hana og maður flettir varla tískublaði án þess að sjá henni mynd.

Dello Russo er ritstjóri japanska Vogue, sem er betur þekkt undir nafninu Vogue Nippon, og segist sjálf eiga yfir fjögur þúsund pör af skóm. Stíll hennar er óútreiknanlegur og á hún það til að skjóta stundum vel yfir markið. En hún kemst upp með það. Ekki geta allir klæðst grænum bjarnarpels eða gegnsæjum blúndukjól yfir hárauðum nærfötum með bros á vör.

ANNA DELLO RUSSO

GÖTUTÍSKA Dello Russo er ekki feimin við að láta mynda sig.

GLAMÚR Pallíettukjóll með fjöðrum.

STUTTUR KJÓLL Bleikar fjaðrir við neongrænt belti.

TVÍSKIPT Grænn pels og tvískipt sólgleraugu er ekki samsetning sem fer öllum.

GEGNSÆTT Þessi kjóll er ekki fyrir hvern sem er.

VENJULEG STELPA

Nafn Alexu Chung ætti að vera orðið þekkt núna en þessi unga kona, sem fyrst kom fyrir sjónir almennings sem sjónvarpskynnir hjá breska MTV, hefur heldur betur vakið athygli fyrir að taka góðar ákvarðanir í fatavali. Hún blandar oft saman fínum fatnaði og hversdagslegum fötum og er talin hafa tekið við tískufyrirmyndakeflinu af Kate Moss og Siennu Miller í Bretlandi.

Chung hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að ástæðan fyrir vinsældum hennar hjá tískuunnendum sé að hún klæði sig eins og venjulegt fólk. „Það er auðvelt að herma eftir stílnum mínum því ég kaupi fötin mín í stórverslunum og blanda stundum saman við aðeins dýrari merkjavöru.“

GALLASTUTTBUXUR voru ein af heitum tískubylgjum ársins og hér er Chung í fínni silkiblússu við.

SVARTIR SKÓR Alexa Chung er einstaklega lunkin við að finna út hvað passar saman og láta það líta vel út.

RAUÐUR Glæsile… í stuttum kjól og… flatbotna skóm i… anda sjötta áratu… arins.

TÖFFARI Jakkafataklædd með slaufu og rauðan varalit.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

desember 2010

Flauelsmjúkar sósur

Matgæðingurinn Marentza Poulsen gefur þrjár gómsætar sósuuppskriftir.

SÍÐA 10

Á franska vísu

Eyjólfur Gestur Ingólfsson, kokkur á veitingastaðnum Square, leggur til að landsmenn kynni sér franska matargerð um jólin.

SÍÐA 6

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-16

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Hátíð fer að höndum ein

Ljúffengir réttir á jólaborðið

KitchenAid®

JÓLATILBOÐ

Hrærivélarnar fást í mörgum litum!
Verð frá kr. 79.990

KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.

Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

GÓÐU FÁIÐ YKKUR MEIRA!

Ragnheiður Tryggvadóttir

Að borða yfir sig á hátíðarstundum er vel þekkt athæfi og í raun samfélagslega viðurkennt. Það er fátt betra en að borða góðan mat. Í veislum er enginn að telja hversu margar ferðir maður fer að kökuborðinu og jólahlaðborðin bjóða beinlínis upp á að maður reyni að koma sem mestu á diskinn sinn. Það gera þetta allir. Á fínum veitingahúsum þar sem maður fær nýjan disk í hverri ferð að hlaðborðinu er vel hægt að komast upp með að borða fleiri kíló af mat án þess að nokkur depli auga. „Góðu fáið ykkur meira, það er nóg til," segir húsmóðirin í veislunni brosandi og ýtin og gengur á milli gesta með hlaðinn bakka af smákökum. Auðvitað fær maður sér meira, frúin er listakokkur og kökurnar bráðna í munninum. Að ekki sé minnst á frómasinn, súkkulaðimúsina og rjómann.

Ég hef oft borðað yfir mig. Fannst það beinlínis tilheyra jólaborðhaldinu og ef ég stóð ekki svo pakksödd upp frá borðinu að mig sundlaði fannst mér næstum því eins og jólin væru ekki almennilega komin. Ég man meira að segja eftir að hafa oftar en ekki þurft að leggja mig í dágóða stund, sveitt á enninu og föl, áður en ég treysti mér til að opna pakkana. Á jólum er gott að eiga nokkur bréf af samaríni uppi í skáp. Leyst upp í vatnsglasi gerir það kraftaverk á stappfullum maga. Eftir að ég komst upp á lag með að drekka kaffi á fullorðinsárum er ég líka mjög hrifin af þeim sið að fá sér bolla eftir matinn. Yfirþyrmandi seddan sjatnar og maður er stálsleginn löngu áður en kemur að því að taka upp pakkana.

Smám saman hefur mér þó lærst að ánægjan felst ekki í því að borða sem mest. Miklu ánægjulegra er að sitja með sínum nánustu til borðs í rólegheitum, spjalla og borða einn bita í einu. Þannig nýtur maður hvers bita og finnur bragðið fram í fingurgóma. Nú kemur það oftar og oftar fyrir að ég stend upp frá borðinu södd og sæl, en ekki skjögrandi í keng svo perlar á enninu á mér. Batnandi manni er best að lifa segir einhvers staðar.

Það er þó fátt betra en að borða góðan mat og ég borða enn þá oft yfir mig. Sérstaklega á hátíðarstundu. Það er enda ómögulegt að standast allar þær góðu kökur sem boðið er upp á í jólaboðum, rjómasósurnar og eftirréttina. Svo lengi sem ég get staðið sæmilega upprétt eftir borðhaldið ætla ég ekki að gera veður út af því hversu mikið fór ofan í magann. Þegar brosandi húsmóðir réttir að mér kökudiskinn og býður mér að „endilega fá mér meira, nóg sé nú til," þá fæ ég mér endilega meira, takk fyrir mig.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur · A Aðalréttur · M Meðlæti · Til hátíðabrigða · Annað kjöt en fuglakjöt · Grænmeti · Hollt

matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson, Sólveig Gísladóttir og Vera Einarsdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Tryggvi Gunnarsson og Roald Eyvindsson **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is

Grillaður humar og grilluð nautalund með bakaðri kartöflu og grilluðu grænmeti. Það gerist vart girnilegra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á LANDI OG LÁÐI

Hassan Chahla er yfirkokkur á Humarskipinu, sérstæðu veitingahúsi um borð í skipi sem liggur við Suðurbugt við Reykjavíkurhöfn. Hann mælir með nauti og humri um jólin.

Hassan Jamil Chahla, yfirkokkur á Humarskipinu, flutti til Íslands frá Líbanon fyrir rúmum tuttugu árum. Hann telur sig fyrst og fremst Íslending og þrátt fyrir að kunna ágætlega við íslenskan þungan jólamat segir hann hressandi að skipta honum út fyrir léttari rétti. Hann eldaði því fyrir Fréttablaðið réttinn Surf&Turf sem samanstendur af grilluðum humar og nautakjöti.

„Ég nota aldrei pönnu," segir Hassan, sem grillar allan mat á Humarskipinu.

Humarskipið býður einnig upp á jólahlaðborð fyrir jólin þar sem meðal annars er boðið upp á humarsúpu, reyktan hval og steinbítspaté í forrétt, svartfugl, gæsabringu og pinnasteiktan skötusel í aðalrétt og ís og tíramisú í eftirrétt.

Það er ákaflega skemmtilegt að stíga út úr hinu venjubundna lífi stutta stund og stíga um borð í skipið sem hýsir veitingastaðinn.

Skipið er yfirbyggt en hefur enn sín sérstöku einkenni. Til dæmis er barinn sérlega skemmtilegur enda innréttaður í skipstjórnarklefanum. - sg

HUMAR OG STEIK/SURF & TURF

Fyrir einn

250 g nautalund

Kjötið marinerað eftir smekk og grillað í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Notið vægan hita.

5 stk. humarhalar

Klippið upp humarinn og takið kjötið innan úr. Hreinsið það og setjið ofan á skelina. Kryddið með salti, pipar og hvítlauk, olíuberið og grillið í 3 til 4 mínútur.

SÓSA
100 g ferskir sveppir
150 g villisveppir
2 msk. koníak
lítið glas púrtvín
sósujafnari
þeyttur rjómi
salt og pipar eftir smekk

Látið villisveppina liggja í heitu vatni í um 5 mínútur. Steikið fersku sveppina á meðan í 5 til 7 mínútur og síðan villisveppina. Bætið vatninu frá villisveppunum út á pönnuna með sveppunum. Bætið koníaki og púrtvíni út í og látið sjóða við vægan hita í 10 mín. Bætið salti, pipar, sósujafnara og þeyttum rjóma út í og hrærið vel. Berið fram með snöggsteiktu grænmeti og bakaðri kartöflu.

weber
Gjafavörur í miklu úrvali frá Weber - Grill og fylgihlutir

Sölustaðir :
Járn & Gler hf. – Garðheimar – Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri.
weber
www.weber.is

ego dekor

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-

Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-



COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-



HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-



COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á liðnu ári

AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-

CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-

STYLETTO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-

GIOIELLO
LJÓSAKRÓNA
Verð: 39.900,-



PHANTOM
LJÓSAKRÓNA
Verð: 29.900,-

BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-

ALEX
leðurstóll
Verð: 16.900,-

TRENT
leðurstóll
Verð: 12.800,-

MONET
stóll
Verð: 19.900,-

OLIVER
stóll
Verð: 18.900,-

TROY
stóll
Verð: 16.800,-

DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Höfundar hertaka IÐU

Við verðum í IÐU í dag milli kl. 14 og 17, láttu þig ekki vanta



kr. 3.990,-

kr. 2.590,-

kr. 9.990,-

kr. 3.990,-

kr. 3.490,-



kr. 2.190,-



kr. 4.990,-

★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★

Lækjargata 2a 101 R.sími 5115001 opið alla daga 9 til 22

IÐA

Fjör hjá okkur, rithöfundar til skrafs og ráðagerða

kr. 2.690,-

kr. 2.190,-

kr. 4.290,-



kr. 2.890,-

kr. 3.490,-

kr. 3.990,-

kr. 3.990,-

Hinn árlegi jólamarkaður
Sólheima er hjá okkur í IÐU húsinu

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Bollaleggingar

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is



Gæsasalat með mangó, salthnetum og kóríander borið fram á skemmtilegan hátt.



Nauta-ribeye með kartöflumauki, rauðrófum og timjansósu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

F A

FRANSKUR AÐALRÉTTUR OG TVEIR FORRÉTTIR

NAUTA-RIBEYE með kartöflumauki, rauðrófum og timjansósu

Fyrir 4

1 kg nauta-ribeye
100 ml olía
3 greinar rósmarín
15 g einiber
5 greinar timjan
3 geirar hvítlaukur

Setjið allt kryddið í mortél og myljið vel með örlítilli olíu. Bætið restinni af olíunni út í þegar kryddið hefur verið mulið og hellið öllu yfir kjötið. Látið marinerast í sólarhring. Steikið síðan kjöt á pönnu þar til það verður gullinbrúnt. Setjið síðan í 65 gráðu heitan ofn í minnst fjóra tíma. Hækkið hitann upp í 160 gráður í lokin, eða í 20 mínútur. Látið standa á bretti í 5 mínútur áður en kjötið er skorið í sneiðar.

KARTÖFLUMAUK
500 g möndlukartöflur
100 ml rjómi
50 g smjör
salt

Sjóðið kartöflur og skrælið. Látið suðuna koma upp á rjómanum, setjið kartöflurnar út í og stappið saman við. Bætið smjöri við og hrærið saman með sleif og smakkið til með salti.

RAUÐRÓFUKREM
100 g rauðrófur (afskurður)
50 ml vatn
20 ml ólífuolía
salt
pipar

Sjóðið rauðrófur í vatni þar til þær eru orðnar meyrar. Setjið þá í blandara. Bætið olíu rólega út í og smakkið til með salti.

RAUÐRÓFUTENINGAR
100 g rauðrófur
5 ml eplaedik (cider)
10 g sykur
40 ml vatn
20 ml olía
salt

Skerið rauðrófur í teninga, sjóðið saman með öllu þar til hráefnin eru orðið meyr og smakkið til með salti.

ÞURRKUÐ EINIBER
50 g einiber

Hitið einiber í 80 gráðu heitum ofni í um það bil 2 tíma.

TIMJANSÓSA
50 g laukur
1 stk. heill hvítlaukur
3 greinar timjan
4-5 einiber
100 ml rauðvín
40 ml olía
30 g smjör

Skerið grænmeti í litla bita. Svitið í potti ásamt kryddi þar til laukurinn er orðinn glær, bætið þá rauðvíni við og sjóðið niður um helming. Bætið þá soðinu af kjötinu við og sjóðið niður um helming. Sigtið allt. Bætið smjöri, salti og pipar við.

Í lokin: Setjið rauðrófumauk á disk, svo kartöflumauk og steik. Bætið teningum og sósu við. Setjið einiber í piparkvörn og malið vel yfir diskinn.

DÁDÝRA-CARPACCIO með sellerírótarkremi, gráðaosti og granatepla-vinaigrette

Fyrir 4

DÁDÝR
400 g dádýr
20 ml rósmarínolía
salt
pipar

Hreinsið sinar af dádýri og veltið svo upp úr rósmarínolíu. Saltið og piprið, rúllið inn í plastfilmu og frystið. Skerið kjötið í næfurþunnar sneiðar þegar það er frosið og dreifið á disk.

SELLERÍRÓTARKREM
100 g sellerírót
50 ml mjólk
10 ml ólífuolía
salt

Skrælið sellerírót og skerið í fína teninga. Setjið svo í pott með mjólk og sjóðið þar til þetta er orðið meyrt. Setjið allt í blandara þar til blandan er orðin silkimjúk. Smakkið þá til með salti. Ef kremið er of þykkt er alltaf hægt að þynna það með mjólk.

RISTAÐAR PEKANHNETUR
Setjið hnetur í 160 gráðu heitan ofn í um það bil 4 mínútur og myljið svo yfir dádýrið.

Jólapakkaskákmót Hellis verður haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 13. Mótið er fyrir börn og unglinga. Jólapakkar eru í verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum aldursflokki og happdrætti um þrjá jólapakka í hverjum aldursflokki. Skráning á www.hellir.blog.is. Ókeypis er á mótið.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999
www.marialovisa.com



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Leikkonan Jana María segir gjafakaup og innpökkun kærkomið frí frá því að koma stöðugt fram.

Pakkar inn fyrir ókunnuga

Jana María er á kafi í jólunum þessa dagana ýmist umvafin gjafapappír eða syngjandi jólalög á Gæna hattinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Félagar í Leikfélagi Akureyrar eru komnir í frí yfir áramótin, eða eins mikið frí og jólaamstrið býður upp á. Jana María Guðmundsdóttir, sem troðið hefur upp í Menningarhúsinu Hofi í Rocky Horror Picture Show í vetur, ætlar að nýta helgina nú, eins og reyndar alla daga fram að jólum, í að pakka inn jólagjöfum. Ekki þó gjöfum sem hún sjálf ætlar að gefa öðrum, heldur gjöfum ókunnugra.

„Ég lærði leiklist úti í Glasgow í Skotlandi og var vön að koma ekki heim fyrr en nokkrum dögum fyrir jól. Það er því skemmtileg tilbreyting að geta nú tekið þátt í jólaundirbúningnum af alvöru í stað þess að

30% afsláttur af öllum jólavörum
Jólarúmfatnaður
Jóladúkar
Jólasvuntur
Jólapúðar
Opið laugardag & sunnudag 11 - 18
Gildir meðan birgðir endast
Lín DESIGN
Lín Design / Laugavegi 176 / Sími 533 2220 / www.lindesign.is

Kristján Jóhannsson verður með jólatónleika í Stapanum í Reykjanesbæ á morgun. Kristján fær til liðs við sig ýmsa góða gesti, Valgerði Guðnadóttur, Anton Sigurðsson, Jóhann Smára Sævarsson og kór Keflavíkurkirkju undir stjórn Arnórs Vilbergssonar.

Eirberg

Nuddinniskór
• Örva blóðflæði og skynjun
• Hlýjir og mjúkir
• Stamir gúmmísólar
• Stærðir 38-42

Opið virka daga kl. 9 -18
og á **laugardögum** kl. 11 -16

Verð aðeins 5.950 krónur

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

„Ég er svona á röltinu um svæðið. Stundum spila ég á gítar, geri töfrabrögð eða fer með gamanmál og svo kynni ég þau atriði sem eru á sviðinu," segir Bjarni töframaður, sem er nokkurskonar Bastían bæjarfógeti í Jólabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jólapakkarall og rífandi stemning í miðbænum

Tveir pallbílar aka frá Hlemmi klukkan 15 í dag niður Laugaveg með syngjandi jólasveina. Þeir eru að safna pökkum handa fátækum börnum á Íslandi. Bjarni töframaður veit meira um málið.

„Það verða tveir bílar frá Mjólkursamsölunni í jólapakkaralli í dag sem byrjar klukkan þrjú. Þeir keyra frá Hlemmi niður á Ingólfstorg, fara svo aftur upp á Skólavörðuholt og halda þaðan niður í bæ klukkan fjögur. Harmónikuspilarar og jólasveinar verða á pöllunum og kaupmenn, krakkar og fullorðið fólk hendir til þeirra pökkum sem síðan verður útdeilt til þeirra sem minnst eiga í vændum. Það þurfa ýmsir aðstoð um jólin. Fólk verður bara að merkja pakkana stúlku eða dreng og á hvaða aldri."

Bjarni er nokkurs konar Bastían bæjarfógeti í Jólabænum milli Laugavegar og Hverfisgötu sem er opinn alla daga fram að jólum frá tvö til tíu. Hann sér til þess að allir séu glaðir og hamingjusamir. „Hér er heilmikil dagskrá á sviðinu í dag," segir Bjarni og kveðst eiga von á Sollu stirðu að teygja úr sér um tvöleytið og Hurðaskelli hálftíma síðar „Hurðaskellir er mjög duglegur að koma hingað. Kíkir við og tekur upp á ótrúlegustu hlutum. Krakkarnir hafa gaman af honum. Hann dansar með þeim kringum jólatréð og svona."

Bæjarfógetinn á von á fleiri gestum. Býst við að Blásarakvartett Reykjavíkur djassi upp jólastemninguna, Kársnesfreyjur komi til að syngja, líka stúlkurnar í Charlies og Kvennakór Reykjavíkur. „Það er voða notalegt hjá okkur, hægt að kaupa kakó og svo er fólk að selja alls konar varning, mest íslenskan, jafnvel heimatilbúinn. Ég er svona á röltinu um svæðið. Stundum spila ég á gítar, geri töfrabrögð eða fer með gamanmál og svo kynni ég þau atriði sem eru á sviðinu. Þeir sem eiga leið um Laugaveginn koma hér margir við og aðrir gera sér sérstaka ferð til að heilsa upp á okkur og líta á lífið á þessu litla torgi."

En finnst bæjarfógetanum ekki kalt í bænum sínum? „Það er nú glettilega gott skjól hjá okkur, að minnsta kosti í þeirri átt sem er núna," segir hann kokhraustur. „Meðan hæðin er yfir Grænlandi sleppur þetta. Það vantar bara snjóinn."

gun@frettabladid.is

Kristall
Mikið úrval af kristalsglösum
6 í pakka verð 4.000.-
Lagersala
Núpalind 1Kóp.
Hverafold 1-3 Rvk.
Hafnargata 50 Keflavík

Gefðu hlýja gjöf
Yfirhafnir kvenna, frábært úrval
• Úlpur
• Ullarjakkar/kápur
• Dúnkápur/úlpur
• Peysur
• Húfur-Hattar-Hanskar
Opið sunnudag frá 12:00-18:00
og laugardag frá 10:00-18:00
Opið mán - fös 10-18,
Topphúsið
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

HúðJarðar
Ný verslun 2. hæð Firðinum
Allt fyrir húðina þína og orka frá HúðJarðar
MIRANDA'S SNYRTIVÖRUR
Swiss Nature

Kvikmyndasafnið sýnir E.T.: The Extra-Terrestrial í leikstjórn Steven Spielberg í dag klukkan 16. Myndin segir af drengnum Elliot og systkinum hans sem reyna að hjálpa geimverunni E.T. heim.
www.kvikmyndasafn.is

Listamaður að störfum.

Daníel Hjörtur mundar keðjusögina.

Listasmíð með keðjusög

Boðið verður upp á óvenjulega uppákomu á Skólavörðustígnum í dag.

Listamaðurinn Daníel Hjörtur Sigmundsson mundar keðjusög af mikilli færni fyrir utan verslunina Eitthvað íslenskt á Skólavörðustíg 14 í dag. Daníel sker út andlit og fleira úr rekaviðardrumbum og öðru óvenjulegu efni á heila tímanum frá klukkan 13 til 18. Verður vafalítið forvitnilegt að fylgjast með listamanninum að störfum.

Verk Daníels eru til sölu í versluninni Eitthvað íslenskt sem opnaði nýlega og mun verða opin fram að áramótum. Þar koma saman handverks- listamenn og hönnuðir og bjóða fólki að kaupa beint af sér. Þar ægir öllu mögulegu saman og efnisvalið er fjölbreytt. Allt frá glerperlum, ull og tré til leirs, silkis og ljósmynda.

Þeir sem vilja kynna sér starfsemi verslunarinnar nánar er bent á facebooksíðu hennar undir Eitthvað íslenskt. *- sg*

Framhald af forsíðu

þurfa að drífa öll gjafakaupin og innpökkunina af," segir Jana María. „Lengi hef ég séð um að pakka inn jólagjöfum fyrir vini og vandamenn enda er fátt sem kemur mér í meira jólaskap en að pakka inn við kertaljós, ilmandi greni, kanil og með fallega jólatónlist á fóninum. Nú hef ég nægan tíma til þess og hef því ákveðið að taka innpökkunina skrefinu lengra."

Þetta skref felst í að stofna lítið fyrirtæki í Reykjavík sem ber hið veglega heiti Innpökkunarþjónusta Gjafmundar. Fólki gefst þannig kostur á að koma með gjafir til Jönu Maríu, sem pakkar þeim inn gegn vægu gjaldi. „Það er ekki boðið upp á þetta á mörgum stöðum svo vel sé. Auðvitað skiptir innihaldið mestu máli, en það skemmir ekki að pakkinn líti vel út undir jólatrénu og að umbúðirnar séu einstakar og á persónulegu nótunum. Ég nota einfaldan og náttúrulegan efnivið í gjafirnar, greni og þurrkaðar appelsínur svo eitthvað sé nefnt, og hvert merkispjald er gert af mér. Ég hef verið að nostra við svona lagað lengi, síðan ég var í fornámi í myndlistarskóla, og er komin með gott safn af merkispjöldum og pakkaskrauti þannig að úr nægu er að velja."

Jana notar ýmiss efni til að skreyta jólapakkana og hefur meðal annars pakkað þeim inn í Andrésblöð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Innpökkunin gegnir ekki einungis því hlutverki að koma Jönu Maríu í rétt skap. Hún er einnig kærkomið mótvægi við sviðslistirnar. „Það er nauðsynlegt að gera eitthvað allt annað en að koma fram til að hlaða batteríin. Ég get ekki talað fyrir hönd allra leikara, en held að það sé mjög hollt að gera eitthvað áþreifanlegt með höndunum á milli þess að stíga á svið."

Jana María er þó ekki fullkomlega laus við sviðið þrátt fyrir að leikhúsið sé í jólafríi. Í kvöld flýgur hún norður og kemur fram á tónleikum á Græna hattinum sem haldnir eru vegna útgáfu jólaplötunnar Jólastjörnur. „Svo kem ég beint aftur suður og sest við jólapakkana á sunnudag."

Nánari upplýsingar um Gjafmund er hægt að fá gegnum tölvupóst á gjafmundur@gmail.com, en hver pakki kostar 350 krónur. *tryggvi@frettabladid.is*

JÓLAKJÓLAR

20%
afsláttur af öllum vörum

Verð 16.990,-
Nú 12.990,-
Litir; fjólublár, blár, svart, rautt og sægrænt

Verð 24.990,-
Nú 19.990,-
Margar gerðir og litir

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Opið til kl 22

HLEÐSLUTÆKI
SNILLDARJÓLAGJÖF
15% Jólaafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Við bjóðum frábært verð
Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-
Til eldri borgara:
Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-

VDO Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

SPORT 2
enski boltinn

Síminn · ICELANDAIR · 1011 ...alltaf opið! · OPIN KERFI 25 ára



Fíton/SÍA

STJARNAN MÍN OG STJARNAN ÞÍN!

Bjart er yfir boltanum og börnin fara að hlakka til. Bráðum kemur blessaður leikurinn þegar toppliðið sækir meistarana heim og skal viðureignin sýnd heims um ból í beinni útsendingu. Var því aftur látið boð út ganga um að skrásetja skyldi íslensk heimili í áskrift að Stöð 2 Sport 2 svo þau mættu verða vitni að helgileik þessum þar sem stjörnurnar skína í von um hagstæð úrslit. Hver þau verða veit nú enginn, vandi er um slíkt að spá!

CHELSEA – MAN. UTD.

SUNNUDAG KL. 15:30

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 · SPORT 3 · SPORT 4 · SPORT 5 · SPORT 6

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Áreiðanleg
heimilshjálp
óskar eftir framtíðarstarfi

iRobot
Verð frá 69.900,-

iRobot | Helluhrauni 22 | s: 555 2585
www.irobot.is | www.facebook.com/irobot.is

OKKUR VANTAR ÖFLUGAN SÖLUMANN

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan sölumann í fullt starf til að selja heimilistæki og þjónusta viðskiptavini. Rafvirkjamenntun og reynsla af sölumennsku er kostur. Við gerum kröfur um stundvísi, mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt góðri tölvu- og tungumálakunnáttu. Góð laun og sölubónus í boði.

Umsókn og ferilskrá sendist á rafha@rafha.is fyrir 28. desember. Öllum umsóknum svarað og trúnaði heitið.

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
www.rafha.is

Verslunarstjóri óskast á Akureyri

Eymundsson leitar að kraftmiklum aðila í starf verslunarstjóra yfir verslun Eymundsson og Pennans á Akureyri.

Hæfnis- og menntunarkröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð þekking á verslunarrekstri
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið:
- Ábyrgð á rekstri og afkomu verslunar
- Dagleg stjórnun verslunar
- Umsjón með starfsmannamálum
- Fjárhags- og söluáætlanagerð
- Þátttaka í gerð markaðsáætlana
- Ábyrgð á innkaupum og framsetningu vöru
- Ábyrgð á öryggismálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Eymundsson er hin sígilda íslenska bókabúð, með verslanir um land allt. Við bjóðum uppá afbragðsgott úrval af ritföngum, bókum, tímaritum og öðru lesefni á íslensku og erlendum tungumálum.

Í verslunum Eymundsson er þægilegt andrúmsloft, fjölþætt þjónusta og reynslumikið starfsfólk. Starfsmenn eru um 200 talsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Davíðsdóttir, Verkefnastjóri, sími 540 2000.
Umsóknir sendist á gudrund@penninn.is fyrir 4. Janúar 2011.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavík

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra.
Leitað er að reyndum leiðtoga sem hefur áhuga á að nýta hæfileika sína í þágu mikilvægrar almannaþjónustu.

Um starfið:

- Forstjóri OR stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins og gætir jafnvægis milli samfélagslegra, fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.
- Forstjóri hrindir í framkvæmd stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn.
- Forstjóri ber ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, gæðastjórnun, fjármálastjórnun, þekkingar- og starfsmannastjórnun.
- Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmdum á vegum OR og að umgengni við auðlindir sé samkvæmt viðmiðum um sjálfbæra þróun.
- Forstjóri ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn, lánastofnanir og aðra hagsmunaaðila.
- Forstjóri fer með eignarhluti OR í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Áhersluatriði í starfi forstjóra næstu misserin eru fjárhagsleg endurskipulagning og fjárhagslegt jafnvægi, stefnumótun og endurskoðun á innri ferlum og stjórnun.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfinu.
- Reynsla úr yfirstjórn í stóru fyrirtæki eða stofnun er mjög æskileg.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar auk færni í að móta og innleiða framtíðarsýn.
- Hæfni í að styðja öflugan hóp samstarfsmanna til ábyrgðar og nýta hæfileika allra starfsmanna með samráði og upplýsingaflæði.
- Þekking á sviði fjármála og fjármögnunar fyrirtækja, reynsla af flókinni samningagerð og stýringu áhættu.
- Samskipta- og tjáskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 52809 12/10

Launakjör taka mið af úrskurðum kjararáðs um laun í sambærilegum störfum. Nánari upplýsingar um starfið gefur Skúli Waldorff starfsmannastjóri (sími: 516 6000, netfang: skuli.waldorff@or.is). Umsóknum skal skilað til Orkuveitu Reykjavíkur á netfangið **umsokn@or.is í síðasta lagi 4. janúar 2011**. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Hæfnisnefnd mun meta umsækjendur með faglegu hæfnismati og gera tillögu til stjórnar OR. **Sjá nánar um ráðningarferlið á www.or.is**.

Orkuveita Reykjavíkur er þjónustufyrirtæki sem veitir íbúum og atvinnulífi grunnþjónustu með veitu- og virkjanarekstri og tryggir öruggan aðgang að heitu og köldu vatni og rafmagni, auk fráveitu og gagnaveitu. Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki þriggja sveitarfélaga á suðvesturhorni Íslands og þjónar um 200.000 notendum. Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að tryggja á hagkvæman og sjálfbæran hátt lífsgæði og hæfni samfélagsins.

Grunngildi OR eru virðing, hagsýni, heiðarleiki, eldmóður, traust og sveigjanleiki.

www.or.is

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Sérfræðingur	Fjármálaráðuneytið	Reykjavík	201012/052
Framhaldsskólakennari í eðlisfræði	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201011/049
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201012/051
Skrifstofustjóri stjórnlagaþings	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/050
Aðallögfræðingur	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/049
Ræðu- og skjalalesari	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/048
Tæknifulltrúi	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/047
Nefndarritari	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/046
Starfsmaður í veitingaþjónustu	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/045
Þingverðir	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/044
Þjónustufulltrúi í móttöku	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/043
Ræðuritari	Undirbúningsn. stjórnlagaþings	Reykjavík	201012/042
Lögfræðingur	Sýslumaðurinn í Reykjavík	Reykjavík	201012/041
Sérfræðingar	Umhverfisstofnun	Rvk og landið	201012/040
Lögfræðingur	Umhverfisstofnun	Rvk og landið	201012/039
Öryggisg., flutn. og sjúklingaflutn.	LSH, öryggis- og flutningsd. H	Reykjavík	201012/038
Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar	LSH, öldrunarlækningadeild B	Reykjavík	201012/037
Hjúkrunarfræðingur	LSH, næturvaktadeild	Reykjavík	201012/036
Verkefnastj., læknir, hjúkrunarfr.	LSH, barnalækningar	Reykjavík	201012/035
Starfsmaður í mötuneyti	ÁTVR	Reykjavík	201012/034
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201012/017

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · REYKJAVIK UNIVERSITY

VERKEFNASTJÓRI

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR EFTIR VERKEFNASTJÓRA GRUNNNÁMS Í TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

Starfið felst í samskiptum og þjónustu við nemendur og kennara tölvunarfræðideildar, ásamt umsjón með ýmsum viðburðum á vegum deildarinnar. Verkefnastjórinn ber ábyrgð á samskiptum við nemendur í grunnnámi, en starfar einnig náið með starfsfólki deildarinnar og ýmsum stoðdeildum innan HR.

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf, mjög góða tölvukunnáttu og samskiptahæfileika, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða, góða færni í íslensku og ensku og brennandi áhuga á að stuðla að enn betra náms-umhverfi í tæknigreinum innan HR.

Umsóknir skulu sendar á netfangið **appl@hr.is** **fyrir 28. desember**, og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila.

Nánari upplýsingar veitir Kristine Helen Falgren skrifstofustjóri (kristine@hr.is).

www.hr.is

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 52820 12/10

ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN TIL STARFA Í FLUGVERNDARDEILD FÉLAGSINS

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Liðsmanni með mjög góða samskipta-hæfileika sem finnst gott að vinna sem hluti af liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.

STARFSSVIÐ
- Þátttaka í mótun flugverndaráætlunar Icelandair
- Samskipti við flugafgreiðsluaðila og flugvallayfirvöld varðandi flugvernd
- Aðstoð við gerð þjálfunaráætlunar og kennsluefnis í flugvernd fyrir starfsfólk Icelandair
- Eftirlit með að flugafgreiðsla flugvéla Icelandair sé í samræmi við gildandi flugverndarreglur og útgefna staðla

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun æskileg, sambærileg eða sérhæfð menntun kemur til greina
- Þekking á flugverndarmálum og flugrekstri eða öryggistengdri starfsemi
- Reynsla af gæðastjórnun er æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Færni í ritun handbóka og verklagsreglna sem og góð tölvukunnátta

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:
Ólafur Ragnar Ólafsson | Sími 5050 241 | oro@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | Sími 5050 155 | stina@icelandair.is

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair:
www.icelandair.is/umsokn
eigi síðar en 30. desember 2010.

ICELANDAIR

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Laus störf í leikskólum Garðabæjar

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

MAST Matvælastofnun

Sérfræðingur

Eftirlit með framleiðendum sjávarafurða

Matvælastofnun óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf frá og með 1. febrúar 2011 sem tengist eftirliti með framleiðslu sjávarafurða á aðalskrifstofu MAST á Selfossi. Starfið er tvískipt, annars vegar lýtur það að þjálfun, fræðslu og samræmi í störfum eftirlitsmanna og hins vegar að beinu eftirliti með framleiðendum sjávarafurða. Starfið mun útheimta nokkur ferðalög innanlands

Matvælastofnun mun frá 1. mars 2011 taka yfir allt eftirlit með framleiðendum sjávarafurða sem að hluta til hefur verið í höndum faggiltra skoðunarstofa.

Helstu verkefni:
- Skipulag og þátttaka í þjálfun og fræðslu eftirlitsmanna
- Skipulag og aðgerðir til samræmingar í störfum eftirlitsmanna
- Umsjón með úttektum vegna leyfisumsókna
- Úttektir á innra eftirliti (HACCP) hjá leyfishöfum
- Skoðanir hjá leyfishöfum, þ.e. landvinnslum, vinnslu-, frysti- og öðrum fiskiskipum
- Eftirlit með löndunaraðstöðu og aflameðferð
- Samskipti við leyfishafa
- Skýrslugerð og frágangur gagna í gagnagrunn
- Úrvinnsla gagna vegna eftirlits
- Önnur tilfallandi verkefni sem starfsmanni eru falin

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði eftirlits með framleiðslu sjávarafurða byggt á HACCP aðferðafræðinni
- Þekking á HACCP, lögum og gerðum EES um matvæli og fóður
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður Örn Hansson (sigurdur.hansson@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800.

Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum „Sérfræðingur-Sjávarafurðir" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, **www.mast.is.**

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

Yfirmaður Upplýsingatækni

Landsbankinn

Upplýsingatækni Landsbankans er einstaklega vel mönnuð metnaðarfullu og hæfu tæknifólki. Landsbankinn leggur áherslu á að efla starfsfólk sitt og birtist það meðal annars í öflugu menntunar- og fræðslustarfi innan Upplýsingatækni.

Laust er til umsóknar starf yfirmanns Upplýsingatækni hjá Landsbankanum.

Upplýsingatækni Landsbankans telur 114 manns og ber ábyrgð á framþróun og nýtingu Upplýsingatækni hjá Landsbankanum. Innan deildarinnar eru þrjár einingar: Hugbúnaður, Rekstur og Arkitektúr & gæðamál. Yfirmaður Upplýsingatækni ber ábyrgð á þessum einingum og framþróun þeirra. Upplýsingatækni er hluti af Þróunarsviði bankans.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

Blaðberinn býður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

visir.is

Dádýra-carpaccio með sellerírótarkremi, gráðaosti og granatepla-vinaigrette.

Franskar krásir

Frakkar hafa löngum verið leiðandi í matargerð. Eyjólfur Gestur Ingólfsson, kokkur á veitingastaðnum Square, veit allt um það og leggur til að landsmenn kynni sér franska matargerð betur fyrir þessi jól og áramót. Hér gefur hann þrjú sýnishorn.

Eyjólfi Gesti Ingólfssyni kokki finnst best að gæða sér á hamborgarhrygg, karamelluðum kartöflum og heimagerðu rauðkáli um jólin. Honum þykir þó ekkert síðra að bregða út af vana endrum og eins, prófa eitthvað alveg nýtt og öðruvísi yfir hátíðarnar og mælir sterklega með að fólk reyni þá til dæmis fyrir sér í franskri matseld. Enda Frakkar leiðandi í matargerð eins og hann orðar það sjálfur.

„Nauta-ribeye með kartöflumauki, rauðrófum og timjansósu er til að mynda algjör herramannsmatur og hentar vel í aðalrétt," segir Eyjólfur og finnst alls ekki skrítið að bjóða upp á nautakjöt á jólunum þegar blaðamaður spyr. „Alls ekki, enda í raun enginn munur á nautalundum og til dæmis lambi."

Til að kjötið bragðist sem best kveðst Eyjólfur krydda það með jurtum og rista vel upp úr smjöri á pönnu. „Kjötið er síðan sett í 65 gráðu heitan ofn í minnst fjóra tíma. Hann er svo hækkaður í 160 gráður rétt í lokin."

En hvað færi vel að hafa í forrétt með svona frönskum fínheitum? Kokkurinn er ekki lengi að hugsa sig um. „Þá væri gott að bjóða upp á annaðhvort dádýra-carpaccio nú eða þá gæsasalat, en hvort tveggja bragðast alveg svakalega vel," segir hann og afhendir í lokin uppskriftir að herlegheitunum. Getur þess svo að þeir sem leggi ekki í að útbúa matinn sjálfir geti svo alltaf milli jóla og nýárs kíkt á hlaðborðið á veitingastaðnum Square, þar sem hann heldur utan um eldamennskuna.

- rve

Eyjólfur sækir gjarnan í franska matseld og finnst gaman að blanda henni við aðrar stefnur, eins og nýnorrænt eldhús. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GRANATEPLA-VINAGRETTE
1 granatepli
50 ml Extra Virgin ólífuolía
10 ml sojasósa
salt
pipar

Skerið granatepli í tvennt og kreistið yfir skál. Reynið að ná fræjum og safa án þess að börkur fljóti með. Bætið ólífuolíu og sojasósu við og smakkið til með salti og pipar.

RÚGBRAUÐSTENINGAR
2 brauðsneiðar rúgbrauð
20 ml Extra Virgin ólífuolía
pipar

Skerið rúgbrauð í litla teninga, setjið í pott með ólífuolíu og hitið við vægan hita til að velgja upp á rúgbrauðinu. Smakkið svo til með pipar.

Í lokin: Stráið aðeins af rifnum gráðaosti yfir kjötið, bætið við „doppum" af sellerírótarsósu, ristuðum pekanhnetum og rúgbrauðsteningum og stráið vinaigrettinu yfir. Setjið smá salat með í restina.

GÆSASALAT með mangói, salthnetum og kóríander

Fyrir 4

GÆSASALAT
400 g gæs
50 g sykur
50 g salt
1 sítróna
5 greinar timjan

Setjið gæs í eldfast form; sykur, salt, timjan og sítrónu í mortél og merjið saman og stráið yfir gæsina. Látið liggja í um sólarhring. Síðan er gæsin léttbrúnuð og sett í ofn við 130 gráða hita í 5 mínútur. Leyfið henni svo að kólna á bretti og skerið niður í sneiðar.

MANGÓ-CHUTNEY
1 mangó
1 tómatur
1 grænt epli
1 skalottulaukur
1 tsk. five spice
½ tsk. cayenne-pipar
½ tsk. engifer
180 g sykur
150 g vatn
20 ml Extra Virgin ólífuolía

Skrælið mangó og epli og skerið í teninga. Skerið tómat í tvennt og kjarnhreinsið. Skerið laukinn fínt niður. Setjið svo allt í pott og sjóðið þar til það hefur þykknað eins og sulta.

MANGÓTENINGAR
½ stk. mangó
5 ml kampavínsedik
5 ml ólífuolía
salt
pipar
Skrælið mangó og skerið í teninga, setjið í skál ásamt ediki og olíu. Smakkið loks til með salti og pipar.

Setjið allt í skál og hristið saman. Bætið svo salthnetum og búnti af kóríander við. Líka gott að bæta við klettasalati.

Bon appétit!

margt smátt

HÁTÍÐARKRYDD FRÁ KRYDDVEISLUNNI Kryddveislan hefur sent frá sér þrjú ný sölt og þrjár nýjar kryddblöndur. Söltin eru náttúruleg sölt frá Reykjanesi með lágu natríumklóríð innihaldi.

Reykjanessaltið er gróft og bragðmikið og minnir frá náttúrunnar hendi helst á haglél og **Hátíðarsaltið** er blandað lífrænu rauðbeðudufti sem gefur því fagurbleikan blæ. **Sítrussaltið** er blandað lífrænum sítrusberki.

Kryddblöndurnar eru **Svartur pipar** með rósapiparkúlum, **Villibráðar-Espressó** krydd með möluðu Kaffitárskaffi ásamt einiberjum, fennel og úrvali af grænu kryddi. **Kalkúnakryddið** er hefðbundin kryddblanda með salvíu og fleiri grænum kryddfélögum.

Kryddin sex eru bæði seld stök og einnig í gjafaöskjum. Í einni þeirra er salt og pipar með tveimur litlum trébaukum til að hafa við höndina. Jólalegar uppskriftir fylgja kryddunum, sumar þeirra nokkuð framandi.

TVEIR NÝIR FORRÉTTIR Ferskar kjötvörur hafa sett á markað nýja línu í forréttum. Um er að ræða sveitapaté með rifsberjahlaupi og hindberjasósu og grafið lambafilet með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu. Í fagkeppni meistarafélags kjötiðnaðarmanna 2010 unnu báðir réttirnir til gullverðlauna í sínum flokki. Sveitapatéið í flokknum Kæfur og paté og lambafiletið í flokknum Hráverkuð vara. Auk þess var sveitapatéið valið besta afurðin úr svínakjöti á þessu ári.

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
Veiðikortið fæst á N1

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.
Frábærir eiginleikar:
10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar
Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Jólakálbögglar með rauðrófum, sætum kartöflum og spínati. Laufabrauð passar vel með réttinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rautt skal það vera

Listakokkurinn Helgi Sverrisson, kvikmyndaleikstjóri og rithöfundur, gaf sér tíma frá upplestri og útbjó hátíðlegan rétt. Rauðkál og rauðrófur leika stórt hlutverk.

Á milli hátíða finnst mér gott að snæða eitthvað létt og þá gjarnan úr grænmeti," segir Helgi Sverrisson, sem er þekktur fyrir tilþrif við eldamennsku. Hann kveðst hafa sett meðfylgjandi uppskrift saman úr tveimur. Útkoman er fylltir rauðkálsbögglar, steiktar rauðrófur, spínat og sætar kartöflur.

Helgi er jólakarl og segir aðventuna núna óvenjulega hjá sér. Hann hafi flakkað á milli skóla og lesið úr bókinni Hrafnar, sóleyjar og myrra, ásamt meðhöfundinum Eyrúnu Ósk Jónsdóttur. Bíómynd eftir sömu sögu verði síðan sýnd í febrúar. „Við höfum hitt krakka um allt land, lesið fyrir þau og spjallað við þau um lífið og tilveruna. Það er bara ekki hægt að gera neitt skemmtilegra."

„Við verðum að hafa græna litinn með," segir Helgi og bætir meinhollu spínati á diskinn.

A

JÓLAKÁLBÖGGLAR MEÐ RAUÐRÓFUM, SÆTUM KARTÖFLUM OG SPÍNATI

Fyrir fjóra

JÓLAKÁLBÖGGLAR

1 stór rauðkálshaus
250 g hrísgrjón
2 pokar valhnetur
2 dósir af þurrkuðum villisveppum
1 pakki sveppir
2 rauðlaukar
¼ chili pipar
1 tsk. svartur pipar
½ tsk. salt
1 tsk. miso (má sleppa)

Byrjið á að sjóða hrísgrjón og leggja sveppina í volgt vatn.Skerið rauðlaukinn smátt og steikið á pönnu, setjið síðan sveppina ásamt miso, svörtum pipar, smátt skornum chili-pipar út á pönnuna. Takið blönduna og setjið út í hrísgrjónin ásamt valhnetunum og þá er fyllingin fyrir bögglana tilbúin.

Takið rauðkálið, stingið gafli í hausinn og dýfið í sjóðandi vatn, í mínútu. Takið upp úr og losið kálblað frá hausnum. Endurtakið átta sinnum, það er gert ráð fyrir tveimur kálbögglum á mann. Leggið kálblað á álpappír og setjið fyllingu ofan á. Pakkið fyllingunni inn í rauðkálsblaðið og vefjið álpappírnum utan um. Gufusjóðið kálbögglana á pönnu í 10 mínútur.

RAUÐRÓFURNAR

3 ferskar rauðrófur
5 hvítlauksrif
1 msk. ferskt rósmarín
1 dl balsamedik
2 msk. agave-síróp
1 dl madeiravín eða púrtvín
1 msk. smjör

Skerið rauðrófur í litla teninga. Nauðsynlegt að nota hanska. Rauðrófubitarnir eru steiktir í smjöri, ásamt hvítlauk og kryddi. Síðan er vínin, agave-sírópinu og balsamedikinu bætt út í og látið sjóða í 15 mínútur eða þangað til rauðrófurnar eru mjúkar.

MEÐLÆTI

10 skalottlaukar
2 sætar kartöflur, stórar
1 poki ferskt spínat
klípa af smjöri

Skalottlaukarnir eru skornir í tvennt og steiktir á pönnu í ólífuolíu. Sætu kartöflurnar eru skornar í teninga og bakaðar í ofni við 170 gráður í 30 mín. Spínatið er snöggsteikt í klípu af smjöri.

Þegar maturinn hefur verið eldaður er kálböggullinn settur á disk, spínatinu raðað ofan á hann, þar ofan á eru settar sætu kartöflurnar, ofan á þær rauðrófurnar (gott að hella smá rauðrófusafa úr pottinum yfir). Að lokum er skalottlauknum dreift ofan á bögglana og í kring.

Cucu 70x35 cm í lökkuðu stáli: 24.900 kr.

Bjóðum það besta í evrópskri **húsgagnahönnun**
og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

PIPAR/TBWA • SÍA • 103042

Reyking HANGIKJÖTS

Nútíma reykingaraðferðir eru ekki svo frábrugðnar þeim hefðbundnu, enda lítil ástæða til að breyta því sem gott er. Tæknin spilar þó stórt hlutverk.

Hangikjöt hefur verið reykt hér á landi síðan land var numið. Þar sem lengi vel var skortur á salti fékk kjötið að hanga í reyk uppi í rjáfri í hlóðaeldhúsum og jók það geymsluþolið til muna. Það kjöt sem helst var valið til reykingar var af læri eða bóg, en þar sem feitara kjöt hentar betur í reyk þótti bógurinn betri. Í dag er eftirspurnin eftir fitunni töluvert minni, enda fáir sem þurfa á orkunni að halda til að halda á sér hita. Því hafa lærin tekið yfirhöndina.

Þótt tími hlóðaeldhúsanna sé liðinn hefur aldrei verið meira reykt af hangikjöti. Hverjum þykir sinn fugl fagur, eða öllu heldur kind bragðgóð, er kemur að reykingaraðferðum, en flestir eiga það sameiginlegt að vilja halda í hefðirnar. Þrír stærstu hangikjötsframleiðendur landsins, Kjarnafæði, Norðlenska og Sláturfélag Suðurlands, nýta þó nútímatæknina í sína þágu að einhverju leyti, en hún gefur mun meiri stjórn yfir ferlinu en reykkofar einyrkjans.

Til að byrja með er kjötið sem reykja á tekið úr frysti og er það ýmist sprautusaltað eða pækilsaltað þegar frostið er úr því, en ekki eru allir sammála um hvor aðferðin sé betri. „Sprautusöltunin gerir okkur kleift að hafa stjórn á söltuninni sem verður jafnari," segir Oddur Árnason, verksmiðjustjóri hjá Sláturfélagi Suðurlands. Kjötmeistararnir hjá Norðlenska eru á öðru máli og halda fast í þá hefð að pækilsalta. „Kjötið okkar er pækað í langan tíma og bragðið verður bara betra þannig," segir Sigurgeir Höskuldsson, gæða- og vöruþróunarstjóri Norðlenska.

Hangikjötið er reykt í stórum ofnum sem að grunninum til byggja á sömu tækni og gömlu reykkofarnir. Ofnarnir hafa það þó fram yfir kofana að þeir gera kjötiðnaðarmönnum kleift að stjórna hita, raka, og reykmagni í ofnunum. „Það tekur tvo til þrjá daga að reykja kjötið, en það fer eftir því hversu reykt það á að vera. Veðrið hefur reyndar líka áhrif því þrátt fyrir að ofnarnir séu fullkomnir þá erum við enn þá háðir náttúruöflunum að einhverju leyti," segir Oddur.

Mismunandi er hvort kjötið er úrbeinað fyrir reyk eða eftir, eða hvort það sé gert yfirleitt. Beinið hefur áhrif á bragðið og enn er það smekksatriði hvor leiðin er farin.

Brennsluefni ofnanna að fornum sið var mór, lyng og tað, og er taðið enn notað af Kjarnafæði og Norðlenska. SS hefur hins vegar sérhæft sig í birkireykta hangikjötinu. Munurinn kemur fram í bragðinu og er birkið mildara. Tvíreykt hangikjöt er sífellt að verða vinsælla en þá er, eins og nafnið gefur til kynna, kjötið reykt um helmingi lengur en gengur og gerist. Kjötið verður þurrara og bragðmeira og er að öllum líkindum líkast því kjöti sem reykt var til forna. - tg

Oddur Árnason segir Sláturfélagið reykja um 100 tonn af hangikjöti yfir jólavertíðina.

Mikilvægt er að stjórna reykingunni vel, enda heldur fólk fast í hefðir og vill vita að hverju það gengur er kemur að bragði hangikjöts, að sögn Sigurgeirs Höskuldssonar hjá Norðlenska.

Marentza Poulsen, veitingakona á Kaffi Flóru, gefur lesendum þrjár einfaldar uppskriftir að góðum sósum með hátíðamatnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrjár ljúfar sósur

Flauelsmjúk og ilmandi sósa kallar fram besta bragðið af hátíðamatnum. Tilbúnar sósur í bréfi geta verið ágætar en best er að sjóða sósuna upp frá grunni.

Góð sósa getur skipt höfuðmáli þegar snæða á hátíðarmatinn. Mörgum vex þó í augum að sjóða upp sósu frá grunni, halda að það sé einungis á færi útlærðra meistarakokka, og laumast til að nota tilbúnar sósur í bréfi á jólaborðið. Marentza Poulsen, veitingakona á Kaffi Flóru, segir þó enga ástæðu til þess, bragðgóð og ljúf sósa þurfi alls ekki að vera svo flókin í matreiðslu og kalli fram það besta í aðalréttinum.

Marentza gefur hér lesendum Fréttablaðsins þrjár uppskriftir af einföldum og góðum sósum með þrenns konar jólamat; eina með villisveppum fyrir villibráð, rauðvínssósu fyrir reykta svínakjötið og loks sósu fyrir kalkún eða kjúkling. - rat

ÞRJÁR ÓLÍKAR SÓSUR MEÐ ÞREMUR RÉTTUM

EINFÖLD OG GÓÐ SÓSA MEÐ KALKÚN OG KJÚKLINGI

7 dl kjúklinga- eða kalkúnasoð
2½ dl dökkt púrtvín
1 msk. dijonsinnep
3 tsk. fínt söxuð salvía fersk
1 appelsína, afhýdd, vel hreinsuð og skorin í báta
2½ dl rjómi

Allt hráefnið nema rjóminn er sett í pott og látið sjóða vel saman. Rjóminn settur saman við og sósan látin sjóða aðeins niður við vægan hita.

Appelsínubátarnir eru veiddir upp úr sósunni áður en hún er borin fram.

HUNANGSRAUÐVÍNSSÓSA, GÓÐ MEÐ REYKTU SVÍNAKJÖTI

150 g smjör
2 skalottlaukar
1 msk. gott hunang
1 tsk. pipar
1 msk. sætt sinnep
½ flaska rauðvín, má vera óáfengt
2 dl maltöl
2 dl gott kjötsoð (vatn og kjötkraftur)
5 dl rjómi
sósujafnari ef þarf

Laukurinn er smátt skorinn og gljáður í smjörinu. Öllu hráefninu bætt út í nema rjómanum, látið sjóða niður í um 1/3. Þá er rjómanum bætt út í og látið sjóða við vægan hita í um 5 til 7 mínútur eða lengur ef sósan er ekki nógu þykk. Einnig má þykkja sósuna með sósujafnara.

VILLISVEPPASÓSA, GÓÐ MEÐ ÖLLU VILLTU KJÖTI

25 g villisveppir
2 til 3 msk. smjör
1 dl púrtvín dökkt
5 dl gott soð eða vatn og 3 msk villi kraftur frá OSCAR
4 dl rjómi
3 stilkar garðablóðberg (tímjan)
2 tsk. bláberjahlaup eða bláberjasulta
salt og pipar eftir smekk

Sveppirnir eru lagðir í bleyti í kalt vatn þar til þeir eru orðnir mjúkir. Síðan eru þeir saxaðir gróft og steiktir í smjörinu. Soði, púrtvíni og garðablóðbergi bætt út í og láti sjóða í 10 mínútur. Þá er rjómanum bætt út í og látið sjóða við vægan hita í aðrar 10 mínútur.

Sultan er að lokum sett út í og bragðbætt með salti og pipar úr kvörn. Má þykkja með sósujafnara.

JÓLAKJÓLAR FROSTRÓSA

HINIR EINSTÖKU JÓLAKJÓLAR. SEM SÖNGDÍVURNAR Í FROSTRÓSUM SKÖRTUÐU Á SÍÐUSTU TÓNLEIKUNUM, ERU NÚ KOMNIR Í SÖLU Í VERSLUN OKKAR, AÐ LAUGAVEGI 1.

TIL AÐ FULLKOMNA JÓLAKJÓLINN ERUM VIÐ EINNIG KOMIN MEÐ HANDGERÐA ÍTALSKA SKARTGRIPI OG SKÓ.

VERIÐ VELKOMIN

KÆR KVEÐJA,
ELM

ERNA STEINA
LÍSBET
MATTHILDUR

HANNAÐ AF KONUM FYRIR KONUR

E L M

Laugavegur 1
101 Reykjavík
Sími 511 0991
www.elm.is
elm@elm.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

SPARISTELLINU Fyrir hátíðarkvöldverð verður að tjalda öllu til og leggja sparistellið á borð. Fallegir diskar setja mikinn svip á borðið og ef um erfðagóss er að ræða fylgja þeim líka góðar minningar um samverustundir fjölskyldunnar á árum áður.

GÓÐUM TÍMA Það er aldrei gott að flýta sér um of að borða. Jólamaturinn er gjarnan þungur í maga svo betra er að fara sér hægt. Eitt sinn var talað um að tyggja hvern bita hundrað sinnum en til að borðhaldið dragist ekki fram úr hófi má láta sér nægja að tyggja hvern bita minnst tíu sinnum.



JÓLAÖLI Það er eitthvað við þykkt síróps-bragðið af jólaölinu sem fer einstaklega vel við hátíðamat. Dósir eiga ekki erindi á jólaborðið en fallegast er að bera ölið fram í glerkönnu.

KERTALJÓSUM Borðahaldið verður enn hátíðlegra þegar kveikt er á kertum þegar sest er til borðs. Þau gefa hlýlega birtu og hafa róandi áhrif á matargesti. Kertaljós eru líka tilvalin birta ef jólahreingerningin fórst fyrir þetta árið.

GÓÐUM HNÍFAPÖRUM Það getur skemmt fyrir manni ánægjuna við að borða góðan mat ef hnífurinn bítur ekki á steikinni. Við diskana skal því velja góð hnífapör þegar lagt er á borð yfir hátíðarnar.

JS Watch co.
REYKJAVIK

JS úrin eru íslensk framleiðsla, hönnuð og sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts

www.jswatch.com / www.gilbert.is

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

EPLI Á HAUS Í hvítum kjól og með afar sérstakt höfuðfat.

ALEXA CHUNG

SKÓLASTELPA Stuttar smekkbuxur og hvít blússa.

ÞESSAR KOMUST EINNIG Á BLAÐ:

Framúrstefnuleg söngkona
Lady Gaga vekur athygli hvert sem hún fer og er ein af þeim sem lifa fyrir að ganga yfir strikið í fatavali. Stundum skýtur hún í mark og stundum ekki.

Fágaða leikkonan
Carey Mulligan hefur toppað nokkra lista í Bretlandi og mun daman eflaust springa út á næsta ári. Stíllinn hennar fágaður og flottur.

Fast pláss
Chloe Sevigny hefur átt fast pláss á tískulistum gegnum árin og það sama á við í ár. Hún hefur ekki verið jafn áberandi á rauðu dreglunum og áður, en þegar hún lætur sjá sig er hún ávallt með puttana á púlsinum.

Glamúrpían
Kannski er það vegna þess að hún leikur aðalhlutverkið í einni af vinsælustu sjónvarpsþáttaröðum ársins sem Blake Lively er komin á lista yfir best klæddu stjörnurnar. Hún er flott stelpa sem er stundum með góðan stílista.

Fegurðardísin
Þýska leikkonan Diane Kruger þarf ekki að leita langt yfir skammt að tískuráðum en hennar helsti vinur er maðurinn með gráa taglið, Karl Lagerfeld. Hún er yfirleitt í hönnunarfatnaði en vandar greinilega valið.

Heelen

HÚÐ
Mýkjandi gel
TAU

HEELEN MÝKJANDI
Í MJÚKA PAKKANN

Kröftug meðferð fyrir sprungna og þurra húð
Einnig til með hitameðferð fyrir stífa liði og vöðva

Mýkjandi línan frá Heelen
hefur einstakt innra byrði úr geli.
Gelið gefur frá sér náttúrulegar olíur
sem mýkja og næra húðina.
Nánari upplýsingar um vörurnar má finna á
www.portfarma.is.

FÆST Í APÓTEKUM

Vinkonur eru afar mikilvægar

Í Bókinni fyrir forvitnar stelpur eftir **Kristínu** og **Þóru Tómasdætur** eru unglingsstúlkum gefin ráð um lífið og tilveruna. Sigríður Björg Tómasdóttir ræddi við Kristínu.

Kristín Tómasdóttir vinnur á tveimur stöðum, sem ráðgjafi hjá Geðhjálp og framkvæmdastjóri Landssamtaka æskulýðsfélaga. Hún tekur á móti blaðamanni Fréttablaðsins í húsnæði Geðhjálpar á horni Garðastrætis og Túngötu. „Þetta er yndislegt hús," segir hún og það eru orð að sönnu, panelklæddir veggir mynda hlýlega umgjörð um starfsemi hússins. „Ég vinn hér og svo í Hinu húsinu, í Pósthússtræti þannig að það er stutt að fara á milli."

Tilefni fundarins er bók hennar og Þóru systur hennar, Bók fyrir forvitnar stelpur, sem hefur setið á metsölulista frá því að hún kom út og er upplagið komið í 9.000 eintök. Bókin er handbók fyrir stelpur á unglingsaldri þar sem fjallað er um margvísleg málefni sem snerta stelpur, sjálfsmynd, ást, ástarsorg, heilsu, útlit, áhugamál og allt þar á milli.

„Við vissum að þetta væri efni sem væri þarft og myndi svara ákveðinni eftirspurn, en renndi reyndar ekki grun í að hún væri svona mikil," segir Kristín, sem er að vonum ánægð með góða dóma og góð viðbrögð.

> Það ætti alls ekki að vanmeta vinkvennasambönd. Stundum er talað um þau sem eitthvað krúttlegt en vinkonusambönd geta reynst jafn dýrmæt og fjölskyldubönd.

Stelpur finni kraftinn

Kristín þekkir viðbrögð markhópsins vel, hún hefur sótt fjölmargar félagsmiðstöðvar heim undanfarið og rætt um málefni stelpna, við stelpur. „Ég er þá að tala um hvað við eigum sameiginlegt og hvernig við getum nýtt krafta okkar betur en við erum að gera og hvernig við getum fundið kraftinn í okkur."

Kristín hefur þann háttinn á þegar hún hittir unglingsstelpur í félagsmiðstöðvum að hún svarar spurningum sem þær fá að afhenda skriflega, þannig að þær verði óhræddari við að spyrja erfiðra spurninga. „Ég hef fengið alls konar spurningar, til dæmis hvort eðlilegt sé að rífast mikið við móður sína, hver sé besta aðferðin við að grennast og hvernig sé hægt að sleppa því að roðna í sífellu," segir Kristín og tekur fram að hún hafi alls ekki svör við öllum spurningunum, þar með talið þeirri síðarnefndu.

Kröfurnar aukast

En hvernig er líf stelpna í dag?

„Það er að mörgu leyti erfitt og að mörgu leyti örugglega auðveldara en áður. Flestar stelpur búa til dæmis við miklu meiri lúxus en formæður okkar gerðu. Það á auðvitað ekki við alla sem gerir kannski þeim efnaminni erfiðara fyrir. Í dag er auðveldara en nokkru sinni fyrr að eiga samskipti við fólk og afla sér upplýsinga um margvísleg málefni en áður var. Kröfur frá samfélaginu eru hins vegar alltaf að aukast og það getur verið erfitt," segir Kristín sem lagði upp með það verk að skrifa bók sem nálgaðist líf stelpna frá mörgum sjónarhornum og væri uppflettirit sem þær gætu stuðst við í mörg ár. Í fyrsta kaflanum er fjallað um sjálfstraust og sjálfsmynd stelpna, sem höfundum er mikið í mun að styrkja en í þeim sem eftir fylgja er fjallað um margvíslega þætti sem móta sjálfsmynd stelpna, útlit, fjármál, heilsu, áhugamál, kynþroska, kynlíf og fleira: „Og þó að stelpur hafi alls ekki allar áhuga á sömu hlutunum þá erum við allar stelpur og eigum það sameiginlegt að hafa byrjað á túr."

Kristín segir það hafa komið sér á óvart hvað var auðvelt og hvað erfitt að skrifa um.

„Ég kveið til að mynda mikið fyrir því að skrifa kaflann um kynlíf en það reyndist hins vegar ekki erfitt að skrifa hann, það er til mikið af upplýsingum og svo er mikil sátt um það í samfélaginu hvernig sú umræða á að fara fram, þannig að það var ekki erfitt. Það var hins vegar erfitt að skrifa um ást og hvað felst í því að vera ástfanginn," segir Kristín.

Dýrmæt sambönd

„En ég byrjaði á vinkonukaflanum, hélt að hann væri mjög auðveldur en hann var flóknari en ég hélt," segir Kristín, sem leggur mikla áherslu á mikilvægi vinkvenna fyrir stelpur. „Vinkonur eru svo mikilvægar og það ætti alls ekki að vanmeta vinkvennasambönd. Stundum er talað um þau sem eitthvað krúttlegt en vinkonusambönd geta reynst jafn dýrmæt og fjölskyldubönd, vinkonur sem stelpur eignast jafnvel í grunnskóla geta enst fram eftir aldri. Ég segi stelpunum sem ég hitti frá því, þessu til staðfestingar, að besta vinkona mín var hjá mér þegar ég fæddi barnið mitt," segir Kristín sem ráðleggur stelpum að læra að taka gagnrýni en forðast baktal. „Það er alveg eðlilegt ef stelpur eru mikið saman að þær kvarti stundum undan hvor annarri, en ég bendi þeim á að ef þær eru að segja eitthvað sem þær myndu ekki treysta sér til að segja við vinkonuna augliti til auglitis þá séu þær komnar út á hálan ís."

Í bókinni er fjallað um útlit og heilsu sem Kristín segir mikið áhugamál stelpna. „Þóra er reyndar miklu meiri pæja en ég þannig að hún sá svolítið um kaflana sem fjalla um útlit, í þeim kafla er ég sérlega stolt af hugvekju sem við sömdum og fjallar um að stelpur eigi að vera eins og þær vilja. Ég þurfti að bíta dálítið í tunguna á mér til að setja mig ekki í prédikunarstellingarnar og fara að ráðleggja stelpum að gangast ekki upp í að vera fáklæddar, stelpur eiga að klæða sig í þau föt sem þeim líður vel í," segir Kristín að lokum

KRISTÍN TÓMASDÓTTIR Skrifaði bókina með systur sinni Þóru sem býr í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BÓK FYRIR FORVITNAR STELPUR

Hugvekja!

Það er til fullt af fólki sem vill skipta sér af því hvernig unglingsstelpur klæða sig. Einnig skapar tískan og menningin samfélagslegan þrýsting á það hvernig stelpur eiga að klæða sig hverju sinni. Oftast snýr gagnrýnin að því að þær séu of lítið klæddar t.d. í of flegnum bol eða of stuttu pilsi.

Aðrir reyna að selja þeim allskyns óþarfa eða tískuvarning til þess eins að græða. Enn öðrum finnst þær eiga að vera í sem minnstu. Fyrirgefið, en hverjum kemur það eiginlega við öðrum en stelpunum sjálfum? Er þetta ekki sambærilegt við samfélög þar sem konur eru skikkaðar til þess að ganga með slæður, í kuflum eða bannað að klæðast fötum þar sem sést í ökkla þeirra? Stelpur eiga að fá að ráða því sjálfar hvernig þær vilja klæða sig. Ráðgjöf getur verið góð en það á að skipta mestu máli hvernig þér líður í fötunum. Ef þú fílar að ganga í stuttu pilsi eða kufli, ef því er að skipta, þá gerir þú það auðvitað!

Er ég góð vinkona?

Það skiptir ekki máli hversu margar vinkonur við eigum heldur hversu góðar. Mestu máli skiptir að leggja rækt við þau vinkvennasambönd sem við eigum. Það er gott fyrir þig sjálfa og það er gott fyrir vinkonur þínar. Ef þú ert góð vinkona er líklegra að þú eignist fleiri góðar vinkonur.

Það hefur sýnt sig að ef þú deilir leyndarmáli með einni manneskju þá er sú manneskja líklegri til að deila leyndarmáli með þér. Þetta gildir um mjög margt, t.d. almennt traust, virðingu og vináttu. Ef þú sýnir vinkonu þinni virðingu og traust þá er hún líkleg til þess að sýna þér virðingu og traust á móti.

LEITAÐI RÁÐA HJÁ SYSTRUM SÍNUM



„Okkur Þóru fannst mjög skemmtilegt og mjög mikilvægt að skrifa um ástarsorg," segir Kristín. „Það má alls ekki gera lítið úr fyrstu ástarsorginni, satt best að segja getur ástarsorg verið upphaf alvarlegri veikinda eins og ég þekki úr starfi mínu hjá Geðhjálp. Til að koma í veg fyrir að hún vindi upp á sig þá bendi ég stelpum á að setja tilfinningar sínar í orð auk þess sem við lumum á fjölda góðra ráða til að létta lundina, það er óþarfi að þurfa alltaf að finna upp hjólið sjálfur," segir Kristín sem segist sjálf hafa þegið góð ráð hjá eldri systrum sínum, Þóru og Sóleyju, þegar hún gekk í gegnum sína fyrstu ástarsorg.

Í bókinni eru meðal annars gefin eftirfarandi ráð við ástarsorg:

- Ekki hringja í hann/hana þegar þig langar til þess.
- Leigðu þér viðeigandi bíómyndir!
- Ekki strá salti í sárin og kvelja þig með rómantískum kvikmyndum Hresstu þig við með góðri barnamynd, dýralífsþáttum eða sígildu meistaraverki um miklu mikilvægari hluti en rómantík og ástir!
- Gerðu eitthvað gott fyrir þig sjálfa á hverjum degi.
- Hrósaðu sjálfri þér!
- Ekki hlusta á lög sem ýta undir frekari ástarsorg! Skiptu út öllum lögunum í iPodinum þínum og ekki setja inn eitt einasta ástarvellulag. Bara stuð og pepplög!
- Talaðu um það hvernig þér líður!
- Skrifaðu dagbók.
- Lestu Pollýönnu!

JÓLA DESERTINN

Debic Parfait

Gerðu þinn eiginn ís eða ístertu.
Parfait er hrist í umbúðunum í ca 20 sek. og sett í skál. Þeytt í 2 mín. á miklum hraða. Síðan er tilvalið að bæta hinum ýmsu hráefnum við t.d súkkulaði, hnetum, líkjöri, sælgæti, marengs o.fl. Síðan er allt sett í form og inn í frysti í 4-6 klukkustundir.

Debic Créme Brûlée

Créme brûlé eins auðvelt og það gerist. Créme brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og hitað. Því er síðan hellt í skálar, kælt og hrásykur bræddur ofan á. (Sjá nánari leiðbeiningar á umbúðum).
Úr verður frábært brûlée eins og þekkist á veitingastöðum.

Créme Brulée skálasett
4 stk.
1.299kr.

Créme Brulée brennari
2.499kr.



HAGKAUP
LÚXUS ÍS

Ítalskur hágæða rjómaís, lagaður eftir gamallri ítalskri hefð sem tryggir ómótstæðilegan eftirrétt á hátíðarborðið þitt. Þrjár girnilegar bragðtegundir hver annarri betri, verði þér að góðu!

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

EMBRACING

HÁLSMEN • VISKA

• Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71 • ITA Gallerý, Hilton Hotel • Listasafn Íslands

Umvafin Trú® Embracing Faith® © Brynja Sverrisdóttir Ljósmyndir: N.Lapidari

FAITH®

ARMBAND • VON

• Gullsmiðir S&P, Akureyri • Epal Design, Leifsstöð • Hjá Dýrfinnu, Akranesi • ww.sagashop.is

Hluti af ágóða rennur til Amnesty International

BRYNJA.com

Feiti fiskurinn getur bjargað lífi

Anna Þóra Ísfold fann til þreytu og depurðar eftir fyrirburafæðingu fyrir tæpum þremur árum. Þegar geðlæknir hennar mælti með geðlyfi ákvað hún að leita annarra leiða. Hún fann lykilinn að betra lífi í lýsi og feitum fiski. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* ræddi við Önnu um mikilvægi D-vítamíns fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði.

Meðan á meðgöngu dóttur minnar stóð var ég hraust en þegar líða tók á seinni hlutann tók að bera á fyrirvaraverkjum og skilaboðum um að ekki væri allt með felldu," segir Anna Þóra Ísfold. Hún var heilsulaus, þreytt á morgnana og þróttlaus á kvöldin. Hún leitaði til lækna og leitaði skýringa eftir að hún fann fyrst fyrir einkennum. Þeir tjáðu Önnu að hún væri ein af þessum óheppnu konum sem fá verki á meðgöngu. Að öðru leyti væri hún heilbrigð. Tveimur vikum síðar fæðist dóttir hennar á 31 viku meðgöngu.

Anna hefur nú uppgötvað að heilsuleysi hennar síðastliðin tvö ár og veikindi dóttur hennar sem fæddist tveimur mánuðum fyrir tímann megi tengja miklum skorti á D-vítamíni. Hún vinnur að meistaraprófsritgerð í viðskiptafræðum við háskólann á Bifröst um efnahagslegan ávinning í íslensku heilbrigðiskerfi ef forvarnastarf yrði aukið um virkni og fyrirbyggjandi áhrif D-vítamíns.

DAGURINN BYRJAR MEÐ LÝSI Anna Þóra Ísfold byrjar daginn á því að gefa börnum sínum eina matskeið af lýsi. Hér er hún með Snædísi Helgu, átta ára. Tæplega þriggja ára dóttir hennar fær jafn stóran skammt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veikar mæðgur

Anna segist hafa tekið útskýringar lækna gildar á sínum tíma og kenndi utanaðkomandi áreiti um einkennin enda hafði hún gengið með eldri dóttur sína, sem þá var sex ára, tíu daga fram yfir settan fæðingardag.

„Ég skellti skuldinni á mig; barnið var að koma, heimilið stórt, áhyggjur af fjármálum og tilraunum til að komast af leigumarkaði í varanlegt húsnæði," segir Anna. Þau eru sex í heimili; tveir fullorðnir, dóttir Önnu frá fyrra sambandi og tvö systkini manns hennar á táningsaldri sem þau hafa tekið að sér og Anna gengið í móðurstað.

Ástandið batnaði ekki eftir að litla stúlkan kom í heiminn. Hún var mikið veik fyrsta árið, þjáðist af magakveisu og sýkingu í öndunarfærum og lungum, sem leiddu til astma. Þetta varð til þess að fara varð með hana að meðaltali fjórum sinnum til læknis í hverjum mánuði fyrsta árið.

Anna Þóra var sömuleiðis léleg til heilsunnar og þyngdist um fimmtán kíló skömmu eftir fæðinguna.

„Ég var þreytt, örmagna og ekki eins og ég átti að mér að vera. Ég fór því að banka á dyrnar hjá læknum og óska eftir ítarlegum rannsóknum á mér. Ég fór til geðlæknis í vor sem kom mér á sporið með því að spyrja mjög snemma að því hvort ég tæki lýsi. Ég svaraði því til að ég hefði tekið lýsi þar til ég var sautján ára gömul en lítið snert það síðan ég flutti að heiman. Ég hafi samt verið dugleg að taka fjölvítamín og slík fæðubótarefni og treyst því að fæðan sem ég neyti sjái mér fyrir mikilvægustu næringarefnunum. Geðlæknirinn sagði það peningasóun að rannsaka magn D-vítamíns í líkamanum, ég ætti bara að byrja að taka lýsi, þetta væri borðleggjandi og breytti því ekki að ég væri þunglynd og betra væri að fara strax á væg þunglyndislyf. Ég var ekki tilbúin til að sætta mig við þetta, var ekki sannfærð um að þetta væri eingöngu andlegs eðlis og taldi væga depurð, þróttleysi, slæmt skammtímaminni og framtaksleysi ekki vera nógu sterk rök fyrir slíkum lyfjum," segir Anna.

Í stað þess að fara á geðlyf tók hún að lesa sér til um allt það sem hún komst yfir um vægt þunglyndi, slæmt skammtímaminni, þreytu og máttleysi. Leitin leiddi hana að umræðunni um D-vítamín, ómega-fitusýrur, járn og B-12. Eftir það óskaði hún sérstaklega eftir því að læknar rannsökuðu magn D-vítamíns í blóði hennar.

Næstum tóm

Niðurstöður blóðrannsóknarinnar bárust Önnu í júní og voru sláandi:

„Ég var með 25 nmol/l af D-vítamíni uppsafnað í lifrinni. Það er langt undir viðmiðunarmörkum á Íslandi. Hér er viðmiðunin sú að ef þú ert undir 45 þá ertu ekki með nægan forða og átt á hættu að fá beinkröm og beinþynningu. En samkvæmt þeim vísindamönnum hér sem hafa rannsakað málið er hins vegar talið vísindalega sannað að gott sé að mörkin séu yfir 70 nmo/l," segir Anna, sem spurði heimilislækni sinn hvers vegna hann hafi ekki kannað þetta:

„Í mínu tilviki var svar heimilislæknis til margra ára á ástæðu þess að rannsókn var ekki gerð á D-vítamíni þrátt fyrir ítarlegar blóðrannsóknir, sú að hann taldi mig svo skynsaman einstakling að hann gerði ráð fyrir að ég tæki lýsi að staðaldri. Aðra ástæðuna sagði hann kröfuna á heilsugæsluna um sparnað í rekstri.

Anna leitaði sér frekari ráða á eigin vegum, nokkuð sem læknum leist ekki vel á.

„Ég fæ þá ráðgjöf hjá læknum að æskilegt sé að ég taki inn 1.000 einingar af D-vítamíni á dag. Það er álíka mikið og matskeið af þorskalýsi. En sérfræðingar í þessum efnum eru ekki sammála um þetta. Þegar einstaklingar greinist með svona lítið magn D-vítamíns telja þeir æskilegra að hann hlaði sig hraðar með fleiri einingum því við eyðum D-vítamínum úr líkamanum jafnóðum," segir Anna og bendir á að búið sé að sýna fram á að 20 til 30 mínútna vera í sól á dag geti hlaðið okkur af 10000 iu einingum af D-vítamíni. Í þá tvo mánuði að sumri sem hennar nýtur hér á ári hlöðum við ekki inn nægu magni af D-vítamíni til að nýta allt árið um kring. Það sem upp á vantar verðum við að fá úr feitum fiski og með bætiefnum.

> Ég fór til geðlæknis í vor sem kom mér á sporið með því að spyrja mjög snemma að því hvort ég tæki lýsi.

Mikilvægt bætiefni

Anna segir algengan misskilning að D-vítamín eitranir séu algengar. Það þarf gríðarlegt magn af D-vítamíni til að fá eitrun.

„Á Íslandi fáum við aldrei nóg af D-vítamíni frá geislum sólarinnar eða með fiskneyslu. Vísindamenn hafa ekkert fundið sem bendir til að einstaklingar á norðlægum slóðum sem hafa tekið inn 10.000 einingar af D-vítamíni í hálft ár hafi fengið eitrun." Anna tekur fram að mikilvægt sé að láta mæla gildi D-vítamíns í blóði reglulega ef svo mikið

FRAMHALD Á SÍÐU 74

Hollustan þótti vond á bragðið

Lýsi hefur verið framleitt hér á landi frá aldaöðli. Elstu heimildir um það eru frá byrjun 11. aldar. Lúðvík Kristjánsson segir frá því í Íslenskum sjávarháttum að lýsið, sem á 14. öld var ein af helstu útflutningsvörum þjóðarinnar, hafi aðallega verið notað sem ljósmeti auk þess sem það var borið á skinnfatnað og báta til að þétta þá. Undantekning var að taka lýsið inn.

Hollusta lýsis kom í ljós í byrjun síðustu aldar. Þá var algengt að lýsi væri framleitt í heimahúsum til heimabrúks. Sem dæmi um notkun lýsis voru kleinur steiktar upp úr hráu óþránuðu lýsi. Þórbergur Þórðarson rithöfundur segir frá því í grein sinni um lifnaðarhætti í Reykjavík að lýsi hafi sömuleiðis verið selt í apótekum í lækningaskyni. Það hafi hins vegar verið verra á bragðið en lýsið sem fólk bjó sjálft til.

Snorri Sigfússon, skólastjóri á Akureyri lagði til eftir lestur skýrslu Steingríms Matthíassonar, héraðslæknis í bænum og sonar þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar, um bágt heilsufar barna á þriðja áratug síðustu aldar, að gefa þeim bætiefnaríkan morgunverð. Í lokaritgerð Arnheiðar Jónsdóttur frá Kennaraháskóla Íslands um notkun lýsis síðastliðin 200 ár er tæpt á því að menn hafi velt vöngum yfir því hvernig koma ætti lýsinu í krakkana en gæta hreinlætis um leið. Einhverjum hafi þá dottið í hug að hella lýsinu í bikar og ofan í gapandi barnið án þess að bikarinn snerti varir þess. Það varð ofan á. Snorra gekk treglega að sannfæra yfirvöld um ágæti lýsistöku til að bæta heilsufar barna og varð hún ekki að veruleika fyrr en eftir 1930.

Lengi vel eftir það gengu kennarar í barnaskólum landsins á milli nemenda í kennslustofu og helltu þeir lýsinu beint upp í börnin úr könnum. Þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur muna enn í dag hversu bragðvont lýsið var í þá daga. Enn í dag tíðkast að gefa börnum lýsi með morgunmat í leikskólum landsins. Bragðið hefur verið bætt talsvert í gegnum tíðina og þarf því ekki að þröngva drykknum ofan í þau. Lýsisgjöf í skólum var hætt árið 1956 en þá tóku lýsispillur við.

TAKTU LÝSIÐ Í Austurbæjarskóla og fleiri barnaskólum landsins á árum áður gekk kennari á milli borða og hellti lýsi beint upp í nemendur sína úr könnu. Lýsið var ekki bragðbætt eins og nú og þótti afskaplega vont á bragðið. Á myndinni sést kennari í Austurbæjarskóla í Reykjavík gefa nemanda sínum lýsi úr könnu árið árið 1953.

FRÉTTABLAÐIÐ/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

Opnunartímar í desember:

Laugardagur 18. des.	10–22
Sunnudagur 19. des.	12–22
Mánudagur 20. des.	10–22
Þriðjudagur 21. des.	10–22
Miðvikudagur 22. des.	10–22
Fimmtudagur 23. des.	10–22
Aðfangadagur 24. des.	10–12

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
FÆST Í ELLINGSEN

LOOP fluguveiðihjól.
Létt og þægileg með góðri bremsu.
Verð frá 17.390 kr.

LOOP veiðivöðlur.
Þægilegar og sterkar.
Verð frá 29.990 kr.

Veiðistangir fyrir byrjendur og lengra komna.
Verð frá 35.890 kr.

Mikið úrval af veiðitöskum.
Verð frá 2.990 kr.

Vatnsheldur Tatonka sjúkrapoki. Er með lágmarksútbúnað fyrir eina manneskju og hentar vel í dagsferð.
Verð frá 5.990 kr.

Veiðihattar og húfur.
Verð frá 1.690 kr.

DEVOLD MULTI SPORT nærbolur.
Verð 9.490 kr.

Veiðivesti eru mögnuð í fluguveiðina.
Verð frá 24.990 kr.

Vandaður bakpoki.
Verð frá 9.990 kr.

Coleman hitabrúsi.
Verð frá 3.590 kr.

LOOP ADVENTURE vöðluskór.
Verð frá 16.490 kr.

ABU
Veiðisett
JÓLAVERÐ
7.990 kr.

LOOP ADVENTURE 2
Veiðisett
JÓLAVERÐ
35.990 kr.

LOOP
Veiðitaska
JÓLAVERÐ
13.990 kr.

PIPAR\TBWA - SÍA

FRAMHALD AF SÍÐU 72

magn er innbyrgt. Þessar skammtastærðir séu aldrei notaðar nema um mikinn skort sé um að ræða.

Þvert á móti er neyslan holl fyrir alla, ekki síst verðandi mæður:

„Í maí á þessu ári voru birtar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á fimm hundruð ófrískum bandarískum konum sem komnar voru 12 til 16 vikur á leið. Þær voru settar í þrjá hópa. Einn hópurinn fékk 400 einingar af D-vítamíni, sem jafngildir manneldisviðmiðum hér. Annar hópurinn fékk 2.000 þúsund einingar á dag sem eru viðmiðunarmörk í Kanada. Þriðji hópurinn fékk svo 4.000 einingar á dag. Hóparnir voru undir stöðugu eftirliti. Engin áföll urðu af völdum D-vítamínneyslu. Rannsóknin sýndi fram á að konurnar sem tóku stærsta vítamínskammtinn á dag voru með fæstar sýkingar á meðgöngu og fæstar fyrirburafæðingar," segir hún en bætir við að áhrif D-vítamíns hafi að öðru leyti verið lítið rannsökuð.

Hún bendir á að umfangsmikil rannsókn til nokkurra ára sé bæði tímafrek og kostnaðarsöm auk þess sem lyfjafyrirtækin hafi lítinn fjárhagslegan ávinning af því þar sem framleiðsla á D-vítamíni er mjög einföld og ódýr.

„Lyfjafyrirtæki hafa ekki áhuga. Þeir sem þyrftu að kosta slíkar rannsóknir eru stjórnvöld í hverju landi. Þau þyrftu að hlusta á sérfræðinga. Það er mjög lítill ágreiningur um það hvað forði D-vítamíns eigi að vera mikill í lifur. Það eina sem karpað er um er hversu mikið magn á að neyta á hverjum degi."

Mikill bati

Anna segir líðan sína hafa batnað mikið síðan hún tók að neyta D3 1000iu vitamínhylkja reglulega, eins og ávallt taka börn hennar eina matskeið á dag hvern einasta morgun og þau hjón, sem nú gera sér grein fyrir mikilvægi D-vítamíns, taka inn 1.000 einninga D3-vítamínhylki tvisvar á dag. Dóttur hennar, sem nú er tveggja og hálfs árs, líður sömuleiðis mun betur, sýkingar eru sjaldgæfari, astminn er horfinn og ekki að sjá að Kristín hafi komið fyrir tímann í heiminn.

„Líðan mín hefur breyst til góðs. Skammtímaminni batnað, einbeiting aukist, ég sef betur, vakna betur og það hefur dregið úr þunglyndinu," segir hún. „Í dag er ég komin í 90nmol/l 25 hydroxy D og stefni á að vera um 125 nmol/l að jafnaði til þess að nýta alla forvarnarvirkni sem talið er að D-vítamín veiti líkama okkar. Ég hyggst hvíla inntöku með vænum skammti af sól í júní og júlí og byrja svo aftur í ágúst," segir hún og telur lýsið allra meina bót.

Mömmur, látið mæla ykkur

Anna segir að aldrei sé lögð næg áhersla á að fólk taki inn lýsi í forvarnarskyni, ekki síst verðandi mæður.

„Ég vildi óska þess að magn D-vítamíns yrði mælt í öllum konum á meðgöngu. Það gæti komið í veg fyrir í veikindi og slappleika þeirra og bætt heilsu barnanna," segir hún.

KRISTÍN LITLA Á FÆÐINGARDEILDINNI Anna Þóra rekur fyrirburafæðingu dóttur sinnar og veikindi hennar fyrsta árið til skorts á D-vítamíni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

ÞJÁIST ÞÚ AF D-VÍTAMÍNSKORTI?



Frá **nóvember** fram í **febrúar** er ekki nóg UVB í sólarljósinu fyrir norðan 42. breiddargráðu til að líkaminn framleiði D-vítamín í húðinni.



Heimild: National Institute of health

Þörf gæti verið á öðrum leiðum til að fá D-vítamín.

Útbreiddur D-vítamínskortur

Prósentur af mannfjölda sem þjáist af D-vítamínskorti



Ekki er óumdeilt hvaða blóðgildi endurspegla fullnægjandi D-vítamínhag. Gildin fyrir beinheilsu eru frekar lág. Samkvæmt því **fá flestir nægilegt D-vítamín.**

Heimildir: Arvhives of Internal Medicine, British Medical Journal, American Journal of Clinical Nutrition, Institute of Medicine



Heimild: Australian cancer council, National Institute of Health (IOM)



MATUR

Fimm bestu uppsprettur D-vítamíns Á EFTIR SÓLARLJÓSI **Ráðlagður dagskammtur (RDS) = 600 IU = 15 µg**

Grafík: Jónas Unnarsson og Svavar Hávarðsson

markhonnun.is

nettó

gleðjumst saman um jólin

GJAFAKORT NETTÓ

GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA



40% afsláttur

FURÐUSTRANDIR
Arnaldur Indriðason
3.414kr
áður 5.690 kr

35% afsláttur

POPPKORN
Sigurgeir Sigurjónsson
Einar Kárason
3.894kr
áður 5.990 kr



35% afsláttur

GUNNAR THORODDSEN
Guðni Th. Jóhannesson
4.544kr
áður 6.990 kr



40% afsláttur

MÉR ER SKEMMT
Einar Kárason
3.414kr
áður 5.690 kr

35% afsláttur

MORGUNENGILL
Árni Þórarinsson
3.699kr
áður 5.690 kr



37% afsláttur

ÖLDIN OKKAR
1996 - 2000
3.774kr
áður 5.990 kr

35% afsláttur

DÁVALDURINN
Kepler
3.569kr
áður 5.490 kr

35% afsláttur

SPÁDÓMAR NORSTRADAMUSAR
Mario Reading
3.569kr
áður 5.490 kr

35% afsláttur

ARTEMIS FOWL ATLANTISDULDIN
Eoin Colfer
2.789kr
áður 4.290 kr



38% afsláttur

ÞOKAN
Þorgrímur Þráinsson
2.474kr
áður 3.990 kr

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **18. – 19.** DESEMBER



Hvað er á seyði í kjallaranum?

Í vasabrotsbókinni Fleiri íslensk dægurlög tekur teiknimyndasöguhöfundurinn vinsæli **Hugleikur Dagsson** upp þráðinn frá því fyrir síðustu jól og snýr út úr textum ýmissa þekktra íslenskra dægurlaga á misjafnlega umdeilanlegan hátt. *Fréttablaðið* birtir hér nokkrar eftirminnilegar myndir úr bókinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DÆGURFLUGUR Hugleikur Dagsson hefur hugann við íslenska dægurlagatexta.

DÆGURFLUGUR Í NÝJUM BÚNINGI

Fleiri íslensk dægurlög er framhald bókarinnar Íslensk dægurlög eftir Hugleik Dagsson sem kom út í rassvasabókaröðinni frá forlaginu Ókeibæ-kur fyrir síðustu jól. Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson skrifaði formála að fyrri bókinni en í þetta sinn er komið að öðrum vinsælum poppara, Bubba Morthens, að búa lesendur bókarinnar undir það sem koma skal.

Í millitíðinni var bókin Popular Hits gefin út, en í henni snýr Hugleikur út úr textum erlendra dægurlaga. Popular Hits var meðal annars gefin út í Finnlandi.

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið gæða- og verðsamanburð

IQ-Care heilsudýnur. Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunarefni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.

Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

Saga heilsudýna. Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr.

Þór heilsudýna. Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr.

BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta
Frá 169.900 kr.
Svefnsófi frá 169.900 kr.

20% afsláttur
Vinsælasta jólagjöfin,
IQ-Care heilsukoddar.
3 stærðir.

BOAS leður hægindastóll.
Nokkrir litir
79.900 kr.

BOAS rafmagns lyftu stólar.
129.900 kr.

20% afsláttur
Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.
Frá 8.900 kr.
Nokkrar stærðir



S-cape Wallhugger stillanlegt rúm. Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu
649.000 kr.

Proflex stillanlegt rúm. Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýunu 349.900 kr.

Íslenskir svefnsófar. Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.
Svefnflötur 140x200 cm. 264.900 kr.

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

VISA Vildarkort

HÉR FÁST
ÞREFALDIR
VILDARPUNKTAR
TIL JÓLA

ÍSLENSKAR MYNDIR
Á TILBOÐI

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

kynningarverð **2.239.-** ~~2.799.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.239.-** ~~2.799.~~

betra verð **2.219.-** ~~2.899.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

betra verð **2.249.-** ~~2.799.~~

betra verð **2.239.-** ~~2.799.~~

betra verð **2.399.-** ~~2.999.~~

betra verð **2.239.-** ~~2.799.~~

betra verð **2.159.-** ~~2.699.~~

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. desember á meðan birgðir endast.

VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

2.899

2.499

ÁRITAR
Kringlunni kl. 14 í dag

2.499

ÁRITA
Smáralind kl. 17 í dag
Kringlunni kl. 15 sunnudag

3.499

ÁRITAR
Smáralind kl. 16
sunnudag

2.299

ÁRITAR
Smáralind kl. 16 í dag
Kringlunni kl. 16 sunnudag

3.199

2.699

ÁRITAR
Kringlunni kl. 15 í dag

3.299

ÁRITA
Smáralind kl. 17
sunnudag

2.399

ÁRITAR
Smárlind kl. 15 í dag
Kringlunni kl. 16 í dag
Kringlunni kl. 17 sunnudag

2.499

ÁRITAR
Smárlind kl. 15 í dag
Kringlunni kl. 16 í dag
Kringlunni kl. 17 sunnudag

3.299

2.399

2.499

2.980
~~3.790~~

2.999

ÁRITAR
Smáralind kl. 14 sunnudag

1.999

PÁLL ÓSKAR ÁRITAR
OG SPILAR:
Smáralind kl. 13 í dag
Kringlunni kl. 14 sunnudag

2.499
bók + CD

Smáskífan og karaóki útgáfan af
smellinum "GORDJÖSS" FYLGIR
MEÐ BÓKINNI!

3.299

2.999

ÁRITAR
Smáralind kl. 15 sunnudag

2.999

ÁRITAR
Smáralind kl. 15 sunnudag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞEKKINGARSETUR Á ÍSLANDI

VESTFIRÐIR

Starfsstöðvar: 24
Stöðugildi: 76,6
Til dæmis:
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Sjóræningjahúsið
- Strandagaldur

Ríkisframlag: 395 milljónir

NORÐURLAND VESTRA

Starfsstöðvar: 32
Stöðugildi: 72,9
Dæmi:
- Selasetur
- BioPol sjávarlíftæknisetur
- Sögusetur íslenska hestsins

Ríkisframlög: 317 milljónir

NORÐURLAND EYSTRA

Starfsstöðvar: 35
Stöðugildi: 114,4
Til dæmis:
- Háskólinn á Akureyri
- Síldarminjasafn Íslands
- Hvalasafnið á Húsavík

Ríkisframlag: 617 milljónir

VESTURLAND

Starfsstöðvar: 25
Stöðugildi: 91,6
Til dæmis:
- Landnámssetur Íslands
- Landbúnaðarsafn Íslands
- Snorrastofa

Ríkisframlag: 303 milljónir

SUÐURNES

Starfsstöðvar: 8
Stöðugildi: 31,4
Til dæmis:
- Fræðasetrið Sandgerði
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Saltfisksetur Íslands

Ríkisframlag: 74 milljónir

SUÐURLAND

Starfsstöðvar: 33
Stöðugildi: 89,2
Til dæmis:
- Háskólasetur Höfn
- Sesseljuhús umhverfissetur
- Þórbergssetur á Hala

Ríkisframlag: 465 milljónir

AUSTURLAND

Starfsstöðvar: 32
Stöðugildi: 47,1
Til dæmis:
- Stofnun Gunnars Gunnarssonar
- Náttúrustofa Austurlands
- Íslenska stríðsárasafnið

Ríkisframlag: 343 milljónir

Starfsstöðvar
Stöðugildi

Mikilvægt starf unnið á þekkingarsetrum landsins

Blómleg og margbreytileg **þekkingarstarfsemi** þrífst um allt land, ekki síst vegna fjölmargra þekkingarsetra þar sem unnið er að stórum verkefnum og smáum. *Þorgils Jónsson* kynnti sér starfsemi þekkingarsetra víða á landsbyggðinni.

Fæstir vita sjálfsagt hvað átt er við með þekkingarsetrum og enn færri gera sér grein fyrir þýðingu þeirra fyrir menningar- og atvinnulíf einstakra byggðarkjarna.

Í nýútgefinni skýrslu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem gerð var úttekt á þekkingarsetrum á landsbyggðinni kemur í ljós að þau eru að minnsta kosti 189 og þar vinna nær 900 manns.

Í skýrslunni segir að þekkingarsetur sé samheiti yfir alla starfsemi sem lýtur að menntun, rannsóknum og þróun, menningu auk þjónustu og ráðgjafar. Innan þeirrar skilgreiningar rúmast ansi margt og má þar telja allt frá háskólum, símenntunarmiðstöðvum og söfnum niður í sérhæfðari stofnanir eins og Skrímslastofu á Bíldudal og Saltfisksetur Íslands í Grindavík.

Það er niðurstaða skýrslunnar að mikilvægt starf sé unnið í þessum starfsstöðvum, en einn megintilgangurinn með skýrslugerðinni var einmitt að kortleggja starfsemi þeirra með það að sjónarmiði að hægt yrði að efla samvinnu og samþættingu milli stofnana.

Mikilvæg fyrir byggðir landsins

Umsvif setranna og þekkingarstarfsemi í heild á landsbyggðinni er talsverð en einkennast af smærri en fjölbreyttum einingum sem skipa mikilvægan sess hvert á sínu svæði. Í skýrslunni er þess sérstaklega getið að háskóla- og rannsóknastarfsemi og tengsl hennar við atvinnulífið sé afar mikilvæg og hafi ótvírætt jákvæð áhrif á fjölbreytni atvinnutækifæra og mannlífsins í heild sinni.

Þá sé menningarstarfsemin sem fer fram í setrunum ekki síður mikilvæg þar sem „menningarleg kjölfesta býr í haginn fyrir nýsköpun þar sem hún eflir framtakssemi í atvinnulífi og gerir staði aðlaðandi til búsetu fyrir menntað vinnuafl“ eins og segir í skýrslunni.

Fimm milljarðar í þekkingarsetur

Þekkingarsetrin 189 sem tóku þátt í könnuninni eru alls með um fimm milljarða tekjur á ári og eru ríkisframlög um helmingur af þeirri upphæð. Sveitarfélögin leggja til um tíu prósent og afgangsins er aflað með öðrum tekjum. Alls voru í setrunum 864 starfsmenn í 552,1 stöðugildi og oftar en ekki er þar um að ræða störf fyrir langskólagengið fólk sem, eins og áður sagði, auðgar samfélagið og gerir það meira aðlaðandi.

Setur um sagnir og náttúru

Þekkingarsetrin eru gríðarlega mismunandi að umfangi og starfsemi, en innan landshluta eru stöðvar með svipaðar áherslur og er hægt að ná fram öflugra starfi og hagræðingu með nánara samstarfi og samþættingu þekkingarstarfs. Sum setrin eru þó ansi

ÞÓRBERGSSETUR Á Hala í Suðursveit, á bernskuslóðum rithöfundarins Þórbergs Þórðarsonar, er eitt fjölmargra þekkingarsetra landsins.

mikið sér á báti, án þess að efast sé um ágæti þeirra, og þjóna mjög sértækum málaflokkum. Þar er helst um að ræða setur um sögu svæðisins og goðsagnir þaðan, eða náttúru og dýralíf.

Þannig er snertingin ótvíræð við hinar dreifðu byggðir landsins og auðsýnt að þekkingarsetur skipta byggðir miklu máli, ekki aðeins í menningarlegu sjónarmiði, þar sem sérstaða hvers staðar er undirstrikuð, heldur er aukin menntun og nýsköpunarvinna í héraði lykilatriði í framtíðarhorfum byggðakjarna og þar af leiðandi lykilatriði í öllu tali um byggðastefnu.

ÞEKKINGARSETUR Í TÖLUM

- Ríkið lætur **2,5 milljarða** rakna af hendi til setranna **189** í skýrslunni. **542 milljónir** koma frá sveitarfélögunum og **2 milljarðar** eru taldir sem aðrar tekjur. Þar eru mest áberandi framlög frá opinberum aðilum, meðal annars styrktarsjóðum.
- Flest þekkingarsetur, **35** talsins, eru á Norðurlandi eystra, en fæst eru á Suðurnesjum, eða **átta**. Norðurland eystra fær einnig hæst ríkisframlög, **616 milljónir**, og er með flest stöðugildi í setrum.
- Skýrslan tekur fram að Suðurnes skeri sig út vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið auk þess sem stofnanauppbyging á svæðinu sé með öðrum hætti þar en í öðrum landshlutum. Þar leggja sveitarfélög hlutfallslega mest til þekkingarsetra, alls rúm **20 prósent**.
- Þegar litið er til setra eftir tegund starfsemi sést að algengasta formið er sérhæfð þekkingarsetur, sem eru **34** talsins, en hæst heildarframlög falla til hinna **14** símenntunarstöðva sem má finna um land allt.

75% AFSLÁTTUR
OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!
70% AFSLÁTTUR
50-75%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
JÓLASKRAUTI
75% AFSLÁTTUR
60% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
Birt með fyrivara um prentvillur.

1 Morgunleikfimi í jóga- og pilates-stúdíóinu The Orange Room. Uppáhaldskennarinn minn er Pat. Hún er ótæmandi uppspretta fróðleiks um austurlenska lífsspeki.

2 Börnin mín ganga í alþjóðlegan skóla og þar starfrækir foreldrafélagið svokallaðan Passport Club. Einu sinni í mánuði mæta börnin í frímínútur og fá stimpil í sérútbúið vegabréf eftir að hafa svarað rétt spurningum um hin ýmsu lönd heimsins. Ísland er land mánaðarins nú í desember og þurftu börnin meðal annars að læra nafn höfuðborgarinnar og þekkja staðsetningu Íslands á heimskortinu. Aðeins fjögur íslensk börn stunda nám í skólanum og kom það í hlut okkar mæðra þeirra, Sigríðar Sigurðardóttur og mín, að gera kynningarveggspjald og standa fyrir svörum um Ísland.

Í pílates og perluskoðun

MYNDBROT ÚR DEGI | miðvikudagurinn 15. desember | Tekið á Nikon D40x

Elsa Ævarsdóttir innanhússarkitekt hefur búið í Sjanghaí í Kína undanfarin þrjú ár ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum. Alþjóðlegt andrúmsloft einkennir lífið í stórborginni. Tækifæri til sköpunar eru fjölmörg og gæðahráefni fæst á góðu verði. Nýverið opnaði Elsa netverslunina Munir.is þar sem lögð er áhersla á að bjóða á góðu verði vandaðar vörur úr úrvalsefnum.

3 Síðdegis lít ég við á perlumarkaðinum og hitti Julin sem alltaf hefur eitthvað nýtt að sýna mér. Hún er alin upp í perluræktunarhéraði og veit allt um perlur. Hún er ein þeirra sem hafa hjálpað mér að láta hugmyndir mínar verða að raunverulegum skartmunum í vefverslun.

4 Um það bil sem dimmir um sexleytið skrepp ég og sæki vörur á prjónastofu í grenndinni. Hér eins og víða í Sjanghaí sést varla hola í vegg og þá er þar komin búð eða veitingastaður. Svo er heldur aldrei að vita nema á bak við búðarborðið leynist heil prjónastofa eins og hjá henni Ding Xin Feng sem ávallt tekur vel á móti mér.

5 Um kvöldið troða börnin mín upp á skólatónleikum. Jólin eru ekki hátíð í Kína og ekki er heldur haldið upp á jól sem trúarlega hátíð í alþjóðlegum skólum. Hátíðlegir vetrartónleikar í desember eru hins vegar árlegur viðburður og börnin syngja falleg lög frá öllum heimshornum sem sameina hjörtu barna og foreldra frá 65 þjóðlöndum.

Í ÞÁ TÍÐ ...

KEISARI Haile Selassie Eþíópíukeisari mætti í fyrsta sinn mótstöðu eigin landsmanna þegar óánægjuöfl gerðu tilraun til valdaráns fyrir réttum 50 árum.

Valdaránstilraun hrundið í Eþíópíu

Stjórnarherinn tók stjórnina aftur á fjórum dögum.

Fyrir réttri hálfri öld, í desember 1960, hratt stjórnarherinn í Eþíópíu aftur valdaránstilraun óánægjuafla gegn keisaranum nafntogaða, Haile Selassie. Þótti þeim hann hafa staðnað og ekki bera hag þegna sinna fyrir brjósti, en lífsgæðum almennings hafði þá hrakað jafnt og þétt um árabil.

Hópur herforingja, þar á meðal innan lífvarðasveitar keisarans, tók af skarið þegar keisarinn var staddur í Brasilíu í opinberum erindagjörðum, tók ríkisstjórnina í gíslingu, tilkynnti um stjórnarskipti og setti elsta son Selassies í forsæti nýrrar ríkisstjórnar, sem hugðist bregðast skjótt og vel við félagslegum og efnahagslegum meinum þjóðarinnar.

Þó að menntafólk og miðstétt landsins hafi í fyrstu tekið nýjum valdhöfum vel, var gleði þeirra skammvinn því að öfl innan réttrúnaðarkirkjunnar fordæmdu gjörninginn og bæði skriðdrekadeild hersins og flugherinn snerust gegn uppreisnarmönnum.

Á einungis fjórum dögum hafði stjórnarherinn tekið stjórnina í höfuðborginni Addis Ababa og forsvarsmenn uppreisnarmanna voru handteknir og aflífaðir. Keisarinn sneri aftur á sinn sess stuttu síðar og ríkti sem keisari Eþíópíu í fjórtán ár til viðbótar, eða þar til honum var steypt endanlega af stóli árið 1974 og lést hann af veikindum ári síðar.

Ekki eru allir á sama máli um eftirmála valdaránstilraunarinnar en margir hafa leitt að því líkur að þar með hafi verið sáð í huga almennings efasemdarfræjum um guðlegt hlutverk Selassies sem drottnara Eþíópíu. Það hafi svo orðið til að kynda óánægjubálið sem náði hámarki með uppreisninni 1974 og lokum 44 ára valdatíðar Hailes Selassie, sem var undir lokin meira metinn fyrir afrek sín á alþjóðavettvangi en á heimavelli.

- þj

Heimild: Wikipedia.org

ÁR 1900 **1960** 2000 2010

GÆÐABÆKUR Á GÓÐU VERÐI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Furðustrandir
Arnaldur Indriðason

32%
3.880 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Andlit
Jónatan Grétarsson

25%
9.740 kr.
Verð áður12.990 kr.

Stelpur
Kristín og Þóra Tómasdætur

25%
3.790 kr.
Verð áður 4.990 kr.

Eldað um veröld víða
Gordon Ramsay

25%
4.490 kr.
Verð áður 5.990 kr.

Örlagateningur
Benedikt S. Lafleur

30%
2.090 kr.
Verð áður 2.990 kr.

Önnur líf
Ævar Örn Jósepsson

25%
4.290 kr.
Verð áður 5.680 kr.

Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir

30%
4.190 kr.
Verð áður 5.880 kr.

Hringaló og Grýla
Steinar Berg og Brian Pilkington

20%
2.690 kr.
Verð áður 3.290 kr.

Veðraland
Skorri Steinn

50%
1.350 kr.
Verð áður 2.990 kr.

Dimmuborgir
Inga Björg Stefánsdóttir



50%
1.350 kr.
Verð áður 2.990 kr.

Svar við bréfi Helgu
Bergsteinn Birgisson

25%
3.990 kr.
Verð áður 5.290 kr.

Tregðulögmálið
Yrsa Þöll Gylfadóttir

30%
4.890 kr.
Verð áður 6.490 kr.

Pétur Pan
J. M. Barrie og Paul Hess

23%
2.990 kr.
Verð áður 3.895 kr.

Raddir úr fjarlægð
Ingvi Þór Kormáksson

20%
1.990 kr.
Verð áður 2.490 kr.

Áttablaðarósin
Óttar M. Norðfjörð

20%
3.990 kr.
Verð áður 4.890 kr.

Fjallaskálar á Íslandi
Jón G. Snæland

50%
2.495 kr.
Verð áður 4.990 kr.

* Tilboðsverð gilda til og með 19. desember 2010 eða á meðan birgðir endast

Opið til
23:00
til jóla

*** FRÍ GJAFAINNPÖKKUN ALLAN ÁRSINS HRING**

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

tímamót

timamot@frettabladid.is

95 **SIGURÐUR BJARNASON FRÁ VIGUR,** alþingismaður, ritstjóri og sendiherra, er níutíu og fimm ára í dag.
„Af reynslu og lífsspeki horfinna kynslóða má margt læra á öllum öldum.“

Merkisatburðir

1836 Sex manns farast í snjóflóði og bærinn á Norðureyri við Súgandafjörð brotnar í spón.

1897 Leikfélag Reykjavíkur sýnir sína fyrstu leiksýningu en það var stofnað fyrr þetta ár.

1939 Sköpunin eftir Haydn er flutt í bifreiðaskála Steindórs í Reykjavík. Það er fyrsti flutningur óratoríu á Íslandi.

1949 Laugarneskirkja í Reykjavík er vígð.

1973 Stjörnubíó við Laugaveg brennur á tveimur tímum skömmu eftir að sýningu lýkur.

ÞETTA GERÐIST: 18. DESEMBER 1982

Með allt á hreinu frumsýnd

Tónlistar- og grínmyndin Með allt á hreinu var frumsýnd í kvikmyndahúsum þennan dag, árið 1982. Hún fjallar um tvær hljómsveitir, Stuðmenn og Gærurnar, (réttu nafni Grýlurnar). Þær voru á ferðalagi um Ísland og upp komu ástir, afbrýði og ýmis vandamál í hópnum. Leikstjóri var Ágúst Guðmundsson og hann var einnig handritshöfundur ásamt leikurunum, enda höfðu báðar hljómsveitirnar mikla reynslu af því að ferðast um landsbyggðina og troða upp í félagsheimilum þar. Lögin úr myndinni urðu geysivinsæl og sömuleiðis ýmis tilsvör og frasar.

Með helstu hlutverk í myndinni fóru Eggert Þorleifsson, Jakob Magnússon, Egill Ólafsson, Ásgeir Óskarsson, Ragnhildur Gísladóttir og Flosi Ólafsson.

Með allt á hreinu sló öll aðsóknarmet á sínum tíma. Rúmlega 110.000 sáu hana í kvikmyndahúsum.

†

Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ragnars Guðmundssonar
Hraunbæ 111, 110 Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll. Með óskum um gleðileg jól.

Friðgerður Þórðardóttir
Logi Ragnarsson — **Jóhanna Steingrímsdóttir**
Valur Ragnarsson — **Sigríður Björnsdóttir**
Halla Hrund, Ingunn Ýr, Vaka, Haukur Steinn og Freyja

†

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

Sigurður Elías Þorsteinsson

varð bráðkvaddur mánudaginn 13. desember. Útförin fer fram í kyrrþey.

Guðrún Þorsteinsdóttir
Haraldur Þorsteinsson — **Hulda Sigurðardóttir**
og frændsystkinin

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Marinó Þórðarson
Þelamörk 1, Hveragerði,

lést þann 9. desember á H.S.S. Selfossi. Útförin verður gerð frá Hveragerðiskirkju mánudaginn 20. desember klukkan 14. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Bæjarás Ási Hveragerði.

Halldóra Þórðardóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum auðsýnda samúð og hluttekningu við fráfall móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðríðar Aradóttur

Steinunn Kolbrún Egilsdóttir — **Haukur Hergeirsson**
Hrafnhildur B. Egilsdóttir Briem — **Garðar Briem**
barnabörn og barnabarnabörn

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699
Óli Pétur Friðþjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

TORFI GEIRMUNDSSON HÁRSNYRTIR: VERÐUR SEXTUGUR Á MORGUN

Tímamót í tvennum skilningi

„Ég er í raun og veru fertugur! Ég á nefnilega fjörutíu ára starfsafmæli á þessu ári og vil frekar hampa því en aldrinum!“ segir rakarinn Torfi Geirmundsson glettnislega þegar hann er beðinn um afmælisviðtal vegna sextugsafmælis á morgun. Þegar nánar er grennslast fyrir kemur upp úr kafinu að hann ætlar að halda upp á þessi tímamót á Replay við Grensásveg í kvöld undir yfirskriftinni: Fjörutíu ár í hári og sextíu ár á lífi. Þar verður farið yfir söguna.

„Ég ætla að vera með smáteiti og halda upp á starfsferilinn minn,“ segir Torfi. „Byrja á að kynna bók sem var að koma út og heitir Varðskipið Óðinn 50 ára. Sextán ára var ég kominn þar um borð sem háseti og nítján ára orðinn bátsmaður. Þarna var ég frá 1967-70 og í bókinni er viðtal við mig um það tímabil. Þetta var viðburðaríkur tími fyrir ungling. Við björguðum til dæmis átján manns af breska togaranum Notts County vestur í Ísafjarðardjúpi þann 4. febrúar 1968.“

Torfi rekur ættir sínar til Grundarfjarðar og kveðst hafa verið búinn til þar. „Mamma kom ófrísk til Reykjavíkur og ég ólst upp á Bústaðabletti 12, á milli hæna, kalkúnhana og grágæsa því pabbi var framarlega í tilraunum í að rækta kjúklinga og fleiri fugla. Þetta var á árunum 1953-56 en Íslendingar voru ekki ginnkeyptir fyrir kjúklingi á þeim tíma svo pabbi fór á hausinn. Svo fluttum við í Árbæinn og vorum meðal frumbyggja þar. Við Rúnar bróðir vorum á stofnfundi Fylkis. Húsið okkar stóð á Árbæjarbletti 30. Það var rifið 1970 og afleggjarinn að því er kominn undir Árbæjarsafnið.“

Torfi hefur haft hendur í hári manna frá árinu 1970. Kveðst hafa byrjað á Rakarastofunni á Klapparstíg og verið þar í tæp fimm ár. „Síðan hef ég unnið við hársnyrtingu og rakstur og kann ekkert annað,“ segir Torfi sem kenndi við grunndeild Iðnskólans í tíu ár og starfaði í önnur tíu á stofunni Papillu á Laugavegi 24 sem hann stofnaði ásamt fyrrverandi eiginkonu. „Nafn stofunnar var sótt í latneskt orð yfir æðanabba í hársverðinum sem hárslíðrið myndast af,“ útskýrir hann.

Eins og fleiri reyndi Torfi að meika það erlendis. Var í sýningum fyrir hársnyrtifólk fyrir fyrirtæki í Chicago, New York og Los Angeles og árið 1995 hlotnuðust honum verðlaun í New York sem nefnast World Master of the Craft. „Þau þóttu merkileg erlendis en ekki hér,“ tekur hann fram. Fegurð og heilsa eru þættir sem Torfi hefur verið með síðastliðin þrjú ár á Útvarpi Sögu en hans aðalvettvangur er á Hárhorninu við Hlemm. „Hér er ég búinn að vera í þrettán ár,“ segir hann og gleðst yfir þeim breytingum sem urðu á torginu þegar hætt var að aka um það í austurátt. „Umferðin var alltof hröð og hættuleg fyrir svona umferðarmiðstöð eins og Hlemmur er,“ segir hann. „Nú er þetta besti staður í bænum.“

gun@frettabladid.is

RAKARINN Á HÁRHORNINU „Ég á fjörutíu ára starfsafmæli á þessu ári og vil frekar hampa því en aldrinum,“ segir lífskúnstnerinn Torfi Geirmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hermanns Stefánssonar
Vallargerði 2c, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyfjadeildar 1 á Sjúkrahúsi Akureyrar og Rúnarbræðra.
Guð blessi ykkur öll.

Kristín Friðbjarnardóttir
Ólafur Ingi Hermannsson — **Bjarnheiður Ragnarsdóttir**
Eva Hermannsdóttir — **Einar Jóhannsson**
Atli Hermannsson — **Ingibjörg Róbertsdóttir**
afa og langafabörn.

†

Tilkynning um útför ástkærs föður, tengdaföður, afa, bróður og mágs.

Haukur Karlsson
brúarsmiður

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 20. desember kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bent á Umhyggju (félag til stuðnings langveikum börnum).

Hafdís Hauksdóttir Kjærgaard — **Mikkel C. Kjærgaard**
Eva Kjærgaard
Marinó Bóas Karlsson — **Sigfríð Elín Sigfúsdóttir**
Íris Karlsdóttir — **Guðmundur Haraldsson**

RADDIR ÚR FJARLÆGÐ

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON

Ingvi Þór Kormáksson

„Raddir úr fjarlægð er einfaldlega gott smásagnarsafn, stórfín lesning."

Ágúst Borgþór

„Það er töffaralegur tónn í smásögum Ingva Þórs og eitthvað fallegt látleysi. En undir þessu afslappaða yfirbragði kraumar allt og sýður, ekki síst lúmskur húmorinn."

Úlfhildur Dagsdóttir

„Ingvi Þór teflir saman hinu hversdagslega og því óvænta, nærmri athyglisgáfu og fjörugu ímyndunarafli."

Þráinn Bertelsson

ÁTTABLAÐARÓSIN

ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ

Mögnuð spennusaga sem leiðir lesandann inn í heim dimmra leyndarmála, dularfullra atburða og grimman íslenskan samtíma. Krónprins íslenskra glæpasagnahöfunda hefur skrifað skáldsögu sem á engan sinn líka.



Óttar M. Norðfjörð

„Krónprinsinn fer á kostum í magnaðri sögu."

Hrafn Jökulsson

„Fantaskemmtileg. Miklu betri en Dan Brown."

Illugi Jökulsson

sögur ÚTGÁFA

www.sogurutgafa.is

Sýnilegt myrkur

Tólf listamenn opna í dag klukkan 17.00 sýningu á verkum sínum í Hugmyndahúsi háskólanna undir yfirskriftinni Sýnilegt myrkur.

Á sýningunni eru ljósmyndir, vídeóinnsetningar, skúlptúrar og málverk.

Við opnunina verður boðið upp á gylltan mjöð frá Stykkishólmi, jólaglögg, heitt kakó og piparkökur.

Sýningin stendur til 22. desember og verður opin frá 13 til 17 daglega. **- fsb**

STJÖRNUGLÓPUR Solveig Thoroddsen á þetta verk á sýningunni í Hugmyndahúsinu.

SKEMMTILEG HÖNNUN Óróar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra eru orðnir fimm. Jólakötturinn er sá nýjasti. Sölu hans lýkur um helgina.

Nú á hann leik

Jólakötturinn prýðir jólaróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í ár. Sölu hans lýkur í dag og allur ágóði er í þágu fatlaðra barna og ungmenna. Hönnuðirnir Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttir gerðu óróann og Þórarinn Eldjárn samdi kvæði sem fylgir og þar bregður hann upp nýrri og hlýlegri mynd af þessari kynjaskepnu en áður tíðkaðist. Fyrsta erindið er svona:

Hann vinnur á kvöldin við að flokka föt,
flikka upp á þau og stoppa í göt
og kemur þeim í notkun á ný út um borg og bý.

Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hlaut nýlega viðurkenninguna Múrbrjótinn fyrir að bjóða upp á fjölskyldumiðaða þjónustu. **- gun**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Ása Karlsdóttir

Kleppsveg 64, áður Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 4. desember. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 3.hæðar á Skjóli fyrir einstaka umhyggju og umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðrún Tryggvadóttir
Karl Tryggvason — **Marja-Terttu Tryggvason**
Björn Tryggvason — **Ingibjörg Gunnarsdóttir**
Ingveldur M.Tryggvadóttir — **Hallgrímur L. Hauksson**
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við fráfall eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Hilmars Friðriks Guðjónssonar

Efstalandi 24.

Megið þið öll eiga gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Guðrún Guðmundsdóttir
Halldór Gunnar Hilmarsson
Eysteinn Smári Hilmarsson
Óskar Árni Hilmarsson
Emil Hilmarsson
Björgvin Hilmarsson
Guðný Hilmarsdóttir
Aldís Hilmarsdóttir
og fjölskyldur

---

†

Ástkær sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, vinur og afi,

Gunnar Trausti Þórðarson

Sundlaugavegi 8, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 21. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Lilja Þórarinsdóttir
Salóme Halldóra Gunnarsdóttir — **Úlfar Þórðarson**
Jón Birgir Gunnarsson — **Edda Svanhildur Holmberg**
Baldur Smári Gunnarsson — **Ingveldur Oddný Jónsdóttir**
Tryggvi Þór Ágústsson — **Vera Björk Ísaksdóttir**
Anna María Ágústsdóttir — **Vilhjálmur Árni Ingibergsson**
Elísabet Ósk Ágústsdóttir — **Sigmundur Helgi Brink**
og barnabörn.

---

†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Þórðarson

Dvalarheimilinu Garðvangi, 250 Garði, áður Smáratúni 44, 230 Keflavík,

lést þriðjudaginn 14. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 22. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

Erlendur Ragnarsson — **Þórdís Pálsdóttir**
Kristín Hrönn Ragnarsdóttir — **John R. Brantley**
María Hafdís Ragnarsdóttir — **Sveinbjörn Þórisson**
Þórður Ragnarsson — **Guðbjörg Jónsdóttir**
Ómar Ragnarsson
Rut Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

---

†

Móðir okkar,

Þuríður Ragna Jóhannesdóttir

Bragagötu 22a,

andaðist þann 15. desember að Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ólafur Jóhann Björnsson
Gísli Halldór Magnússon
og fjölskyldur

---

†

Sendum innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Óskars Magnússonar

Færum starfsfólki á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

Bára Jónsdóttir
Þorbjörg Lilja Óskarsdóttir
Magnús B. Óskarsson
Rakel Óskarsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Jónsdóttir Dungal

lést á Landspítalanum Fossvogi 15. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. desember kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda:

Jón Þorvaldsson — **Vallý Helga Ragnarsdóttir**
Steinunn Þorvaldsdóttir — **Finnur Geirsson**
Hilmar Á. Hilmarsson — **Guðfinna M. Sævarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Bjarnadóttir

frá Reykjum í Mosfellssveit,

lést að Hrafnistu, Reykjavík, laugardaginn 11. desember. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 21. desember kl. 13.00.

Rósa Guðný Jónsdóttir — **Árni Helgason**
Guðný Ásta Snorradóttir
Jón Halldór Guðmundsson
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Karen Rósa, Eggert Þór og Arnar Daði

---

†

Bróðir okkar,

Jón S. Hallgrímsson

Sæviðarsundi 11, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Áskirkju mánudaginn 20. desember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

Þórarinn Hallgrímsson
Helgi Hallgrímsson
og fjölskyldur

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Einars Hafsteins Guðmundssonar

skipstjóra, Reykjanesvegi 10, Njarðvík.

Guð gefi ykkur gleðileg jól.

Ása Lúðvíksdóttir
Sólveig Einarsdóttir — **Gunnar Már Eðvarðsson**
Magnús Einarsson — **Salvör Jóhannesdóttir**
Gísli Einarsson — **Kolbrún Sigurðardóttir**
Guðrún Einarsdóttir — **Árni Blandon Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

Jón Smári Friðriksson

Grundargerði 5e, Akureyri,

lést að heimili sínu miðvikudaginn 15. desember.

María Daníelsdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Dýrleif Jónsdóttir — **Ármann Guðmundsson**
Kolbrún Jónsdóttir — **Kristinn Hreinsson**
Guðrún Jónsdóttir — **Sölvi Ingólfsson**
Rúnar Jónsson — **Brynja Rut Brynjarsdóttir**
og barnabörn

SPARIÐ 70.000

FULLT VERÐ: 159.950,-

89.950,-

SÓFASETT 3 + 2

RUSSELL 3 + 2 sófasett
Glæsilegt sófasett úr PELLISIMA leðri.
Litur: Dökkbrúnn.
Stærð á 2ja sæta: 150 x 86,5 x 84 sm.
Stærð á 3ja sæta: 205 x 86,5 x 84 sm.

FULLT VERÐ: 109.950,-

69.950,-

SPARIÐ 40.000

NIKA koja með vinnuaðstöðu
Frábær koja með vinnuaðstöðu. Rúm, hillur, skrifborð, skúffur og skápur, allt í sama húsgagninu. Litir: Hlynur og grár.
Stærð: B250 x D94,3 x H192 sm.
Dýnustærð: B90 x L200 sm.

ALLT FYRIR JÓLIN

TILBOÐIN GILDA 18.12 - 20.12

FUN skrifborðsstóll
Fínn skrifborðsstóll í herbergið. Litur: Grár.
Stillanleg hæð með pumpu.

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995,-

2.995,-

40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995,-

2.995,-

CLAUS skrifborð
Flott skrifborð fáanlegt í beyki og svörtum lit. Stærð: B64 x D52 x H73 sm.

STAR skrifborðsstóll
Léttur stóll með stillanlegri setu á frábæru verði.
Litir: Svartur og rauður.

33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 5.995,-

3.995,-

PAUL skrifborðsstóll
Glæsilegur skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu.

SPARIÐ 15.000

FULLT VERÐ: 29.950,-

14.950,-

35% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 19.950,-

12.950,-

CALISTA sjónvarpsskápur
Stílhreinn og fallegur sjónvarpsskápur á frábæru verði!
Stærð: B122,5 x H46,7 x D45 sm.

STANFORD stóll
Glæsilegur borðstofustóll með brúnu PU áklæði.

SPARIÐ 6.000

FULLT VERÐ: 12.950,-

6.950,-

LUXURY stóll
Fallegur stóll fáanlegur með hvítu eða svörtu PU áklæði og krómfótum.

SPARIÐ 3.000

FULLT VERÐ: 8.995,-

5.995,-

SPARIÐ 10.000

FULLT VERÐ: 24.950,-

14.950,-

MICHIGAN sjónvarpsskápur
Stílhreinn og fallegur sjónvarpsskápur á ótrúlegu verði!
Stærð: B120 x H60 x D49 sm.

GAMMA stóll
Góður stóll úr eik með sessu úr míkrófíberefni.

SPARIÐ 5.000

FULLT VERÐ: 12.950,-

7.950,-

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA



VEFIR.NAMS.IS/FINGRAFIMI
Á þessari síðu má læra á lyklaborðið á tölvunni.

BRANDARAKISTAN

Í réttarsal
Dómarinn: Ertu sekur?
Sá seki: Nei, herra dómari.
Dómarinn: Hefur þú stolið einhverju áður?
Sá seki: Nei, þetta var í fyrsta sinn.

Tveir innbrotsþjófar tala saman
Af hverju hefur þú bílinn þinn bláan öðru megin en hvítan hinu megin?
Til þess að vitnunum beri ekki saman.

Hvað er það sem er gult, grátt, gult, grátt, gult, grátt, gult, grátt, gult,grátt, gult, grátt? Fíll sem rúllar niður brekku með fífil í munninum.

Hvað kallar þú fíl sem ferðast í strætó? Farþega.

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Jólapakkarall

Mjólkursamsölunnar og Miðborgarinnar okkar í dag 18. desember.

Jólasveinar á mjólkurbílum aka Laugaveg að Ingólfstorgi kl. 15 og leggja af stað frá Hallgrímskirkjuplani kl. 16 og aka niður Skólavörðustíg að Lækjartorgi.

Á leiðinni taka jólasveinarnir við pökkum sem þeir munu afhenda Fjölskylduhjálpinni og Mæðrastyrksnefnd. Látum gott af okkur leiða.

JÓLASVEINAR Í ALDANNA RÁS

Jólasveinarnir muna tímana tvenna. Miðaldirnar, skútuöldin og heimsstyrjaldirnar eru þeim enn ferskar í minni, sem og fyrsta skiptið þegar þeir hittu ameríska jólasveininn Nikulás.

> Ég er alsáttur því nú eru mun fleiri hús og þar af leiðandi mun fleiri hurðir að skella.

Ameríski jólasveinninn er um margt líkur þeim íslensku. Hann birtist bara á jólunum, elskar að gefa börnum gjafir og hefur myndarlegt skegg. En hvað finnst íslensku jólasveinunum um kollega sinn? „Hann er voða fínn náungi, klæddur í fínasta flauel og með vel greitt skegg," segir Hurðaskellir á meðan hann greiðir hangikjötstægjur úr sínu eigin skeggi. „Hann er samt óttalega spjátrungslegur, alltaf að bóna sleðann sinn og lítið fyrir látalætin í okkur bræðrunum. Svo tókum við eitt hreindýrið hans ein jólin og reyktum úr því hangikjöt. Hann var mörg ár að fyrirgefa okkur það."

Hurðaskellir er þó þakklátur Nikulási fyrir alla hans gjafmildi. Bæði hefur hann fært jólasveinunum þrettán gamla rauða búninga, sem hann notar ekki lengur því þeir hafa hlaupið í þvotti, og góða gítara. En af hverju gítara? „Við vorum vanir að taka gamaldags langspil með okkur, en þau þoldu frostið illa og við vorum alltaf að týna bogunum uppi á reginfjöllum. Vitiði hvað er erfitt að finna smáhlut uppi á hálendi? Það var vonlaust að finna þá aftur. Við fundum aftur á móti fullt af týndum fjallgöngumönnum sem við komum aftur til byggða. En nú getum við sungið og trallað á öllum böllum og kringum öll jólatré án þess að hafa nokkrar áhyggjur af bogum og göngugörpum."

En er ekkert erfitt að aðlagast nútímanum þegar maður er orðinn jafn gamall og jólasveinarnir? „Það er erfitt fyrir suma, auðveldara fyrir aðra," segir Hurðaskellir. „Ég er alsáttur því nú eru mun fleiri hús og þar af leiðandi mun fleiri hurðir að skella. Þessar nýju rennihurðir eru þó leiðindatól en ég er að hanna fjarstýringu til að stjórna þeim. Þegar ég er búinn fer ég beint upp í Kringlu og það verður sko heil sinfónía af skellum."

Einn þeirra sem ekki er hrifin af nútímanum er Kertasníkir. Af hverju? „Hann er fastur í fornum siðum og reynir alltaf að stela því sem hann heldur að séu kerti á jólatrjám. Þá lendir hann nú heldur betur í vandræðum því auðvitað er hætt að nota kerti fyrir lifandis löngu og rafljós í jólaseríum komin í staðinn. Hann fær straum og lýsist allur upp eins og ljósastaur," segir Hurðaskellir og hlær. „Honum verður samt ekki meint af og verður bara fínasta vasaljós á nóttinni þar til hann fer heim á þrettándanum."



KRAKKAKYNNING

- **Nafn:** Viktor Sigurbjörnsson.
- **Aldur:** 11 ára.
- **Skóli:** Háteigsskóli.
- **Í hvaða stjörnumerki ertu?** Vatnsberanum.
- **Helstu áhugamál?** Golf og fjallgöngur.

Eftirlætissjónvarpsþáttur? Golf fyrir alla á ÍNN.
Besti matur? Nautatunga með ólífusósu.
Eftirlætisdrykkur? Vatn.
Skemmtilegustu námsgreinarnar? Íslenska.
Áttu eða hefurðu átt gæludýr? Átti hund sem hét Skeifa.
Skemmtilegasti dagurinn? Þriðjudagur, það er fremur lítið að gera þann dag og þá get ég spilað golf í Básum en þar spila ég þrisvar í viku.
Uppáhaldslitur? Grænn.
Hvað gerðirðu í sumar? Spilaði golf á Selfossi.
Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið? Stikilsberja-Finnur eftir Mark Twain.
Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór? Ég ætla að reyna að verða atvinnumaður í golfi.

HITT OG ÞETTA

SÝNINGIN LEITIN AÐ JÓLUNUM er sýnd á Leikhúsloftinu í Þjóðleikhúsinu þrisvar í dag og á morgun, klukkan 11, 13 og 14.30. Miðaverð er 1.800 krónur.

GESTUM SÝNINGARINNAR Ormurinn ógnarlangi, í Gerðubergi menningarmiðstöð, gefst kostur á að ganga inn í söguheim goðafræðinnar og hitta fyrir goð, jötna og skrítnar skepnur. Opið er alla helgina frá klukkan 13 til 16.

ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN er klassísk jólasaga fyrir bæði unga sem aldna. Það er sýnt í Tjarnarbíói á morgun klukkan 13. Miðaverð er 2.000 krónur.

Lucky Charms®

Cocoa Puffs

Eigðu bragðgóð jól með okkur

krossgáta



LÁRÉTT
2. smæl, **6.** mannþyrping, **8.** kraftur, **9.** lærdómur, **11.** hætta, **12.** hani, **14.** ástaratlot, **16.** kaupstað, **17.** ískur, **18.** annríki, **20.** stöðug hreyfing, **21.** ríki.

LÓÐRÉTT
1. tónlistartegund, **3.** guð, **4.** stormur, **5.** berja, **7.** biðja ákaft, **10.** poka, **13.** spil, **15.** flatormur, **16.** ófarnaður, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** bros, **6.** ös, **8.** afl, **9.** nám, **11.** vá, **12.** krani, **14.** blíða, **16.** bæ, **17.** urg, **18.** önn, **20.** ið, **21.** land.
LÓÐRÉTT: **1.** fönk, **3.** ra, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** sárbæna, **10.** mal, **13.** niu, **15.** agða, **16.** böl, **19.** nn.

Hjálpartæki B-lífsins

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Á þriðjudag lagði hópur 14 þingmanna fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að klukkunni á Íslandi verði seinkað um eina klukkustund. Eins og alltaf þegar einhver vill *hringla* með klukkuna vakti tillagan hörð viðbrögð.

FRUMVARPIÐ er reyndar gallað þar sem það gerir ráð fyrir að breytingin gildi allan ársins hring. Hér á að sjálfsögðu að vera sumar- og vetrartími. Sumartíminn má vera sá sem við notum í dag, en á veturna þarf að seinka klukkunni um klukkustund í það minnsta.

FÓLK skiptist nefnilega í þrjá hópa; A-fólk, B-fólk og AB-fólk. A-fólk vill helst vera búið með átta tíma vinnudag þegar sólin kemur upp, B-fólk vill seinka klukkunni svo að morgnarnir séu bjartari og AB-fólk vill óbreytt ástand.

ÉG ætla ekki að leyna því að hagsmunir mínir í þessu máli eru ríkir. Ég er B-maður í miðri ljósameðferð. Þú last rétt, B-mennskan er svo yfirgengileg að ég er byrjaður að sanka að mér sérstökum hjálpartækjum B-lífsins. Þegar þetta er skrifað lýsir á mig svokallaður daylight-lampi sem gerir tilraun til að líkja eftir dagsljósi í viðleitni til að koma í veg fyrir að ég missi vitið – allavega á meðan ég er að skrifa í þetta blað fyrir ykkur. Klukkan er að ganga tólf á hádegi og myrkrið úti er ennþá óhugnanlegt.

SVO eru það morgnarnir. Þeir eru svo erfiðir að móðir mín hefur fengið bón frá örverpinu sínu um vekjaraklukku sem líkir eftir sólarupprás í jólagjöf. Einn klukkutími til eða frá er ekki að fara að gera þessi hjálpartæki óþörf, en hann mun gera morgnana sirka klukkutíma bærilegri.

ÞAÐ var löngu orðið tímabært að þingheimur myndi koma til móts við B-fólk, eða B-þjóðina eins og ég kýs að kalla hana. B-þjóðin hefur neyðst til að beygja sig undir fasískar forsendur A-fólksins sem vaknar fyrir dögun og fer að sofa á besta tíma dags.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes



Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ 10-19 ALLA HELGINA • SJÓÐHEIT JÓLATILBOÐ

OPNUNARTÍMAR

ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

RÆÐUSAFN ÁSMUNDAR Á BÓK Bókaútgáfan Útúrdúr gefur út bókina Kæru vinir – ræðusafn 2000-2010 eftir Ásmund Ásmundsson myndlistarmann. Bókin er safn ræðna sem Ásmundur hefur haldið við ýmis tilefni undanfarin tíu ár og spanna allt frá fræðilegum úttektum á stöðu myndlistarinnar til tækifærisræðna við opnanir sýninga eða afmæli kollega. Viðar Þorsteinsson ritstýrir.

Bækur ★★

Hið dökka man, saga Catalinu

Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarinn Þórarinsson

Varnarræða vændiskonu

Catalina Mikue Ncogo varð alræmd á einni nóttu eftir að upp komst um umfangsmikinn rekstur hennar í vændisgeiranum snemma árs 2009. Síðan hefur varla linnt fréttum af henni og mætti ætla að það væri að bera í bakkafullan lækinn að gefa sögu hennar út á bók. Höfundarnir, Jakob og Þórarinn, telja svo ekki vera og segja í eftirmála að vel megi vera að Catalina sé bersyndug kona „en það réttlætir ekki að hún sé beitt þöggun". (bls. 197)

Frásögnin byggist enda mestan part á frásögn Catalinu sjálfrar í beinni ræðu, en inn í er skotið almennri umfjöllun um Miðbaugs-Gíneu, sagt frá dómsmálum á hendur henni og fréttaflutningur af þeim ítarlega rakinn, rætt við nokkra af viðskiptavinum hennar og birtar skýrslur starfsmanna í Kópavogsfangelsinu um aðför annarra fanga að Catalinu.

Frásögn Catalinu virðist tekin nánast orðrétt upp af segulbandinu og það verður að segjast eins og er að hún er ekki sérlega góður sögumaður og hefði vel mátt við góðri ritstýringu. Hún veður úr einu í annað og endar einræður sínar oftar en ekki á að skammast út í femínista og kerfið á Íslandi sem af þeirra völdum er svo fjandsamlegt vændi og leggja ítrekaða áherslu á að víst sé hún hamingjusöm hóra. Þegar talið berst að óþægilegum hlutum ber hún ýmist fyrir sig minnisleysi eða fer að tala um eitthvað annað. Oft lendir hún í mótsögn við sjálfa sig og stundum sjá höfundarnir ástæðu til að taka fram í neðanmálsgrein að þetta sé hennar útgáfa af sögunni, aðrir „hagsmunaaðilar" hafi aðra sögu að segja eða þá að aðrir hafi staðfest að þetta sé rétt hjá henni. Reyndar virðast þeir draga sannsögli hennar svo mikið í efa að þeir sjá ástæðu til að byrja eftirmálann, þar sem þeir útskýra ástæður sínar fyrir skrifunum, á beinni tilvitnun í Catalinu sjálfa: „Við ljúgum. Það er nú það sem við vændiskonur gerum." (bls. 195)

Þeir félagar Jakob og Þórarinn eru báðir sjóaðir blaðamenn og góðir pennar, textinn rennur vel og annað efni en einræður Catalinu er skipulega og vel fram sett. Alltaf er auðvitað spurning hvaða leið á að fara í svona bókum og þessum lesanda hér finnst að kröftug ritstýring hefði verið til mikilla bóta og að það hefði verið skaðlaust að fleiri raddir fengju að heyrast um þetta eilífa deilumál. Hér kemur fátt fram sem ekki er á flestra vitorði fyrir og þeir sem eru í leit að krassandi sögum úr íslenskum undirheimum verða að róa á önnur mið.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Ágætlega skrifuð en frekar daufleg frásögn af lífi einnar alræmdustu konu á Íslandi.

Af óviðráðanlegum ástæðum tefst útkoma Morkinskinnu, í ritröðinni Íslenzk fornrit, fram yfir áramót.

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

„Festival Of Nine Lessons and Carols"
A Christmas Service in English
HALLGRÍMSKIRKJA
December 19, 2010 at 16:00
Ministers: Reverend Birgir Ásgeirsson
Reverend Bjarni Þór Bjarnason
Hallgrímskirkja Motet Choir
Organist and Conductor: Hörður Áskelsson
Sponsored by the U.S. Embassy inReykjavík

CAMERARCTICA Hefur haldið ferna kertaljósatónleika fyrir hver jól allar götur síðan 1993.

Léttir tónar með mikla dýpt

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú fyrir jólin. Þetta er átjánda árið í röð sem hópurinn leikur ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós.

Ármann Helgason klarinettuleikari í kammerhópnum Camerarctica segir tónleikana ómissandi hluta af jólaundirbúningi margra.

„Við sjáum sömu andlitin ár eftir ár," segir hann. „Fólk hringir í byrjun desember ef við erum ekki farin að auglýsa og spyr hvort það verði ekki ábyggilega kertaljósatónleikar. En það bætast alltaf nýir áheyrendur í hópinn, oft fólk sem hlustar ekki alla jafna á klassíska tónlist."

Hópinn skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason, klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir og Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Fyrstu kertatónleikarnir voru haldnir árið 1993 og hefur hópurinn haldið fjóra tónleika fyrir hver jól allar götur síðan, alls hátt í 80 tónleika.

„Við fundum strax fyrir miklum áhuga hjá fólki og það réðst eiginlega af sjálfu sér að halda þessu áfram. Ég held að mörgum finnist gott að komast úr jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu. Tónlist Mozarts er svo léttleikandi en býr um leið yfir mikilli dýpt."

Að þessu sinni verða leikin tvö verk, kvintett fyrir klarinettu og strengi eftir samtímatónskáld Mozarts, Franz Krommer og strengjakvintett W.A. Mozarts KV-174. Að venju lýkur tónleikunum á jólasálminum „Í dag er glatt í döprum hjörtum" úr Töfraflautunni.

Ármann segir gaman að fá tækifæri til að virkja kirkjurnar sem tónlistarhús. „Þær eru svo hljómfagrar og hver og ein hefur sín sérkenni og blæbrigði." Spurður hvort hann eigi einhverja uppáhaldskirkju til að spila í nefnir Ármann Garðakirkju, „Hún er alveg sér á báti, hefur afskaplega fallegan kammerhljóm. En að öðru leyti er erfitt að gera upp á milli þeirra."

Fyrstu tónleikar kammerhópsins verða í Kópavogskirkju á sunnudagskvöld; á mánudagskvöld leikur hópurinn í Hafnarfjarðarkirkju; í Garðakirkju á þriðjudagskvöldið 21. desember og loks í Dómkirkjunni í Reykjavík á miðvikudagskvöld. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21, nema fyrstu tónleikarnir í Kópavogskirkju, sem hefjast kl. 22.30. Aðgangseyrir er 2.000 krónur og 1.000 krónur fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn.

bergsteinn@frettabladid.is

Þrumuguð kemst til manns

Bækur ★★★★

Þór – leyndarmál guðanna

Friðrik Erlingsson

Friðrik Erlingsson sendi fyrir tveimur árum frá sér bókina Þór í heljargreipum, sem fjallaði um þrumuguðinn ungan. Samhliða bókinni var unnið kvikmyndahandrit og tölvuleikur sem munu eiga að líta dagsins ljós á nýju ári.

Nú er komin út önnur bók um Þór, Þór – leyndarmál guðanna, og þótt sagan sé framhald fyrri bókarinnar geldur lesandinn þess í engu að vera ókunnugur eldra verkinu. Í þessari sögu reynir hinn ungi hálfguð að reyna að finna sér sess meðal annarra guða í Ásgarði, en hann er ekki í guðatölu ennþá sökum æsku og vanþroska. Þór þarf að fara nokkrar krókaleiðir að því að verða maður með mönnum og má segja að sagan sé þroskasaga, í besta skilningi þess orðs – bæði Þór og lesandinn hafa breyst í bókarlok.

Sögurnar af Þór eru ekki endursögn á norrænu goðafræðinni heldur nýjar sögur af guðunum sagðar með aðstoð þekktra minna úr goðsögunum. Þetta er bráðsnjöll leið til að vinna með menningararfinn á hátt sem tryggir ferska og nútímalega sögu sem samt vísar stöðugt í fortíðina, kunnugum jafnt sem ókunnugum til gleði.

Refsing Loka er skemmtilegt dæmi um það hvernig gömul saga er poppuð upp. Eiturnaðran sem hringar sig yfir honum lætur ekki eitur dynja á andliti hans, heldur er snákurinn smámæltur mathákur að nafni Smjatti, sem hefur dálæti á úldnum og illa þefjandi mat. Hann slefar síðan linnulítið yfir bandingjann. Munnvatn þess sem hefur nýlega kjamsað á fúleggi er ógeðslegt á miklu skiljanlegri hátt en svolítið eitur, ekki satt?

FRIÐRIK ERLINGSSON

Við upphaf hvers kafla er svarthvít smámynd eftir Gunnar Karlsson. Myndirnar eru skemmtilega teiknimyndalegar og galgopalegar, eins og sagan sjálf, og eru vel þess virði að rýna í.

Sagan er löng – einar 380 síður – og kannski svolítið hæg í gang, en þegar Loki hefur hrint í framkvæmd voðalegri ráðagerð sinni hrífst lesandinn með. Fléttan er viðamikil en þó ekki svo flókin að lesandinn missi nokkurs staðar tökin á henni.

Sögumaður hefur nokkra írónískra fjarlægð á allar persónur, sem er hluti skýringarinnar á því af hverju sagan er sein í gang: Það er erfitt að samsvara sig persónu sem horft er á með þeim augum. En eftir æsilegt ferðalag í för með þrumuguðinum hefur lesandinn kannski öðlast svolitla íróníska fjarlægð á sjálfan sig, sem hlýtur að vera hverjum manni hollt.



Arndís Þórarinsdóttir

Niðurstaða: Allt góða efnið úr goðafræðinni í nútímalegri sögu.

Gódar jólagjafir...

Sennheiser heyrnartól
Verð 17.900 kr.
Jólatilboð 11.900 kr.

Sennheiser þráðlaus heyrnartól
Verð 22.900 kr.
Jólatilboð 17.900 kr.

Ljósakróna
Verð 74.900 kr.
Jólatilboð 55.000 kr.
Einnig fáanleg í hvítu

Sennheiser heyrnartól
Verð 5.900 kr.
Jólatilboð 3.900 kr.

Saumavélar.
Verð frá 29.900 kr.

Hitapúðar í miklu úrvali
Verð frá 3.995 kr.



Nuddtæki
Verð frá 4.900 kr.

Gólflampi
Verð 18.900 kr.
Jólatilboð 12.000 kr.

Braun hleðslurakvél
Verð 13.900 kr.
Jólatilboð 9.900 kr.

Braun handþeytari
Verð 5.900 kr.
Jólatilboð 3.900 kr.

Lítill snyrtispegill með stækkun
Jólaverð 1.980 kr.

Borðlampi, margir litir
Verð 6.900 kr.
Jólatilboð 4.900 kr.

Blóðþrýstingsmælir
Verð 7.480 kr.
Jólatilboð 5.980 kr.

Ljósakróna
Verð 25.900 kr.
Jólatilboð 15.000 kr.

PFAFF

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

GÓÐAR JÓLAGJAFIR!

Frábært úrval af flottum og góðum jólagjöfum í Intersport!
Við höfum allt fyrir íþrótta- og útivistarfólkið!

22.990

SALOMON VEGA MID GORE-TEX
Gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu.
Contagrip-sóli með góðu gripi og dempun.
Dömu- og herrastærðir.

5.990

PRO TOUCH IMPULSE 20
Göngustafir. Stærðir: 110-130.

11.990
(fullt verð 15.990)

MCKINLEY BORA 45
Göngubakpoki. 45 lítrar.

5.990

TECHNO PRO CS JUNIOR
Skíðahjálmur. Barnastærðir.

3.990

CÉBÉ MARWIN
Skíðagleraugu. Barnastærðir.

3.990

MCKINLEY SENTO GLOVE JR
Skíðahanskar með mjúku og hlýju THINSULATE-fóðri.
Barnastærðir.

Fyrir börnin

8.990
(fullt verð 11.990)

ALPEN GAUDI
Stýrissleði. Litir: Silfur, rauður.

10.990
(fullt verð 13.990)

MCKINLEY RASK OVERALL
Kuldagalli með hlýju fóðri og 5.000 mm vatnsheldni.
Barnastærðir.

8.990
(fullt verð 10.990)

SKECHERS WYNDHAM
Vatnsheldir kuldaskór með riflásum. Barnastærðir.

5 VERSLANIR – ALLTAF GOTT VERÐ

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18
Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum.

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla
Á BÍLDSHÖFÐA
Í LINDUM OG
SMÁRALIND

EXPO - www.expo.is

FRÁBÆRT VERÐ!

Glæsilegt úrval jólagjafa á frábæru verði fyrir alla!
Intersport óskar þér og þínum gleðilegra jóla!

990

FIREFLY MAGIC GLOVE
Fingravettlingar. 2 pör í pakka. Litir:
Svartir / gráir eða svartir / bleikir. Dömustærðir.

990

990

MCKINLEY FLEECE HAT Útivistarhúfa úr flísefni.
Litir: Svört, bleik. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY FLEECE HEADBAND Eyrnaband úr flísefni
með riflás. Litir: Svart, bleikt. Dömu- og herrastærðir.

6.990

MCKINLEY BASIC LAYER ONE
Nærfatasett, síðermabolur og síðar nærbuxur.
Dömustærðir.

6.990

MCKINLEY GABRIEL FUNCTION SWEATER
Rennd útivistarpeysa með þunnu flísfóðri.
Herrastærðir.

Í gönguna

10.990
(fullt verð 15.990)

MCKINLEY CISCO
Léttir gönguskór með CONTAGRIP-sóla sem veitir
gott grip. Dömu- og herrastærðir.

1.690

MCKINLEY KNIT WINDBLOCER Útivistarhúfa með eyrna-
bandi úr flís. Litir: Svört, blá, bleik. Dömu- og herrastærðir.

Í veiðina

9.990
(fullt verð 11.990)

MAX FOX RJÚPNAVESTI

17.990

MAX FOX SNJÓÞRÚGUR
Snjóþrúgur í tösku.

4.490

VIEW LUX POCKET
Sjónauki. Stækkun 10 x 25.

INTERSPORT

Tvö skáldrit með fullt hús stiga

Vika er til jóla og bókaflóðið í algleymingi. Fréttablaðið tekur saman dóma um þau innlendu rit sem hafa verið ritrýnd hingað til. Tvö skáldrit hafa fengið fullt hús stiga gagnrýnanda í ár, Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju og Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson. Þá hefur ein barnabók, Skrímsli á toppnum, fengið fimm stjörnur fram að þessu.

Andlit ★★★★

Jónatan Grétarsson

Ljósmyndir og ljóð draga upp óvæntar og heillandi svipmyndir af þekktum listamönnum og persónum í samfélaginu. Forvitnileg bók sem maður sækir í aftur og aftur. *- rs*

Áttablaðarósin ★★

Óttar Martin Norðfjörð

Á Áttablaðarósinni er ágætur efniviður og margt er þar vel gert en heildarmyndin líður fyrir gallaða frásagnartækni og sögumann sem svindlar á lesendum sínum. *- jyj*

Birgir Andrésson: Í íslenskum litum ★★★★

Þröstur Helgason

Þröstur Helgason varpar skýru ljósi á list Birgis Andréssonar í íslensku og alþjóðlegu samhengi og dregur upp innilega mynd af þeim einstaka manni sem hann hafði að geyma. *- rs*

Blóðhófnir ★★★★★

Gerður Kristný

Besta ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Meitlaður texti sem talar til lesandans á mörgum sviðum. Lestrarnautn. *- fsb*

Doris deyr ★★★

Kristín Eiríksdóttir

Vel byggðar og vel stílaðar smásögur sem undirstrika einstæða sýn Kristínar á eðli þess að vera manneskja.- *fsb*



Ein báran stök ★★

Ólafur Haukur Símonarson

Ein báran stök er fínasta handrit að sjónvarpsþáttaröð en gengur ekki alveg upp sem skáldsaga. *- fsb*

Ég man þig ★★★

Yrsa Sigurðardóttir

Ég man þig er spennandi og óhugnanleg hryllingssaga, vel fléttuð og hrollvekjandi. *- jyj*

Furðustrandir ★★★★

Arnaldur Indriðason

Fantavel byggð breið skáldsaga sem minnir á þjóðfélagsádeilur fyrri tíma. Arnaldur eins og hann gerist bestur, jafnvel betri. *- fsb*

Gunnar Thoroddsen. Ævisaga ★★★★

Guðni Th. Jóhannesson

Ævisaga Gunnars Thoroddsen er glæsileg ævisaga og læsileg. Hún er hliðholl viðfangsefninu en gefur lesandanum tækifæri til að meta og dæma stjórnmálamanninn Gunnar Thoroddsen og samtíma hans á eigin forsendum. *- jyj*

Handritið … ★★★★

Bragi Ólafsson

Nýjasta skáldsaga Braga Ólafssonar er flókið skáldverk og metnaðarfullt. Þar birtast öll bestu höfundareinkenni Braga, hún er launfyndin og spakleg rannsókn á skáldsögunni og lífinu sjálfu. *- jyj*

Hið dökka man – saga Catalinu ★★

Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarinn Þórarinsson

Ágætlega skrifuð en frekar daufleg frásögn af lífi einnar alræmdustu konu á Íslandi. *- fsb*

Heimanfylgja ★★★

Steinunn Jóhannesdóttir

Heimanfylgja er þegar best lætur mögnuð lýsing á andrúmslofti sautjándu aldar á Íslandi en aðalpersónan sjálf hverfur stundum í skuggann. *- jyj*

Jónína Ben ★★

Sölvi Tryggvason

Jónína Ben er málsvörn hennar og ákæruskjal á hendur andstæðingum hennar, ágætlega unnin viðtalsbók. *- jyj*

Leyndarmál annarra ★★★

Þórdís Gísladóttir



Vel skrifaðar og skemmtilegar smámyndir úr borgarlífinu, en ljóðrænan er af skornum skammti. *- fsb*

Ljósa ★★★★

Kristín Steinsdóttir



Vel stíluð og vel byggð saga með frábærri persónusköpun. Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér. *- fsb*

Martröð millanna ★★

Óskar Hrafn Þorvaldsson

Martröð millanna er ekki frumleg glæpasaga en stendur ágætlega fyrir sínu og lýsir vel öfgunum og ruglinu sem einkenndu þátttakendur í útrásinni. *- jyj*

Morgunengill ★★★★

Árni Þórarinsson

Morgunengill hefur allt það til að bera sem einkennir góðan krimma, margslungna fléttu sem varpar ljósi á samtíma okkar á óvæntan og hrollvekjandi hátt. *- jyj*

Mörg eru ljónsins eyru ★★★★

Þórunn Valdimarsdóttir

Vel heppnuð nútímaútfærsla á Laxdælu sem á meira skylt við fornsögurnar en formúlukrimma samtímans. *- fsb*

Runukrossar ★★

Helgi Ingólfsson

Niðurstaða: Frumleg framtíðarsýn sem veltir upp áleitnum umhugsunarefnum en morðgátan fellur í skuggann. *- fsb*

Síðdegi ★★★★

Vilborg Dagbjartsdóttir

Meitlaður skáldskapur um það sem máli skiptir. Vilborg sannar hér enn að hún er meðal merkustu skálda. *- fsb*

Skáldsaga um Jón ★★★★

Ófeigur Sigurðsson

Listilega saminn texti í fantavel byggðri sögu sem speglar veruleikann bæði þá og nú. Tvímælalaust ein besta skáldsaga ársins. *- fsb*

GAGNRÝNENDUR:

Arndís Þórarinsdóttir (aþ)
Álfrún Pálsdóttir (áp)
Friðrika Benónýsdóttir (fbs)
Jón Yngi Jóhannsson (jyj)
Pétur Gunnarsson (pg)
Ragna Sigurðardóttir (rs)

Stolnar raddir ★★

Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir

Ágætlega byggð og vel skrifuð saga með skemmtilegu plotti, en hefði mátt við meiri dýpt. *- fsb*

Stormurinn reynslusaga ráðherra ★★

Björgvin G. Sigurðsson

Tilþrifalítil bók. *- pg*

Sýrópsmáninn ★★★★

Eiríkur Guðmundsson

Listilega samansettur texti og myndir sem sveima lengi í huga lesandans. Bók sem gripið verður til aftur og aftur. *- fsb*

Svar við bréfi Helgu ★★★★★

Bergsveinn Birgisson

Sjaldgæf perla þar sem nútíð og fortíð, borg og sveit mætast og renna saman í óviðjafnanlegum texta. *- jyj*

Takk útrásarvíkingar ★★★

Lára Björg Björnsdóttir

Hnyttin og kaldhæðin þjóðfélagsrýni þar sem margir munu sjá sjálfan sig bregða fyrir. Fín frumraun. *- áp*

Tregðulögmálið ★★

Yrsa Þöll Gylfadóttir

Tregðulögmálið er því miður misheppnuð tilraun til að skrifa íslenska háskólaskáldsögu. Sagan tekur sjálfa sig alltof hátíðlega og nær aldrei að varpa nýju ljósi á viðfangsefni sín. *-jyj*

Útlagar ★★★★

Sigurjón Magnússon

Útlagar er vel heppnuð skáldsaga, hún lýsir þrúgandi tímum og lífi persóna sem kikna undan þeim á áhrifaríkan hátt. *–jyj*

Þóra biskups ★★★

Sigrún Pálsdóttir

Stórskemmtileg og vel stíluð saga en dálítið ágripskennd og sjónarhornið þröngt. *- fsb*

Þrjár hendur ★★★★

Óskar Árni Óskarsson

Meitluð ljóð sem vaxa og dýpka við hvern lestur. Bók sem án efa verður gripið niður í aftur og aftur. *-fsb*

Önnur líf ★★★

Ævar Örn Jósepsson

Fínn krimmi með flottu plotti og góðri persónusköpun. Rígheldur athygli lesandans, vekur til umhugsunar og kemur á óvart. *–fsb*

BARNABÆKUR

Arngrímur apaskott og hrafninn ★★★★

Kristín Arngrímsdóttir

Toppgæði á bæði myndum og texta, kjörin fyrir yngstu lesendurna. *- aþ*

Aþena – Hvað er málið með Haití? ★★★★

Margrét Örnólfsdóttir

Fjörlega skrifuð, nútímaleg saga um smáa atburði og stórar tilfinningar. *- aþ*

Forngripasafnið ★★★

Sigrún Eldjárn

Haganlega skrifuð saga sem líður fyrir heldur þunglamalega fléttu. *- aþ*

Kanínan sem fékk aldrei nóg ★★★

Huginn Þór Grétarsson

Dæmisaga með flottum myndum, en textanum er ábótavant. *- aþ*

Skrímsli á toppnum ★★★★★

Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal

Enn ein fjöður í skrímslahattinn. *- aþ*

Þór – Leyndarmál guðanna ★★★

Friðrik Erlingsson

Allt góða stöffið úr goðafræðinni í nútímalegri sögu. *- aþ*

KRÓNAN

fyrst og fremst ódýrt

GEFÐU HAGKVÆMA GJÖF

SÖLUBÁS Í KRÓNUNNI LINDUM

OPINN ALLA DAGA TIL JÓLA 10-22

EN Á ÞORLÁKSMESSU 10-23

Athugið: Einungis er tekið við greiðslu gegn framvísun greiðslukorts

Einnig er hægt að panta gjafakort Krónunnar á www.kronan.is

EXPO • www.expo.is

FJÁRFESTAR ATHUGIÐ!

- Fyrirtæki í góðum rekstri leitar að aðkomu fjárfesta að fyrirtækinu í samstarfi við núverandi eigendur. Velta er u.þ.b. 150.000.000 kr.+vsk. Hægt að auka verulega með auknu fjármagni. Góð framlegð.
- **Verksvið:** Innflutningur, sala og þjónusta.

  Helst er leitað eftir því að fá einn fjársterkan aðila inn í fyrirtækið en einnig koma nokkrir smærri til greina. Lágmarks fjárfestingargeta er frá 2.500.000 kr. Engin krafa um eigið vinnuframlag.
- **Allar upplýsingar og fyrirspurnir sendist á netfangið** fjarfest@gmail.com

Helgi Björns

& STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
Á JÓLATÓNLEIKUM

Stjórnandi: Samúel J. Samúelsson
Sérstakur gestur: Helgi Björns
Fjölbreytt dagskrá skemmtilegrar jólatónlistar í jazzútsetningum, innlendum og erlendum, nýjum og gömlum.

Ráðhús Reykjavíkur
Sunnudag 19. des. kl. 16:00

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

Aðgangur ókeypis

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Jólabókahrunið í Gallerí Fold

Jólabókahrunið – falsbókmenntir eftirhrunsáranna er yfirskrift sýningar eftir Þorvald Óttar Guðlaugsson, Dalla, sem verður opnuð í Gallerí Fold í dag. Sýningin samanstendur af tíu skálduðum bókatitlum sem Dalli hefur hannað, sölutextum þeirra og stjörnuprýddum umsögnum gagnrýnenda, en öll verkin eiga það sameiginlegt að tengjast hruninu.

ÞORVALDUR ÓTTAR GUÐLAUGSSON

Þorvaldur segir að drögin að sýningunni hafi orðið til á Facebook í haust.

„Í staðinn fyrir að sitja heima í gremjukasti lék ég mér að því að búa til þessar kápur og deildi þeim með vinum mínum á vefnum. Ég fékk ágætis viðbrögð við þessu framtaki. Þegar ég var búinn að gera um tólf kápur stakk Jóhann Ágúst Hansen í Gallerí Fold upp á því að við settum upp sýningu. Í kjölfarið fór ég að gera aðeins meira úr þessu og bætti við umsögnum gagnrýnenda og stjörnugjöf. Verkið kallast því ekki aðeins á við hrunið, heldur einnig jólabókaflóðið sem slíkt.“

Þorvaldur Óttar er menntaður grafískur hönnuður og hefur starfað sem slíkur í tæpa þrjá áratugi. Jafnframt hefur hann unnið að myndlist í formi samfélagslegra skúlptúra, ásamt mótun íslenskra fjalla í ál og postulín.

Formleg opnun sýningarinnar er klukkan 17 í dag en henni lýkur á þrettánda degi jóla, 6. janúar næstkomandi. - bs



ECONOMIC CRASH TEST FOR DUMMIES Þorvaldur bjó til yfir tíu bókatitla sem skírskotuðu í hrunið og deildi með vinum sínum á Facebook. Þeir eru nú til sýnis í Gallerí Fold.

Grimm ævintýri Ásgeirs

Ljóðabókin Grimm ævintýri eftir Ásgeir H. Ingólfsson er komin út hjá Nýhil útgáfunni. „Þetta er ljóðaflakk um ævintýraskóga, Ásgarð og Austur-Evrópu – en hefst þó á Ölstofunni, þar sem músa Hómers hittir fyrir bakara og smið og fær þá með sér í ferðalag með það markmið að yrkja heiminn upp á nýtt. Á leiðinni hitta þau fyrir Tinna, Öskubusku, Loka Laufeyjarson, Heimdall, Miðgarðsorm, Rauðhettu, úlfinn og fleiri persónur heimsbókmenntanna,“ segir í fréttatilkynningu útgefanda.

Ásgeir H. Ingólfsson hefur unnið sem bóksali, kennari og næturvörður undanfarin ár auk starfa í blaðamennsku, en hann hefur skrifað um menningu og sitthvað fleira fyrir Krítík, Morgunblaðið, Kistuna, Smuguna, Stúdentablaðið, Tímarit Máls og menningar, Smuguna og The Reykjavik Grapevine. Hann er bókmenntafræðingur frá HÍ og Karlsháskóla í Prag og hefur auk þess stundað MA-nám í blaðamennsku og kennslufræðum.

Bókin er ríkulega myndskreytt af Gunnlaugi Starra Gylfasyni.

ÁSGEIR H. INGÓLFSSON Nýútkomin bók hans er ljóðaflakk um ævintýraskóga sem hefst þó á Ölstofunni.

Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

Dreifing í verslanir 20. desember

Leitin að gralnum

Perceval

Perceval eða Sagan um gralinn er eitt merkasta bókmenntaverk miðalda, samin undir lok 12. aldar. Í þessari frönsku riddarasögu hefst leitin að gralnum og er sögusvið hennar heimur Artúrs konungs og riddara hringborðsins. Hinn ungi Perceval vill ólmur slást í þann hóp. Hans bíða mörg ævintýri sem enn heilla og skemmta lesendum. Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi og ritaði inngang.

Heimspeki fyrir hugdjarfa!

Af sifjafræði siðferðisins

Af sifjafræði siðferðisins er eitt þeirra rita Nietzsches þar sem hugsun hans er skýrust og beittust. Hann beinir sjónum að hugtökum eins og góðu og illu, sekt og skuld, slæmri samvisku og hugsjónum um að draga sig í hlé frá skarkala lífsins. Verk sem skemmtir og hneykslar, ristir upp og opnar nýjar leiðir í hugsun og lífi. Róbert Jack þýddi og Róbert Haraldsson ritar inngang.

Í 40 ár hafa Lærdómsritin fært íslenskum lesendum brot af því besta sem mótað hefur heimsmenninguna.

Hefur þú kynnt þér þennan dýrmæta fróðleiksbrunn?

80 titlar!

„Einhver merkasti bókaflokkur á Íslandi“
– Egill Helgason

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

Jólastemmning!

Austurstræti

Laugardagur 18. desember

Kl. 14.00 Pollapönk kynnir diskinn ***Meira Pollapönk***
Kl. 14.15 Kynning á spilinu ***Kynstrin öll***
Kl. 15.00 DVD diskurinn ***Eldhús meistaranna*** kynntur og gestum gefið góðgæti að smakka
Kl. 15.15 Rúnar Þórisson spilar lög af disk sínum ***Fall***
Kl. 16.00 Emil Hjörvar les úr bók sinni ***Saga eftirlifenda***
Kl. 16.30 Sigurður A. Magnússon les úr þýðingu sinni á bókinni ***Zen og listin að viðhalda vélhjólum***
Kl. 17.00 Prinspóló leikur og syngur lög af nýjum disk sínum ***Jukk***

Sunnudagur 19. desember

Kl. 15.00 Hrefna Rósa Sætran kynnir ***Fiskmarkaðurinn***
Kl. 15.30 Karl Berndsen gefur góð ráð um útlitið og kynnir bók sína ***VAXI-n***

Þorláksmessa

Kl. 17.00 Yrsa Sigurðardóttir áritar nýja bók sína ***Ég man þig***

Kringlan *v. hliðina á Bónus*

Laugardagur 18. desember

Kl. 13.00 Kynning á spilinu ***Heilaspuni***
Kl. 14.00 Hrefna Rósa Sætran kynnir ***Fiskmarkaðurinn***
Kl. 15.00 Prinspóló leikur og syngur lög af nýjum disk sínum ***Jukk***
Kl. 16.00 Kynning á ***áskriftarpökkum Andrésar Andar***
Kl. 20.00 Kynning á spilinu ***Flakk***

Sunnudagur 19. desember

Kl. 15.00 Lára Björg Björnsdóttir áritar bók sína ***Takk útrásarvíkingar***
Kl. 16.00 Jóhannes Kr. Kristjánsson áritar bók sína ***Brasilíufanginn***
Kl. 17.00 Steinar og Helgi kynna nýja jazzdiskinn ***Skver***

Þriðjudagur 21. desember

Kl. 17.00 Gillz áritar bók sína ***Lífsleikni***
Kl. 17.00 Logi Geirs áritar bókina ***10.10.10***
Kl. 19.00 Ívar Helgason syngur lög af disk sínum ***Jólaljós***

Miðvikudagur 22. desember

Kl. 17.00 Svavar Knútur kynnir diskinn ***Amma***

Skólavörðustígur

Laugardagur 18. desember

Kl. 16.00 Prinspóló leikur og syngur lög af nýjum disk sínum ***Jukk***

Sunnudagur 19. desember

kl. 15.00 Ellen Kristjáns tekur lagið

Kringlan

Laugardagur 18. desember

Kl. 12.00 DVD diskurinn ***Eldhús meistaranna*** kynntur og gestum gefið góðgæti að smakka
Kl. 15.00 Bubbi Morthens áritar ***Bubbi samtalsbók***
Kl. 16.00 ***Jónina Ben*** áritar bók sína

Sunnudagur 19. desember

Kl. 13.00 Kynning á spilinu ***Heilaspuni***
Kl. 15.00 Tobba áritar lífsstílsbók sína ***Dömusiðir***
Kl. 15.00 Þorgrímur Þráinsson áritar bækur sínar
Kl. 17.00 Kynning á ***Víkings spilinu***

Smáralind

Laugardagur 18. desember

Kl. 13.00 Kynning á spilinu ***Flakk***
Kl. 14.00 ***Jónina Ben*** áritar bók sína
Kl. 15.00 Kynning á spilinu ***Heilaspuni***
Kl. 16.00 Belinda Theriault kynnir og áritar barnabók sína ***Birta brött og bleik***
Kl. 17.00 Kynning á DVD veiðidisknum ***The Source***

Sunnudagur 19. desember

Kl. 14.00 DVD diskurinn ***Eldhús meistaranna*** kynntur og gestum gefið góðgæti að smakka
Kl. 15.00 Landsbjörg kynnir ***Haiti bókina***
Kl. 16.00 Kynning á spilinu ***Popppunktur***

Þriðjudagur 21. desember

Kl. 17.00 ***Páll Óskar*** tekur lagið og áritar

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands
Er sem hér segir:

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Eskihlíð 2-4	Hafnargötu 29	Freyjusnesi 4
S. 892 9603	S. 697 3521	S. 869 0820
14-15-21-22 des.	22. des	22. des
Frá kl 14:00		

Fjölskylduhjálp Íslands

KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR

Jólatónleikar í Áskirkju
sunnudaginn 19. desember 2010 kl. 17

„Hann er faðirinn, við erum börnin“

Sinfóníur og konsertar eftir
Carl Philipp Emanuel Bach

Einleikarar:
Margrét Árnadóttir, selló
Melkorka Ólafsdóttir, flauta

sjá nánar á kammersveit.is
miðasala á midi.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 18. desember

Gjörningar

13.00 **Daníel Hjörtur** mun í dag skera út andlit og fleira úr rekaviðardrumbum og öðru óvenjulegu efni við verslunina **Eitthvað íslenskt** á Skólavörðustíg 14. Hann beitir söginni á heila tímanum frá 13-18 og eru allir velkomnir.

Tónleikar

16.00 Jaðarkántríkapparnir í **Hudson Wayne** ætla spila fyrir gesti **HAVARÍ** í dag kl. 16. Frítt inn.



17.00 **Tinna Þorsteinsdóttir** leikur ný píanóverk eftir Slátur meðlimi í Norræna húsinu í dag kl. 17. Miðaverð er 1500 krónur, 1000 krónur fyrir nema og 5000 krónur fyrir atvinnugagnrýnendur.

20.00 Hljómsveitin **Malneirophrenia** verður með útgáfutónleika í **Slippsalnum, NemaForum** Mýrargötu 2 (við hliðina á Búllunni) í kvöld kl. 20. Miðaverð er 1000 krónur.

21.00 **Plx, Quadroupolus og Árni Grétar(Futurgrapher)vs. Steve Sampling** spila raftónlist í Nýlenduverslun **Hemma og Valda,** á Laugavegi 21 í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

21.00 Hljómsveitin **Agent Fresco** spilar á útitónleikum hjá versluninni **Nikita,** að Laugavegi. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Enginn aðgangseyrir.

23.00 Hljómsveitin **Stóns** verður með tónleika á **Sódóma Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 23 og er 18 ára aldurstakmark. Aðgangseyrir er 1500 krónur, frítt er inn fyrir þá sem eiga afmæli 18. desember.

Opnanir

14.00 **SÍM** - Samband íslenskra myndlistarmanna hefur tekið í notkun nýtt vinnustofuhús fyrir félagsmenn sína í **Lyngási 7, Garðabæ.** Formaður SÍM mun opna húsið formlega í dag kl.14. Allir velkomnir.

17.00 Í dag kl. 17 opnar **Þorvaldur Óttar Guðlaugsson** sýninguna Jólabókahrunið – falsbókmenntir eftirhrunsáranna. Sýningin er til sýnis í **Gallerí Fold,** að Rauðarárstíg 12-14.

17.00 Í dag klukkan 17 opna 12 ungir listamenn sýningu á verkum sínum í **Hugmyndahúsi háskólanna** að Grandagarði 2, 101 Reykjavík. Allir velkomnir!

Dansleikir

Hljómsveitin **Á móti sól** leikur á próflokahátíð í **Höllinni, Vestmannaeyjum,** í kvöld. Aldurstakmark er 18 ár og er miðaverð 2000 krónur.

Dagskrá

15.00 **Kvenfjélag Kaffibarsins** og **Kallakórinn Bartónar** kynna Jólagleði 2010 sem hefst á **Kaffibarnum** kl. 15. Kvenfjélagið verður með jólakökubasar og Kallakór Kaffibarsins hefur raust sína kl. 17 og syngja jólalög.

Fyrirlestrar

13.00 **Dr. Terry Gunnell** flytur í dag kl. 13 erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands um íslenska jólasiði í aldanna rás, frá heiðnum goðum til hrekkjóttra íslenskra jólasveina. Fyrirlesturinn er á ensku. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

Markaðir

13.00 **Jólaþorpið í Hafnarfirði** verður opið um helgina frá kl. 13-18. Dagskrá hefst báða dagana kl. 14. Allir velkomnir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 19. desember

Tónleikar

16.00 **Stórsveit Reykjavíkur** heldur sína árlegu jólatónleika í dag kl. 16 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sérstakur gestur verður **Helgi Björns** og **Samúel J. Samúlesson.** Flutt verður fjölbreytt dagskrá jólatónlistar í djassútsetningum, innlendum og erlendum, nýjum og gömlum. Aðgangur ókeypis.

16.00 Hátíðartónleikar verða haldnir í **Salnum Kópavogi,** í dag kl. 16. **Skólakór Kársness** syngur. Sérstakir gestir eru **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Vallagerðisbræður.** Píanóleikari er **Anna Guðný Guðmundsdóttir.** Boðið verður upp á léttar jólaveitingar í hléi.

17.00 Árlegir jólatónleikar hljómsveitarinnar **ADHD** fara fram í **Þjóðmenningarhúsinu** í kvöld klukkan 17. Hljómsveitin kemur fram ásamt leynigesti. Miðaverð er 1500 krónur.

17.00 Jólatónleikar **Kammersveitar Reykjavíkur** verða haldnir í **Áskirkju** í dag kl. 17. Aðgangseyrir er 2.500 krónur, miðasala við innganginn og á midi.is.

19.00 **Jóhanna Guðrún** verður með jólatónleika í Egilsstaðakirkju í dag frá kl. 20 til 21.30. Miðasala er við innganginn og kostar 2000 krónur. Húsið opnar kl. 19.

20.00 Hljómsveitin **Seabear** heldur sína síðustu tónleika á árinu í sal **Tjarnarbíós** í kvöld kl. 21. Hljómsveitin **Hudson Wayne** hitar upp fyrir Seabear. Húsið opnar kl. 20. Miðaverð er 2000 krónur.

22.30 **Camerarctica** heldur sína árlegu kertaljósatónleika í **Kópavogskirkju** kl. 22.30 í kvöld. Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 2000 og 1000 fyrir eldri borgara og nemendur. Frítt fyrir börn.

Dansleikir

20.00 Jóladansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að **Stangarhyl 4,** í kvöld kl. 20 til 23. Fjölbreytt skemmtiatriði, happdrætti, **Sighvatur** leikur fyrir dansi, stjórnendur **Matthildur** og **Jón Freyr.**

Dagskrá

11.00 Skemmtidagskrá verður í **Þjóðminjasafni Íslands** í dag. Dagskrá hefst kl. 11. **Skyrgámur,** upplestur, fræðsla og leiðsögn. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

13.00 Jólasýning **Árbæjarsafns** er opin á sunnudaginn frá kl. 13-17. Dagskrá frá kl. 14. Aðgangseyrir er 600 krónur fyrir fullorðna, ókeypis fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Leiðsögn

15.00 **Ásta Ólafsdóttir** verður með leiðsögn um sýningu sína **VEGFERÐ** í Suðsuðvestur, Keflavík, í dag kl. 15. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

BÆKUR, TÓNLIST, AFÞREYING OG GJAFAVARA

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Kjarni málsins
Fleyg orð á íslensku

35%
5.990 kr.
Verð áður 8.990 kr.

Poppkorn
Sigurgeir Sigurjónsson

25%
5.250 kr.
Verð áður 6.990 kr.

Hlýjar hendur
Ágústa Þóra Jónsdóttir

30%
2.790 kr.
Verð áður 3.990 kr.

Spilabókin
Allir helstu spilaleikir og spil

50%
1.495 kr.
Verð áður 2.990 kr.

Ljóð og myndir
Jónas E. Svafár

15%
4.920 kr.
Verð áður 5.900 kr.

Stolnar raddir
Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir

30%
4.490 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Maðurinn sem var ekki...
Hjorth & Rosenfeldt



20%
4.590 kr.
Verð áður 5.680 kr.

Skáldsaga um Jón
Ófeigur Sigurðsson



25%
3.790 kr.
Verð áður 4.990 kr.

Einu sinni var...
Saga mannkyns DVD

15%
6.375 kr.
Verð áður 7.500 kr.

Þjóðgildin
Gunnar Hersveinn

15%
2.300 kr.
Verð áður 2.690 kr.

Flakk
Kapphlaupið að forna hliðinu

20%
5.990 kr.
Verð áður 7.490 kr.

Múmín vörur
Eitt mesta úrval á landinu

Fjölbreytt dagskrá alla helgina

LAUGARDAGUR

Kl. 13:00
Hljómsveitin Amiina leikur nokkur lög.
Kl. 15:00
Ragnar Axelsson áritar og kynnir bók sína Veiðimenn norðursins.

SUNNUDAGUR

Kl. 14:00
Hljómsveitin Klassart leikur lög af nýrri plötu sinni.
Kl. 14:30
Lesið úr bókunum Dimmuborgir og Veðraland.
Kl. 15:00
Moses Hightower leikur lög af nýrri plötu sinni.
Kl.16:00
Hljómsveitin Skver leikur lög af nýrri plötu sinni.

Opið til
23:00
til jóla

*** FRÍ GJAFAINNPÖKKUN ALLAN ÁRSINS HRING**

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

* Tilboðsverð gilda til og með 19. desember 2010 eða á meðan birgðir endast

Jólin koma...

Hlýleg jólatilboð

Hafðu það notalegt um jólin!

LE KLINT Joker loftljós, stórt. Svart, hvítt, rautt og fjólublátt. Kr. **23.990** fullt verð kr. ~~29.990.~~ **LE KLINT** Joker loftljós, lítið. Kr. **19.990** fullt verð kr. ~~24.990.~~

LA-Z-BOY

RIALTO La-z-boy stóll, fæst með svörtu og hvítu leðri. B:80 D:90 H:105 cm. Kr. **119.990** fullt verð kr. ~~159.980.~~ **6300 ARINN** Cordova, hvítur. B:122 D:33 H:107 cm. Kr. **99.990** fullt verð kr. ~~149.980.~~

SKOVBY borðstofuborð, eik/hvítt. B:100 L:183/275 H:74 cm. Kr. **169.990** fullt verð kr. ~~259.990.~~ **MEGAN** borðstofustóll, fæst með brúnu, svörtu leðurlíki og gráu áklæði. Kr. **14.990** fullt verð kr. ~~23.990.~~

C. MANOR borðstofustóll. Kr. **15.990** fullt verð kr. ~~39.990.~~ **C. MANOR** armstóll. Kr. **19.990** fullt verð kr. ~~49.980.~~

DALLAS barstóll, svart leður. Kr. **15.990** fullt verð kr. ~~23.990.~~

UMBRIA tungusófi, grátt áklæði. B:245 D:90/163 H:78 cm. Höfuðpúði ekki innifalinn í verði. Fæst með vinstri eða hægri tungu. Kr. **169.990** fullt verð kr. ~~219.990.~~

LINLEY hægindastóll, fæst með gráu og orange áklæði og svörtu leðurlíki. B:64 D:65 H:79 cm. Kr. **17.990** fullt verð kr. ~~29.990.~~

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 · Reykjavík · sími 585 7200 **OPIÐ TIL JÓLA:** Virka daga 10 - 22. laugard. 12 - 22. sunnud. 13 - 22.

HÚSGAGNAHÖLLIN

Opið til 22:00

í Húsgagnahöllinni alla daga til jóla

40% AFSLÁTTUR af ÖLLU jólaskrauti

20% AFSLÁTTUR af BE ON FIRE kertum til jóla

Jólatilboð **30% AFSLÁTTUR**

BODUM Chambord pressukanna. 4 bolla.
Kr. **5.490** fullt verð kr. ~~7.990.~~
BODUM Chambord pressukanna. 8 bolla.
Kr. **6.990** fullt verð kr. ~~9.990.~~



Jólatilboð **20% AFSLÁTTUR**

SPIZY diskamottur. Fást í mörgum litum.
Kr. **390** fullt verð kr. 490.

SPIZY karafla. Kr. **3.990** fullt verð kr. 4.990.

SPIZY KRISTAL-GLÖS 4 STK. 2.990

SPIZY rauðvínsglös. 4 stk. Kr. **2.990** fullt verð kr. 3.990.

SPIZY koníaksglös. 4 stk. Kr. **2.990** fullt verð Kr. 3.990.

SPIZY teppi, fæst svart, fjólublátt og grátt. Kr. **4.990** fullt verð kr. 5.990. **SPIZY** teppi, yrjótt. Kr. **8.990**.
SPIZY púðar, margar gerðir. Kr. **2.990**.



SPIZY ávaxtadiskur, fæst svartur og hvítur.
Kr. **1.990** fullt verð kr. 2.990.

BODUM Eileen tepressa, króm. 1,5 l.
Kr. **4.990** fullt verð kr. ~~6.990.~~

Jólatilboð **35% AFSLÁTTUR**

BODUM Barcelona hnífapör. 16 stk.
Kr. **12.990** fullt verð kr. ~~19.980.~~

BODUM Bistro brauðrist, fæst í mörgum litum. Kr. **16.990**.

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 · Reykjavík · sími 585 7200 **OPIÐ TIL JÓLA:** Virka daga 10 - 22. laugard. 12 - 22. sunnud. 13 - 22.

SJÖTTA ÞÁTTARÖÐIN AF DEXTER verður frumleidd næsta vor. Fimmtu þáttaröðinni lauk síðasta sunnudag í Bandaríkjunum, en skilnaður aðalleikaranna Michaels C. Hall og Jennifer Carpenter er nú í brennidepli.

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands

Er sem hér segir:

Reykjavík
Eskihlíð 2-4
14-15-21-22 des.
Frá kl 14:00

Reykjanesbær
Hafnargötu 29
22. des

Akureyri
Freyjusnesi 2
22. des

Norðfirðingafélagið í Reykjavik

Norðfirðingafélagið í Reykjavík minnir á Bænastund sem haldin verður í Fella og Hólakirkju mánudaginn 20. desember kl. 17:00. Sr. Svavar Stefánsson sér um athöfnina. Við hvetjum sem flesta til þess að mæta og eiga kyrrðarstund með Norðfirðingum í jólaundibúningnum.

Stjórn Norðfirðingafélagsins.

EMAMI

www.emami.is

EMAMI HEFUR OPNAÐ Í KRINGLUNNI

Í tilefni að því fylgir **frír bolur eða leggings** með öllum kjólum til jóla, í báðum verslunum okkar. Íslensk hönnun á góðu verði.

Verslanir EMAMI Kringlunni s: 5717070 Laugavegi 66 s: 5111880

MIKIL EFTIRVÆNTING Rokland, kvikmynd eftir bók Hallgríms Helgasonar í leikstjórn Marteins Þórssonar, verður frumsýnd um miðjan janúar á næsta ári. Hallgrímur hafði annan leikara í huga fyrir hlutverk Bödda en Marteinn vildi fá Ólaf Darra. Eftir að hafa séð brot úr myndinni í Póllandi er Hallgrímur sannfærður um að Marteinn hafi tekið rétta ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ROKLANDIÐ RÍS ÚR SÆ

Fyrir tveimur árum birtist stikla úr kvikmyndinni Rokland eftir Martein Þórsson. Og nú er komin ný stikla úr sömu mynd með nýjum áherslum.

Rokland, kvikmynd eftir Martein Þórsson byggð á samnefndri sögu Hallgríms Helgasonar, verður frumsýnd þann 14. janúar. Myndin skartar Ólafi Darra í hlutverki hins kjaftfora Bödda en hann er dyggilega studdur af Elmu Lísu Gunnarsdóttur, Láru Jóhönnu Jónsdóttur og Ladda. Þá bregður Kastljósstjörnunni Helga Seljan fyrir í myndinni. Hann var í töluvert stóru hlutverki í gömlu stiklunni en það hefur verið minnkað og því breytt. Myndarinnar hefur verið beðið með töluverðri eftirvæntingu í talsverðan tíma en leikstjórinn segir þetta hafa sínar eðlilegu skýringar. „Við vorum bara að vanda okkur, klippiferlið var langt og eftirvinnsluferlið tók langan tíma," útskýrir Marteinn en formlegum tökum lauk í september á síðasta ári. „Það er talsvert af brelluskotum í myndinni og hún er aðeins flóknari heldur en hún lítur út fyrir að vera. Og þegar maður er ekki með stórt „budget" þá tekur þetta allt sinn tíma," en þegar Fréttablaðið náði tali af honum var hann að vinna í hljóðinu. Margir hrifust af teiknimynda-fídusum sem sáust í fyrstu stiklunni en þeir eru ekki jafn áberandi í þeirri nýju. Marteinn róar aðdáendur þeirrar tækni og tekur skýrt fram að þeir verði fyrir hendi í myndinni.

Bókin kom út fyrir fimm árum, þegar engin kreppa var fyrir hendi, bankarnir bara í bullandi stuði og allir með yfirdrátt og gengislán. Og þegar fyrsta stiklan var frumsýnd fyrir rúmum tveimur árum virtist ekkert benda til þess að þessi gósentíð yrði brátt að baki. En svo hrundi allt. „Myndin gerist árið 2009, þetta er samt alveg sama myndin, í bara aðeins öðruvísi útfærslu," segir Marteinn sem sýndi klukkutíma brot úr henni á íslenskri menningarhátíð í Póllandi fyrir skömmu. Úti í salnum sat sjálfur rithöfundurinn, Hallgrímur Helgason. Marteinn segir að hann hafi verið í reglulegum samskiptum við höfundinn, sent honum handritið og svo hafi þeir ekki alveg verið sammála um hver ætti að leika aðalhlutverkið. „Það var annar leikari sem kom til greina sem hafði útlit Bödda. Og Hallgrímur vildi fá hann. Hann viðurkenndi hins vegar úti í Póllandi, eftir að hafa séð brotið, að ég hafði haft rétt fyrir mér, þessi karakter kemur svo mikið innan frá."

Hallgrímur sjálfur kveðst vera ákaflega spenntur fyrir frumsýningunni. „Þetta var mikil upplifun fyrir mig að sjá þetta brot og mér fannst Ólafur Darri skemmtilegur í þessu hlutverki, hann gefur þessa nýja og aðra vídd. Vandræðin við Ólaf eru náttúrlega þau að Böddi, persónan sem hann leikur, er svo ósympatískur en ég held að það hafi náðst að mynda þetta jafnvægi," segir Hallgrímur. Og hann er hrifinn af staðfæringunni, að láta myndina gerast 2009, þegar allir eru eiginlega eins og Böddi í stað 2005 þegar Böddi stakk í stúf. „Ég held að Böddi hafi verið svolítið á undan sínum samtíma með sína innri reiði, tímarnir hafa breyst í þá átt sem hann talaði um."

freyrgigja@frettabladid.is

MAGNI
barna hettupeysa
Verð: 10.800 kr.
Stærðir: 92-164
POLARTEC® Thermal Pro®

Hlý og góð hettupeysa fyrir börn. Munstur á öxlum sem minnir á íslensku ullarpeysuna.

MAGNI
barna hettupeysa
Verð: 10.800 kr.
Stærðir: 92-164
POLARTEC® Thermal Pro®

Falleg flíspeysa fyrir börn sem heldur vel hita um leið og hún andar vel og þornar fljótt.

MAGNI
barna hettupeysa
Verð: 10.800 kr.
Stærðir: 92-164
POLARTEC® Thermal Pro®

Aðsniðin og stílhrein flíspeysa fyrir börn. Sérmótað snið á ermum og tveir renndir vasar.

Jólaskósprengja
Opið alla helgina

Opið mánudaga til föstudaga milli kl. 11 og 18
Laugardaga milli kl. 11 og 16
Sunnudaga milli kl. 13 og 17

Nýjar vörur

LÁGMARK

50%
afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Nýtt kortatímabil

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco®
Kringlunni - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

OLAY

"Elskaðu húðina"

Regenerist 3 point Treatment
Háþróuð kremlína sem vinnur gegn ótímabærri öldrun húðarinnar. Sýnilegur árangur eftir einungis 5 daga!

Regenerist Recovery
Dagkrem, næturkrem og augnserum. Vinnur gegn öldrun húðarinnar og gefur einstakan raka svo húðin verður silkimjúk.

Jólagjöfin hennar

Þú kaupir dagkrem frá Olay og færð Max Factor Natural Minerals farða að gjöf með.

Útsölustaðir: Hagkaup Kringlan, Skeifan, Smáralind, Spöng, Garðabær, Glerártorg og Holtagarðar. Lyf og Heilsa Kringlan, Eiðistorg, Austurver, Glerártorg, Hrísalundi, Hveragerði og Vestmannaeyjum, Snyrtivöruverslunin Nana Hólagarði, Debenhams og Urðar Apótek.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

Bankinn opnaður upp á gátt

Skemmtistaðurinn Bankinn hefur verið opnaður þar sem Hverfisbarinn stóð áður, en staðurinn er á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu. Glæsilegt opnunarpartí var haldið á fimmtudagskvöldið og skemmtu gestir sér vel.



Annel Helgi, rekstrarstjóri Bankans, og Maggi voru ánægðir með flott partí.

Hjörvar og Elli skemmtu sér vel þegar nýr skemmtistaður var opnaður þar sem gamli Hverfisbarinn stóð.

Rakel, Rósa Líf og Fanndís voru glæsilegar í partíinu.

Guðmann, Vignir og Guffi voru flottir saman.

Vinkonurnar Steinunn, Sunna og Signý mættu í Bankann á fimmtudagskvöldið.

Vertu með „Foursquare“ í símanum

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun

m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x3.325 kr.*

Jólainneign 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fylgir.

*Dreifingargjald 250 kr. á mánuði.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

ring VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM44750

Í fjórða sæti hjá Clash

Hljómsveitin Hjaltalín er í fjórða sæti yfir bestu nýliða ársins 2010 í nýjasta hefti breska tónlistartímaritsins Clash. „Þessi peysuklæddu ungmenni stóðu á krossgötum fyrir nokkrum árum og vissu ekki hvernig þau ættu að ná eyrum útlendinga. Þau réðu hina mögnuðu söngkonu Siggu Thorlacius, fengu strengjasveit lánaða og tóku upp plötuna Terminal,“ segir í Clash. „Þar var hugrekkið í fyrirrúmi og oft á tíðum frábært að heyra hvernig sveitin blandar mismunandi stílum saman. Hún getur auðveldlega lagt heiminn að fótum sér í framtíðinni.“

HJALTALÍN Hljómsveitin er í fjórða sæti yfir bestu nýliða ársins 2010.

Tónlist ★★★

The Thief´s Manual

Cliff Clavin

Harður og mjúkur pakki

Cliff Clavin er á meðal efnilegustu rokksveita landsins og hafa lög hennar hljómað með reglulegu millibili á X-inu. Sveitin var stofnuð í Garðabæ fyrir fjórum árum og mætir nú með sína fyrstu plötu.

Upphafslagið Mine Has the View er þrusu rokkari í anda Korns og Mínuss sem vekur upp ákveðnar væntingar um framhaldið. Þær væntingar standast ekki alveg því flest lögin sem á eftir koma eru heldur mýkri, þó að mörg séu þau vel frambærileg. Best eru hin rokkuðu This Is Where We Kill More Than Time og Midnight Getaways, auk þess sem The Thief´s Manual og Shake Hands eru nokkuð góð.

Gítarleikurinn á plötunni er víða flottur og hljómurinn fágaður, en kannski einum of á köflum. Hinn hrái hljómur upphafslagsins hefði alveg mátt fá að njóta sín oftar og menn hefðu mátt sleppa meira fram af sér beislinu. Sem sagt, ágæt rokkplata sem sýnir að Cliff Clavin hefur það sem til þarf. Strákarnir kunna að rokka en vonandi verður rokkið aðeins harðara á næstu plötu.

Freyr Bjarnason

Niðurstaða: Rokkið mætti vera harðara á annars ágætum frumburði Cliff Clavin.

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

HITAVEITA

ÍSLENSK HÖNNUN

ELÍSABET

Dúnúlpa með 90% dúni og 10% fiðri. Hettan er með ekta loðkraga og það er hægt að taka hana af. Úlpan er aðsniðin til að undirstrika kvenleikann. Vasar og rennilásar hannaðir til að mæta kröfum um þægindi.

Stærðir: XS-3XL

SALKA

Hettupeysa fyrir konur. Peysan er úr Tecnowool® sem heldur hita á eiganda sínum þrátt fyrir bleytu. Frábært snið með víðum kraga og rennilásum á ermum til að auka þægindin.

Stærðir: XS-3XL

STYRMIR

Karlmannsjakki úr mjúkri skel. Klassísk ullaráferð og NO WIND® filma til að halda vindinum úti en tryggja góða öndun.

Stærðir: S-3XL

STEINAR

Jakki með þriggja laga skel. Ótrúlega léttur og sterkur jakki með þremur lögum, Gelanots®-skel og vatnheldum rennilásum. Tveir brjóstvasar utan á til að tryggja góðan aðgang við erfiðar aðstæður. Öndun undir höndum. Aukið olnbogarými til að gera allar hreyfingar auðveldari.

20.000 mm vatnsheldni. 20.000 gr/m²/24 klst. öndun.

Stærðir S-3XL

FÆST Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

STÓNS Strákarnir í Stóns virða ekki fjöldatakmarkanir í lyftum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HEIÐRA KEITH RICHARDS Á 67 ÁRA AFMÆLISDAGINN

Hljómsveitin Stóns flytur lög Rolling Stones og þykir gríðarlega öflug á því sviði. Hljómsveitin hyggst heiðra hinn ódrepandi Keith Richards í kvöld, en hann fagnar 67 ára afmælinu sínu í dag.

„Keith Richards fæddist einmitt á laugardegi. Þannig að þetta smellur skemmtilega saman hjá okkur," segir hinn stimamjúki Birgir Ísleifur Gunnarsson, meðlimur Rolling Stones-ábreiðuhljómsveitarinnar Stóns.

Stóns kemur fram á Sódómu í kvöld í tilefni af 67 ára afmæli Keith Richards – læknaundursins – gítarleikara Rolling Stones. Ýmsir reynsluboltar úr tónlistarheiminum eru í hljómsveitinni Stóns. Á meðal þeirra eru Björn Stefánsson, trommuleikari Mínuss, sem syngur. Hann býr nú í Danmörku þar sem hann leggur stund á nám í leiklist, en Birgir er ekki bjartsýnn á að hann klári námið. „Ég vona að hann útskrifist þaðan, að hann nái þessu," segir hann. „Björn er fastur í karakter Jaggers. Mér finnst það nánast vera kraftaverk ef kennararnir sleppa honum í gegn."

Birgir segir hljómsveitina Stóns hafa lent í vandræðum með hegðun Björns á æfingum, sem er einstaklega sannfærandi í hlutverki Jaggers. „Þetta var skemmilegt til að byrja með, en það er erfitt þegar hann er algjörlega pikkfastur í þessu," segir Birgir. „Þetta reynir auðvitað á. Við lentum í veseni þegar við spiluðum í Mosfellsbæ. Það urðu deilur baksviðs og það munaði litlu að ég gengi úr bandinu."

Bjarni M. Sigurðarson, gítarleikari Mínuss og Stóns, verður vafalaust stjarna kvöldsins, enda í *hlutverki* afmælisbarnsins. „Keith sjálfur gasprar ekki mikið – hann velur sér orðin," segir Birgir. „En það sem hann segir er mjög sniðugt. Bjarni er svipaður honum að því leyti."

En hefur Bjarni þurft á blóðskiptiaðgerð að halda?

„Hann er svo hrikalega ungur enn þá, miðað við Keith. Ég held að hann hafi ekki farið í fyrstu blóðskiptiaðgerðina fyrr en hann varð fertugur. Þannig að það sleppur enn þá."

atlifannar@frettabladid.is

Tengdasonurinn fullnægjandi

Joe Simpson, hinn óstýrláti faðir Jessicu Simpson, er himinlifandi með nýja tengdasoninn, Eric Johnson. Johnson, sem lék ruðning með San Fransisco 49ers og New Orleans Saints en hefur lagt skóna á hilluna, hefur að sögn Joe gert Jessicu einstaklega hamingjusama. „Líf hennar hefur aldrei verið betra," segir Joe í samtali við Us Weekly. Jessica kom mörgum á óvart þegar hún byrjaði með Eric enda ætti hún að hafa brennt sig á NFL-leikmanni eftir áralangt ástarsamband þeirra Tonys Romano, leikstjórnanda Dallas Cowboys. Það endaði með því að stuðningsmenn liðsins snerust gegn henni og kenndu söngkonunni um slakt gengi liðsins.

En nú hefur Jessica sem sagt fundið ástina á ný í örmum Erics og pabbinn gæti ekki verið glaðari. „Hún hefur hreinlega aldrei verið hamingjusamari. Og ég reikna fastlega með því að ástin eigi eftir að rata inn í nýju lögin hennar Jessicu."

HAMINGJUSÖM Jessica Simpson hefur loksins fundið ástina í lífi sínu að sögn föður hennar, Joe Simpson. Hann heitir Eric Johnson.

Gefðu skemmtilega jólapakka

VISA Vildarkort

HÉR FÁST ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL JÓLA

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Kalkúnakrydd

Kalkúnninn má vera af hvaða stærð sem er. Steikingartími kalkúns er um 40-50 mín. pr. kg. á 160°C án blásturs. Ætið er best að fylgjast vel með kalkúni í steikingu vegna þess að enginn ofn er eins. Gott er að þekja hann með álpappír 2/3 hluta steikingartímans og láta hann síðan brúnast síðasta hlutann og hækka hitann í 160°. Gott ráð fékkst í þætti Sigurðar Hall á Stöð 2 um að þekja kalkúninn með gömlu hreinu viskustykki sem vætt er vel upp í bræddu smjöri í stað álpappírsins.

Fyllingin

Hráefni:

400-500 gr. Svínahakk
brauðsneiðar af hálfu brauði, grófu eða hvítu
handfylli af sveskjum saxaðar
1 lítil dós af apríkósum
½ glas Kalkúnakrydd
1-2 tsk. Salt
½ tsk. Hvítur pipar

Leysið brauðsneiðarnar upp í vatni eða kjúklingasoði. Blandið saman við svínahakkið og bætið sveskjunum og apríkósunum við (án safans.) Bætið þá kryddblöndunni út í ásamt salti og pipar og fyllið kalkúninn vel og saumið fyrir. Ef afgangur er af fyllingunni má gjarnan baka hana í álformi með kalkúninum í klukkutíma eða svo.

Ef þið hafið ykkar ákveðnu uppskrift af kalkúnafyllingu, með eða án kjöts mæla Pottagaldrar endilega með að krydda hana með þessari kryddblöndu sem iniheldur salvíu og þarf aðeins að bæta við salti og pipar.

Gljái á kalkún

Hráefni:

1 og hálf mtsk. Creola kryddblanda Pottagaldra
1 lítri appelsínudjús
3 mtsk limedjús eða sítrónusafa
1 mtsk Dijon sinnep
3 mtsk. Soya sósa
50 gr. Bráðið smjör
2-3 mtsk. Hunang

Blandið öllu vel saman í skál. Byrjið á því að nudda salti og hvítum pipar vel á kalkúninn. Penslið síðan kalkúninn vel með gljáanum og hefjið steikingu hans. Penslið af og til með gljáanum á meðan steiking stendur yfir, sérstaklega eftir að álpappírinn/eða viskustykkið hefur verið fjarlægt og skinnið brúnast.

Himnesk sósa

Brúnið og steikið fóarnið úr kalkúninum ásamt vængstubbunum. Kryddið það með 1-2 tsk. Af Kalkúnakryddinu og Creola blöndunni ásamt salt, pipar og lárviðarlaufum um leið og steikt er. Hellið vatni út á og sjóðið í góðan klukkutíma. Gjarnan má bæta kalkúna- eða kúklingakrafti út í vatnið ásamt lauk, seller og gulrótum til að fá sterkara bragð. Sjóðið rétt yfir suðumarki í góðan klukkutíma og síið. Þegar kalkúnninn er full steiktur skal sía soð hans út í sósusoðið. Sjóðið áfram í 15 mín. Ef soðið er enn gruggugt má sía það aftur. Bætið þá út í soðið restinni af gljáanum ásamt rjóma. Þykkið eftir smekk. Ef portvín eða líkjörar eru til í vínskapnum má alltaf smakka sósuna til með þeim eða með góðu ribsberjageli en gljáinn gerir það besta fyrir sósuna.

www.pottagaldrar.is

Vissi ekki af skilnaðinum

Fyrirsætan Elizabeth Hurley og eiginmaður hennar, indverski viðskiptajöfurinn Arun Nayar, hafa skilið að skiptum eftir að Hurley sást kyssa ástralska krikketleikarann Shane Warne.

Eftir að málið var gert opinbert í breskum tímaritum kom Hurley fram og sagði að hún og Nayar hefðu verið skilin í nokkra mánuði. US Weekly heldur því fram að þetta sé ekki alls kostar rétt því Nayar vissi ekki til þess að hann og Hurley væru skilin þegar hún sást með Warne.

„Þau hafa átt í erfiðleikum í þónokkurn tíma, en Arun var ekki tilbúinn til að leggja árar í bát. Liz var aftur á móti löngu búin að gefast upp en hafði ekki fyrir því að segja eiginmanni sínum frá því. Í staðinn fór hún og átti vingott við annan mann og sagði Arun ekki sannleikann fyrr en upp um hana komst. Hann er miður sín, honum finnst Liz hafa niðurlægt hann opinberlega," var haft eftir heimildarmanni. Sá segir jafnframt að Nayar óttist að hann fái ekki að hitta son Hurley eftir skilnaðinn. „Arun og Damian eru mjög nánir og Arun óttast að missa tengsl við drenginn eftir skilnaðinn."

SKILIN Arun Nayar og Elizabeth Hurley eru skilin. Samkvæmt heimildarmanni vissi Nayar ekki af skilnaðinum fyrr en fjölmiðlar sögðu frá honum.

21 hönnuður sýnir á RFF

Íslenskir tískuunnendur eiga von á góðu þegar Reykjavík Fashion Festival verður sett 31. mars. Erlendir fjölmiðlar sýna íslensku tískuhátíðinni mikinn áhuga.

„Þetta er svipaður fjöldi og í fyrra en okkur bárust um 50 umsóknir sem mjög erfitt var að sía úr," segir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastýra Reykjavik Fashion Festival, en 21 fatahönnuður mun láta ljós sitt skína á þessari íslensku tískuhátíð næstkomandi vor. Nokkur ný nöfn eru meðal sýnenda í ár. Merki á borð við ÝR og Shadow Creatures, sem eru að stíga sín fyrstu skref, taka þátt og einnig ætla Hugrún og Magni hjá Kron að vera með en gera má ráð fyrir að þau sýni bæði vinsælu skólínuna og nýja fatalínu sem er væntanleg með vorinu.

Mikill metnaður er hjá aðstandendum hátíðarinnar um að gera RFF sem glæsilegasta og hafa þeir meðal annars fengið til liðs við sig erlendan kynningarstjóra sem sér um að koma hátíðinni á framfæri í útlöndum. „Við ákváðum að það væri skynsamlegt að ráða til okkar einhvern sem gæti hjálpað okkur að verða nafn og draga að okkur fjölmiðlaathygli úti í heimi," segir Ingibjörg, eða Imba eins og hún gjarnan er kölluð.

Tískuhátíðin er meðal annars komin inn á dagatal tískuvikna í heiminum sem vefmiðilinn cosmoworld.com stendur fyrir en það þykir benda til þess að hátíðin sé komin á kortið í hinum stóra heimi. „Það er náttúrulega frábært að hátíðin á Íslandi sé auglýst á sama stað og stærstu tískuvikurnar. Það dregur hingað rétta fólkið úr bransanum," staðfestir Imba. Einnig hafa vefmiðlar á borð við Antenna Magazine og The Pleat gert hátíðinni skil á sínum síðum en þar er henni meðal annars lýst sem nýrri von fyrir land í kreppu og að Ísland sé greinlega að virkja sköpunargáfu landsmanna á réttan máta. - áp

KOMA ÍSLANDI Á KORTIÐ Ingibjörg Finnbogadóttir og hennar samstarfsmenn hjá RFF vinna nú hörðum höndum að því að gera RFF sem glæsilegasta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞESSIR SÝNA Á RFF:

Birna
Andersen & Lauth
Spakmannsspjarir
Kalda
Mundi
E label
Nikita Z
Forynja
Sruli
Sonja Bent
Kron
HANNA
Eygló
Rey – Rebekka Jónsdóttir
Rain Dear
Hildur Yeoman
RE – Royal Extreme
Ýr
Áróra
Disdis
Shadow Creatures

TÍNGASON / LJÓSMYNDARI: BJÖRKUR SIGFÓRSSON / STÍLISERING: ELÍN LOFTSDÓTTIR / GK 2010

LAUGAVEGI 66 – 101 REYKJAVÍK – S. 565 2820

GK REYKJAVÍK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLANDSGRÍS *FERSKT GRÍSAKJÖT*

FERSKUR GRÍSAHRYGGUR

FERSKT GRÍSALÆRI

FERSK GRÍSARIFJASTEIK

HELLO KITTY & SPIDERMAN SOKKAR

KS FROSIÐ LAMBALÆRI

SANPELLEGRINO DÖMUSOKKABUXUR
MULTICOLORS 50

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR

Gillette

Gillette fusion rakblöð
4 stk **200 kr. lækkun**
Nú 1598 kr.

Gillette Fusion Power rakvél
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.

KS FROSIÐ LAMBAFILLET

Gillette fusion power rakblöð
4 stk **200 kr. verðlækkun**
Nú 1798 kr.

BÓNUS
KONFEKT 700g

NÓA
KONFEKT 650g



AMERÍSK **RAUÐ FERSK VÍNBER**

SÚKKULAÐI & VANILLA **2.ltr.**

BRAGÐAREFUR **2.ltr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS

Rafræna Bónus gjafakortið

Þú kaupir inneign á **Bónus-Gjafakortið** að eigin vali. Gjafakortið er áfyllingarkort og er aðeins til sölu og afgreiðslu á skrifstofu Bónus.

Skrifstofa Bónus Skútuvogi 13 er opin frá kl. 9-17 alla virka daga.

Skrifstofa Bónus er opin laugardag frá 10:00 til 16:00.

AFGREIÐSLUTÍMI Í VERSLUNUM BÓNUS
LAUGARDAGUR 18.DES. 10:00-20:00

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Nám í rekstri og stjórnun

fyrir framsækna nemendur!

Flugrekstrarfræði 45 ein.

Námið er sniðið að þörfum starfsmanna í flugtengdum rekstri og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Útvegsrekstrarfræði 45 ein.

Námið er sniðið að þörfum sjávarútvegarins og tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum. Útvegsrekstrarfræði hentar þeim sem hafa starfsmenntun og reynslu úr sjávarútvegi.

Rekstur og stjórnun, almenn lína 45 ein.

Námið er opið öllum sem lokið hafa starfsmenntun eða sambærilegri menntun og hafa reynslu úr atvinnulífinu. Námið tekur tvö ár í dreifnámi með staðbundnum lotum.

Allar námslínurnar eru þróaðar af Tækniskólanum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er til viðurkenndra háskóla-eininga. Inntökuskilyrði eru starfsmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt nám.

Nánari upplýsingar fást í Endurmenntunarskólanum, s. 514 9601 eða á ave@tskoli.is

Innritun stendur yfir!

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

zetor

ALDREI MEIRA ÚRVAL AF ÍSLENSKUM BORÐSPILUM

Sjaldan hafa jafn mörg íslensk borðspil komið á markað fyrir jólin. Mörg glæný spil eru komin í verslanir og þeir sem hafa í hyggju að bera möndlugraut fram á jólaborðið ættu því ekki að eiga í erfiðleikum með að finna möndlugjöfina í ár.

MARGT Í BOÐI

Svavar Melberg, Ragnar Már Ómarsson og Ásgeir Viðar Ásgeirsson eru höfundar Flakks sem komið er í verslanir, en spilið er byggt á tölvuleikjum. Dr. Gunni mætir til leiks með nýjan Popppunkt og Fimbulfambið snýr aftur eftir nokkurt hlé.

„Það er frábært að sjá hvað það eru mörg íslensk spil að koma út núna," segir Svanhildur Eva Stefánsdóttir, annar eigandi spilaverslunarinnar Spilavina. Fjölmörg íslensk spil koma á markað nú fyrir jólin, einhver þeirra eru endurútgefin en mörg eru glæný. Ævintýraspilið Flakk er nýtt á markaði og segist Svanhildur vera einkar spennt fyrir því. „Strákarnir sem gerðu Flakk eru búnir að vera að dunda við þetta spil lengi, svo það er virkilega vandað."

Flakk er byggt á þeim tölvuleikjum sem eru hvað vinsælastir í dag og er ætlunin að draga ungt fólk frá tölvunni og að spilinu. Þeir sem hafa áhuga á orðaspilum þurfa ekki að örvænta, því úr nógu er að velja. Orðamaus, Þú veist og Fimbulfamb, sem kemur nú aftur út eftir sautján ára hlé, eru allt dæmi um ný og skemmtileg orðaspil en Heilaspuni, sem sló í gegn í fyrra, er einnig komið aftur í búðir.

Spilið Popppunktur kom út fyrir nokkrum árum, en það var byggt á samnefndum sjónvarpsþáttum. Nú er komið framhald af spilinu og kallast það Enn meiri popppunktur. Einnig er spilið Kynstrin öll komið í búðir en um er að ræða öðruvísi spurningaspil um samskipti kynjanna og kynferðismál, og er spilið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Því er ljóst að úr mörgu er að velja og um að gera að hendast út í næstu stórverslun og fjárfesta í einu íslensku spili fyrir jólin.

kristjana@frettabladid.is

Blake Edwards fallinn frá

Bandaríski leikstjórinn Blake Edwards er látinn, 88 ára að aldri. Eiginkona hans, leikkonan Julie Andrews, og aðrir fjölskyldumeðlimir voru hjá honum í Kaliforníu þegar hann lést.

Edwards var þekktastur fyrir að leikstýra og skrifa handritin að myndunum um Bleika pardusinn, auk þess sem Breakfast at Tiffany´s með Audrey Hepburn í aðalhlutverki og 10 voru á afrekaskrá hans. Hann fékk heiðurs-Óskarsverðlaun árið 2004 fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar.

„Blake Edwards var ein af þeim manneskjum sem fengu mig til að elska gamanleik. Það var leiðinlegt að heyra af fráfalli hans," skrifaði leikarinn Steve Martin á Twitter. Hann hefur tvívegis leikið hinn klaufalega Inspector Clouseau í nýjum myndum um Bleika pardusinn. Áður hafði Peter Sellers gert honum skil á eftirminnilegan hátt.

Síðasta vinsæla mynd Edwards var söngvamyndin Victor/Victoria sem kom út 1982 með Julie Andrews í aðalhlutverki. Þau gengu í hjónaband 1969 og áttu saman tvö ættleidd börn. Áður átti Edwards tvö börn með fyrri eiginkonu sinni.

MEÐ ÓSKARINN Blake Edwards með heiðurs-Óskarinn sem hann fékk fyrir sex árum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Heilsuinniskór
Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.
Sendum frítt út á land - betrabak.is

TempraKON dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! Ótrúlega vinsæl jólagjöf!
Kr. 5.990,-

TempraKON dúnsængur
100% hvítur gæsadúnn
20% afsláttur
kr. 29.900,-

Betra BAK

Opið laugardag frá kl. 11-16 og virka daga 10-18 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Trommar í stað Dýra

Dave Grohl úr hljómsveitinni Foo Fighters verður í með í nýrri kvikmynd um Prúðuleikarana. Þar bætist hann í hóp með Jack Black, Ricky Gervais og Lady Gaga. Grohl hleypur í skarðið fyrir trommarann Dýra þegar hann þarf að fara á reiði-stjórnunarnámskeið.

Grohl hefur áður komið fram í kvikmynd, eða í The Pick of Destiny með Tenacious D árið 2006. Grohl er þessa dagana að undirbúa nýja plötu með Foo Fighters, auk þess sem hann spil-aði á trommur í einu lagi á nýjustu plötu Michaels Jackson, Michael.

DAVE GROHL Trommarinn hleypur í skarðið fyrir Dýra í nýrri kvikmynd um Prúðuleikar-ana.

FEGINN Matt Lucas kveðst vera feginn yfir því að máli hans gegn Daily Mail hafi lokið með hóflegum skaðabótum og afsökunarbeiðni. Hér er Lucas ásamt David, fyrrver-andi eiginmanni sínum, sem framdi sjálfsmorð í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY

Little Britain-stjarna vinnur meiðyrðarmál

Matt Lucas, stjarnan úr Little Britain, gat loksins leyft sér að fagna eftir að hafa unnið mál gegn bresku götublaði fyrir dóm-stólum.

Dómstóll í Bretlandi úrskurð-aði á miðvikudag að Daily Mail skyldi birta afsökunarbeiðni til Lucas, stjörnu Little Britain, og greiða honum skaðabætur fyrir grein sem birtist í mars. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem Lucas vinnur mál gegn fjölmiðl-um því í mars var Daily Star gert að greiða honum skaðabætur og birta afsökunarbeiðni.

Málið snýr að grein sem birtist í blaðinu undir fyrirsögninni „How Matt Lucas learned to Laugh Again“ eða Hvernig Matt lærði að hlæja aftur. Matt hafði þá þurft að horfa á eftir fyrrver-andi sambýlismanni sínum, Kevin McGee, yfir móðuna miklu en hann tók sitt eigið líf 2009, nokkr-um mánuðum eftir að þeir tveir skildu. Samkvæmt lögmannsstof-unni Schillings, sem rak málið fyrir Lucas, var greinin full af rangfærslum og var sömuleiðis innrás inn á helgustu staði einka-lífsins. „Greinin olli Lucas miklu uppnámi og vanlíðan,“ segir í greinagerð frá fyrirtækinu.

Lucas vildi lítið tjá sig um niðurstöðuna, sagðist ekki finna fyrir neinni sigurtilfinningu. „Ég er bara feginn að þessu máli skuli vera lokið. Þessi grein var það röng og svo mikil innrás í líf mitt að ég hafði ekkert val, ég varð að leita réttar míns.“

Eva Mendes vildi verða nunna

Stærsti draumur Evu Mendes sem barn var að verða nunna svo hún gæti keypt hús handa móður sinni. Leikkonan vildi helga líf sitt kaþólsku kirkjunni en henni sner-ist hugur þegar hún komst að því að nunnur fengu ekki greitt fyrir starf sitt. „Það voru ekki til mikl-ir peningar þegar ég var að alast upp en ég sagði við mömmu að ég ætlaði að kaupa handa henni hús og bíl þegar ég yrði eldri. Systir mín spurði mig svo einn daginn, „Hvernig ætlarðu að fara að því að kaupa þessa hluti? Þú ætlar þér að verða nunna og þær fá ekkert borgað,“ og það var til þess að ég gaf drauminn upp á bátinn.“

GAF DRAUMINN UPP Á BÁTINN Eva Mendes vildi verða nunna sem barn en hætti við þegar hún komst að því að nunnur fá engin laun.

JÓLAFÖT
...Á FRÁBÆRU VERÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

úlpa - 9.990

úlpa - 9.990

jakkaföt TILBOÐ
17.990

OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977
Outlet 10 er á facebook

Spiderman-söngleik frestað

Frumsýningu söngleiksins Spiderman: Turn Off the Dark hefur verið frestað enn á ný – nú þangað til í febrúar. New York Times greinir frá þessu, en frumsýna átti söngleikinn 11. janúar.

Söngleikurinn er þegar orðinn dýrasta Broadway-sýning allra tíma og er kostnaðurinn kominn yfir 60 milljónir dollara. Leikstjórinn Julie Taymor stendur á bak við sýninguna og félagarnir Bono og Edge úr hljómsveitinni U2 sjá um tónlistina.

Samkvæmt frétt New York Times á kostnaður við sýninguna bara eftir að aukast þangað til í febrúar. Endurskrifa þarf samtöl og atriði ásamt því að Bono og Edge þurfa að semja nýja tónlist.

DÝRT SPAUG Spiderman-söngleikurinn hefur kostað milljónir á milljónir ofan.

Stjörnur gengu í hjónaband

Það var þónokkuð um áberandi skilnaði í Hollywood á þessu herrans ári. Nokkur pör gengu einnig í það heilaga og staðfestu ást sína frammi fyrir guði og mönnum og er óskandi að hamingjan fylgi þessum pörum út ævina.

GIFT Í LAUMI Leikarinn **Orlando Bloom** kvæntist ofurfyrirsætunni **Miröndu Kerr** aðeins mánuði eftir að trúlofun þeirra var gerð opinber. Stuttu síðar tilkynnti parið að það ætti von á sínu fyrsta barni. „Þau eru svo sannarlega fallegt par og þau elska hvort annað afar heitt," var haft eftir móður brúðarinnar.

BLÓÐHEIT Spænsku leikararnir **Javier Bardem** og **Penélope Cruz** eru dugleg að halda einkalífinu fyrir sig. Það kom því öllum á óvart þegar fréttist að parið hefði gengið í það heilaga í júlí að viðstöddum fjölskyldum sínum. Við athöfnina klæddist Cruz kjól frá hönnuðinum John Galliano. Þau eiga nú von á sínu fyrsta barni.

ÓVÆNT BRÚÐKAUP Stórleikarinn **Harrison Ford** og kærasta hans, sjónvarpsstjarnan **Calista Flockhart**, létu pússa sig saman við borgaralega athöfn 15. júní í Nýju-Mexíkó.

GAMANSÖM HJÓN Bandaríska söngkonan **Katy Perry** gekk að eiga unnusta sinn, gamanleikarann **Russell Brand**, á Indlandi 23. október síðastliðinn. Þau giftu sig á lúxushóteli og buðu sínum nánustu að taka þátt í gleðskapnum með sér.

NORDICPHTOS/GETTY

FALLEGT PAR Leikkonan **Megan Fox** og **Brian Austin Green** hafa verið saman í sex ár. Þau ákváðu að gifta sig í viðurvist sonar Greens á strönd á Havaí í lok júní. „Að gifta mig er það besta sem ég hef á ævinni gert," sagði Fox stuttu síðar.

SÖNN ÁST True Blood-leikararnir **Anna Paquin** og **Stephen Moyer** giftu sig óvænt á heimili vinar síns í Malibu í ágúst. „Þetta var yndislegur dagur. Hann hefði ekki getað verið betri," sagði Moyer um brúðkaupsdaginn.

Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934

Gleðilega hátíð

Dömuverslun
Laugvegi 7

Herraverslun
Laugvegi 7

Outlet
Laugvegi 86-94

Opið frá 11-22
alla daga fram
að jólum og til 23
á Þorláksmessu

Veisla fyrir poppáhugafólk

Tónlist ★★★★★

Spilverk þjóðanna

Allt safnið – 7 diskar í öskju

Pakkinn sem hér er til umfjöllunar inniheldur allt útgefið efni Spilverks þjóðanna, auk nokkurra laga sem ekki hafa fengist á föstu formi áður. Þetta eru sjö diskar, plöturnar sex ásamt átján laga aukadiski.

Spilverkið var stofnað í MH snemma á áttunda áratugnum af þeim Agli Ólafssyni, Valgeiri Guðjónssyni og Sigurði „Bjólu“ Garðarsyni. Þeir spiluðu þrír saman fyrstu árin og tóku upp nokkur lög fyrir safnplötuna Hrif 2, en þegar fyrsta stóra platan, brúna platan svokallaða – samnefnd sveitinni, var tekin upp var MR-ingurinn Sigrún Hjálmtýsdóttir gengin til liðs við þá.

Þrjár plötutvennur

Eins og áður segir gerði Spilverkið sex plötur á ferlinum. Þær tvær fyrstu höfðu að geyma bland af poppi og þjóðlagatónlist og texta á ensku. Á brúnu plötunni (1975) voru m.a. smellirnir Lazy Daisy og Icelandic Cowboy, en tónlistin á plötu númer tvö, CD Nærlífi (1976), var ekki jafn grípandi. Á plötum þrjú og fjögur, Götuskóm (1976) og Sturlu (1977), var sungið á íslensku og útsetningar orðnar fjölbreyttari. Á þeim voru meðal annars lög eins og Styttur bæjarins, Sirkus Geira Smart, Arinbjarnarson, Skýin og Skandinavíublús („Kom hjem til meg“). Eftir Sturlu sagði Egill Ólafsson skilið við sveitina til að snúa sér að Þursaflokknum og þess vegna var Spilverkið tríó á lokaplötunum, Íslandi (1978) og Bráðabirgðabúgí (1979) sem jafnframt voru poppuðustu verk sveitarinnar. Af þeim nutu vinsælda lög eins og Græna byltingin og Ég býð þér upp í dans.

Aukadiskur og 100 síðna bók

Öll umgjörð og frágangur nýja pakkans er til fyrirmyndar. Plöturnar eru í umslögum sem eru eftirgerð af upprunalegu vínilplötuumslögunum. Þær koma í öskju ásamt 100 bls. bók með ítarlegum upplýsingum, öllum textunum, fjölmörgum ljósmyndum og blaðaúrklippum, auk gamalla handskrifaðra texta og minnispunkta frá hljómsveitarmeðlimum. Á framhlið öskjunnar er mynd sem Hjördís Frímann teiknaði af sveitinni utan á sendibréf í júní 1977. Einföld hönnun og falleg og hæfir Spilverkinu fullkomlega.

Á aukadisknum sem heitir Pobeda, eru meðal annars fyrstu fjögur lög sveitarinnar (af Hrif 2), lög úr leikritum (Keramik og Grænjöxlum), útvarpsþáttum („Að vera í stuði“ frá 1976), Áramótaskaupi sjónvarpsins 1975 og af tónleikum í HM. Það er fullt af góðu efni hér, aðallega lög sem maður hefur ekki heyrt áður, en líka Tívolí sem seinna endaði á samnefndri plötu Stuðmanna og syrpa með gömlum íslenskum dægurlögum.

Fyrirmynd í textagerð

Spilverkið var þekkt fyrir góðan söng og skemmtilegar útsetningar, en aðalástæðan fyrir langlífi tónlistarinnar eru lagasmíðarnar og textarnir. Þeir Egill, Valgeir og Sigurður eru allir öflugir lagasmiðir og textarnir eru einfaldlega á meðal þess besta sem komið hefur út á plötu hér á landi. Vel skrifaðir, hnyttnir og taka á málefnum líðandi stundar. Spilverkið var þekkt sem „hljómsveit með meiningar“, en styrkur textahöfundanna fólst ekki síður í því hvað þeir kunnu að draga upp skemmtilegar mannlífsmyndir. Það er engin tilviljun að þegar gagnrýnendur hæla nýjum hljómsveitum fyrir texagerð, er þeim oft líkt við Spilverk þjóðanna.

Á heildina litið er Allt safnið frábær pakki sem ungir poppáhugamenn ættu að stökkva á, ekki síður en gömlu aðdáendurnir. Það eru ekki allar sex plöturnar jafn góðar. Fyrsta platan og sérstaklega Götuskór og Sturla eru bestu verk Spilverksins – sannkölluð meistaraverk, en eins og maður heyrir þegar maður hlustar á þessar plötur allar í beit þá standa hinar þrjár þeim ekki langt að baki. Þessi glæsilega heildarútgáfa fær fullt hús.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Spikfeitur heildarpakki með einni ástsælustu hljómsveit íslenskrar tónlistarsögu. Nú er gaman.

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR SHREK OG KUNG FU PANDA
★★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE ★★★★★ - DAILY MIRROR ★★★★★ - HOLLYWOOD REPORTER
MEGAMIND 3D
Will Ferrell, Tina Fey, Jonah Hill og Brad Pitt eru ótrúlega fyndin í þessari frábæru fjölskyldumynd.
sýnd með íslensku og ensku tali



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

MEGAMIND-3D ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 8 - 10:10	L
THE LAST EXORCISM	kl. 8 - 10:10	16
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 4 - 5:30 - 8:30 - 10:10	10
HARRY POTTER	kl. 5:30 - 8:30	VIP
DUE DATE	kl. 5:50 - 8	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali	kl. 1:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	7
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 3:30	7
FURRY VENGEANCE	kl. 2	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

MEGAMIND-3D ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 8 - 10	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5	10
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8 - 10:10	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

MEGAMIND-3D ísl. tal	kl. 1.40, 3.50 og 6	L
MEGAMIND-3D enskt tal textalaust	kl. 8 og 10.15	L
NARNIA-3D	kl. 2, 5, 8 og 10.30	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8 og 10.30	L
HARRY POTTER	kl. 2, 5 og 8	10
DUE DATE	kl. 5.40	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. tal	kl. 1.40 og 3.40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

MEGAMIND-3D ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
MEGAMIND-3D enskt tal	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
THE LAST EXORCISM	kl. 10:10	16
THE JONESES	kl. 8	12
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8	10
RED	kl. 10:40	12
ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali	kl. 2	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali	kl. 3:50	7

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI! 5%
MEGAMIND NARNIA
L MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D
7 Í 3-D LÚXUS
FASTER PARANORMAL ACTIVITY 2 Niko "MYND SEM HITTIR Í MARK!" -H.H, MBL jackass 3D
16 16 ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS L ÍSL. TAL ★★★★ -S.B., MBL 12

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

MEGAMIND 3D ÍSL. TAL	KL. 1 (950kr.) 3.30 - 5.50	L
MEGAMIND 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
NARNIA 3 3D	KL. 1 (950kr.) 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
NARNIA 3 3D LÚXUS	KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
FASTER	KL. 8 - 10.10	16
PARANORMAL ACTIVITY 2	KL. 10.10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 1 (700KR.) 3.30	L
JACKASS 3D ÓTEXTAÐ	KL. 5.50 - 8	12
ARTHÚR 3	KL. 1 (700) laugardag - 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	KL. 4 (950kr.) - 6.30 - 9	7
FASTER	KL. 8 - 10.10	16
AGORA	KL. 3 - 6 - 9	14
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 4.30 (700KR.) - 6.20	L
UNSTOPPABLE	KL. 10.10	L
EASY A	KL. 4 - 6	L
YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER	KL. 8	L

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	KL. 3 (900kr.) - 5.30 - 8 - 10.15	7
UNSTOPPABLE	KL. 6 - 8	12
PARANORMAL ACTIVITY 2	KL. 10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	KL. 3 (800kr.) - 4.30	L

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook /smarabio • Sími 564 0000

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ á fyrstu sýningar
Niko LEIÐIN TIL STJARNANNA
KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 BORGARBÍÓ KL. 4.30 HÁSKÓLABÍÓ

Tilboðsverð í bíó á fyrstu sýninguna í 3-D
MEGAMIND 3D
KL. 1 SMÁRABÍÓ

Tilboðsverð í bíó á fyrstu sýningar í 3-D
NARNIA
KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 BORGARBÍÓ KL. 4 HÁSKÓLABÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
MEGAMIND 950 KR. SÝND KL. 2
NARNIA 3D 950 KR. SÝND KL. 2
Niko 650 KR. SÝND KL. 2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ
KR. 650
KR. 950
MEGAMIND 3D KR. 950
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS
TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
MEGAMIND NARNIA RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.
Niko jackass 3D

SÝNINGARTÍMAR

MEGAMIND 3D - ISL TAL	2(950 kr), 4 og 6	L
MEGAMIND 3D - ENS TAL	8 og 10 - ÓTEXTUÐ	L
NARNIA 3D	2(950 kr) og 5	7
PARANORMAL ACTIVITY 2	8	16
THE NEXT THREE DAYS	5.40, 8 og 10.30	12
NIKO OG LEIÐINN TIL ST.JARNANNA	2(650 kr) og 3.50 - ISL TAL	L
JACKASS 3D	10 - ÓTEXTUÐ	12

BÍÓ ★ PARADÍS

LAUGARDAGUR		SUNNUDAGUR	
RARE EXPORTS (12)	18:00, 20:00, 22:00	RARE EXPORTS (12)	18:00, 20:00, 22:00
THE KILLER INSIDE ME (16)	18:10, 20:15, 22:20	THE KILLER INSIDE ME (16)	18:10, 20:15, 22:20
LL: SILENT NIGHT, DEADLY NIGHT 2 (16)	22:30	IN THE LINE OF FIRE (16)	22:40
AS GOOD AS IT GETS (L)	17:50	TOOTSIE (L)	18:00
GHOSTBUSTERS (12)	20:30	FRIED GREEN TOMATOES (L)	20:20
SOCIAL NETWORK (L)	22:30	SOCIAL NETWORK (L)	22:30
ÓRÓI (L)	18:20	ÓRÓI (L)	18:20
GNARR (L)	20:30	GNARR (L)	20:30

THE KILLER INSIDE ME
EKKI KYSSA PENNAN JÓLASVEININ!
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
CAFÉ
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR

STALLONE STATHAM LI LUNDGREN
COUTURE AUSTIN CREWS ROURKE WILLIS

SÉRSTÖK 2 DISKA ÚTGÁFA

THE EXPENDABLES

KOMIN Á DVD OG BLU-RAY

MYNDFORM

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON Í

AULINN ÉG

INNIHELDUR
3 NÝJAR STUTT-MYNDIR

26 DAGAR

ÍSLAND mun taka þátt í HM í 16. skipti í sögunni í janúar. Það er magnaður árangur enda fáar þjóðir sem hafa tekið oftar þátt en Ísland. Svíar hafa oftast verið með á HM eða 20 sinnum. Þjóðverjar hafa tekið þátt í 19 mótum, Danir 18, Frakkar 17 og Ungverjar 16. Þar á eftir koma síðan Ísland og Spánn með 15 þáttökur á HM.

Fjórir íslenskir markmenn spila í sænsku deildinni:

María fer til Örebro

FÓTBOLTI María Björg Ágústsdóttir hefur gert samning við sænsku bikarmeistarana í Örebro og verður þar með fjórði íslenski markvörðurinn sem spilar í sænsku úrvalsdeildinni næsta sumar.

Guðbjörg Gunnarsdóttir hefur spilað síðustu tvö ár með Djurgården, Þóra Björg Helgadóttir var meistari á sínu fyrsta tímabili með LdB FC Malmö og Sandra Sigurðardóttir, markvörður Stjörnunnar, hefur ákveðið að spila með Jitex BK á næsta tímabili.

María verður ekki eini Íslendingurinn hjá Örebro því þar spila einnig Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir. **- óój**

...verðlaunin fyrir besta bíónammið fær

Litríkt bíónammi

Bara stormur í vatnsglasi

Knútur Hauksson, formaður HSÍ, segir ekkert hæft í þeim ásökunum að hann hafi veist að dómurum eftir leik Vals og Fram. Knútur segir að vilji hreyfingin ósýnilegan formann sé hann ekki rétti maðurinn þótt hann hafi róast mikið.

HANDBOLTI Það var mikill hiti í mönnum eftir leik Vals og Fram í N1-deild karla á fimmtudaginn. Valur vann þá dramatískan eins marks sigur og var mönnum heitt í hamsi eftir leikinn. Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, fékk þá meðal annars að líta rauða spjaldið eftir viðskipti sín við dómara leiksins.

Knútur Hauksson, formaður HSÍ og harður stuðningsmaður Fram, var einnig mættur niður á gólf eftir leikinn og vildu einhverjir meina að hann hefði verið að láta dómarana heyra það. Hann átti einhver orðaskipti við eftirlitsdómara leiksins en þvertekur fyrir að hafa hegðað sér á óviðeigandi hátt miðað við mann í sinni stöðu.

„Ég hef heyrt af þessari umræðu og þetta er voðalegur stormur í vatnsglasi. Ég er oft líflegur maður og hef áður sagt að ef hreyfingin vill mann sem hefur ekki ástríðu fyrir íþróttinni og er ekki líflegur þá er ég ekki rétti maðurinn. Ég viðurkenni fúslega að hafa oft verið líflegur í stúkunni en hef breytt mér ansi mikið síðan ég varð formaður," segir Knútur.

LÍFLEGUR Knútur Hauksson, formaður HSÍ, er vanur því að lifa sig inn í leikina eins og sjá má á þessari mynd. Hann segist ekki vera eins líflegur á pöllunum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Horfði á leikinn með Völsurum

„Á þessum tiltekna leik passaði ég mig á að sitja ekki meðal Framara. Ég horfði á leikinn aðallega með Völsurum. Ég var auðvitað ekkert ánægður með úrslit leiksins enda vita allir að ég er Framari. Ég labba svo niður á gólf, sem ég hefði kannski átt að láta ógert. Ég labba þar að Heimi [aðstoðarþjálfara Vals, innsk. blm.] og óska honum til hamingju með sigurinn. Ég hitti þar fyrir fleiri Valsara og óska þeim til hamingju."

Eftir það gengur Knútur til Kristjáns Halldórssonar, eftirlitsmanns leiksins, og sést á myndbandsupptökum að hann var ekki með nein læti við Kristján ólíkt því sem einhverjir vilja halda fram.

„Þá eru öll lætin á gólfinu búin. Hann hvíslar að mér: „Ekki þú líka" en ég var alveg rólegur. Eftir það áttum við spjall í rólegheitum. Það var alls enginn hasar í þessu. Þetta er bara stormur í vatnsglasi. Ég var ekki að drulla yfir dómarana, veitast að þeim eða lemja í borð eins og menn eru að segja. Dómararnir voru meira að segja farnir þegar ég kom niður á gólf," segir Knútur en hann gerir það iðulega að labba niður á gólf eftir leiki og spjalla við þá sem þar eru.

Verð oft æstur en hef tekið mig mikið á

Formaður hefur mikla ástríðu fyrir leiknum og hefur í áraraðir verið áberandi á áhorfendapöllunum enda óragur við að láta í sér heyra.

„Ég verð oft æstur á leikjum en ég hef tekið mig mikið á í þeim efnum. Það er ekki illa meint sem maður kallar í hita leiksins. Ég hef tekið mig á síðan ég varð formaður og reynt að passa mig. Eins og í þessu tilviki þar sem ég horfi á leikinn með Valsmönnum frekar en Frömurum því þá æsist maður oft meira upp," segir Knútur en er það viðeigandi að formaður HSÍ sé að mæta niður á gólf eftir mikla hitaleiki?

„Ég veit það ekki. Er eitthvað að því að formaður HSÍ óski mönnum til hamingju með sigur eftir svona leik? Af hverju er það ekki viðeigandi? Ég er ekki að reyna að hafa áhrif á einn né neinn. Ef menn vilja hafa ósýnilegan formann þá verður hreyfingin að kjósa einhvern annan. Ég hef gert það oft að fara niður á gólf án þess að vera að skipta mér af hlutunum. Mér finnst það miður ef einhverjum misbauð að ég skyldi fara niður á gólf." **henry@frettabladid.is**

Heimsmeistaramótið í 25 metra laug hélt áfram í Dubai í gær:

Hrafnhildur aftur í undanúrslit

SUND Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH heldur áfram að standa sig frábærlega á HM í 25 metra laug í Dubai en hún komst í undanúrslit í 100 metra bringusundi í gær. Hrafnhildur, sem er 19 ára gömul, hafði einnig komist í undanúrslit í 50 metra bringusundi á miðvikudaginn.

Hrafnhildur synti á 1:07,30 mínútum í undanúrslitum og endaði í 16. sæti. Hún var aðeins fjórum hundraðshlutum frá Íslandsmetinu, sem var aðeins nokkurra klukkutíma gamalt. Hrafnhildur sló sitt eigið Íslandsmet um rúmlega sekúndu í undanrásunum fyrr um morguninn og bætti þá sinn besta árangur á árinu um 1 sekúndu og 27 sekúndubrot, sem er mjög mikil bæting. Hrafnhildur náði því í gær tveimur langbestu tímum íslenskar sundkonu í þessari grein.

Búast má við að þreytan hafi verið farin að hafa áhrif í undanúrslitasundinu enda var hún þarna að keppa þriðja daginn í röð. Hrafnhildur var fljótari á fyrstu 50 metrunum en fyrr um daginn en gaf aðeins eftir á seinni 50 metrunum.

STENDUR SIG VEL Hrafnhildur Lúthersdóttir á HM í Dubai. MYND/SSÍ

Hrafnhildur hefur komist í undanúrslit í tveimur greinum á mótinu og hefur sett alls þrjú Íslandsmet en hún varð í 14. sæti í 50 metra bringusundi eftir að hafa sett Íslandsmet í bæði undanúrslitum og undanúrslitum. Hún á eftir að keppa í 200 metra bringusundi á mótinu en sú grein fer fram á sunnudaginn. Jakob Jóhann Sveinsson varð í 27. sæti af 54 keppendum í 200 m bringusundi en hann synti á 2:10,92 mínútum í gær. Jakob bætti sinn besta tíma á árinu en var rúmum þremur sekúndum frá Íslandsmeti sínu. Jakob og Ragnheiður Ragnarsdóttir keppa í dag, Jakob í 50 metra bringusundi en Ragnheiður í 50 metra skriðsundi. **- óój**

Chelsea og Manchester United mætast á Stamford Bridge á morgun:

Stutt á milli stóru leikjanna

FÓTBOLTI Það er stutt á milli stórleikjanna hjá lærisveinum Alex Ferguson í Manchester United; þeir unnu 1-0 sigur í toppslagnum á móti Arsenal á mánudaginn og á morgun, sex dögum síðar, sækja þeir Englandsmeistara Chelsea heim á Stamford Bridge þar sem þeir hafa ekki unnið í níu leikjum og í átta ár.

Undanfarin sex ár hafa aðeins Chelsea og Manchester United unnið enska meistaratitilinn, þrisvar hvort félag, og því telja margir leik liðanna á Brúnni á sunnudaginn einn af úrslitaleikjum tímabilsins.

Chelsea vann 1-0 sigur á United þegar liðin mættust á Brúnni í fyrra og þá var það John Terry sem skoraði eina mark leiksins. Chelsea vann einnig seinni leik liðanna á Old Trafford og þessir innbyrðisleikir vógu þungt þar sem Chelsea vann titilinn á endanum á aðeins einu stigi.

Manchester United er í mun betri stöðu eftir 1-0 sigurinn á Arsenal á mánudaginn því liðið er með tveggja stiga forskot á Arsenal og þriggja stiga forskot á Chelsea auk þess að eiga leik inni á bæði lið. Með sigri gæti United því náð sex stiga forskoti á Chelsea-liðið og þann mun gæti orðið erfitt fyrir lærisveina Carlo Ancelotti að vinna upp. Þetta ýtir enn undir mikilvægi þess fyrir Chelsea að vinna leikinn og koma sér aftur í gang.

Gengið undanfarið hefur verið eitt það versta síðan Rússinn Roman Abramovich eignaðist félagið. Chelsea-liðið hefur ekki unnið deildarleik í 38 daga, eða síðan liðið vann 1-0 sigur á Fulham 10. nóvember síðastliðinn. Chelsea hefur aðeins náð í þrjú stig af síðustu fimmtán mögulegum, sem er heldur lítilfjörlegt miðað við þau tíu stig sem United hefur náð á sama tíma og það þrátt fyrir að hafa leikið einum leik færra.

Chelsea-liðið ætti hins vegar að fá mikið sjálfstraust með endurkomu Franks Lampard sem verður í byrjunarliðinu í fyrsta skiptið síðan í 2-0 sigri á Stoke 28. ágúst. Chelsea hefur nefnilega unnið síðustu sex deildarleiki sem Lampard hefur byrjað, með markatölunni 31-0. Lampard sjálfur hefur skorað fimm mörk og gefið fimm stoðsendingar í þessum leikjum, auk þess að stýra umferðinni á miðju liðsins.

Önnur staðreynd sem ýtir undir bjartsýni Chelseamanna er að Carlo Ancelotti hefur unnið fimm af síðustu leikjum sínum á móti Sir Alex Ferguson þegar leikir um Samfélagsskjöldinn eru ekki taldir með.

- óój

HETJAN Í FYRRA John Terry tryggði Chelsea 1-0 heimasigur á Manchester United í fyrra. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikir helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni:

Í dag

Sunderland-Bolton	Kl. 12.45
Arsenal-Stoke	Kl. 15.00
Birmingham-Newcastle	Kl. 15.00
Blackburn-West Ham	Kl. 15.00
Wigan-Aston Villa	Kl. 15.00
Liverpool-Fulham	Kl. 17.30

Á morgun

West Brom-Wolves	Kl. 12.00
Blackpool-Tottenham	Kl. 13.30
Chelsea-Man. Utd	Kl. 16.00

Á mánudaginn

Man. City-Everton	Kl. 20.00

Dregið í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær:

Arsenal á móti Barca

FÓTBOLTI Arsenal vann ekki sinn riðli í riðlakeppni Meistaradeildarinnar og fékk að kenna á því í gær þegar liðið lentu á móti spænsku meisturunum í Barcelona í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Manchester United mætir frönsku meisturunum í Marseille og Sölvi Geir Ottesen og félagar í FC Kaupmannahöfn drógust á móti ensku meisturunum í Chelsea. Tottenham hafði betur en Inter Milan í riðlakeppninni en þarf að fara aftur til Mílanó þar sem liðið dróst á móti AC Milan. Real Madrid og Bayern München fá síðan bæði tækifæri til að hefna fyrir ógöngur á síðasta tímabili. Real Madrid mætir Lyon sem sló það út úr 16 liða úrslitunum í fyrra og Bayern mætir Evrópumeisturunum Inter sem höfðu betur í úrslitaleiknum í fyrra.

Einnig var dregið í 32 liða úrslit Evrópudeildarinnar. Liverpool mætir tékkneska liðinu Spörtu Prag og Manchester City drógst á móti gríska liðinu Aris.

- óój

16 LIÐA ÚRSLIT MEISTARADEILDAR EVRÓPU

Fyrri leikir: 15./16., 22./23. febrúar Innbyrðisviðureignir **Síðari leikir:** 8./9., 15./16. mars

Roma ÍTA 09/10: Tók ekki þátt Besti árangur: 2. sætið 1984	**S1-J0-T1**	**Shakhtar Donetsk** ÚKR Tók ekki þátt Fimm sinnum í riðlakeppni
AC Milan ÍTA 09/10: 16-liða úrslit Besti árangur: Unnið 7 sinnum	**S0-J1-T1**	**Tottenham** ENG Tók ekki þátt Undanúrslit 1962
Valencia SPÁ 09/10: Tók ekki þátt Besti árangur: 2. sæti 2000-1	**S1-J2-T1**	**Schalke 04** ÞÝS Tók ekki þátt Fjórðungsúrslit 1959
Internazionale ÍTA 09/10: Sigurvegari Besti árangur: Unnið 2 sinnum	**S2-J1-T2**	**Bayern München** ÞÝS 2. sæti Unnið 2 sinnum
Olympique Lyon FRA 09/10: Undanúrslit Besti árangur: Undanúrslit 2010	**S3-J3-T0**	**Real Madrid** SPÁ 16-liða úrslit Unnið 9 sinnum
Arsenal ENG 09/10: Fjórðungsúrslit Besti árangur: 2. sæti 2006	**S0-J2-T3**	**Barcelona** SPÁ Undanúrslit Unnið 3 sinnum
Olympique Marseille FRA 09/10: Riðlakeppni Besti árangur: Sigurvegari 1993	**S1-J0-T1**	**Manchester United** ENG Fjórðungsúrslit Unnið 3 sinnum
FC Kaupmannahöfn DAN 09/10: Tók ekki þátt Besti árangur: Riðlakeppni 2007	**S0-J1-T1**	**Chelsea** ENG 16-liða úrslit 2. sæti 2008

Skýringar: S - sigrar, J - jafntefli, T - töp

Fjórðungsúrslit:	Undanúrslit:	Úrslitaleikur:
5./6., 12./13. apríl	26./27. apríl, 3./4. maí	28. maí 2011, Wembley, Lundúnum

Heimild: UEFA, Infostrada Sports © GRAPHIC NEWS

GÓÐAR JÓLAGJAFIR

ATOMIC
SKÍÐAPAKKAR MEÐ 20% AFSLÆTTI
NOTAÐ UPP Í NÝTT
Tökum notuð heilleg Carving skíði í stærðum 60 til 170 upp í bestu ATOMIC skíðin fyrir þig

KERRUPOKAR
Kerrupoki/svefnpoki. 100cm
Fyrir þau allra minnstu
-8 til +5
Verð: 5.995.-

GÖNGUSKÓR OFL.
GÖNGUSTAFIR
Jólatilboð: 5.995.-
YUMA GÖNGUSKÓR
Vibram botn og gúmmíkantur
Simpatex vatnsvörn
Stærð 38 til 45
Verð: 34.995.-
Jólatilboð 29.995.-

DÚNÚLPUR OG DÚNVESTI
Dömu og herra
5000mm
Vatnsheldni
andardúnn
Margir litir
Dúnvesti: 15.995.-
Dúnúlpa: 22.995.-

UNDIRFATNAÐUR
NORD BLANC
Termo Deluxe
Peysa 5.995.-
Buxur 4.995.-
ZAJO MERINO
Peysa 8.995.-
Buxur 7.995.-

SKÍÐI/BRETTI, FATNAÐUR OG HJÁLMAR
Bretta- og skíðahjálmar
Verð frá: 9.995.-
Skíða- og brettafatnaður í miklu úrvali
Snjóbrettapakkar
Pakki 1
TILBOÐ: Kr. 37.789
Bretti 110
Skór 35 / 37
JR. bindingar
Pakki 2
TILBOÐ: Kr. 49.995
Bretti 125 til 165cm
Skór 39 til 46
SR. bindingar

SOFTSHELL BUXUR
Hinar sívinsælu Softshell buxur komnar aftur fyrir gönguferðina, skíðaferðina og allt í öllu...
Vatnsheldar í strets.
Verð: 19.995.-

BAKPOKAR & SVEFNPOKAR
AIR STREAM 30+5L BAKPOKI
-30% Jólatilboð
12.597.-
SWALLOW 250 & 350 SVEFNPOKI
-30% Jólatilboð
Verð frá 8.397.-

vibram fivefingers
Heilsubætandi nýjung...

Íslensku ALPARNIR
Góð gæði
Betra verð
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 534 2727 • www.alparnir.is

Besta árið á mínum stutta þjálfaraferli

Árið 2010 hefur verið ótrúlegt hjá Degi Sigurðssyni handboltaþjálfara. Hann gerði frábæra hluti með landslið Austurríkis á EM í janúar og lið hans í þýsku úrvalsdeildinni, Füchse Berlin, er nú í öðru sæti deildarinnar fyrir ofan lið á borð við Kiel og Rhein-Neckar Löwen. Þar að auki sló liðið topplið Hamburg úr leik í þýsku bikarkeppninni á dögunum. Dagur fór yfir árið í samtali við Fréttablaðið.

HANDBOLTI Óhætt er að segja að Dagur Sigurðsson hafi átt gott ár í handboltanum. Árangur austurríska landsliðsins undir stjórn hans á EM í handbolta þar í landi í upphafi ársins kom flestum í opna skjöldu og nú í haust hefur hann aftur vakið mikla eftirtekt. Í þetta sinn er það með lið Füchse Berlin sem er nú í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og nýbúið að slá toppliðið, Hamburg, úr leik í þýsku bikarkeppninni. Fréttablaðið tók Dag tali um þetta ótrúlega ár.

„Ég held að eftir þetta ár sé ég búinn að koma mér á kortið sem þjálfari. Svo verður bara að koma í ljós hvað gerist á næstu árum," segir Dagur en óhætt er að segja að hann haldi sig á jörðinni þrátt fyrir velgengnina. Hann verður seint sakaður um digurbarkalegar yfirlýsingar um árangur næstu ára – þvert á móti virðist alveg eins koma til greina hjá honum að kúpla sig úr handboltanum.

„Ég er búinn að binda mig hér í Berlín næstu 2-3 árin og það getur vel verið að maður láti það bara duga. Ég veit ekkert hvernig framtíðin verður hjá mér."

BÁÐAR HENDUR UPPI Dagur Sigurðsson fagnar á hliðarlínunni í einum leikja Füchse Berlin í þýsku úrvalsdeildinni í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Raunhæfar væntingar

Árangur Füchse Berlin hefur verið ótrúlegur. Liðið er í öðru sæti deildarinnar með lið á borð við Kiel og Rhein-Neckar Löwen fyrir neðan sig í stigatöflunni. „Árangur liðsins hefur komið flestum á óvart – okkur líka. Það er mjög óvanalegt að það sé komið fram í miðjan desember og við í öðru sæti. Það er í raun ekki hægt að ætlast til þess að liðið endi tímabilið á þessum stað," segir Dagur.

„Füchse varð í níunda sæti á síðasta tímabili og við stefndum á 7.-8. sætið í ár. Eftir þessa góða byrjun tel ég raunhæft að stefna á 5.-6. sætið og þar með þátttöku í Evrópukeppni á næstu leiktíð. Vonandi tekst það hjá okkur."

Einhverjum kunna að þykja þetta óvenjuleg ummæli hjá þjálfara sem er í toppbaráttu í sterkustu handboltadeild heims. En staðreyndin er einfaldlega sú að Füchse Berlin hefur úr miklu minna að spila en stærstu liðin í deildinni. „Við erum töluvert á eftir stóru liðunum hvað fjármuni varðar og þau eru með mun stærri og betri leikmannahópa, sum hver með 2-3 sterka leikmenn í hverri einustu stöðu."

Tekur Redknapp á þetta

Füchse Berlin er ekki nema sex ára gamalt félag og hefur uppgangur liðsins verið mikill og góður. Stefnt er að því að gera enn meira á næstu árum.

„Það er gaman að fara á slóðir þar sem ekkert hefur gerst í mörg ár. Liðið komst upp fyrir fjórum árum og náði sínum besta árangri á síðasta tímabili. En með þessum góða árangri í haust hefur allt verið að springa út í bæði umfjöllun fjölmiðla og áhuga almennings í borginni. Ég tel að það séu miklir möguleikar á þessum vettvangi fyrir liðið. Ég vona bara að fjárhagslegur styrkur muni aukast með velgengninni, sem muni færa okkur nær stóru liðunum," segir Dagur, en unglingastarfið í félaginu er öflugt.

„Við urðum Þýskalandsmeistarar í þriðja flokki á síðasta ári og erum nú með mjög öflugt lið í öðrum flokki. Við erum svo með B-lið sem spilar í B-deildinni. Vonandi getum við haldið áfram á þessari braut og við getum farið að nota okkar eigin handboltamenn."

Liðið mun þó alltaf þurfa að kaupa sterka leikmenn og þar er hlutverk Dags mikilvægt. „Maður þarf að taka léttan Redknapp á þetta og finna góðu bitana," segir hann í léttum dúr og á þar við Harry Redknapp, stjóra Tottenham í ensku úrvalsdeildinni sem oft hefur verið þekktur fyrir góð kaup á leikmannamarkaðnum.

Komst ekki fram úr rúminu

Einn af þeim leikmönnum sem Dagur hefur keypt og hafa gert frábæra hluti með Füchse Berlin er landsliðsmaðurinn Alexander Petersson. „Ég vissi vissulega hvað ég var að fá með honum en samt var viss áhætta fólgin í því. Hann hafði ekki spilað mikið með Flensburg í heilt tímabil og oftast spilað sem hornamaður í íslenska landsliðinu. Það var því ekki hægt að búast við því að hann myndi standa sig jafn vel í skyttunni og hann hefur gert með okkur. Alexander gefur sig allan í hvern einasta leik og við erum með nokkra þannig leikmenn í liðinu í dag. Við erum með afar góða liðsheild, sem er einn af okkar stærstu kostum."

En Dagur segir að mikið sé á þá lagt. „Alexander spilaði um daginn fimm leiki á tíu dögum. Það var um það leyti sem hann spilaði með landsliðinu í Svíþjóð. Hann fékk einn frídag og eyddi honum á flugvellinum í Kaupmannahöfn. Ég fékk símtal nú rétt áðan þar sem Alexander var á hinum endanum og sagðist ekki komast fram úr rúminu vegna bakverkja," segir Dagur en útilokar þó ekki að Alexander muni spila með liðinu þegar það mætir Wetzlar á morgun. „Það má segja svipaða sögu af fleiri leikmönnum. Það hefur mikið gengið á hjá okkur."

Hefur verið að í tvö ár

Dagur var í rúm tvö ár landsliðsþjálfari Austurríkis og hann er nú á sínu öðru tímabili hjá Füchse Berlin í Þýskalandi. Það hefur líka verið mikið á hann lagt.

„Þetta hefur verið frábært ár og toppar allt sem ég hef gert á mínum stutta þjálfaraferli," segir Dagur, sem var einnig spilandi þjálfari A1 Bregenz í Austurríki í fjögur ár, frá 2003 til 2007. „Ég var líka það heppinn að eiga góð ár sem leikmaður en það var bara allt öðruvísi og erfitt að bera það saman við hitt," segir Dagur, sem bíður spenntur eftir því að deildin í Þýskalandi fari í frí vegna HM í Svíþjóð sem fer fram í janúar. „Ég er búinn að vera að linnulaust í tvö ár. Ég er því orðinn nokkuð spenntur fyrir fríinu." **eirikur@frettabladid.is**

Opnar farfuglaheimili í Skúlagötu

„Það er nokkuð skrýtið að hoppa í þennan bransa og vera alveg gegnsýrður af handbolta. Ég vil því gjarnan hafa eitthvað annað að hugsa um líka," segir Dagur Sigurðsson, sem nú vinnur að því a opna farfuglaheimili með Pétri Marteinssyni, fyrrverandi knattspyrnumanni.

„Við erum reyndar gamlir félagar úr 16 ára landsliðinu í fótbolta og svo vorum við saman í Versló," útskýrir Dagur. „Það er allt á fullu núna og við stefnum á að opna í apríl."

Dagur gerir reyndar lítið af handavinnunni sjálfur enda ekki á staðnum til þess. „Nei, enda er hann Pétur búinn að vera í táfýlusportinu svo lengi að hann kann auðvitað ekkert að lyfta hamri. Þetta máttu endilega hafa eftir mér," sagði hann og hló.

Held núna aftur með Íslandi

Dagur Sigurðsson naut þess að þjálfa austurríska landsliðið sem náði glæsilegum árangri á EM. Austurríki var þá að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti til fjölda ára og var ekki búist við miklu af því fyrir fram. En það endaði í níunda sæti, einu ofar en stóri bróðir í Þýskalandi.

„Þetta var ævintýri," segir Dagur. „Þeir voru með skituna í buxunum þegar ég tók við þeim og voru mjög hræddir um að liðið myndi ekki standa sig á EM á heimavelli. Það var gaman að hjálpa þeim á lappir og koma þeim svo líka á HM," bætir hann við en síðasta verkefni Dags var að tryggja Austurríki farseðililnn á HM í Svíþjóð í janúar. Þangað ætlar Dagur að fara sem áhorfandi en styðja Ísland.

„Ég sagði þeim að um leið og ég væri búinn að sleppa af þeim hendinni myndi ég halda með Íslandi. Þessi lið verða saman í riðli og reyndar einnig Japan líka," segir hann en Dagur lék í Japan um árabil á sínum tíma. „Gamli þjálfarinn minn þar er nú landsliðsþjálfari Japana og ég hlakka mikið til að kíkja á þessa leiki og hitta gamla vini – án þess að vera í stressinu."

SPORT
besta sætið

vodafone · ICELANDAIR · VÍS · Arion banki

HM
Í HANDBOLTA
HEFST 13. JANÚAR

SWEDEN 2011

ÁFRAM ÍSLAND!

LEYNIST HM Í HANDBOLTA Í JÓLAPAKKANUM ÞÍNUM?
Vinsælu gjafakortin fást hjá Stöð 2 í Skaftahlíð og í Kringlunni

HM Í SVÍÞJÓÐ ER HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftirvæntingin hefur aldrei verið meiri enda verða yfir 30 leikir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Umfjöllun í umsjón Þorsteins Joð og gesta verður betri og ítarlegri en nokkru sinni. Tryggðu þér áskrift og misstu ekki af þessum stórviðburði í janúar!

Vill alltaf fá að spila hverja einustu mínútu

Kolbeinn Sigþórsson skoraði tvö mörk fyrir AZ Alkmaar gegn BATE Borisov í Evrópudeild UEFA í vikunni. Hann er nú orðinn markahæsti leikmaður liðsins þrátt fyrir að hafa oftast komið við sögu sem varamaður á leiktíðinni. „Nýt þess að spila fótbolta," segir hann.

MARKAHETJA Kolbeinn Sigþórsson fagnar hér öðru marka sinna gegn BATE ásamt félögum sínum í AZ Alkmaar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson hefur staðið sig vel með hollenska úrvalsdeildarliðinu AZ Alkmaar að undanförnu og skoraði tvö mörk í 3-0 sigri liðsins á BATE Borisov í lokaumferð riðlakeppni Evrópudeildar UEFA í fyrrakvöld. Hann er nú orðinn markahæsti leikmaður liðsins þrátt fyrir að hafa ekki fengið jafn mörg tækifæri í byrjunarliðinu og hann telur sig sjálfan hafa átt skilið.

„Það var mjög fínt að klára þessa keppni með sigri en við hefðum getað gert betur í þessum riðli," segir Kolbeinn í samtali við Fréttablaðið en AZ varð í þriðja sæti Friðils og komst ekki áfram í 32 liða úrslitin. „En það var fínt að enda þetta á jákvæðum nótum og gott fyrir sjálfstraustið í liðinu."

Kolbeinn hefur nýtt þau tækifæri sem hann hefur fengið vel. Hann hefur skorað sjö mörk fyrir AZ í haust, þar af þrjú í Evrópudeildinni. Fyrra markið hans í gær var einkar glæsilegt, þrumuskot frá vítateigslínunni og hafnaði boltinn í neðanverðri slánni og í markinu. Síðara markið skoraði hann eftir sendingu frá Jóhanni Berg Guðmundssyni, félaga sínum í AZ og íslensku landsliðunum.

Á að vera oftar í byrjunarliðinu

Kolbeinn hefur komið við sögu í nánast öllum leikjum AZ í haust en aðeins sjö sinnum verið í byrjunarliðinu í deildarleikjum og Evrópudeildinni. Sautján sinnum hefur hann komið inn á sem varamaður.

„Framherjar þurfa að skora mikið til að sanna sig og ég tel að ég hafi átt skilið fleiri tækifæri í byrjunarliðinu en ég hef fengið. Ég get bara haldið áfram að gera mitt besta og skora eins mikið og ég get. Ég er auðvitað sáttur við hvernig mér hefur gengið á tímabilinu en ég vil fá að spila hvern einasta leik," segir hann.

Kolbeinn glímdi við erfið meiðsli fyrstu tvö árin sín hjá AZ Alkmaar en þessi tvítugi piltur byrjaði að spila með aðalliðinu nú í sumar.

„Þetta var ekki auðvelt fyrstu árin enda var ég ungur og í nýju landi. En þjálfarar og stjórnarmenn félagsins höfðu trú á mér og vildu ekki láta mig fara þrátt fyrir meiðslin," segir Kolbeinn, sem lenti í miklum vandræðum með öxlina.

Tveggja ára fjarvera vegna meiðsla

„Ég fór úr axlarlið 3-4 sinnum og þurfti að fara í aðgerð vegna þess. Svo brotnaði bein í ökklanum sem þurfti að fjarlægja og var nýtt sett í staðinn. Mér fannst þetta þó taka allt of langan tíma en það er þeim mun sætara að vera kominn inn í boltann á fullu og ég nýt þess að spila núna. Ég er alltaf meðvitaður um öxlina og finn að hún er ekki 100 prósent. Það er bara hlutur sem ég verð að lifa með. Það er ágætt að ég sé ekki í handboltanum – þá væri ég örugglega búinn," segir hann í léttum dúr.

Jóhann Berg hefur fengið nokkuð að spila í haust. Hann kom inn á sem varamaður í hálfleik í gær og lagði upp tvö mörk, þar af eitt fyrir Kolbein.

„Jói var frábær í gær. Þegar hann kom inn á sagði ég við hann að við skyldum spila okkur í gegnum þetta og sýna hvað við gætum. Hann stóð svo sannarlega fyrir sínu og lagði upp tvö góð færi á mig. Fyrri sendingin var reyndar aðeins of föst fyrir mig og ég missti af boltanum. Hann reyndi aftur stuttu síðar og þá gekk þetta," sagði Kolbeinn. „Jói er nýbúinn að jafna sig á meiðslum og þetta var gott tækifæri til að sýna þjálfaranum hvað hann getur. Hann er nógu góður til að spila með þessu liði."

> Það er ágætt að ég sé ekki í handboltanum – annars væri ég örugglega búinn.
>
> **KOLBEINN SIGÞÓRSSON**
